# Stjórnartíðindi
# 1941 - A-deild

Útgáfa 1.0 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðum eintökum af Stjórnartíðindum. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið eintak af prentuðum Stjórnartíðindum án endurgjalds. Hvorki dómsmálaráðuneytið né önnur stjórnvöld standa að gerð skjals þessa umfram það að hafa útvegað höfundi skjalsins prenteintök af ritinu.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum https://urlausnir.is. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

## Takmörkun ábyrgðar

Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

## Höfundaréttur

Samkvæmt 9. gr. núverandi höfundalaga, nr. 73/1972, njóta landslög og önnur áþekk gögn gerð af opinberri hálfu, ekki verndar höfundalaga.

Hvers kyns höfundarréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

## Ábendingar

Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

## Athugasemdir um þessa útgáfu

Á milli bls. 278 og 279 eru tvær blaðsíður með fánamyndum sem fylgdu með ritinu, og eru þær ekki i blaðsíðuröðinni.
Gallar á bls. 73, 86, 132, 137, 162, 184-185, og 214.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval (svavar@kjarrval.is)

# STJÓRNARTÍÐINDI

FYRIR

# ÍSLAND

ÁRIÐ 1941

A-DEILD

REYKJAVÍK 1941
RÍKISPRENTSMIÐJAN GUTENBERG

# Efnisyfirlit

við

## Stjórnartíðindi fyrir Ísland árið 1941.

## A.


| Nr. | Dagsetning | Fyrirsögn | Blaðsíðutal |
|---|---|---|---|
| 1 | 9. jan. | Bráðabirgðalög um viðauka við lög nr. 63 31. des. 1937, um tollheimtu og tolleftirlit | 1 |
| 2 | 16. jan. | Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 44 19. júní 1933, um stofnun happdrættis fyrir Ísland | 2 |
| 3 | S. d. | Bráðabirgðalög um heimild fyrir ríkissjóð til að taka 5 milljón króna innanríkislán | 2—3 |
| 4 | 26. jan. | Bráðabirgðalög um viðauka við lög nr. 73 31. des. 1937, um gjaldeyrisverzlun o. fl. | 3—4 |
| 5 | 29. jan. | Bráðabirgðalög um breyting á 88. og 95. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 frá 12. febrúar 1940 | 4 |
| 6 | 3. febr. | Opið bréf, er stefnir saman Alþingi til reglulegs fundar laugardaginn 15. febrúar 1941 | 5 |
| 7 | S. d. | Ráðuneytisbréf um setning Alþingis | 5 |
| 8 | 31. marz | Lög um verðlagsuppbót á laun embættismanna og annarra starfsmanna ríkisins og ríkisstofnana | 6 7 |
| 9 | 5. maí | Lög um breyting á lögum nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt | 7—11 |
| 10 | S. d. | Lög um stríðsgróðaskatt | 12 |
| 11 | S. d. | Lög um heimild fyrir ríkissjóð til að taka 10 milljón króna innanríkislán | 13 |
| 12 | S. d. | Lög um breyting á lögum nr. 63 31. des. 1937, um tollheimtu og tolleftirlit | 13 |
| 13 | S. d. | Lög um viðauka við lög nr. 63 31. des. 1937, um tollheimtu og tolleftirlit | 14 |
| 14 | S. d. | Lög um breyting á lögum nr. 58 8. sept. 1931, um einkasölu ríkisins á tóbaki | 14—15 |
| 15 | S. d. | Lög um afnám laga nr. 25 9. jan. 1935, um viðauka við lög nr. 75 27. júní 1921, um stimpilgjald, og afnám 2. gr. laga nr. 91 11. júní 1938, um breyting á þeim lögum | 15 |
| 16 | 5. maí | Lög um breyting á lögum nr. 27 8. sept. 1931, er | |

| Nr. | Dagsetning | Fyrirsögn | Blaðsíðutal |
|---|---|---|---|
| | | heimila ríkisstjórninni að flytja inn sauðfé til sláturfjárbóta | 16 |
| 17 | 28. maí | Lög um breyting á lögum nr. 73 31. des. 1937, um gjaldeyrisverzlun o. fl., og lögum nr. 115 31. maí 1940, um breyting á þeim lögum | 16—17 |
| 18 | S. d. | Lög um sandgræðslu og heftingu sandfoks | 17—20 |
| 19 | S. d. | Lög um veiði, sölu og útflutning á kola | 20—21 |
| 20 | S. d. | Lög um breyting á lögum nr. 32 14. júní 1929, um loftferðir | 21—22 |
| 21 | S. d. | Lög um breyting á umferðarlögum nr. 110 30. maí 1940 | 22—23 |
| 22 | S. d. | Lög um breyting á bifreiðalögum nr. 75 7. maí 1940 | 23 |
| 23 | 16. júní | Bifreiðalög | 24—35 |
| 24 | S. d. | Umferðarlög | 35—38 |
| 25 | S. d. | Lög um ríkisstjóra Íslands | 39—40 |
| 104 | 17. júní | Auglýsing um kosning ríkisstjóra | 219 |
| 26 | 27. júní | Lög um breyting á lögum nr. 65 19. júní 1933, um varnir gegn því, að næmir sjúkdómar berist til Íslands | 40 |
| 27 | S. d. | Lög um breyting á lögum nr. 32 3. nóv. 1915, um veitingu prestakalla | 41 |
| 28 | S. d. | Lög um breyting á lögum nr. 66 19. júní 1933, um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma | 41 |
| 29 | S. d. | Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka á leigu húsnæði í sveitum og kauptúnum o. fl. | 42 |
| 30 | S. d. | Lög um fjarskipti | 42—49 |
| 31 | S. d. | Lög um utanríkisráðuneyti Íslands og fulltrúa þess erlendis | 49—50 |
| 32 | S. d. | Lög um breyting á lögum nr. 31 14. júní 1929, um Búnaðarbanka Íslands, og á lögum nr. 20 13. jan. 1938, um breyting á þeim lögum | 50—52 |
| 33 | S. d. | Lög um breyting á lögum nr. 23 4. des. 1886, um prentsmiðjur | 52—53 |
| 34 | S. d. | Lög um breyting á sveitarstjórnarlögum nr. 12 31. maí 1927 | 53 |
| 35 | S. d. | Lög um breyting á lögum nr. 12 1. febr. 1936, um búreikningaskrifstofu ríkisins | 54 |
| 36 | S. d. | Lög um breyting á sjómannalögum nr. 41 19. maí 1930 | 54—55 |
| 37 | S. d. | Lög um breyting á lögum nr. 23 27. júní 1921, um vátryggingarfélag fyrir fiskiskip | 55 |
| 38 | S. d. | Lög um breyting á lögum nr. 27 13. jan. 1938, um vátryggingarfélög fyrir vélbáta | 56—67 |
| 39 | S. d. | Lög um breyting á lögum nr. 37 frá 19. maí 1930, um skráning skipa | 58 |
| 40 | S. d. | Lög um breyting á lögum nr. 12 9. jan. 1935, um iðnlánasjóð | 58—59 |
| 41 | S. d. | Lög um breyting á lögum nr. 21 14. júní 1929, um hafnargerð á Skagaströnd | 59 |

| Nr. | Dagsetning | Fyrirsögn | Blaðsíðutal |
|---|---|---|---|
| 42 | 27. júní | Lög um breyting á lögum nr. 64 8. sept. 1931, um hafnargerð á Akranesi | 60 |
| 43 | S. d. | Lög um breyting á hafnarlögum fyrir Ísafiörð nr. 34 19. júní 1922 | 60 |
| 44 | S. d. | Lög um tannlæknakennslu við læknadeild háskólans | 61 |
| 45 | S. d. | Lög um bæjarstjórn á Akranesi | 61—65 |
| 46 | S. d. | Landskiptalög | 65—69 |
| 47 | S. d. | Lög um breyting á 88. og 95. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 frá 12. febr. 1940 | 69—70 |
| 48 | S. d. | Lög um breyting á lögum nr. 44 19. júní 1933, um stofnun happdrættis fyrir Ísland | 70 |
| 49 | S. d. | Lög um læknisvitjanasjóð | 70—71 |
| 50 | S. d. | Lög um gjaldeyrisvarasjóð og eftirlit með erlendum lántökum | 71—73 |
| 51 | S. d. | Lög um breyting á lögum nr. 1 5. jan. 1938, um síldarverksmiðjur ríkisins | 73 |
| 52 | S. d. | Lög um ráðstafanir til loftvarna og annarra varna gegn hættum af hernaðaraðgerðum | 73—74 |
| 53 | S. d. | Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að kaupa jörðina Vatnsleysu í Viðvíkursveit og gera að prestssetri | 75 |
| 54 | S. d. | Lög um breyting á lögum nr. 32 8. sept. 1931, um búfjárrækt | 75—77 |
| 55 | S. d. | Lög um afla- og útgerðarskýrslur | 77—78 |
| 56 | S. d. | Lög um viðauka við og breytingar á lögum nr. 74 31. des. 1937, um alþýðutryggingar | 78—79 |
| 57 | S. d. | Lög um breyting á lögum nr. 45 31. maí 1927, um heimild fyrir dómsmálaráðherra til þess að veita leyfi til veðmálastarfsemi í sambandi við kappreiðar | 79—80 |
| 58 | S. d. | Lög um landnám ríkisins | 80-81 |
| 59 | S. d. | Lög um breyting á lögum nr. 61 23. júní 1932, um lax- og silungsveiði | 82-83 |
| 60 | S. d. | Lög um greiðslu verðlagsuppbótar á styrk til héraðs-, gagnfræða- og húsmæðraskóla | 83—84 |
| 61 | S. d. | Lög um breyting á lögum nr. 39 28. jan. 1935, um breyting á lögum nr. 46 27. júní 1921, um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna | 84 |
| 62 | S. d. | Lög um breyting á lögum nr. 99 11. júní 1938, um fiskveiðasjóð Íslands | 85—86 |
| 63 | S. d. | Lög um heimild fyrir kaupstaði og hreppsfélög til að koma á þegnskylduvinnu | 86—87 |
| 64 | S. d. | Lög um jarðakaup ríkisins vegna kauptúna og sjávarþorpa | 88—89 |
| 65 | S. d. | Lög um húsmæðrafræðslu í kaupstöðum | 89—91 |
| 66 | S. d. | Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja jörðina Reykjarhól í Seyluhreppi í Skagafjarðarsýslu, ásamt nýbýlinu Varmahlíð | 91 |

| Nr. | Dagsetning | Fyrirsögn | Blaðsíðutal |
|---|---|---|---|
| 67 | 27. júní | Lög um breyting á lögum nr. 60 11. júní 1938, um húsmæðrafræðslu í sveitum | 92 |
| 68 | S. d. | Lög um breyting á lögum nr. 76 11. júní 1938, um byggingar- og landnámssjóð, og lögum nr. 58 8. sept. 1931, um einkasölu ríkisins á tóbaki | 92—94 |
| 69 | S. d. | Lög um sparisjóði | 94 - 100 |
| 70 | S. d. | Lög um breyting á lögum nr. 64 23. júní 1932, um kirkjugarða | 101 |
| 71 | S. d. | Lög um breyting á lögum nr. 36 16. nóv. 1907, um skipun sóknarnefnda og héraðsnefnda | 101—102 |
| 72 | S. d. | Lög um breyting á lögum nr. 40 30. júlí 1909, um sóknargjöld | 102—103 |
| 73 | S. d. | Lög um söngmálastjóra þjóðkirkjunnar | 103 |
| 74 | S. d. | Lög um friðun æðarfugls | 104—105 |
| 75 | S. d. | Lög um varnir gegn útbreiðslu nokkurra næmra sauðfjársjúkdóma og stuðning til bænda, er bíða tjón af þeim | 105—112 |
| 76 | S. d. | Lög um breyting á lögum nr. 66 7. maí 1940, um stríðsslysatryggingu sjómanna | 112—113 |
| 77 | S. d. | Lög um breyting á lögum nr. 43 13. nóv. 1903, um vörumerki | 113 |
| 78 | S. d. | Lög um breyting á lögum um Háskóla Íslands nr. 21 1. febr. 1936 | 114 |
| 79 | 7. júlí | Opið bréf, er stefnir saman Alþingi til aukafundar miðvikudaginn 9. júlí 1941 | 115 |
| 80 | 9. júlí | Lög um breyting á lögum nr. 29 9. jan. 1935, um eftirlit með sjóðum, er fengið hafa konungsstaðfestingu á skipulagsskrá | 115—116 |
| 81 | S. d. | Lög um breyting á lögum nr. 3 9. jan. 1935, um verkamannabústaði, og lögum nr. 58 8. sept. 1931, um einkasölu ríkisins á tóbaki | 116—117 |
| 82 | S. d. | Lög um viðauka við lög nr. 73 31. des. 1937, um gjaldeyrisverzlun o. fl. | 117 |
| 83 | S. d. | Fjáraukalög fyrir árið 1939 | 118 – 127 |
| 84 | S. d. | Lög um breyting á lögum nr. 91 frá 14. maí 1940, um húsaleigu | 127—128 |
| 85 | S. d. | Lög um prestssetur Staðarprestakalls á Reykjanesi | 128 |
| 86 | S. d. | Fjárlög fyrir árið 1942 | 129—188 |
| 87 | S. d. | Lög um viðauka við lög nr. 84 6. júlí 1932, um bifreiðaskatt o. fl. | 188—189 |
| 88 | S. d. | Lög um girðingar til varnar gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og heimild til samþykkta um fjárskipti | 189—196 |
| 89 | S. d. | Lög um eyðingu svartbaks | 196 – 197 |
| 90 | S. d. | Lög um veiting ríkisborgararéttar | 197—198 |
| 91 | S. d. | Lög um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1939 | 198 – 199 |
| 92 | S. d. | Lög um breyting á áfengislögum nr. 33 9. jan. 1935 | 199 |

| Nr. | Dagsetning | Fyrirsögn | Blaðsíðutal |
|---|---|---|---|
| 93 | 9. júlí | Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta ýmis gjöld 1942 með viðauka | 200 |
| 94 | S. d. | Lög um heimild fyrir veðdeild Landsbanka Íslands til að gefa út nýja flokka bankavaxtabréfa | 200—204 |
| 95 | S. d. | Lög um breyting á lögum nr. 37 12. febr. 1940, um stríðstryggingarfélag íslenzkra skipshafna | 204—205 |
| 96 | S. d. | Lög um breyting á lögum nr. 62 30. des. 1939, um tollskrá o. fl. | 205—207 |
| 97 | S. d. | Lög um ófriðartryggingar | 208—213 |
| 98 | S. d. | Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til ráðstafana og tekjuöflunar vegna dýrtíðar og erfiðleika atvinnuveganna | 213—214 |
| 99 | S. d. | Lög um gjaldeyrisverzlun o. fl. | 215—216 |
| 100 | S. d. | Opið bréf ríkisstjóra Íslands um þingslit | 217 |
| 101 | 15. júlí | Auglýsing um staðfestingu ríkisstjóra Íslands á þingsályktun 10. júlí 1941, um hervernd Íslands | 217 |
| 102 | 18. júlí | Bráðabirgðalög um viðauka við lög nr. 38 27. júní 1941, um breyting á lögum nr. 27 13. jan. 1938, um vátryggingarfélög fyrir vélbáta | 217—218 |
| 103 | S. d. | Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 4 4. maí 1925, um viðauka við lög nr. 33 19. júní 1922, um fiskveiðar í landhelgi | 218 |
| 105 | 12. ágúst | Reglugerð fyrir veðdeild Landsbanka Íslands um útgáfu á 13. flokki bankavaxtabréfa, samkvæmt lögum nr. 94 9. júlí 1941, um heimild fyrir veðdeild Landsbanka Íslands til að gefa út nýja flokka bankavaxtabréfa | 219—224 |
| 106 | 8. sept. | Lög um húsaleigu | 225—227 |
| 107 | S. d. | Bráðabirgðalög um viðauka við og breyting á lögum 8. sept. 1941, um húsaleigu | 227—228 |
| 108 | 9. okt. | Lög um byggingar- og landnámssjóð | 228 - 237 |
| 109 | S. d. | Lög um heimild fyrir dómsmálaráðherra til þess að veita leyfi til veðmálastarfsemi í sambandi við kappreiðar og kappróður | 238 |
| 110 | S. d. | Lög um fiskveiðasjóð Íslands | 238 - 241 |
| 111 | S. d. | Lög um eftirlit með opinberum sjóðum | 241—242 |
| 112 | S. d. | Lög um lax- og silungsveiði | 243—264 |
| 113 | S. d. | Opið bréf, er stefnir saman Alþingi til aukafundar mánudaginn 13. október 1941 | 264 |
| 114 | 18. okt. | Reglugerð um viðauka við reglugerð fyrir Háskóla Íslands nr. 8 frá 9. okt. 1912 | 264—266 |
| 115 | 7. nóv. | Lög um Búnaðarbanka Íslands | 267—277 |
| 116 | S. d. | Lög um útgáfu krónuseðla | 277 |
| 117 | 21. nóv. | Opið bréf ríkisstjóra Íslands um þingslit | 278 |
| 118 | 9. des. | Reglugerð um viðauka við reglugerð fyrir Háskóla Íslands nr. 8 frá 9. okt. 1912 | 278 |
| 119 | S. d. | Ríkisstjóraúrskurður um fána ríkisstjóra Íslands | 279 |
| 120 | S. d. | Ríkisstjóraúrskurður um merki ríkisstjóra Íslands | 279 |

| Nr. | Dagsetning | Fyrirsögn | Blaðsíðutal |
|---|---|---|---|
| 121 | 9. des. | Bráðabirgðalög um notkun vegabréfa innanlands ... | 279—280 |
| 122 | S. d. | Bráðabirgðalög um eftirlit með ungmennum o. fl. .. | 280—282 |
| 123 | S. d. | Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 52 27. júní 1941, um ráðstafanir til loftvarna og annarra varna gegn hættum af hernaðaraðgerðum ............ | 282 |
| 124 | S. d. | Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 82 9. júlí 1941, um viðauka við lög nr. 73 31. des. 1937, um gjaldeyrisverzlun o. fl. ........................ | 283 |
| 125 | S. d. | Lög um breyting á lögum nr. 48 19. maí 1930, um gagnfræðaskóla .......................... | 283 |
| 126 | S. d. | Lög um viðauka við og breyting á lögum 8. sept. 1941, um húsaleigu ......................... | 284 |
| 127 | S. d. | Lög um viðauka við lög nr. 13 20. okt. 1905, um rithöfundarétt og prentrétt .................. | 285 |
| 128 | S. d. | Lög um viðauka við lög nr. 38 27. júní 1941, um breyting á lögum nr. 27 13. jan. 1938, um vátryggingarfélög fyrir vélbáta ...................... | 285—286 |
| 129 | S. d. | Lög um breyting á vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 | 286 |
| 130 | 19. des. | Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að ábyrgjast rekstrarlán fyrir Landsbanka Íslands ......... | 286 |
| 131 | S. d. | Lög um heimild til lántöku fyrir síldarverksmiðjur ríkisins .................................. | 287 |

# Yfirlit

## eftir stafrófsröð.



| Nr. | Dagsetning | Fyrirsögn | Blaðsíðutal |
|---|---|---|---|
| | | **Áfengislög.** | |
| 92 | 9. júlí | Lög um breyting á áfengislögum nr. 33 9. jan. 1935 | 199 |
| | | **Aflaskýrslur,** sjá fiskveiðar. | |
| | | **Akranes.** | |
| 45 | 27. júní | Lög um bæjarstjórn á Akranesi .................. | 61 - 65 |
| | | **Alþingi.** | |
| 6 | 3. febr. | Opið bréf, er stefnir saman Alþingi til reglulegs fundar laugardaginn 15. febrúar 1941 ................. | 5 |
| 7 | S. d. | Ráðuneytisbréf um setning Alþingis .. ............ | 5 |
| 79 | 7. júlí | Opið bréf, er stefnir saman Alþingi til aukafundar miðvikudaginn 9. júlí 1941 .................... | 115 |
| 100 | 9. júlí | Opið bréf ríkisstjóra Íslands um þingslit .......... | 217 |
| 113 | 9. okt. | Opið bréf, er stefnir saman Alþingi til aukafundar mánudaginn 13. október 1941 ................. | 264 |
| 117 | 21. nóv. | Opið bréf ríkisstjóra Íslands um þingslit .......... | 278 |
| | | **Alþýðutryggingar.** | |
| 56 | 27. júní | Lög um viðauka við og breytingar á lögum nr. 74 31. des. 1937, um alþýðutryggingar ............. | 78—79 |
| | | **Bankamál.** | |
| 32 | S. d. | Lög um breyting á lögum nr. 31 14. júní 1929, um Búnaðarbanka Íslands, og á lögum nr. 20 13. jan. 1938, um breyting á þeim lögum ................ | 50—52 |
| 94 | 9. júlí | Lög um heimild fyrir veðdeild Landsbanka Íslands til að gefa út nýja flokka bankavaxtabréfa ....... | 200—204 |
| 105 | 12. ágúst | Reglugerð fyrir veðdeild Landsbanka Íslands um útgáfu á 13. flokki bankavaxtabréfa, samkvæmt lögum nr. 94 9. júlí 1941, um heimild fyrir veðdeild Landsbanka Íslands til að gefa út nýja flokka bankavaxtabréfa ............................ | 219—224 |

| Nr. | Dagsetning | Fyrirsögn | Blaðsíðutal |
|---|---|---|---|
| 115 | 7. nóv. | Lög um Búnaðarbanka Íslands | 267—277 |
| 130 | 19. des. | Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að ábyrgjast rekstrarlán fyrir Landsbanka Íslands | 286 |
| | | **Bifreiðalög.** | |
| 22 | 28. maí | Lög um breyting á bifreiðalögum nr. 75 7. maí 1940 | 23 |
| 23 | 16. júní | Bifreiðalög | 24—35 |
| | | **Börn.** | |
| 61 | 27. júní | Lög um breyting á lögum nr. 39 28. jan. 1935, um breyting á lögum nr. 46 27. júní 1921, um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna | 84 |
| | | **Einkasala.** | |
| 14 | 5. maí | Lög um breyting á lögum nr. 58 8. sept. 1931, um einkasölu ríkisins á tóbaki | 14—15 |
| 81 | 9. júlí | Lög um breyting á lögum nr. 3 9. jan. 1935, um verkamannabústaði, og lögum nr. 58 8. sept. 1931, um einkasölu ríkisins á tóbaki | 116—117 |
| | | **Fiskveiðar, fiskveiðasjóður.** | |
| 19 | 28. maí | Lög um veiði, sölu og útflutning á kola | 20—21 |
| 55 | 27. júní | Lög um afla- og útgerðarskýrslur | 77—78 |
| 62 | S. d. | Lög um breyting á lögum nr. 99 11. júní 1938, um fiskveiðasjóð Íslands | 85—86 |
| 103 | 18. júlí | Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 4 4. maí 1925, um viðauka við lög nr. 33 19. júní 1922, um fiskveiðar í landhelgi | 218 |
| 110 | 9. okt. | Lög um fiskveiðasjóð Íslands | 238—241 |
| | | **Fjárlög, fjáraukalög.** | |
| 83 | 9. júlí | Fjáraukalög fyrir árið 1939 | 118—127 |
| 86 | S. d. | Fjárlög fyrir árið 1942 | 129—188 |
| | | **Fjarskipti.** | |
| 30 | 27. júní | Lög um fjarskipti | 42—49 |
| | | **Friðun.** | |
| 74 | S. d. | Lög um friðun æðarfugls | 104—105 |
| | | **Fræðslumál.** | |
| 60 | S. d. | Lög um greiðslu verðlagsuppbótar á styrk til héraðs-, gagnfræða- og húsmæðraskóla | 83—84 |
| 65 | S. d. | Lög um húsmæðrafræðslu í kaupstöðum | 89—91 |
| 67 | S. d. | Lög um breyting á lögum nr. 60 11. júní 1938, um húsmæðrafræðslu í sveitum | 92 |

| Nr. | Dagsetning | Fyrirsögn | Blaðsíðutal |
|---|---|---|---|
| 125 | 9. des. | Lög um breyting á lögum nr. 48 19. maí 1930, um gagnfræðaskóla | 283 |
| | | **Gjaldeyrisverzlun.** | |
| 4 | 26. jan. | Bráðabirgðalög um viðauka við lög nr. 73 31. des. 1937, um gjaldeyrisverzlun o. fl. | 3—4 |
| 17 | 28. maí | Lög um breyting á lögum nr. 73 31. des. 1937, um gjaldeyrisverzlun o. fl., og lögum nr. 115 31. maí 1940, um breyting á þeim lögum | 16—17 |
| 82 | 9. júlí | Lög um viðauka við lög nr. 73 31. des. 1937, um gjaldeyrisverzlun o. fl. | 117 |
| 99 | S. d. | Lög um gjaldeyrisverzlun o. fl. | 215—216 |
| 124 | 9. des. | Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 82 9. júlí 1941, um viðauka við lög nr. 73 31. des. 1937, um gjaldeyrisverzlun o. fl. | 283 |
| | | **Hafnarmálefni.** | |
| 41 | 27. júní | Lög um breyting á lögum nr. 21 14. júní 1929, um hafnargerð á Skagaströnd | 59 |
| 42 | S. d. | Lög um breyting á lögum nr. 64 8. sept. 1931, um hafnargerð á Akranesi | 60 |
| 43 | S. d. | Lög um breyting á hafnarlögum fyrir Ísafjörð nr. 34 19. júní 1922 | 60 |
| | | **Happdrætti.** | |
| 2 | 16. jan. | Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 44 19. júní 1933, um stofnun happdrættis fyrir Ísland | 2 |
| 48 | 27. júní | Lög um breyting á lögum nr. 44 19. júní 1933, um stofnun happdrættis fyrir Ísland | 70 |
| | | **Háskólinn.** | |
| 44 | S. d. | Lög um tannlæknakennslu við læknadeild háskólans | 61 |
| 78 | S. d. | Lög um breyting á lögum um Háskóla Íslands nr. 21 1. febr. 1936 | 114 |
| 114 | 18. okt. | Reglugerð um viðauka við reglugerð fyrir Háskóla Íslands nr. 8 frá 9. okt. 1912 | 264—266 |
| 118 | 9. des. | Reglugerð um viðauka við reglugerð fyrir Háskóla Íslands nr. 8 frá 9. okt. 1912 | 278 |
| | | **Hegningarlög.** | |
| 5 | 29. jan. | Bráðabirgðalög um breyting á 88. og 95. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940 | 4 |
| 47 | 27. júní | Lög um breyting á 88. og 95. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 frá 12. febr. 1940 | 69—70 |

| Nr. | Dagsetning | Fyrirsögn | Blaðsíðutal |
|---|---|---|---|
| | | **Heilbrigðismál.** | |
| 26 | 27. júní | Lög um breyting á lögum nr. 65 19. júní 1933, um varnir gegn því, að næmir sjúkdómar berist til Íslands | 40 |
| 28 | S. d. | Lög um breyting á lögum nr. 66 19. júní 1933, um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma | 41 |
| 49 | S. d. | Lög um læknisvitjanasjóð | 70—71 |
| | | **Hervernd,** sjá ófriðarráðstafanir. | |
| | | **Húsaleiga.** | |
| 84 | 9. júlí | Lög um breyting á lögum nr. 91 frá 14. maí 1940, um húsaleigu | 127—128 |
| 106 | 8. sept. | Lög um húsaleigu | 225—227 |
| 107 | S. d. | Bráðabirgðalög um viðauka við og breyting á lögum 8. sept. 1941, um húsaleigu | 227—228 |
| 126 | 9. des. | Lög um viðauka við og breyting á lögum 8. sept. 1941, um húsaleigu | 284 |
| | | **Húsmæðrafræðsla,** sjá fræðslumál. | |
| | | **Iðnlánasjóður.** | |
| 40 | 27. júní | Lög um breyting á lögum nr. 12 9. jan. 1935, um iðnlánasjóð | 58—59 |
| | | **Jarðakaup og sala.** | |
| 53 | S. d. | Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að kaupa jörðina Vatnsleysu í Viðvíkursveit og gera að prestssetri | 75 |
| 58 | S. d. | Lög um landnám ríkisins | 80—81 |
| 64 | S. d. | Lög um jarðakaup ríkisins vegna kauptúna og sjávarþorpa | 88—89 |
| 66 | S. d. | Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja jörðina Reykjarhól í Seyluhreppi í Skagafjarðarsýslu, ásamt nýbýlinu Varmahlíð | 91 |
| | | **Kirkjumálefni.** | |
| 27 | S. d. | Lög um breyting á lögum nr. 32 3. nóv. 1915, um veitingu prestakalla | 41 |
| 53 | S. d. | Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að kaupa jörðina Vatnsleysu í Viðvíkursveit og gera að prestssetri | 75 |
| 70 | S. d. | Lög um breyting á lögum nr. 64 23. júní 1932, um kirkjugarða | 101 |
| 71 | S. d. | Lög um breyting á lögum nr. 36 16. nóv. 1907, um skipun sóknarnefnda og héraðsnefnda | 101—102 |

| Nr. | Dagsetning | Fyrirsögn | Blaðsíðutal |
|---|---|---|---|
| 72 | 27. júní | Lög um breyting á lögum nr. 40 30. júlí 1909, um sóknargjöld | 102—103 |
| 73 | S. d. | Lög um söngmálastjóra þjóðkirkjunnar | 103 |
| 85 | 9. júlí | Lög um prestssetur Staðarprestakalls á Reykjanesi | 128 |
| | | **Krónuseðlar.** | |
| 116 | 7. nóv. | Lög um útgáfu krónuseðla | 277 |
| | | **Landbúnaður.** | |
| 18 | 28. maí | Lög um sandgræðslu og heftingu sandfoks | 17—20 |
| 16 | 5. maí | Lög um breyting á lögum nr. 27 8. sept. 1931, er heimila ríkisstjórninni að flytja inn sauðfé til sláturfjárbóta | 16 |
| 35 | 27. júní | Lög um breyting á lögum nr. 12 1. febr. 1936, um búreikningaskrifstofu ríkisins | 54 |
| 54 | S. d. | Lög um breyting á lögum nr. 32 8. sept. 1931, um búfjárrækt | 75—77 |
| 68 | S. d. | Lög um breyting á lögum nr. 76 11. júní 1938, um byggingar- og landnámssjóð, og lögum nr. 58 8. sept. 1931, um einkasölu ríkisins á tóbaki | 92—94 |
| 75 | S. d. | Lög um varnir gegn útbreiðslu nokkurra næmra sauðfjársjúkdóma og stuðning til bænda, er bíða tjón af þeim | 105—112 |
| 88 | 9. júlí | Lög um girðingar til varnar gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og heimild til samþykkta um fjárskipti | 189—196 |
| 108 | 9. okt. | Lög um byggingar- og landnámssjóð | 228—237 |
| | | **Landnám.** | |
| 58 | 27. júní | Lög um landnám ríkisins | 80-81 |
| 46 | S. d. | **Landskiptalög** | 65—69 |
| | | **Lántaka.** | |
| 3 | 16. jan. | Bráðabirgðalög um heimild fyrir ríkissjóð til að taka 5 milljón króna innanríkislán | 2—3 |
| 11 | 5. maí | Lög um heimild fyrir ríkissjóð til að taka 10 milljóna króna innanríkislán | 13 |
| 50 | 27. júní | Lög um gjaldeyrisvarasjóð og eftirlit með erlendum lántökum | 71—73 |
| 131 | 19. des. | Lög um heimild til lántöku fyrir síldarverksmiðjur ríkisins | 287 |
| | | **Lax- og silungsveiði,** sjá veiði. | |
| | | **Loftferðir.** | |
| 20 | 28. maí | Lög um breyting á lögum nr. 32 14. júní 1929, um loftferðir | 21—22 |

| Nr. | Dagsetning | Fyrirsögn | Blaðsíðutal |
|---|---|---|---|
| | | **Læknisvitjanasjóður,** sjá heilbrigðismál. | |
| | | **Ófriðarráðstafanir.** | |
| 29 | 27. júní | Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka á leigu húsnæði í sveitum og kauptúnum o. fl. | 42 |
| 52 | S. d. | Lög um ráðstafanir til loftvarna og annarra varna gegn hættum af hernaðaraðgerðum | 73—74 |
| 97 | 9. júlí | Lög um ófriðartryggingar | 208—213 |
| 101 | 15. júlí | Auglýsing um staðfestingu ríkisstjóra Íslands á þingsályktun 10. júlí 1941, um hervernd Íslands | 217 |
| 121 | 9. des. | Bráðabirgðalög um notkun vegabréfa innanlands | 279—280 |
| 123 | S. d. | Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 52 27. júní 1941, um ráðstafanir til loftvarna og annarra varna gegn hættum af hernaðaraðgerðum | 282 |
| | | **Óskilgetin börn,** sjá börn. | |
| | | **Prentsmiðjur.** | |
| 33 | 27. júní | Lög um breyting á lögum nr. 23 4. des. 1886, um prentsmiðjur | 52—53 |
| | | **Prestssetur,** sjá kirkjumálefni. | |
| | | **Ríkisborgararéttur.** | |
| 90 | 9. júlí | Lög um veiting ríkisborgararéttar | 197—198 |
| | | **Ríkisreikningur.** | |
| 91 | S. d. | Lög um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1939 | 198—199 |
| | | **Ríkisstjórn.** | |
| 25 | 16. júní | Lög um ríkisstjóra Íslands | 39—40 |
| 104 | 17. júní | Auglýsing um kosningu ríkisstjóra | 219 |
| 119 | 9. des. | Ríkisstjóraúrskurður um fána ríkisstjóra Íslands | 279 |
| 120 | S. d. | Ríkisstjóraúrskurður um merki ríkisstjóra Íslands | 279 |
| | | **Rithöfundaréttur og prentréttur.** | |
| 127 | S. d. | Lög um viðauka við lög nr. 13 20. okt. 1905, um rithöfundarétt og prentrétt | 285 |
| | | **Siglingar, skip.** | |
| 36 | 27. júní | Lög um breyting á sjómannalögum nr. 41 19. maí 1930 | 54—55 |
| 37 | S. d. | Lög um breyting á lögum nr. 23 27. júní 1921, um vátryggingarfélag fyrir fiskiskip | 55 |
| 38 | S. d. | Lög um breyting á lögum nr. 27 13. jan. 1938, um vátryggingarfélög fyrir vélbáta | 56—67 |

| Nr. | Dagsetning | Fyrirsögn | Blaðsíðutal |
|---|---|---|---|
| 39 | 27. júní | Lög um breyting á lögum nr. 37 frá 19. maí 1930, um skráning skipa | 58 |
| 76 | S. d. | Lög um breyting á lögum nr. 66 7. maí 1940, um stríðsslysatryggingu sjómanna | 112—113 |
| 95 | 9. júlí | Lög um breyting á lögum nr. 37 12. febr. 1940, um stríðstryggingarfélag íslenzkra skipshafna | 204—205 |
| 102 | 18. júlí | Bráðabirgðalög um viðauka við lög nr. 38 27. júní 1941, um breyting á lögum nr. 27 13. jan. 1938, um vátryggingarfélög fyrir vélbáta | 217—218 |
| 128 | 9. des. | Lög um viðauka við lög nr. 38 27. júní 1941, um breyting á lögum nr. 27 13. jan. 1938, um vátryggingarfélög fyrir vélbáta | 285—286 |
| | | **Síldarverksmiðjur.** | |
| 51 | 27. júní | Lög um breyting á lögum nr. 1 5. jan. 1938, um síldarverksmiðjur ríkisins | 73 |
| 131 | 19. des. | Lög um heimild til lántöku fyrir síldarverksmiðjur ríkisins | 287 |
| | | **Sjóðaeftirlit.** | |
| 80 | 9. júlí | Lög um breyting á lögum nr. 29 9. jan. 1935, um eftirlit með sjóðum, er fengið hafa konungsstaðfestingu á skipulagsskrá | 115—116 |
| 111 | 9. okt. | Lög um eftirlit með opinberum sjóðum | 241—242 |
| | | **Skattar, tollar.** | |
| 1 | 9. jan. | Bráðabirgðalög um viðauka við lög nr. 63 31. des. 1937, um tollheimtu og tolleftirlit | 1 |
| 9 | 5. maí | Lög um breyting á lögum nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt | 7—11 |
| 10 | S. d. | Lög um stríðsgróðaskatt | 12 |
| 12 | S. d. | Lög um breyting á lögum nr. 63 31. des. 1937, um tollheimtu og tolleftirlit | 13 |
| 13 | S. d. | Lög um viðauka við lög nr. 63 31. des. 1937, um tollheimtu og tolleftirlit | 14 |
| 15 | S. d. | Lög um afnám laga nr. 25 9. jan. 1935, um viðauka við lög nr. 75 27. júní 1921, um stimpilgjald og afnám 2. gr. laga nr. 91 11. júní 1938, um breyting á þeim lögum | 15 |
| 87 | 9. júlí | Lög um viðauka við lög nr. 84 6. júlí 1932, um bifreiðaskatt o. fl. | 188—189 |
| 93 | S. d. | Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta ýmis gjöld 1942 með viðauka | 200 |
| 96 | S. d. | Lög um breyting á lögum nr. 62 30. des. 1939, um tollskrá o. fl. | 205—207 |
| 98 | S. d. | Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til ráðstafana og tekjuöflunar vegna dýrtíðar og erfiðleika atvinnuveganna | 213—214 |

| Nr. | Dagsetning | Fyrirsögn | Blaðsíðutal |
|---|---|---|---|
| | | **Sparisjóðir.** | |
| 69 | 27. júní | Lög um sparisjóði | 94—100 |
| | | **Svartbakur.** | |
| 89 | 9. júlí | Lög um eyðingu svartbaks | 196—197 |
| | | **Sveitarstjórnarmál.** | |
| 34 | 27. júní | Lög um breyting á sveitarstjórnarlögum nr. 12 31. maí 1927 | 53 |
| | | **Tannlæknakennsla,** sjá Háskólinn. | |
| | | **Umferðarlög.** | |
| 21 | 28. maí | Lög um breyting á umferðarlögum nr. 110 30. maí 1940 | 22—23 |
| 24 | 16. júní | Umferðarlög | 35—38 |
| | | **Ungmenni.** | |
| 122 | 9. des. | Bráðabirgðalög um eftirlit með ungmennum o. fl. | 280—282 |
| | | **Utanríkisráðuneyti.** | |
| 31 | 27. júní | Lög um utanríkisráðuneyti Íslands og fulltrúa þess erlendis | 49—50 |
| | | **Vatnalög.** | |
| 129 | 9. des. | Lög um breyting á vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 | 286 |
| | | **Veðmálastarfsemi.** | |
| 57 | 27. júní | Lög um breyting á lögum nr. 45 31. maí 1927, um heimild fyrir dómsmálaráðherra til þess að veita leyfi til veðmálastarfsemi í sambandi við kappreiðar | 79—80 |
| 109 | 9. okt. | Lög um heimild fyrir dómsmálaráðherra til þess að veita leyfi til veðmálastarfsemi í sambandi við kappreiðar og kappróður | 238 |
| | | **Vegabréf,** sjá ófriðarráðstafanir. | |
| | | **Veiði.** | |
| 59 | 27. júní | Lög um breyting á lögum nr. 61 23. júní 1932, um lax- og silungsveiði | 82—83 |
| 112 | 9. okt. | Lög um lax- og silungsveiði | 243—264 |

| Nr. | Dagsetning | Fyrirsögn | Blaðsíðutal |
|---|---|---|---|
| | | **Verðlagsuppbót.** | |
| 8 | 31. marz | Lög um verðlagsuppbót á laun embættismanna og annarra starfsmanna ríkisins og ríkisstofnana .... | 6—7 |
| 60 | 27. júní | Lög um greiðslu verðlagsuppbótar á styrk til héraðs-, gagnfræða- og húsmæðraskóla .................. | 83—84 |
| | | **Vörumerki.** | |
| 77 | S. d. | Lög um breytingu á lögum nr. 43 13. nóv. 1903, um vörumerki .................................. | 113 |
| | | **Þegnskylduvinna.** | |
| 63 | S. d. | Lög um heimild fyrir kaupstaði og hreppsfélög til að koma á þegnskylduvinnu .................. | 86—87 |
| | | **Þjóðkirkjan,** sjá kirkjumálefni. | |

# BRÁÐABIRGÐALÖG

1
9. jan.

## um viðauka við lög nr. 63 31. des. 1937, um tollheimtu og tolleftirlit.

**Ráðuneyti Íslands,** handhafi konungsvalds,

Gjörir kunnugt: Fjármálaráðherra hefur tjáð ráðuneytinu, að brögð séu að því, að hérlendir menn kaupi vörur af hermönnum, sem eru í herliði því, sem hefst hér við, og taki við vörum að gjöf af þeim, en í lögum séu ekki fyrirmæli, sem beinlínis banni slík viðskipti eða gjafir og ákveði hegningu, ef slíkt eigi sér stað.

Með því að ráðuneytið álítur, að brýna nauðsyn beri til, að setja lög samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar til þess að sporna við umgetnu framferði, sem er til tjóns bæði fyrir ríkissjóðinn og verzlunaratvinnu í landinu, telur það rétt að gefa út bráðabirgðalög á þessa leið:

1. gr.

Á eftir 1. málsgr. 36. gr. laganna komi ný málsgrein, sem verður önnur málsgrein, svo hljóðandi:

Það varðar sektum eða varðhaldi eða hvorttveggju að eiga kaup eða skipti um vörur, sem hermenn, sem tilheyra herflokkum eða herskipum, sem hér eru, bjóða fram eða þeir hafa undir höndum, og að taka við slíkum vörum að gjöf frá þeim, svo og að taka að sér að selja slíkar vörur fyrir þá, enda liggi ekki fyrir, er viðskiptin fara fram eða gjöfin þegin, fullar sannanir fyrir því, að aðflutningsgjöld hafi verið greidd af vörunum og fullnægt hafi verið öðrum almennum innflutningsskilyrðum.

2. gr.

Við 3. málsgrein 36. gr., sem verður fjórða málsgrein 36. gr., bætist:

svo og vörur, sem eru fengnar á þann hátt, sem gert er ráð fyrir í 2. málsgrein þessarar greinar.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 9. janúar 1941.*

**Hermann Jónasson.**

**Eysteinn Jónsson.** **Jakob Möller.** **Stefán Jóh. Stefánsson.**

(L. S.)

*Jakob Möller.*



Reykjavík, Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

2
16. jan.

# BRÁÐABIRGÐALÖG

## um breyting á lögum nr. 44 19. júní 1933, um stofnun happdrættis fyrir Ísland.

**Ráðuneyti Íslands,** handhafi konungsvalds,

Gjörir kunnugt: Fjármálaráðherra hefur tjáð ráðuneytinu, að vegna aukinnar dýrtíðar hafi kostnaður við happdrætti Háskóla Íslands hækkað allverulega, en happdrættið megi ekki við rýrnun tekna nú, ef standa á í skilum með samningsbundnar greiðslur afborgana og vaxta af lánum til háskólabyggingarinnar og ljúka á verkinu við hana.

Með því að ráðuneytið telur, að brýna nauðsyn beri til að auka tekjur happdrættisins af framangreindum ástæðum, telur það rétt að gefa út bráðabirgðalög samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Tölurnar „60“ og „6“ í b-lið 1. greinar verða: 80 og 8.

2. gr.

Á undan tölunni 5000 í c-lið 1. greinar koma orðin: ekki færri en ...

3. gr

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 16. janúar 1941.*

**Hermann Jónasson.**

**Eysteinn Jónsson.** **Jakob Möller.** **Stefán Jóh. Stefánsson.**

(L. S.)

*Jakob Möller.*

3
16. jan.

# BRÁÐABIRGÐALÖG

## um heimild fyrir ríkissjóð til að taka 5 milljón króna innanríkislán.

**Ráðuneyti Íslands,** handhafi konungsvalds,

Gjörir kunnugt: Fjármálaráðherra hefur leitt athygli ráðuneytisins að því, að 5½% sterlingspundaláni, sem tekið var í Bretlandi árið 1930 og nú er að eftirstöðvum £ 510400-0-0, megi segja upp í maímánuði n. k. til greiðslu í nóvembermánuði n. k. Eins og nú sé ástatt, eigi hérlendir bankar allmikið fé erlendis, sem þeir fé mjög litla vexti af, og því sé hagkvæmt að greiða fyrrgreint sterlingspundalán að fullu, ef ríkissjóði tekst að afla fjár með betri vaxtakjörum innanlands.

Til þess að hafa nægilegt fé í ríkissjóði þegar greiða á fyrrgreint lán, ef því verður sagt upp, telur ráðherrann, að ráðlegt sé að taka nú þegar 5 milljón króna lán innanlands.

Með því að ráðuneytið telur brýna nauðsyn bera til, að heimild fáist til lántöku fyrir ríkissjóð innanlands í ofannefndu skyni, telur það rétt að gefa út bráðabirgðalög samkv. 23. grein stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr. 3

Ríkisstjórninni, fyrir hönd ríkissjóðs, er heimilt að taka 5 milljón króna innanríkislán. 16. jan.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 16. janúar 1941.*

**Hermann Jónasson.**

**Eysteinn Jónsson.** **Jakob Möller.** **Stefán Jóh. Stefánsson.**

(L. S.)

*Jakob Möller.*

## BRÁÐABIRGÐALÖG

4
26. jan.

### um viðauka við lög nr. 73 31. des. 1937, um gjaldeyrisverzlun o. fl.

**Ráðuneyti Íslands,** handhafi konungsvalds,

Gjörir kunnugt: Viðskiptamálaráðherra hefur tjáð ráðuneytinu, að undanfarna mánuði hafi framboð af erlendum gjaldeyri verið miklum mun meira en eftirspurnin.

Fram til þessa hafi bankarnir keypt allan þann gjaldeyri, sem borizt hafi og greitt andvirði hans í íslenzkum krónum.

Ráðuneytið álítur hins vegar afleiðingar þess, að óvenjulega miklir peningar eru nú í umferð í landinu, geti orðið að ýmsu leyti óheppilegar, miðað við núverandi ástand, og telur ráðuneytið rétt að sporna við óþarflegri aukningu peningamagnsins innanlands og álítur nauðsynlegt að gefa út bráðabirgðalög samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða, að bankarnir skuli leggja hluta af þeim erlenda gjaldeyri, sem skilað er til þeirra, inn á biðreikninga í erlendri mynt og geyma hann þannig fyrir reikning eigenda gjaldeyrisins og á þeirra áhættu.

2. gr.

Ríkisstjórnin skipar fimm manna nefnd, er úrskurðar hve mikill hluti gjaldeyrisins skuli keyptur af bönkunum og hve mikill hluti lagður á biðreikninga. Tilnefna Landsbanki Íslands, Útvegsbanki Íslands h.f., stjórn Búnaðarfélags Íslands og stjórn Landssambands útgerðarmanna, hver fyrir sig, einn mann í nefndina, en einn skal skipaður af ríkisstjórninni án tilnefningar. Ríkisstjórnin skipar formann nefndarinnar.

Bankarnir kaupa ekki gjaldeyri fyrr en nefndin hefur fellt úrskurð samkvæmt næstu málsgrein hér á undan.

Ríkisstjórnin setur nefndinni reglur um það hvernig hún skuli haga störfum sínum, eftir því sem ástæða þykir til.

4
26. jan.

3. gr.

Með reglugerð skal ákveða hvernig ráðstafa megi innstæðum á biðreikningum, sem myndaðar eru samkvæmt ákvæðum laga þessara.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 26. janúar 1941.*

**Hermann Jónasson.**
**Eysteinn Jónsson. Jakob Möller.**
**Ólafur Thors. Stefán Jóh. Stefánsson.**
(L. S.)

*Eysteinn Jónsson.*

5
29. jan.

## BRÁÐABIRGÐALÖG

**um breyting á 88. og 95. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 frá 12. febrúar 1940.**

**Ráðuneyti Íslands,** handhafi konungsvalds,

Gjörir kunnugt: Dómsmálaráðherra hefur tjáð ráðuneytinu, að nauðsyn beri til þess að gera nokkrar breytingar á 88. og 95. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 frá 1940 til verndar gegn háttsemi, er reynzt gæti skaðsamleg íslenzkum hagsmunum. Með því að ráðuneytið telur einnig vera nauðsyn slíkra breytinga, fellst það á setningu bráðabirgðalaga um það efni, sem hér segir:

1. gr.

88. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 frá 12. febrúar 1940 orðist þannig: Hver sem opinberlega í ræðu eða riti mælir með því eða stuðlar að því, að erlent ríki byrji á fjandsamlegum tiltækjum við íslenzka ríkið eða hlutist til um málefni þess, svo og hver sá, er veldur hættu á slíkri íhlutun með móðgunum, líkamsárásum, eignaspjöllum og öðrum athöfnum, sem líklegar eru til að valda slíkri hættu, skal sæta varðhaldi eða fangelsi allt að 6 árum. Ef brot þykir mjög smávægilegt, má beita sektarhegningu.

2. gr

95. gr. almennra hegningarlaga orðist þannig: Hver, sem opinberlega smánar erlenda þjóð eða erlent ríki, æðsta ráðamann þjóðhöfðingja þess, fána þess eða annað viðurkennt þjóðarmerki, skal sæta sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 6 árum.

Sömu refsingu skal hver sá sæta, sem smánar opinberlega eða hefur annars í frammi skammaryrði, aðrar móðganir í orðum eða athöfnum, eða ærumeiðandi aðdróttanir við aðra starfsmenn erlends ríkis, sem staddir eru hér á landi.

3. gr.

Lög þessi koma þegar til framkvæmda.

*Gjört í Reykjavík, 29. janúar 1941.*

**Hermann Jónasson.**
**Eysteinn Jónsson. Jakob Möller.**
**Ólafur Thors. Stefán Jóh. Stefánsson.**
(L. S.)

*Hermann Jónasson.*

# OPIÐ BRÉF, 6

3. febr.

**er stefnir saman Alþingi til reglulegs fundar laugardaginn 15. febrúar 1941.**

**Ráðuneyti Íslands,** handhafi konungsvalds,

Gjörir kunnugt: Að það, samkvæmt stjórnarskrá konungsríkisins Íslands 18. maí 1920, hefur ákveðið, að Alþingi komi saman til reglulegs fundar laugardaginn 15. febrúar 1941.

Um leið og þetta er birt, er öllum þeim, sem setu eiga á Alþingi, boðið að koma nefndan dag til Reykjavíkur, og verður þá Alþingi sett, eftir að guðsþjónusta hefur farið fram í dómkirkjunni.

*Gjört í Reykjavík, 3. febrúar 1941.*

**Hermann Jónasson.**
**Eysteinn Jónsson. Jakob Möller.**
**Ólafur Thors. Stefán Jóh. Stefánsson.**
(L. S.)

*Hermann Jónasson.*

# RÁÐUNEYTISBRÉF 7

3. febr.

**um setning Alþingis.**

**Ráðuneyti Íslands,** handhafi konungsvalds,

Gjörir kunnugt: Að það veitir hér með forsætisráðherra Hermanni Jónassyni umboð til þess, í nafni ráðuneytisins, að setja Alþingi, er koma á saman til reglulegs fundar laugardaginn 15. febrúar 1941.

*Gjört í Reykjavík, 3. febrúar 1941.*

**Hermann Jónasson.**
**Eysteinn Jónsson. Jakob Möller.**
**Ólafur Thors. Stefán Jóh. Stefánsson.**
(L. S.)

*Hermann Jónasson.*

8
31. marz

# LÖG

## um verðlagsuppbót á laun embættismanna og annarra starfsmanna ríkisins og ríkisstofnana.

**Ráðuneyti Íslands,** handhafi konungsvalds,

Gjörir kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og vér staðfest þau:

1. gr.

Greiða skal verðlagsuppbætur á laun embættismanna og annarra starfsmanna ríkis og ríkisstofnana, og á eftirlaun og styrktarfé samkvæmt 18. gr. fjárlaga, úr ríkissjóði, samkvæmt fyrirmælum þessara laga.

Heimilt er lífeyrissjóðum embættismanna, barnakennara og ljósmæðra að greiða verðlagsuppbót á lífeyri á sama hátt. Ríkissjóður endurgreiðir lífeyrissjóðunum upphæðir þær, er þeir greiða samkv. ákvæðum þessum.

2. gr.

Hagstofan, eða aðrir, ef lög ákveða svo, gerir yfirlit um breytingar á framfærslukostnaði í Reykjavík 1. dag hvers mánaðar, miðað við meðalverðlag mánuðina janúar —marz 1939.

Vísitölu þessa skal leggja til grundvallar við útreikning verðlagsuppbótar fyrir hvern mánuð.

3. gr.

Verðlagsuppbótin skal nema fullri hækkun vísitölunnar, miðað við grundvöllinn janúar—marz 1939 (= 100). Uppbót greiðist þó ekki af þeim hluta launa, sem er fram yfir 650 kr. á mánuði.

4. gr.

Nú tekur maður laun, eftirlaun eða fasta þóknun fyrir fleira en eitt starf eða hjá fleiri ríkisstofnunum í senn, og skal þá reikna uppbótina af launum samanlögðum og skipta hlutfallslega á þá aðila, sem launin greiða.

5. gr.

Verðlagsuppbótin greiðist á launin að viðbættri þeirri dýrtíðaruppbót, sem nú er greidd samkvæmt lögum. Nú fylgja embætti eða starfi hlunnindi, svo sem leigulaus bústaður, frítt ljós og hiti, og greiðist þá ekki uppbót á slík hlunnindi. Sama er að segja um húsaleigustyrki, skrifstofufé eða embættiskostnað, sbr. þó 6. gr., að því er við á.

6. gr.

Embættis- og starfsmönnum, sem fá greitt skrifstofufé eða embættiskostnað úr ríkissjóði, er heimilt að greiða starfsfólki sínu verðlagsuppbót, samkvæmt þeim reglum, er að framan greinir, gegn endurgreiðslu úr ríkissjóði eftir reikningi, sem fjármálaráðherra úrskurðar.

7. gr.

Verðlagsuppbótin greiðist mánaðarlega með laununum, og miðast við vísitölu framfærslukostnaðar í næsta mánuði á undan.

8. gr. 8

Rísi ágreiningur út af ákvörðun og greiðslu verðlagsuppbótar samkv. lögum þessum, sker fjármálaráðherra úr til fullnaðar. Heimilt er ráðherra að setja reglugerð um nánari framkvæmdaratriði þessara laga. 31. marz

9. gr.

Ákvæði laga þessara gilda frá ársbyrjun 1941 til 1. júlí 1942. Eru jafnframt úr gildi fallin lög nr. 77 frá 1940.

*Gjört í Reykjavík, 31. marz 1941.*

**Hermann Jónasson.**

**Eysteinn Jónsson. Jakob Möller.**

**Ólafur Thors. Stefán Jóh. Stefánsson.**

(L. S.)

*Jakob Möller.*

Stjórnartíðindi 1941, A. 2.

# LÖG 9

5. maí

## um breyting á lögum nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

**Ráðuneyti Íslands,** handhafi konungsvalds,

Gjörir kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og vér staðfest þau:

1. gr.

Fyrsta og önnur málsgrein 6. gr. laganna hljóði þannig:

Skattgjald þeirra, sem um ræðir í 1. gr. og 2. gr. og í a- og c-lið 3. gr., reiknast þannig:

Ef hinn skattskyldi hluti teknanna er undir 1000 kr., greiðist af honum 1 %.

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Af | 1000— 2000 | kr. greiðist | 10 | kr. af | 1000 | kr. og | 2 % | af afganginum |
| — | 2000— 3000 | — — | 30 | — — | 2000 | — — | 4 — — | — |
| — | 3000— 4000 | — — | 70 | — — | 3000 | — — | 7 — — | — |
| — | 4000— 5000 | — — | 140 | — — | 4000 | — — | 9 — — | — |
| — | 5000— 6000 | — — | 230 | — — | 5000 | — — | 11 — — | — |
| — | 6000— 7000 | — — | 340 | — — | 6000 | — — | 12 — — | — |
| — | 7000— 8000 | — — | 460 | — — | 7000 | — — | 13 — — | — |
| — | 8000— 9000 | — — | 590 | — — | 8000 | — — | 15 — — | — |
| — | 9000—10000 | — — | 740 | — — | 9000 | — — | 20 — — | — |
| — | 10000—11000 | — — | 940 | — — | 10000 | — — | 28 — — | — |
| — | 11000—12000 | — — | 1220 | — — | 11000 | — — | 29 — — | — |
| — | 12000—14000 | — — | 1510 | — — | 12000 | — — | 30 — — | — |
| — | 14000—16000 | — — | 2110 | — — | 14000 | — — | 31 — — | — |
| — | 16000—18000 | — — | 2730 | — — | 16000 | — — | 32 — — | — |
| — | 18000—20000 | — — | 3370 | — — | 18000 | — — | 33 — — | — |
| — | 20000—25000 | — — | 4030 | — — | 20000 | — — | 34 — — | — |
| — | 25000—30000 | — — | 5730 | — — | 25000 | — — | 35 — — | — |
| — | 30000—35000 | — — | 7480 | — — | 30000 | — — | 36 — — | — |
| — | 35000—40000 | — — | 9280 | — — | 35000 | — — | 37 — — | — |



Reykjavík, Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

9
5. maí

| | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Af 40000—45000 | kr. | greiðist | 11130 | kr. | af 40000 | kr. | og 38 % | af | afganginum |
| — 45000—50000 | — | — | 13030 | — | — 45000 | — | — 39 | — | — |
| — 50000 og þar yfir | — | — | 14980 | — | — 50000 | — | — 40 | — | — |

2. gr.

Í stað 6. og síðustu málsgr. 8. gr. laganna komi:

Félög þau og stofnanir, er um ræðir í 3. gr. a., svo og samvinnuútgerðarfélög og hlutarútgerðarfélög mega draga frá tekjum sínum 5% af innborguðu hlutafé eða stofnfé.

Ef nokkuð af ársarði þessara félaga er lagt í varasjóð, þá er helmingur þeirrar upphæðar undanþeginn tekjuskatti, og skal hann koma til frádráttar við ákvörðun skattskyldra tekna.

Arðjöfnunarsjóði, eftirlaunasjóði og aðra sjóði, sem ekki eru beinlínis ætlaðir til þess að tryggja rekstur fyrirtækisins sjálfs, má ekki telja sem varasjóð.

Ef nokkurri fjárhæð úr varasjóði er síðar varið til úthlutunar til hluthafa, ráðstafað til einkaþarfa þeirra á beinan eða óbeinan hátt, eða varið til annars en þess að mæta hreinum rekstrarhalla fyrirtækisins, skal telja 3/5 af þeirri upphæð til skattskyldra tekna á því ári. Það telst ráðstöfun á fé varasjóðs samkvæmt framansögðu, ef félag, sem nýtur eða notið hefur hlunninda vegna framlags í varasjóð, ver einhverju af eignum sínum með eftirgreindum hætti:

a. Veitir hluthöfum, stjórnendum félags eða öðrum lán í peningum eða öðrum verðmætum, sem ekki eru beinlínis viðkomandi rekstri félagsins.
b. Veitir hluthöfum, stjórnendum félagsins eða öðrum nokkur fríðindi, beint eða óbeint, umfram arðsúthlutun og venjulegar eða eðlilegar launagreiðslur.
c. Ver fé til einhvers annars, sem er óviðkomandi rekstrinum, t. d. kaupa á eignum, hvers eðlis sem eru, sem ekki geta talizt nauðsynlegar við rekstur félagsins. Undanskilin eru þó opinber verðbréf ríkis og bæjarfélaga, þar með talin skuldabréf með ríkisábyrgð, svo og eignir, sem félag hefur orðið að taka við í sambandi við reksturinn, án þess um bein eignakaup sé að ræða.

Nú hefur félag, sem myndað hefur varasjóð, ráðstafað fé á einhvern þann hátt, sem greinir í a—c-liðum, og fellur það þá til skattgreiðslu samkv. 9. málsgr. þessarar greinar, þó eigi hærri fjárhæð en nemur varasjóði í lok skattársins. Skal þá miða við þá lánsfjárupphæð, sem útistandandi er um áramót af lánum, er veitt voru á árinu, að viðbættu meðaltali þeirra lána, er veitt hafa verið og greidd á skattárinu samkv. a-lið, heildarupphæð veittra hlunninda á skattárinu samkv. b-lið og kaupverð eigna samkv. c-lið. Þó ná ákvæði a- og c-liðar ekki til þeirrar upphæðar, sem íslenzk útgerðarfélög áttu í varasjóði samkvæmt efnahagsreikningi 31. des. 1939, að því leyti, sem þau ganga lengra en takmarkanir um ráðstafanir á fé varasjóðs, sem giltu samkvæmt lögum nr. 6 9. jan. 1935 og lögum nr. 39 12. febrúar 1940.

3. gr.

Í stað a—c-liða í 12. gr. laganna komi:

a. Í Reykjavík:

| | | |
|---|---|---|
| Fyrir einstakling | kr. | 900.00 |
| — hjón | — | 1800.00 |
| — hvert barn | — | 700.00 |

b. Annars staðar á landinu:

| | | |
|---|---|---|
| Fyrir einstakling | — | 900.00 |
| — hjón | — | 1800.00 |
| — hvert barn | — | 600.00 |

Frádráttur veitist fyrir þau börn, sem ekki eru fullra 16 ára í byrjun þess almanaksárs, þegar skattur er á lagður. Hér með teljast stjúpbörn, kjörbörn og fóst-

urbörn, sem ekki er greitt meðlag með. Fyrir aðra skylduómaga, sem skattgreiðandi hefur á framfæri sínu, veitist sami frádráttur og fyrir börn. Hafi hinn framfærði tekjur, lækkar frádrátturinn sem þeim nemur og fellur burt, ef tekjuupphæðin nemur lögleyfðum ómagafrádrætti eða meiru. 9 5. maí

4. gr.

Í stað 55. gr. í VI. kafla laganna komi 11 nýjar greinar, er verða 55.—65. gr., svo hljóðandi:

a. (55. gr.) Á meðan vísitala kauplagsnefndar er hærri en 110, miðað við grunntöluna 100 í jan.—marz 1939, skal tekjuskattur einstaklinga, heimilisfastra hér á landi, reiknaður þannig:

Hreinar tekjur gjaldanda skal margfalda með 100 og deila útkomunni með meðalmánaðarvísitölu skattársins. Við ákvörðun hreinna tekna skal tekjuhæðin deilanleg með 50, en því sleppt, sem er fram yfir. Meðalvísitala þessi skal jafnan vera heil tala, og er minni hluta en ½ sleppt, en ½ eða meira hækkað.

Frá þeirri tekjuupphæð, er þannig fæst, skal dreginn persónufrádráttur samkvæmt ákvæðum 12. gr.

Þegar upphæð tekjuskatts hefur verið fundin samkv. reglum 6. gr., skal margfalda hana með meðalvísitölunni og deila útkomunni með 100.

Ofangreind ákvæði gilda um þá einstaklinga, er hafa eigi hærri hreinar tekjur en kr. 12000.00, eftir að þær hafa verið lækkaðar á framangreindan hátt. Af hærri tekjum en hér greinir skal tekjuskattur reiknaður samkv. 6. gr. óbreyttri, en tekjuskatturinn síðan lækkaður um sömu fjárhæð og skattívilnunin hefur numið hjá þeim gjaldendum með sama frádrætti eftir 12. gr., er hafa í hreinar tekjur kr. 12000.00, eftir að þær hafa verið lækkaðar samkvæmt framangreindri reglu.

b. (56. gr.) Nú hefur félag, sem nýtur eða notið hefur hlunninda vegna framlags í varasjóð samkv. ákvæðum 8. gr., ráðstafað fé á árinu 1940 á þann hátt, sem um getur í a-lið og c-lið 8. gr., og skal þá skattanefnd miða skattgjald þeirra við það, að þær ráðstafanir hafi eigi verið gerðar, enda sanni hlutaðeigandi félag eigi síðar en 15. júlí 1941, að það hafi innheimt lán samkv. a-lið og selt eignir samkv. c-lið, en að öðrum kosti falla þær upphæðir til skattgreiðslu samkv. 9. málsgr. 8. gr.

c. (57. gr.) Við ákvörðun skattskyldra tekna, sem skattur greiðist af árið 1941, skal félögum þeim, er um ræðir í 3. gr. a. og b., heimilt að draga frá tekjum sínum aðeins ⅖ þeirrar fjárhæðar, er þau leggja í varasjóð af tekjum ársins 1940. Þó er þeim af þessum félögum, er stunda sjávarútveg sem aðalatvinnurekstur, heimilt að draga frá tekjunum helming þeirrar upphæðar, er þau leggja í varasjóð af tekjum sínum á árinu 1940. Sé um tapsfrádrátt að ræða samkvæmt heimild 64. gr., skal tapið dregið frá tekjunum áður en varasjóðstillagið er ákveðið.

d. (58. gr.) Nú nýtur félag, er um getur í 3. gr. a. og b. og hefur sjávarútveg sem aðalatvinnurekstur, skattívilnunar þeirrar, er um ræðir í 57. gr., og skal þá 40% af því fé, sem það leggur í varasjóð af tekjum ársins 1940, ráðstafað á þann hátt, að það sé lagt á sérstakan reikning í banka eða keypt fyrir það opinber verðbréf og þau falin banka til geymslu. Nefnist sá hluti varasjóðsins nýbyggingarsjóður, og gilda um hann þær reglur, er greinir í 59.—62. gr. Félag skal tilkynna, eigi síðar en 14 dögum eftir gildistöku laga þessara, hversu mikið fé það leggur í varasjóð, og ákveðst þá skattgreiðsla þess á árinu 1941 samkv. því. Fyrir 15. júlí 1941 skal félagið sanna fyrir skattanefnd, að áskilinn hluti af varasjóðstillaginu hafi verið lagður í nýbyggingarsjóð, en séu vanefndir á því að einhverju eða öllu leyti, skal greiða í ríkissjóð 20% af þeirri fjárhæð, sem til vantar.

Af fé nýbyggingarsjóðs má ekki meira en ⅗ hlutar vera innstæða á bið-

9 reikningi í sterlingspundum, sbr. bráðabirgðalög um viðauka við lög nr. 73 31.
5. maí des. 1937, útg. 26/4 1941, nema með sérstöku leyfi nefndar þeirrar, er um getur í 61. gr. Getur nefndin veitt leyfi til þess, að meira en að ofan greinir sé á biðreikningi, ef aðili sýnir fram á, að hann geti ekki lagt féð fram á annan hátt, vegna þess að fé varasjóðs hafi verið notað til að greiða skuldir fyrirtækisins.

e. (59. gr.) Útgerðarfélag ráðstafar sjálft því fé, er það hefur lagt í nýbyggingarsjóð, en því má eingöngu verja til aukningar og endurnýjunar á framleiðslutækjum á sviði útgerðar, annaðhvort með nýbyggingum innanlands eða með kaupum frá öðrum löndum. Þó er heimilt að verja fé nýbyggingarsjóðs til að greiða tap á útgerð, ef aðrar eignir hrökkva ekki til fyrir því, en áður en það er gert, skal það tilkynnt nefnd þeirri, er um ræðir í 61. gr., og lætur hún þá aðila vita, hvort hún telur slíka ráðstöfun í samræmi við lög þessi.

Sé fé nýbyggingarsjóðs veðsett eða því ráðstafað á einhvern annan hátt en að framan greinir, um lengri eða skemmri tíma, skal greiða af því tekjuskatt jafnháan þeim skatti, sem hefði orðið að greiða af fénu, þegar það var lagt fyrir, ef það hefði þá verið skattskylt.

f. (60. gr.) Útgerðarfélag lætur fylgja með skattframtali sínu yfirlýsingu frá hlutaðeigandi banka um það, hve mikið fé sé geymt þar í nýbyggingarsjóði, og yfirlit um þær breytingar, sem kunna að hafa orðið á innstæðu sjóðsins síðan hann var myndaður. Enn fremur vottorð um, að á fé þessu hvíli engar kvaðir.

g. (61. gr.) Ráðherra skipar þriggja manna nefnd, einn eftir tilnefningu Landssambands íslenzkra útvegsmanna, annan eftir tilnefningu Alþýðusambands Íslands, en hinn þriðja án tilnefningar, og er hann formaður nefndarinnar. Nefndin skal hafa eftirlit með því, að fylgt sé fyrirmælum laga þessara um ávöxtun og ráðstöfun á fé nýbyggingarsjóðs.

Skattanefndir skulu senda nefnd þeirri, er hér um ræðir, skýrslu um framlög í nýbyggingarsjóð og innstæðu hvers fyrirtækis, svo fljótt sem unnt er, eftir að upplýsingar um það bárust þeim í hendur. Um hver áramót skulu þau fyrirtæki, er fé eiga í nýbyggingarsjóði, senda nefndinni skýrslu um ráðstöfun þess fjár, er þau hafa tekið úr sjóðnum á liðnu ári. Nú telur nefndin vafa á því, að fé úr nýbyggingarsjóði hafi verið varið samkvæmt ákvæðum laga þessara, og skal hún þá tafarlaust tilkynna það stjórn viðkomandi útgerðarfélags. Nefndin skal síðan úrskurða um það, hvort greiða skuli skatt af fénu samkv. síðari málsgr. 59. gr., og tilkynna það skattanefnd og eiganda sjóðsins.

Úrskurðum nefndarinnar má skjóta til ríkisskattanefndar til fullnaðarúrskurðar, sbr. þó 2. málsgr. 41. gr. Sé ágreiningur innan nefndarinnar, getur minni hlutinn einnig skotið honum til úrskurðar ríkisskattanefndar.

Þóknun fyrir störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

h. (62. gr.) Nú hefur innstæða í nýbyggingarsjóði verið notuð samkvæmt fyrirmælum laga þessara, og telst þá sú eign til varasjóðs hjá viðkomandi félagi.

i. (63. gr.) Einstaklingar og sameignarfélög, er stunda sjávarútveg sem aðalatvinnurekstur, mega draga frá skattskyldum tekjum sínum 40% af því fé, er þau leggja í nýbyggingarsjóð af útgerðartekjum sínum árið 1940, enda sé tekjum af útgerðinni haldið greinilega aðskildum frá öðrum tekjum gjaldenda. Um ávöxtun og ráðstöfun þessa fjár gilda ákvæði þessara laga, eftir því sem við á.

j. (64. gr.) Útgerðarfyrirtækjum íslenzkra botnvörpuskipa, línubáta og vélbáta er heimilt að draga frá tekjum sínum árið 1940, áður en skattur er á þær lagður, tap, sem orðið hefur á rekstri útgerðarinnar á tímabilinu frá 1. jan. 1931 til 31. des. 1939.

Ívilnun þessi er bundin eftirfarandi skilyrðum og takmörkunum:

a. Að fullnægjandi grein hafi verið gerð fyrir tapinu á framtali til tekju- og eignarskatts fyrir það eða þau ár, sem tapið varð, og sé miðað við rekstrar-

halla samkvæmt rekstrarreikningum, enda skal taka með útgjöldum fyrningu á eignum samkvæmt reglugerð um það efni, þó þannig, að togarar séu ekki færðir lengra niður en í kr. 150000.00, miðað við 31. des. 1939, og önnur skip hlutfallslega eftir því. Hafi orðið gróði á rekstri útgerðarfyrirtækjanna einstök ár á fyrrgreindu tímabili, skal hann dragast frá tapinu. 9 5. maí

b. Að eigi sé úthlutað arði til hluthafa eða félagsmanna á meðan tapið er eigi að fullu jafnað, eða hluthöfum ívilnað á annan beinan eða óbeinan hátt, svo sem með hækkuðum kaupgreiðslum, umfram verðlagsuppbætur, eða auknum hlunnindum. Enn fremur er fjármálaráðherra heimilt að setja svipaðar takmarkanir, þegar um einkafyrirtæki er að ræða.

c. Að því leyti sem tapið, eða þær skuldir, sem mynduðust þess vegna, hefur verið gefið eftir fyrir ráðstöfun þess opinbera eða á annan hátt, kemur framangreind ívilnun ekki til greina, sbr. lög nr. 9 6. jan. 1938.

d. Að tekjum þeim, sem undanþegnar eru skattgreiðslu vegna tapsfrádráttar, sé eigi varið til annars en greiðslu á skuldum hlutaðeigandi fyrirtækis, þar til þær eru að fullu greiddar.

e. Að tekjur þær, sem undanþegnar eru skattgreiðslu vegna tapsfrádráttar, teljist til varasjóðs, og má nota þann hluta varasjóðsins til að mæta hreinum rekstrarhalla fyrirtækisins, að svo miklu leyti, sem aðrar eignir þess, þar með talin önnur eign í varasjóði, hrökkva ekki til þess að jafna rekstrarhallann. Sé nokkru af þessu fé varið til annars en að framan greinir, skal greiða tekjuskatt af 60% þeirrar fjárhæðar, er þannig er varið úr sjóðnum, jafnháan þeim skatti, sem hefði orðið að greiða af fénu, þegar það var lagt fyrir, ef það hefði þá verið skattskylt.

k. (65. gr.) Heimilt er ráðherra að breyta tímaákvörðunum og frestum þeim, er um ræðir í IV. kafla, eftir því sem þörf krefur, við álagningu skatts 1941.

Heimilt er að greiða skattanefndum á árinu 1941 allt að helmingi hærri þóknun en um ræðir í 30. gr.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts og eignarskatts á árinu 1941. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 49 12. febr. 1940, um skattgreiðslu íslenzkra útgerðarfyrirtækja, og lög nr. 57 frá 28. jan. 1935, um hlunnindi fyrir ný iðn- og iðjufyrirtæki.

*Gjört í Reykjavík, 5. maí 1941.*

**Hermann Jónasson.**

**Eysteinn Jónsson.** **Jakob Möller.**

**Ólafur Thors.** **Stefán Jóh. Stefánsson.**

(L. S.)

*Jakob Möller.*

10
5. maí

# LÖG
## um stríðsgróðaskatt.

**Ráðuneyti Íslands,** handhafi konungsvalds,

Gjörir kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og vér staðfest þau:

1. gr.

Auk þess skattgjalds, sem ákveðið er í 6. gr. laga nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt, skal leggja á og innheimta sérstakan stríðsgróðaskatt samkvæmt eftirfarandi reglum:

Ef skattskyldar tekjur nema 50000—75000 kr., greiðist 4% af því, sem er umfram 50000 kr.

| | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Af | 75000—100000 kr. | greiðist | 1000 kr. | af | 75000 kr. | og | 10 % | af | afganginum |
| — | 100000—125000 — | — | 3500 — | — | 100000 — | — | 15 — | — | — |
| — | 125000—150000 — | — | 7250 — | — | 125000 — | — | 20 — | — | — |
| — | 150000—175000 — | — | 12250 — | — | 150000 — | — | 25 — | — | — |
| — | 175000—200000 — | — | 18500 — | — | 175000 — | — | 30 — | — | — |
| — | 200000 og þar yfir | — | 26000 — | — | 200000 — | — | 35 — | — | — |

2. gr.

Stríðsgróðaskattur skal lagður á og innheimtur um leið og tekju- og eignarskattur, og af sömu aðilum. Ríkissjóður greiðir hlutaðeigandi sveitarfélagi 40% af þeim stríðsgróðaskatti, sem þar er á lagður og innheimtur, þó aldrei hærri fjárhæð en nemur 40% af niðurjöfnuðum útsvörum í sveitarfélaginu á því ári.

3. gr.

Ríkissjóður greiðir 6% — sex af hundraði — af stríðsgróðaskatti, sem innheimtur er eftir lögum þessum, til sýslufélaga og þeirra bæjarfélaga, er engan skatt fá samkvæmt 2. gr. Fé þessu skal skipt í hlutfalli við þann tekjuskatt, sem til fellur í viðkomandi sýslu- og bæjarfélögum.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu skatta á árinu 1941, miðað við tekjur ársins 1940.

*Gjört í Reykjavík, 5. maí 1941.*

**Hermann Jónasson.**

**Eysteinn Jónsson.** **Jakob Möller.**

**Ólafur Thors.** **Stefán Jóh. Stefánsson.**

(L. S.)

*Jakob Möller.*

# LÖG

11
5. maí

## um heimild fyrir ríkissjóð til að taka 10 milljón króna innanríkislán.

**Ráðuneyti Íslands,** handhafi konungsvalds,

Gjörir kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og vér staðfest þau:

1. gr.

Ríkisstjórninni, fyrir hönd ríkissjóðs, er heimilt að taka 10 milljón króna innanríkislán.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 5. maí 1941.*

**Hermann Jónasson.**

**Eysteinn Jónsson.** **Jakob Möller.**

**Ólafur Thors.** **Stefán Jóh. Stefánsson.**

(L. S.)

*Jakob Möller.*

# LÖG

12
5. maí

## um breyting á lögum nr. 63 31. des. 1937, um tollheimtu og tolleftirlit.

**Ráðuneyti Íslands,** handhafi konungsvalds,

Gjörir kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og vér staðfest þau:

1. gr.

7. gr. laganna orðist svo:

Ákveða má með reglugerð, að öll skip og flugför skuli á leið frá útlöndum, eða áður en lagt er af stað til útlanda, koma, nema tilneydd séu, á tilteknar hafnir eða flugvelli til þess að fá fyrstu eða síðustu afgreiðslu hér á landi. Í reglugerðinni má ákveða sektir fyrir brot gegn henni, allt að kr. 100000.00.

2. gr.

3. gr. laga nr. 59 30. des. 1939 er úr gildi numin.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 5. maí 1941.*

**Hermann Jónasson.**

**Eysteinn Jónsson.** **Jakob Möller.**

**Ólafur Thors.** **Stefán Jóh. Stefánsson.**

(L. S.)

*Jakob Möller.*

13
5. maí

# LÖG

## um viðauka við lög nr. 63 31. des. 1937, um tollheimtu og tolleftirlit.

**Ráðuneyti Íslands,** handhafi konungsvalds,

Gjörir kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og vér staðfest þau:

1. gr.

Á eftir 1. málsgr. 36. gr. laganna komi ný málsgrein, sem verður 2. málsgrein, svo hljóðandi:

Það varðar sektum eða varðhaldi eða hvoru tveggja að eiga kaup eða skipti um vörur, sem hermenn, sem tilheyra herflokkum eða herskipum, sem hér eru, bjóða fram eða þeir hafa undir höndum, og að taka við slíkum vörum að gjöf frá þeim, svo og að taka að sér að selja slíkar vörur fyrir þá, enda liggi ekki fyrir, er viðskiptin fara fram eða gjöfin þegin, fullar sannanir fyrir því, að aðflutningsgjöld hafi verið greidd af vörunum og fullnægt hafi verið öðrum almennum innflutningsskilyrðum.

2. gr.

Við 3. málsgr. 36. gr., sem verður 4. málsgr. 36. gr., bætist: svo og vörur, sem eru fengnar á þann hátt, sem gert er ráð fyrir í 2. málsgr. þessarar greinar.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 5. maí 1941.*

**Hermann Jónasson.**
**Eysteinn Jónsson.** **Jakob Möller.**
**Ólafur Thors.** **Stefán Jóh. Stefánsson.**
(L. S.)

*Jakob Möller.*

14
5. maí

# LÖG

## um breyting á lögum nr. 58 8. sept. 1931, um einkasölu ríkisins á tóbaki.

**Ráðuneyti Íslands,** handhafi konungsvalds,

Gjörir kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og vér staðfest þau:

1. gr.

Við 2. gr. laganna bætist ný málsgrein, er hljóðar svo:

Heimilt er ríkisstjórninni að starfrækja tóbaksgerð eða fela einkasölunni þá starfrækslu.

2. gr.

8. gr. laganna orðist svo:

Tóbakseinkasalan skal leggja frá 10 til 50 af hundraði á tóbak, eftir því sem henta þykir fyrir hverja tegund. Álagningu þessa skal miða við verð vörunnar kom-

innar í hús hér á landi, að meðtöldum tolli. Heildsöluálagning á vörur þær, sem tóbaksgerð ríkisins eða einkasölunnar framleiðir, skal vera óbundin. 14 5. maí

Tóbak til sauðfjárbaðana skal selja án hagnaðar.

3. gr.

2. gr. laga nr. 75 23. júní 1932 er úr gildi numin.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 5. maí 1941.*

**Hermann Jónasson.**
**Eysteinn Jónsson.** **Jakob Möller.**
**Ólafur Thors.** **Stefán Jóh. Stefánsson.**
(L. S.)

*Jakob Möller.*

# LÖG

15 5. maí

**um afnám laga nr. 25 9. jan. 1935, um viðauka við lög nr. 75 27. júní 1921, um stimpilgjald, og afnám 2. gr. laga nr. 91 11. júní 1938, um breyting á þeim lögum.**

**Ráðuneyti Íslands,** handhafi konungsvalds,

Gjörir kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og vér staðfest þau:

1. gr.

Lög nr. 25 9. janúar 1935, um viðauka við lög nr. 75 27. júní 1921, um stimpilgjald, og 2. gr. laga nr. 91 11. júní 1938, um breyting á lögum nr. 75 27. júní 1921, um stimpilgjald, og lögum nr. 25 9. janúar 1935, um viðauka við þau, eru úr gildi numin.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 5. maí 1941.*

**Hermann Jónasson.**
**Eysteinn Jónsson.** **Jakob Möller.**
**Ólafur Thors.** **Stefán Jóh. Stefánsson.**
(L. S.)

*Jakob Möller.*

16
5. maí

# LÖG

## um breyting á lögum nr. 27 8. sept. 1931, er heimila ríkisstjórninni að flytja inn sauðfé til sláturfjárbóta.

**Ráðuneyti Íslands,** handhafi konungsvalds,

Gjörir kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og vér staðfest þau:

1. gr

Á eftir 13. gr. laga nr. 27 8. september 1931, er heimila ríkisstjórninni að flytja inn sauðfé til sláturfjárbóta, komi ný grein, sem verður 14. gr., en greinatala laganna breytist samkvæmt því. Hin nýja grein hljóðar þannig:

Landbúnaðarráðherra getur, þrátt fyrir ákvæði 13. gr., heimilað Búnaðarfélagi Íslands að leyfa einstökum bændum eða sauðfjárræktarfélögum að láta einblendinga lifa til framhaldsræktunar. Skal kynblöndun þessi fara fram undir eftirliti sauðfjárræktarráðunauts Búnaðarfélags Íslands.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

*Gjört í Reykjavík, 5. maí 1941.*

**Hermann Jónasson.**

**Eysteinn Jónsson.** **Jakob Möller.**

**Ólafur Thors.** **Stefán Jóh. Stefánsson.**

(L. S.)

*Hermann Jónasson.*

17
28. maí

# LÖG

## um breyting á lögum nr. 73 31. des. 1937, um gjaldeyrisverzlun o. fl., og lögum nr. 115 31. maí 1940, um breyting á þeim lögum.

**Ráðuneyti Íslands,** handhafi konungsvalds,

Gjörir kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og vér staðfest þau:

1. gr.

A. Fyrsti málsliður 1. gr. laga nr. 73 31. des. 1937 hljóði svo:

Landsbanki Íslands og Útvegsbanki Íslands h/f hafa einkarétt til þess að verzla með erlendan gjaldeyri, þar til öðruvísi kann að verða ákveðið; þó er póststjórninni heimiluð slík verzlun innan þeirra takmarka, sem ráðherra setur.

B. Aftan við 2. málsgr. 1. gr. laganna bætist: Enn fremur ákvæði um það, að allur annar erlendur gjaldeyrir, sem menn eiga eða eignast, renni til þeirra.

2. gr.

Aftan við 1. gr. laga nr. 115 31. maí 1940 bætist: Bankarnir greiða þó laun þeirra nefndarmanna, er skipaðir eru samkvæmt tillögum þeirra.

3. gr. 17 28. maí

Aftan við 8. gr. laga nr. 73 31. des. 1937 bætist: svo og lög nr. 48 4. júní 1924, um gengisskráningu og gjaldeyrisverzlun, og lög nr. 9 27. maí 1925, um breyting á þeim lögum.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Þegar þau hafa hlotið staðfestingu, skulu þau, ásamt lögum nr. 115 31. maí 1940, færð inn í texta laga nr. 73 frá 31. des. 1937 og þau gefin út að nýju.

*Gjört í Reykjavík, 28. maí 1941.*

**Hermann Jónasson.**

**Eysteinn Jónsson.** **Jakob Möller.**

**Ólafur Thors.** **Stefán Jóh. Stefánsson.**

(L. S.)

*Eysteinn Jónsson.*

# LÖG

18 28. maí

## um sandgræðslu og heftingu sandfoks.

**Ráðuneyti Íslands**, handhafi konungsvalds,

Gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau:

1. gr.

Landbúnaðarráðherra hefur yfirumsjón sandgræðslumála, en forstjórn þeirra skal falin Búnaðarfélagi Íslands. Ráðherra skipar sandgræðslustjóra, með sérþekkingu á sandgræðslumálum, en hann skipar sandgræðslumenn og sandgræðsluverði eftir þörfum.

2. gr.

Heimilt er ráðherra, að fengnu áliti sandgræðslustjóra og Búnaðarfélags Íslands, að láta girða svæði, sem uppblástur getur stafað af, og vinna þar að sandgræðslu, til þess að koma í veg fyrir uppblástur og græða foksvæðin. Sandsvæðið skal tekið eignarnámi, samkvæmt lögum nr. 61 14. nóv. 1917, um framkvæmd eignarnáms. Meta skal fullar bætur fyrir afnotamissi og fyrir þá aðstöðuskerðingu til lífsbjargar, sem af slíkum ráðstöfunum stafar.

3. gr.

Úr landi jarða þeirra, er að sandgræðslusvæðum liggja, er heimilt að taka efni til afnota við sandgræðsluna, svo sem vatn, grjót, þara, þang, leir, fræ og annað, er við þykir þurfa. Þó má ekki taka efni þannig, að landspjöll verði að, nema brýna nauðsyn beri til. Eigandi lands eða notandi getur krafizt bóta eftir mati, ef samningar hafa ekki komizt á. Svo skal sandgræðslumönnum og heimil hagaganga fyrir hesta í beitilöndum, gegn sanngjörnu endurgjaldi.

4. gr.

Nú setur maður girðingar fast við sandgræðslugirðingu eða áfasta henni, og skulu þá hlið vera á þeim eigi fjær en 50 m, svo að vinna megi tálmunarlaust að sandgræðslugirðingunum og fara með þeim til eftirlits.

5. gr.

Sandgræðslugirðingar skulu vera sexþættar gaddavírsgirðingar, eða jafntryggar til vörzlu úr öðru efni, og að öðru leyti svo vandaðar að öllum frágangi, að þær séu vel fjárheldar að dómi Búnaðarfélags Íslands. Þeim skal vel við haldið og þess gætt, að undirhleðsla hafi ekki bilað. Rísi ágreiningur um það, hvort girðing uppfylli þessi skilyrði, sker hreppstjóri viðkomandi hrepps úr.

Sandgræðslugirðingar má ekki leggja yfir alfaraleið, nema önnur jafngóð sé fær, án þess bagalegur krókur verði að. Verði vegur eða alfaraleið að liggja gegnum sandgræðslugirðingu, skal hlið vera á girðingunni. Er skylt að loka þeim, enda sé þannig frá þeim gengið, að auðvelt sé að opna þau og loka. Ef hlið er skilið eftir opið, varðar það sektum allt að 50 kr. Að öðru leyti er umferð bönnuð um sandgræðslusvæði, nema með leyfi sandgræðslustjóra.

6. gr.

Ef girðing skaddast, skal sá, er þess verður var, skýra hreppstjóra tafarlaust frá skemmdunum, ef eftirlitsmanns nýtur eigi. Er hreppstjóra þá skylt að sjá um, að gert sé við girðinguna eins fljótt og unnt er. Verði hann þess var, að meðferð sandgræðslusvæðis sé ábótavant eða það skemmist af uppblæstri, skal hann gera sandgræðslustjóra aðvart svo fljótt sem verða má.

7. gr.

Nú selur ráðherra landsvæði það, sem tekið er eignarnámi, og skulu þá eigendur jarða þeirra, er land hefur áður fylgt, eiga forkaupsrétt á því. Noti einhver eigi forkaupsrétt sinn, skal við söluna fylgt ákvæðum laga nr. 55 15. júní 1926, um forkaupsrétt leiguliða.

8. gr.

Nú vill maður fá girt uppblásturssvæði í landareign sinni, og sendir hann þá Búnaðarfélagi Íslands beiðni um það og lætur fylgja ýtarlegar skýrslur um aðstæður allar. Lætur þá félagið sandgræðslustjóra athuga landið og gera tillögur um framkvæmd verksins, áætlun um kostnað og annað, sem að því lýtur, og tekur það síðan, að fram förnu mati á landsvæðinu, ákvörðun um málið. Kostnaður af girðingu, græðslu og viðhaldi svæðisins skal að ⅔ greiddur úr ríkissjóði, en ⅓ af landeiganda, og skal ábyrgð hrepps eða sýslunefndar fengin fyrir því, að landeigendur greiði sinn hluta kostnaðar. Arður af sandgræðslusvæðinu skal ganga upp í kostnað við sandgræðsluna, þar til afhending hefur farið fram samkvæmt 10. gr., enda hafi hvorki landeigandi né ábúandi umráðarétt eða afnota af landinu.

9. gr.

Falli niður greiðsla á gjaldi því, er landeiganda ber að greiða samkv. 8. gr., getur ráðherra látið taka foksvæðið eignarnámi samkvæmt 2. gr. fyrir matsverðið, að viðbættu því, er landeigandi hefur greitt til sandgræðslunnar.

10. gr.

Þegar sandfokið er heft og landið fullgróið, fær landeigandi umráð yfir því. Skylt er þó landeiganda að hlíta þeim reglum um notkun þess, sem settar verða til varnar því, að uppblástur byrji að nýju. Landeigandi eignast þá girðinguna, en er skyldur til þess að halda henni við á sinn kostnað, þangað til sandgræðslustjórnin gefur leyfi til að taka hana upp og fullvíst þykir, að algerlega sé tekið fyrir alla hættu af uppblæstri, allt samkvæmt samningi, er um það skal gerður.

11. gr.

Nú byrjar uppblástur að nýju, eftir að landeigandi hefur aftur fengið svæðið til umráða og afnota samkvæmt 10. gr., og er honum þá skylt að græða það aftur á sinn

kostnað, nema hann sanni, að uppblásturinn sé ekki meðferð hans eða vanrækslu að kenna. Vanræki hann nauðsynlegar aðgerðir til varnar uppblæstri, hefur sandgræðslustjórnin rétt til þess að láta vinna verkið á hans kostnað, eða taka landið eignarnámi, ef þörf gerist. **18** 28. maí

12. gr.

Hvar þess, er því verður við komið, skal kappkostað að koma upp skógi og kjarri í sandgræðslulöndum eins fljótt og kostur er á, og fer um það samkv. áætlun, er Búnaðarfélag Íslands gerir í ársbyrjun, eftir að hafa leitað álits Skógræktar ríkisins, og að öðru leyti samkvæmt reglum, er landbúnaðarráðherra kann að setja.

13. gr.

Komist búfénaður inn á sandgræðslusvæði, sem afgirt er með fullgildri og ógallaðri sandgræðslugirðingu, skal sandgræðslustjóri tilkynna það eigendum fénaðarins. Komist sömu skepnur þrásinnis inn á svæðið og verði göllum á girðingu eigi um kennt, getur sandgræðslustjóri krafizt, að viðkomandi hreppstjóri láti lóga skepnunum og komi afurðum þeirra í verð, eftir því sem fært er. Sandgræðslan greiði síðan þann mismun, sem á kann að vanta, að eigandi fái fullt verð. Rísi ágreiningur, skal úr honum skorið með mati tveggja dómkvaddra manna.

14. gr.

Nú eyðist gróðurlendi býla eða afrétta, og skal þá sandgræðslustjóri athuga, af hverju skemmdirnar stafa. Áliti hann þær stafa frá ofbeit og örtröð fénaðar, gerir hann Búnaðarfélagi Íslands aðvart um það. Skal þá Búnaðarfélag Íslands tafarlaust láta kveðja til fundar eigendur og umráðamenn landsins, og skal á þeim fundi tekið fyrir, hvort gera skuli ítölu í landið eða aðrar ráðstafanir til úrbóta. Nú telur Búnaðarfélag Íslands þær ráðstafanir, sem fundurinn vill gera, ekki tryggilegar, og er því þá skylt að láta fara fram athugun að nýju, og ef hún leiðir í ljós, að nauðsynlegt sé að gera ítölu í landið, skal það gert.

15. gr.

Nú skal ítala gerð í land, og gerir þá búnaðarmálastjóri ráðstafanir til þess, að metið verði, hve margt búfé landið geti borið til þess að tryggt sé, að landið nái að gróa. Þegar land það, sem ítala skal gerð í, er eign eins hreppsfélags eða notað af íbúum eins hreppsfélags, tilnefnir sýslumaður einn mann, er stjórnar matinu og heldur gerðabók, stjórn Búnaðarfélags Íslands annan, og viðkomandi hreppsnefnd hinn þriðja, en farist fyrir, að hún tilnefni manninn að sínum hlut, kveður sýslumaður kunnugan mann í hans stað. Síðan meta þeir búfjáritölur býla á landsvæðinu, og er skylt að hlíta því mati, þar til breyting er á því gerð.

Nú er land sameign tveggja eða fleiri hreppsfélaga eða notað af þeim í sameiningu, og skal þá meta búfjáritölu hreppsfélaganna, sem landið nota, af manni, er sýslumaður tilkveður, og stjórnar hann mati, öðrum, er Búnaðarfél. Ísl. kýs, og hinum þriðja, sem kosinn er á sameiginlegum hreppsnefndarfundi þeirra hreppa, er landsnytjar eiga eða nota í landinu. Eftir að þeir hafa metið búfjáritölu hvers hreppsfélags í landið, skal hreppsnefnd hvers hrepps skipta búfjártölunni milli bæja hreppsins, en náist ekki um það samkomulag, skal það gert af þrem mönnum, einum, er sýslumaður tilnefnir, einum, er Búnaðarfél. Íslands tilnefnir, og einum, er viðkomandi hreppsnefnd kýs. Afl atkvæða ræður úrslitum.

Mötum þessum má innan fjögurra vikna frá tilkynningu til hlutaðeiganda skjóta til yfirmats þriggja óvilhallra manna, er sýslumaður kveður, en þeir nefna sér oddamann úr sínum hópi. Kostnaður af mati greiðist úr ríkissjóði. Sá, er krefst yfirmats, greiði kostnað af því, nema matinu sé breytt honum í vil, en þá greiðist kostnaðurinn

18 úr ríkissjóði. Verði ítala býlis það lág, að matsmenn telji það eigi lífvænlegt til ábúðar,
28. maí getur eigandi krafizt, að ríkið taki það eignarnámi, ef samningar nást eigi.

Fer um mat á skaðabótum samkvæmt ákvæðum 2. gr. Nýs ítölumats má krefjast, ef land spillist, en ella á þriggja fardaga fresti, og fer um greiðslu kostnaðar af því sem áður segir. Ætíð skal gefa bændum á hlutaðeigandi bæjum, svo og oddvitum hreppa, kost á að vera viðstaddir mótin og bóka skýrslur og tillögur þeirra í gerðabækur nefndanna.

Sandgræðslustjóra og hreppstjóra skal skylt að hafa eftirlit með, að ákvæðum um ítölu búfjár í lönd, sem gerð eru samkvæmt þessari grein, sé hlýtt, og kynna sér nákvæmlega ásetning búfjár haust hvert á býlum þeim, er ítala nær til.

16. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum til ríkissjóðs, 50—1000 krónum, sbr. þó 5. gr., nema þyngri hegning liggi við að öðrum lögum. Með mál út af þeim skal farið sem almenn lögreglumál. Numin eru úr gildi lög nr. 45 20. júní 1923 og lög nr. 25 31. maí 1927.

*Gjört í Reykjavík, 28. maí 1941.*

**Hermann Jónasson.**

**Eysteinn Jónsson.** **Jakob Möller.**

**Ólafur Thors.** **Stefán Jóh. Stefánsson.**

(L. S.)

*Hermann Jónasson.*

19
28. maí

# LÖG

## um veiði, sölu og útflutning á kola.

**Ráðuneyti Íslands,** handhafi konungsvalds,

Gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau:

1. gr.

Bannað er að veiða, flytja á land eða selja, hvort heldur innan lands eða til útflutnings, eða kaupa skarkola (Pleuronectes platessa), þykkvalúru (Pleuronectes microcephalus), sandkola (Pleuronectes limanda) og langlúru (Pleuronectes cynoglossus), sem er smærri en 27 sentímetrar á lengd og 250 grömm að þyngd.

2. gr.

Nú eru kolategundir þær, er í 1. gr. getur, og stærri eða þyngri en þar greinir, ætlaðar til útflutnings, hvort heldur nýjar, ísvarðar, frystar, reyktar eða saltaðar, og skulu þær þá metnar og flokkaðar af fiskimatsmanni. Skal fiskimatsmaðurinn gefa vottorð um gæði og flokkun fisksins og geta um merkingu umbúða á vottorðinu, en vigtarvottorð, ef fiskurinn er fluttur út án umbúða.

Undanþeginn mati er sá fiskur, sem veiðist á skip, sem aðeins flytja eiginn afla á erlendan markað.

Um þóknun fiskimatsmanna fyrir störf þeirra samkvæmt þessari grein fer eftir ákvæðum 5. gr. laga nr. 46 8. sept. 1931.

3. gr. 19 28. maí

Yfirfiskimatsmenn skulu hafa eftirlit með því, hver í sínu umdæmi, að ákvæði 1. og 2. gr. laga þessara séu haldin. Enn fremur skulu þeir jafnframt hafa eftirlit með, að framfylgt sé lögum og reglugerðum, er gilda á hverjum tíma um möskvastærð veiðarfæra. Með samþykki ráðherra geta yfirfiskimatsmenn falið fiskimatsmönnum að annast eftirlitið í fjarveru sinni, og skal greiðsla fyrir starfið ákveðin af ráðherra. Kostnaður við eftirlitið greiðist úr ríkissjóði. Fiskideild Háskóla Íslands skal jafnan heimilt að rannsaka hinar ýmsu tegundir fiska hjá seljendum eða kaupendum fisks og kaupa fisk af eigendum til rannsóknanna við sannvirði, ef hún óskar þess.

4. gr.

Nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara skulu sett með reglugerð, og má í reglugerðinni setja ákvæði um sektir fyrir brot á henni.

5. gr.

Sá, sem gerist brotlegur við ákvæði 1. gr. með því að veiða, flytja á land, selja eða kaupa smærri kola en þar er leyft, skal sæta sektum svo sem hér greinir:

Fyrir fyrsta brot 500 krónur.

Fyrir hvert ítrekað brot 1000 krónur.

Auk þess má, ef miklar sakir eru, svipta skipstjóra skipstjórnarréttindum, sem orðið hefur brotlegur þrisvar eða oftar.

Fyrir brot gegn 2. gr. greiðist 300 króna sekt fyrir fyrsta brot og 500 krónur fyrir hvert brot þar eftir.

Sektirnar renna í ríkissjóð.

6. gr.

Mál, sem rísa út af brotum gegn lögum þessum, skal reka sem opinber lögreglumál.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 28. maí 1941.*

**Hermann Jónasson.**

**Eysteinn Jónsson. Jakob Möller.**

**Ólafur Thors. Stefán Jóh. Stefánsson.**

(L. S.)

*Ólafur Thors.*

# LÖG

20 28. maí

## um breyting á lögum nr. 32 14. júní 1929, um loftferðir.

**Ráðuneyti Íslands,** handhafi konungsvalds,

Gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau:

1. gr.

Á eftir 21. gr. laga nr. 32 14. júní 1929 komi ný grein, svo hljóðandi:

Ríkisstjórninni er heimilt að taka eignarnámi vegna loftferða lóðir, lóðarréttindi og mannvirki.

20
28. maí Enn fremur er ríkisstjórninni heimilt að leyfa sveitarfélögum, sýslufélögum og þeim, sem gera út loftför, að taka eignarnámi eignir þær, sem um getur í 1. mgr., gegn hæfilegu endurgjaldi, ef samkomulag næst ekki um bætur.

Bætur fyrir eignarnám á landi og mannvirkjum til flugvallargerðar í Reykjavík skulu metnar af dómurum hæstaréttar ásamt tveimur mönnum, er hæstiréttur nefnir. Að öðru leyti skal fara eftir lögum nr. 61 14. nóv. 1917 um framkvæmd eignarnáms samkvæmt þessari grein.

2. gr.

38. gr. laga nr. 32 14. júní 1929 er úr gildi felld.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

*Gjört í Reykjavík, 28. maí 1941.*

**Hermann Jónasson.**

**Eysteinn Jónsson.** **Jakob Möller.**

**Ólafur Thors.** **Stefán Jóh. Stefánsson.**

(L. S.)

*Ólafur Thors.*

21
28. maí

# LÖG

## um breyting á umferðarlögum, nr. 110 30. maí 1940.

**Ráðuneyti Íslands,** handhafi konungsvalds,

Gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau:

1. gr.

6. gr. laganna orðist svo:

Ökumenn skulu halda sér vinstra megin á akbraut, eftir því, sem við verður komið og þörf er á vegna annarrar umferðar. Þeir skulu víkja greiðlega til vinstri fyrir þeim, sem á móti koma, en hleypa fram fyrir sig á hægri hönd þeim, sem fram fyrir vilja.

2. gr.

Í stað orðsins „hægri“ á tveim stöðum í 1. málsgr. 7. gr. laganna komi: vinstri.

3. gr.

Í stað orðanna „halda sér hægra megin“ í 12. gr. laganna komi: halda sér vinstra megin.

4. gr.

a. Orðin „og við vinstri brún hennar, þegar því verður við komið“ í 3. málsgr. 13. gr. laganna falli burt.

b. Síðasta málsgr. sömu greinar laganna orðist svo:

Gangandi menn skulu halda sér vinstra megin á gangstétt og jafnan víkja til vinstri hver fyrir öðrum.

5. gr.

16. gr. laganna fellur burt.

6. gr. 21
Í stað „nr. 64 19. júní 1933“ í 17. gr. laganna komi: nr. 41 4. júní 1924. 28. maí

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

8. gr.

Þá er lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal færa þau inn í meginmál umferðarlaga, nr. 110 30. maí 1940, og birta þau í einu lagi þannig breytt.

*Gjört í Reykjavík, 28. maí 1941.*

**Hermann Jónasson.**
**Eysteinn Jónsson. Jakob Möller.**
**Ólafur Thors. Stefán Jóh. Stefánsson.**
(L. S.)

*Hermann Jónasson.*

# LÖG 22

## um breyting á bifreiðalögum, nr. 75 7. maí 1940. 28. maí

**Ráðuneyti Íslands,** handhafi konungsvalds,

Gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau:

1. gr.

a. Í stað „vinstri“ í 3. málsgr. 28. gr. laganna komi: hægri.
b. Í stað „hægri“ á tveim stöðum í sömu grein komi: vinstri.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

3. gr.

Þá er lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal færa þau inn í meginmál bifreiðalaga, nr. 75 7. maí 1940, og birta þau í einu lagi þannig breytt.

*Gjört í Reykjavík, 28. maí 1941.*

**Hermann Jónasson.**
**Eysteinn Jónsson. Jakob Möller.**
**Ólafur Thors. Stefán Jóh. Stefánsson.**
(L. S.)

*Hermann Jónasson.*

23
16. júní

# BIFREIÐALÖG

**Ráðuneyti Íslands,** handhafi konungsvalds,

Gjörir kunnugt: Að vér samkvæmt 3. gr. laga, dags. 28. maí 1941, um breyting á bifreiðalögum, nr. 75 7. maí 1940, höfum látið fella breytingarnar inn í meginmál bifreiðalaga, nr. 75 7. maí 1940, og birtum þau í einu lagi þannig breytt:

## I. KAFLI
## Almenn ákvæði.

1. gr.

Bifreið nefnist í lögum þessum sérhvert ökutæki, sem knúið er áfram með aflvél í ökutækinu sjálfu og eigi rennur á spori.

Undanþegin lögunum eru þau vélknúin ökutæki, sem eingöngu eru notuð við jarðyrkju eða vegavinnu, þó eigi vatnsbifreiðar. Einnig eru undanþegnir pallvagnar á lágum hjólum, sem notaðir eru til vöruflutninga að og frá skipi. Enginn má stjórna slíkum ökutækjum, nema hann sé fullra 18 ára að aldri. Að öðru leyti getur dómsmálaráðherra ákveðið með reglugerð, hvort frekari skilyrða skuli krafizt, svo og um akstur og notkun ökutækja þessara.

Rísi ágreiningur um það, hvort ökutæki sé háð ákvæðum þessara laga eða þeim reglum, er settar verða samkvæmt þeim, úrskurðar dómsmálaráðherra endanlega um málið, en leita skal áður umsagnar fjármálaráðuneytisins, sé um afgjaldsskyldu að ræða.

Lögreglubifreiðar, slökkvibifreiðar og sjúkrabifreiðar eru undanþegnar ákvæðum laga þessara um hámarkshraða, en dómsmálaráðherra getur ákveðið, að þessar bifreiðar skuli nota ákveðin einkenni og merki og jafnframt bannað öðrum bifreiðum notkun þeirra. Enn fremur getur dómsmálaráðherra undanþegið þessar og fleiri tegundir bifreiða í opinberri þjónustu ákvæðum laga þessara með þeim skilyrðum, er hann telur nauðsynleg.

Bifreiðar, sem í einstökum tilfellum eru notaðar til flutnings sjúkra eða slasaðra, eða annars slíks flutnings, er ekki þolir bið, eru, meðan þær eru í þeirri notkun, undanþegnar ákvæðum þessara laga og reglna, sem samkvæmt þeim kunna að verða settar um hámarkshraða, svo og um takmarkanir á akstri á ákveðnum tíma og vegum, en sá, er notar bifreið þannig, skal innan sólarhrings í síðasta lagi tilkynna lögreglunni aksturinn. Meðan bifreið er notuð samkvæmt þessari heimild, skal til viðvörunar hvít veifa fest á áberandi stað framan á bifreiðina.

## II. KAFLI
## Um gerð bifreiða.

2. gr.

Sérhver bifreið skal svo gerð, að af notkun hennar leiði ekki óþarfa hávaða, reyk, gufu eða óþef.

Heimilt er að nota bifreið til þess að draga aðra bifreið bilaða. Dómsmálaráðherra getur enn fremur með reglugerð heimilað, með þeim skilyrðum, sem nauðsynleg þykja, að bifreiðar séu notaðar til þess að draga vélalausa flutningsvagna og óskrásettar bifreiðar. Ákvæði laga þessara gilda um ökutæki þau, sem dregin eru, eftir því sem við á.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

3. gr.

Ráðherra sá, er fer með vegamál, ákveður með reglugerð, að fengnum tillögum vegamálastjóra, hver megi vera mesta þyngd hlaðinnar bifreiðar, svo og vagns, sem bifreið dregur. Binda má hámarksþyngd við akstur á nánar tilteknum vegarköflum, miðað við burðarþol vega og brúa.

Hann getur og, að fengnum tillögum vegamálastjóra, takmarkað eða bannað umferð bifreiða á vegum eða vegarköflum, með öllu eða um tiltekinn tíma, ef slík umferð telst hættuleg eða vera til sérlegra óþæginda.

Lögreglustjóri getur, að fengnum tillögum bæjarstjórnar eða hreppsnefndar, bannað á sama hátt umferð bifreiða á götum í kaupstað eða kauptúni.

4. gr.

Ráðherra sá, er fer með vegamál, getur, að fengnum tillögum vegamálastjóra, sett reglur um gerð hjólbarða, er nota megi á bifreiðum.

5. gr.

Í hverri bifreið skulu vera traust stjórntæki, og skal auðvelt að hafa með þeim fullt vald yfir bifreiðinni.

Í hverri bifreið skulu hemlar vera svo gerðir og ætíð í því ástandi, að stöðva megi bifreiðina tryggilega og fljótt.

6. gr.

Á hverri bifreið skal vera horn til þess að gefa með hljóðmerki. Skal vel og haganlega um það búið og það gefa frá sér skýrt og þægilegt hljóð.

7. gr.

Á bifreiðum skulu vera ljósker, er séu tendruð frá því hálftími er liðinn frá sólsetri og þangað til hálftími er til sólaruppkomu, og einnig í þoku.

Á fjórhjóla bifreiðum skulu vera tvö framljósker og minnst eitt afturljósker. Framljóskerin skulu hafa hvítt eða daufgult ljós og bæði sama ljósmagn. Þau skulu vera sitt til hvorrar hliðar framan á bifreiðinni og lýsa akbrautina framundan nægilega til þess, að skapa nauðsynlega yfirsýn fyrir ökumanninn, og sett og stillt þannig, að geislar þeirra valdi sem minnstum óþægindum þeim vegfarendum, er á móti koma. Afturljóskerið skal sýna rautt ljós beint aftur, en lýsa jafnframt aftara skrásetningarmerki bifreiðarinnar nægjanlega með hvítu ljósi. Um ljóskerið má ekki búa svo, að hægt sé að slökkva á því frá ökumannssætinu eða inni í bifreiðinni, á meðan ljós er á framljóskerunum.

Dragi bifreiðin einn eða fleiri vagna, skal afturljós vera á vagninum, sem dreginn er, og séu þeir fleiri en einn, þá á þeim aftasta.

Á tvíhjóla bifreiðum (bifhjólum) skal vera eitt framljósker með hvítu eða daufgulu ljósi, er lýsi akbrautina nægjanlega og á þann hátt, sem segir í 2. mgr., og eitt afturljósker, er sýni rautt ljós beint aftur, en lýsi skrásetningarmerki bifreiðarinnar með hvítu ljósi.

Dómsmálaráðherra getur sett nánari reglur um ljósaumbúnað bifreiða og um notkun fleiri ljóskera, ef þörf þykir.

8. gr.

Dómsmálaráðherra getur með reglugerð ákveðið, að á vöru- og mannflutningabifreiðum skuli vera spegill, og sé honum þannig fyrir komið, að ökumaðurinn geti séð í honum umferðina fyrir aftan bifreiðina.

23
16. júní

9. gr.

Í sérhverri fjórhjóla bifreið skal vera hraðamælir, er sýni hraða bifreiðarinnar og farna vegalengd á hverjum tíma.

10. gr.

Stýri, hemlar og tæki til að gefa merki með skulu þannig gerð og þeim svo fyrir komið, að þau séu auðveld í notkun. Skal ökumaðurinn geta beitt þeim án þess að beina athyglinni frá akbrautinni eða umferðinni.

11. gr.

Bifreiðar skulu svo gerðar, að þær geti farið eftir kröppum bugum og auðvelt sé að snúa þeim. Sé bifreið þyngri en 350 kg., skal aflvélin geta knúið hana aftur á bak sem áfram.

12. gr.

Ekki má nota breiðari bifreiðar en svo, að mesta breidd þeirra utanmáls sé 192 cm. Þó getur ráðherra sá, er fer með vegamál, að fengnum tillögum vegamálastjóra, veitt undanþágu frá þessu ákvæði.

13. gr.

Í hverri bifreið skal vera spjald með áletrun, er sýni framleiðsluverksmiðju og framleiðslunúmer bifreiðarinnar.

III. KAFLI

**Um tilkynningu, skrásetningu og skoðun bifreiða.**

14. gr.

Sérhver bifreiðareigandi (umráðamaður bifreiðar) skal senda lögreglustjóranum í því umdæmi, sem hann er búsettur í, tilkynningu um bifreið sína, áður en hún er tekin í notkun.

Er lögreglustjóri hefur fengið tilkynningu um bifreið, lætur hann eftirlitsmann bifreiða, er dómsmálaráðherra skipar, framkvæma skoðun á bifreiðinni, og sker hann úr um það, hvort hún fullnægi kröfum þessara laga og reglugerða, er settar verða samkvæmt þeim, og yfirleitt, hvort bifreiðin er þannig byggð og gerð, að notkun hennar sé hættulaus.

Fullnægi bifreiðin, að áliti eftirlitsmanns, settum reglum, skrásetur lögreglustjóri bifreiðina. Til skrásetningar bifreiða heldur lögreglustjóri sérstaka bók, bifreiðaskrá, og skráir í hana nauðsynlegar upplýsingar um bifreiðina og eiganda hennar, en dómsmálaráðherra ákveður nánar um form og innihald skrárinnar. Jafnframt skal sett spjald með umdæmistölumerki bifreiðarinnar aftan á hana og framan. Skrásetningarmerki lætur lögreglustjóri í té fulltilbúin, gegn gjaldi, sem dómsmálaráðherra ákveður. Merkin skulu ávallt vera vel læsileg, og má á engan hátt hylja þau, er bifreiðin er í notkun. Eftirlitsmaður bifreiða ákveður, að skoðun lokinni, hve marga farþega bifreið megi flytja, þar á meðal sérstaklega, hve marga í sætum við hlið ökumanns, og ritar það í skoðunarvottorð sitt. Skal ávallt geyma það í bifreiðinni sjálfri, og má aldrei flytja fleiri farþega í bifreið en skoðunarvottorð tiltekur.

Eftirlitsmaður ákveður, hve mikinn þunga vörubifreiðar mega flytja, og skráir það í skoðunarvottorð. Má aldrei hlaða bifreið meira en heimilað er. Eftirlitsmenn og löggæzlumenn geta í einstökum tilfellum ákveðið fyrirkomulag á hleðslu bifreiðar, og er bifreiðaeigendum og ökumönnum þá skylt að hlíta þeim fyrirmælum. Eftir-

litsmaður ákveður, hvort og þá með hvaða skilyrðum heimilt er að nota vöruflutningsbifreið til flutnings farþega endrum og sinnum. Skal það skráð í skrásetningarvottorð. 23 16. júní

Lögreglustjóri getur í einstökum tilfellum heimilað akstur bifreiða, sem ekki eru skrásettar, eftir reglum, sem dómsmálaráðherra setur. Má í þessum reglum ákveða, að gjald skuli koma fyrir leyfið.

Fyrir skrásetningu bifreiðar greiðir eigandi gjald til ríkissjóðs, sem dómsmálaráðherra ákveður.

15. gr.

Glatist skrásetningarmerki bifreiðar eða verði það ónothæft, skal það þegar tilkynnt lögreglustjóranum í umdæmi því, þar sem bifreiðin er skrásett, en sé hún stödd í öðru umdæmi, þá jafnframt lögreglunni þar.

16. gr.

Verði eigendaskipti (eða umráðamanns) að skrásettri bifreið, skal bæði hinn fyrri og hinn nýi eigandi (umráðamaður) tafarlaust tilkynna það lögreglustjóra í því umdæmi, þar sem bifreiðin er skrásett. Sé nýi eigandinn búsettur utan þess, skal hann jafnframt tilkynna lögreglustjóranum í sínu umdæmi eigandaskiptin, og skal bifreiðin þá skráð að nýju þar, en afskráð í umdæminu, sem hún fluttist frá.

Flytji eigandi (umráðamaður) bifreiðar búferlum með bifreið sína í annað lögsagnarumdæmi, skal hann senda tilkynningu um flutninginn til lögreglustjóra beggja umdæmanna. Skal bifreiðin þá afskráð í umdæmi því, er hún fluttist frá, en skráð að nýju í umdæmi því, sem hún flyzt í, og fær hún þar ný skrásetningarmerki. Sé aðeins um 6 mánaða eða skemmri dvöl að ræða í öðru umdæmi, er umskráning ekki nauðsynleg.

Um leið og bifreið er afskráð, skal afhenda lögreglustjóra skrásetningarmerkin endurgjaldslaust.

17. gr.

Dómsmálaráðherra skipar eftirlitsmenn bifreiða eftir þörfum, og ákveður umdæmi þeirra og starfssvið, réttindi þeirra og skyldur. Skulu eftirlitsmenn vera sérfróðir í öllum þeim málum, er bifreiðar varða, bæði að því er snertir gerð og akstur bifreiða, meðferð benzíns og annarra eldfimra efna, sem notuð eru í sambandi við bifreiðar, svo og lög þau og reglur, er um þær gilda. Dómsmálaráðherra setur nánari reglur um hæfni eftirlitsmanna, og gefur þeim erindisbréf að öðru leyti um eftirlitið, eftir því sem þurfa þykir.

Hver eigandi bifreiðar skal árlega greiða skoðunargjald af bifreið sinni til ríkissjóðs, sem dómsmálaráðherra ákveður.

Skal verja skrásetningargjöldum (sbr. 14. gr.) og skoðunargjöldum til þess að greiða kaup eftirlitsmanna og annan kostnað við eftirlitið samkv. reglum, er dómsmálaráðherra setur.

Lögreglustjórar eða eftirlitsmenn bifreiða geta, hvenær sem er, krafizt þess, að bifreið, sem skrásett er eða notuð í umdæmi þeirra, sé færð til skoðunar á tiltekinn stað í umdæminu, svo ganga megi úr skugga um, hvort hún sé í lögmæltu standi. Dómsmálaráðherra ákveður, hve oft árlega skoðun bifreiða skuli fara fram. Hann getur í reglugerð fyrirskipað sérstaka skoðun með skömmu millibili á bifreiðum, sem notaðar eru til mannflutninga.

Lögreglumönnum og eftirlitsmönnum er heimilt, hvenær sem er, að stöðva bifreiðar og skoða þær samstundis og athuga ökuskírteini bifreiðarstjóra. Slíka skoðun skal aðallega framkvæma í því skyni, að prófa umbúnað stýris og hemla bifreiðarinnar.

23
16. júní

Komi það í ljós, að bifreið fullnægir ekki lengur lögum og reglum, eða bifreið er eigi færð til skoðunar, er það hefur verið fyrirskipað, getur lögreglustjóri bannað notkun hennar og tekið af henni skrásetningarmerkin, unz bætt hefur verið úr því, sem áfátt var eða vanrækt.

18. gr.

Eigandi (umráðamaður) bifreiðar ber ábyrgð á því, að bifreiðin sé ávallt í lögmæltu ástandi.

19. gr.

Dómsmálaráðherra setur nánari reglur um tilkynningu, skoðun, flutning, skrásetningu og afskráningu bifreiða. Hann getur og, að fengnum tillögum vegamálastjóra, sett nánari reglur um gerð og notkun bifreiða, til öryggis umferðinni, sérstakar reglur um gerð og notkun ökutækja, sem knúin eru með rafmagni, eimvél eða kolagasi, svo og vagna, sem festir eru aftan í bifreið. Enn fremur setur hann reglur um geymslu og meðferð á benzíni og öðrum eldfimum efnum, sem notuð eru til bifreiða.

## IV. KAFLI

### Um bifreiðarstjóra.

20. gr.

Enginn má stýra bifreið, nema hann hafi fengið til þess ökuskírteini hjá lögreglustjóra. Í ökuskírteininu skal vera mynd af bifreiðarstjóranum, og skal hann ávallt hafa skírteinið hjá sér, er hann ekur bifreið, og sýna það, er löggæzlumenn eða eftirlitsmenn bifreiða krefjast þess.

Skilyrði til þess að öðlast ökuskírteini eru þau, að umsækjandinn sé fullra 18 ára að aldri, sé áreiðanlegur, samvizkusamur og reglusamur, hafi góða sjón og heyrn og sé nægjanlega hraustur andlega og líkamlega, að hann hafi notið kennslu í akstri og fræðslu um meðferð benzíns og vélar bifreiðarinnar, enn fremur að hann hafi staðizt próf í akstri, meðferð bifreiða, bifreiðavéla, benzíns og annarra eldfimra efna, umferðarreglum og bifreiðalögum. Próf þetta framkvæma eftirlitsmenn bifreiða, eða aðrir sérfróðir menn, er dómsmálaráðherra skipar til þess. Lögreglustjóri getur neitað um ökuskírteini, ef varhugavert þykir með tilliti til fyrri hegðunar umsækjanda að veita honum það.

Dómsmálaráðherra getur leyft, að sérstök ökuskírteini séu veitt mönnum, enda þótt þeir fullnægi ekki almennum kröfum um líkamshreysti, og setur þá nánari reglur um innihald skírteinisins.

Enginn getur fengið leyfi til að aka leigubifreið til mannflutninga, nema hann sé fullra 20 ára að aldri, hafi staðizt viðbótarpróf og fullnægi frekari skilyrðum, er dómsmálaráðherra ákveður nánar um í reglugerð.

Dómsmálaráðherra setur reglur um, með hvaða skilyrðum þeir, sem útlend ökuskírteini hafa, megi aka bifreið hér á landi.

Ökuskírteinið gildir í 5 ár frá því það er gefið út. Lögreglustjóri getur þó hvenær sem er svipt mann því, ef það upplýsist, að viðkomandi fullnægir ekki lengur settum skilyrðum til þess að öðlast ökuskírteini. Ef endurnýjunar á ökuskírteini er óskað að 5 árum liðnum, verður viðkomandi að færa sönnur á það fyrir lögreglustjóra að nýju, að hann fullnægi skilyrðunum til þess að fá ökuskírteini. Lögreglustjóri ákveður, hvort viðkomandi skuli þá að nýju ganga undir bifreiðarstjórapróf.

Lögreglustjórar skulu halda skrá yfir öll veitt ökuskírteini samkvæmt reglum, er dómsmálaráðherra setur.

21. gr. 23
16. júní

Bifreiðarstjóraefni mega því aðeins æfa sig í bifreiðaakstri, að við hlið nemandans í bifreiðinni sitji ökukennari, og telst ökukennarinn þá stjórnandi bifreiðarinnar. Nemandinn telst þó stjórnandi bifreiðarinnar, er prófakstur fer fram. Réttindi til kennslu í akstri og meðferð bifreiða hefir sá, sem er 25 ára að aldri og hefir ökuskírteini, er heimilar honum akstur leigubifreiða til mannflutninga.

Æfingar nemenda í akstri tvíhjóla bifreiða mega aðeins fara fram undir stjórn og umsjón ökukennara. Réttindi til kennslu í akstri og meðferð tvíhjóla bifreiða hafa þeir, sem hafa ökuskírteini, eru 25 ára að aldri, og hafa minnst 1 árs æfingu í akstri slíkra bifreiða.

Engum má veita æfingu í akstri, sem yngri eru en svo, að vanti 3 mánuði í 18 ára aldur.

Bifreiðar, sem notaðar eru við kennslu, skulu að aftan og framan bera greinileg spjöld með áletruninni „kennslubifreið". Dómsmálaráðherra getur ákveðið, að kennslubifreiðar séu með tilliti til kennslunnar búnar sérstökum öryggistækjum.

Kennsluakstur má fara fram þar, sem akstur bifreiða er leyfður, en þó getur lögreglan bannað slíkan akstur á ákveðnum götum og vegum, er slíkt bann þykir nauðsynlegt.

Ökukennari ber ábyrgð á, að akstursæfingarnar fari fram á þeim stöðum og með þeim hætti, að telja megi hættulaust fyrir aðra umferð, er tekið er tillit til kunnáttu nemandans.

Dómsmálaráðherra setur nánari reglur um kennslu og próf bifreiðarstjóra, og ákveður gjald það, er greiða skal fyrir prófið. Má ákveða, að auk fyrrgreindra skilyrða skuli menn einnig verða að fá löggildingu dómsmálaráðuneytisins til þess að mega veita kennslu í bifreiðaakstri.

22. gr.

Eigandi (umráðamaður) bifreiðar má ekki fela stjórn hennar manni, sem eigi hefir ökuskírteini.

Þegar lögreglan krefst þess, er eiganda (umráðamanni) skylt að upplýsa, hverjir hafi ekið bifreiðinni og stjórnað henni á hverjum tíma.

23. gr.

Enginn má neyta áfengis við bifreiðarakstur. Enginn má aka bifreið eða reyna að aka bifreið, er hann er undir áhrifum áfengis. Ef ástæða er til að ætla, að maður hafi brotið gegn þessu fyrirmæli, getur lögreglan fært hann til læknis til rannsóknar, og er þá viðkomanda skylt að hlíta þeirri meðferð, sem læknirinn telur nauðsynlega vegna rannsóknarinnar, þar á meðal, að tekið sé úr honum blóðsýnishorn. Dómsmálaráðherra setur nánari reglur um læknisrannsóknina. Það er bannað að fá þeim, sem er undir áhrifum áfengis, stjórn bifreiðar.

Þegar maður á opinberum veitingastað er undir áhrifum áfengis, og veitingamaðurinn eða þjónn hans vita eða hafa ástæðu til að ætla, að hann ætli í þessu ástandi að aka bifreið, þá er veitingamanninum eða þjóni hans skylt að gera það, sem þeim er unnt, til þess að hindra hann í að aka eða reyna það, þar á meðal með því að gera lögreglunni aðvart.

Enginn má aka eða reyna að aka bifreið, ef hann vegna ofreynslu, svefnleysis, undanfarandi neyzlu áfengis eða æsandi eða deyfandi lyfja eða annarra slíkra orsaka, er haldinn slíkri þreytu eða sljóleika, að hann geti eigi á tryggilegan hátt stjórnað bifreiðinni. Það telst til þyngingar við ákvörðun refsingar, ef maður hefur í slíku ástandi ekið leigubifreið til mannflutninga. Tóbaksreykingar eru bannaðar við akstur leigubifreiða til mannflutninga.

23
16. júní

Bannað er að selja eða afhenda bifreiðarstjóra, sem er undir áhrifum áfengis, benzín eða annað, sem þarf til aksturs bifreiðinni.

Ákveða má í reglugerð lágmark hvíldartíma í sólarhring hverjum fyrir bifreiðarstjóra, með hæfilegri hliðsjón af hættu, sem stafað getur af ofþreytu eða svefnleysi.

24. gr.

Bifreiðarstjóri skal ávallt gæta þess, að öll tæki í bifreiðinni, einkum stjórntæki, hemlar og merkjatæki, séu í lagi.

## V. KAFLI

### Um akstur á götum, vegum og öðrum svæðum.

25. gr.

Akstur bifreiða er heimill á öllum götum, vegum og svæðum, sem opin eru fyrir umferð almennt, nema því aðeins, að takmarkað sé samkvæmt heimild í lögum eða lögreglusamþykktum að því er snertir einstaka vegar- eða götukafla.

26. gr.

Ökuhraðanum skal ávallt haga eftir gerð bifreiðarinnar, umferðinni og ástandi vegarins. Hraðinn má aldrei vera meiri en svo, að stöðva megi bifreiðina á ⅓ þess hluta vegarins, sem auður er og hindrunarlaus framundan og bifreiðarstjóri hefir útsýn yfir.

Í kaupstöðum, kauptúnum og ámóta þéttbýli má ökuhraðinn aldrei vera meiri en 30 kílómetrar á klukkustund. Utan þessara staða má hraðinn vera meiri, ef næg útsýn er yfir veginn og ökumaður samt sem áður getur fullnægt öllum skyldum sínum, þó aldrei meiri en 60 kílómetrar á klukkustund.

Dómsmálaráðherra getur, að fengnum tillögum vegamálastjóra, sett nánari reglur um ökuhraðann, þar á meðal ákveðið lægri hámarkshraða en að framan greinir, sérstaklega fyrir þungar bifreiðar. Í kaupstöðum og kauptúnum má setja slíkar reglur í lögreglusamþykktum.

Framangreindur hámarkshraði er því aðeins heimill, að akbrautin sé óhindruð og yfirsýn nægileg, og að umferð frá hliðarbrautum verði séð í tæka tíð. Á ljósatíma má eigi aka hraðar en brautarlýsingin, þar á meðal lýsingin frá ljóskerum bifreiðarinnar, leyfir. Ökuhraðinn skal ávallt stilla svo í hóf, sem telja verður nauðsynlegt vegna umferðarinnar, og aldrei er heimilt að aka fram úr ökutæki eða vegfaranda, nema akbrautin sé auð og óhindruð á nægjanlega löngu svæði framundan. Bannað er að aka fram úr öðru ökutæki á vegamótum. Til hleðslu á bifreiðum skal vandað eftir föngum, en sé hleðsla bifreiðar mikil fyrirferðar, skal draga úr hraðanum svo sem þörf er til öryggis umferðinni.

Þar sem ökumaðurinn sér stutt fram á veginn, í kröppum bugðum við vegamót eða gatnamót, þar sem vegurinn er sleipur og þar sem mikil umferð er, má ekki aka hraðar en svo, að stöðva megi vagninn þegar í stað. Sé bleyta eða for á veginum, skal aka svo gætilega, að ekki slettist á aðra vegfarendur.

Þar sem lögreglan af sérstökum ástæðum telur frekari takmörkun ökuhraðans nauðsynlega, má skipa svo fyrir með því að festa upp spjald við akbrautina með þar að lútandi áletrun.

27. gr.

Skylt er bifreiðarstjóra í akstri og meðferð bifreiðar að sýna nauðsynlega aðgæzlu og varkárni gagnvart nærstöddum, og annarri umferð yfirleitt, svo og vegna þeirra, sem bifreiðin flytur.

Þegar hált er á akbraut, skal skylt að hafa snjókeðjur á afturhjólum bifreiða.

Verði fundin upp tæki, sem reynast nothæf til að hindra, að á vegfarendur eða annað það, sem í námunda er, slettist vegna aksturs bifreiðar í bleytu eða for, getur dómsmálaráðherra með minnst árs fyrirvara fyrirskipað, að bifreiðar skuli búnar slíkum tækjum. 23 16. júní

28. gr.

Ökumaður bifreiðar skal gefa hljóðmerki í tæka tíð, þegar hætt er við árekstri, en notkun hljóðmerkis undanþiggur ekki bifreiðarstjórann skyldu hans til sérstakrar varkárni. Hann skal þegar í stað hætta að gefa hljóðmerki og stöðva bifreiðina og gangvél hennar, ef nauðsyn krefur, svo sem ef hestar hræðast eða verða óróir, og eigi má hann gefa hljóðmerki um leið og bifreiðin fer framhjá hestum á veginum.

Bannað er að gefa hljóðmerki, nema þegar umferðin gefur tilefni til þess.

Aki bifreið fram á eða mæti hún ökutæki, ríðandi manni eða öðrum vegfarendum, skal ökumaðurinn gefa hljóðmerki til viðvörunar í tæka tíð og halda bifreiðinni nægjanlega til hægri á akbrautinni, ef hann ætlar að aka fram úr, en vinstri ef umferðin kemur á móti honum. Gefi akandi eða ríðandi maður eða maður með gripi bifreiðarstjóra merki, eða ef gripirnir ókyrrast, skal bifreiðarstjórinn bíða þess, hvort gerðar eru varúðarráðstafanir, t. d. með því, að maður stígur af baki, vikið er til hliðar o. s. frv. Annars er bifreiðarstjóra heimilt að aka áfram, en meðan hann ekur framhjá, skal hann gæta sérstakrar varkárni. Ef nauðsyn krefur, er bifreiðarstjóri skyldur til að aðstoða við að flytja hesta og aðra gripi framhjá bifreiðinni. Ef ferðamenn með hlaðna vagna hafa neyðzt til að víkja út af vegi fyrir bifreið, skal bifreiðarstjóri einnig veita liðsinni sitt, ef þörf gerist, til þess að koma vögnunum aftur á veginn.

Ef bifreið mætir vögnum á þeim stað, þar sem vegurinn er svo mjór, að hvorugur kemst framhjá öðrum, skal bifreiðin aka til baka og nema staðar þar, sem hinir komast framhjá henni. Ef bifreiðar mætast á slíkum stað, skal sú bifreiðin aka til baka, sem betur fær því við komið (t. d. er á leið upp brekku). Einnig skal bifreiðarstjóri, ef hann mætir bifreið eða öðrum vegfarendum á ljósatíma, lækka framljósin, ef unnt er.

Bifreiðarstjóri er skyldur að víkja til vinstri handar fyrir umferð, sem á eftir kemur, og hleypa henni framhjá, ef unnt er.

Hins vegar skulu vegfarendur jafnan víkja úr vegi fyrir bifreiðum sem öðrum vögnum, og aldrei tefja fyrir þeim að óþörfu.

Bifreið með fyrirferðarmiklu hlassi, t. d. heyi, eða hlassi, sem stendur aftur af palli, t. d. timbri, er skylt að staðnæmast, ef með þarf, til þess að hleypa öðrum vegfarendum framhjá.

Dómsmálaráðherra getur, að fengnum tillögum vegamálastjóra, sett nánari ákvæði um akstur bifreiða til öryggis umferð.

29. gr.

Ef slys vill til þar, sem bifreið er á ferð, skal ökumaður þegar nema staðar, skýra frá nafni sínu og heimilisfangi og hjálpa þeim, sem slasazt hefir, ef þörf gerist.

30. gr.

Bifreiðarstjóri ber ábyrgð á því, að bifreiðin gefi ekki frá sér þéttan reyk, valdi ekki ónauðsynlegum hávaða eða óþægindum fyrir vegfarendur eða aðra, sem dvelja eða búa nálægt akbrautinni, og að gufa eða óþefur stafi ekki frá bifreiðinni frekar en óumflýjanlegt er.

31. gr.

Þegar bifreiðarstjóri yfirgefur bifreið, skal hann stöðva vélina og ganga svo frá henni, eftir því sem kostur er á, að óviðkomandi geti ekki sett hana í gang eða hún farið í gang sjálfkrafa.

23
16. júní

32. gr.

Atvinnumálaráðherra getur sett gjaldskrá, er ákveður fargjöld með leigubifreiðum til mannflutninga. Hann getur og ákveðið, að gjaldmælir skuli vera í slíkum bifreiðum.

33. gr.

Dómsmálaráðherra getur sett reglur um leigu á mannflutningabifreiðum án bifreiðarstjóra.

## VI. KAFLI
## Um skaðabótaskyldu og vátryggingu.

34. gr.

Hljótist slys eða tjón af notkun bifreiðar á mönnum eða munum, er sá, sem ábyrgð ber á henni, skyldur til að bæta það fé, nema leitt sé í ljós, að slysi eða tjóni hefði ekki orðið afstýrt, þótt bifreiðin hefði verið í lagi og ökumaður sýnt fulla aðgæzlu og varkárni.

Nefnd regla gildir þó ekki um slys eða tjón á fólki eða varningi, sem bifreið flytur, nema bifreiðin sé til afnota fyrir almenning gegn borgun. Um skaðabótaskyldu fyrir önnur slík slys eða tjón fer eftir almennum reglum.

Færa má fébætur niður eða jafnvel láta þær alveg niður falla, ef sá, er fyrir slysi eða tjóni varð, er meðvaldur þess eða meðábyrgur.

Ef árekstur verður milli bifreiða, tveggja eða fleiri, skiptist tjónið á þær sín á milli að tiltölu við sök hvers þeirra í slysinu.

Skaðabótakröfu ásamt kostnaði fylgir lögveð í bifreiðinni, ef hún, þegar tjónið varð, var í notkun eigandans eða lögmæts umráðamanns. Lögveð þetta gengur fyrir öðrum skuldum, sem hvíla á bifreiðinni, að fráskildum opinberum gjöldum.

35. gr.

Eigandi (umráðamaður) bifreiðar ber ábyrgð á henni og er skaðabótaskyldur samkvæmt 34. gr.

Noti maður bifreið annars manns í heimildarleysi, færist skaðabótaskylda eigandans yfir á notandann.

Ökumaður bifreiðar er auk þess skaðabótaskyldur, ef hann á sök á slysi eða tjóni, er verður af notkun bifreiðarinnar.

36. gr.

Sérhverjum bifreiðareiganda er skylt að kaupa í tryggingarfélagi, sem viðurkennt er af ráðherra þeim, sem fer með tryggingarmál, og halda við tryggingu fyrir bifreið sína er nemi 15000 kr. fyrir tvíhjóla bifreiðar og 30000 kr. fyrir fjórhjóla bifreiðar. Skal með því tryggð greiðsla, að því leyti sem til hrekkur, á hverri þeirri skaðabótakröfu, er gerð kann að verða á hendur ökumanni bifreiðar eða þeim, sem ábyrgð bar á bifreiðinni, þegar slys eða tjón bar að höndum.

Fyrir bifreiðar til mannflutninga skal tryggingarupphæðin þó aldrei nema minnu en sem svari 5000 krónum á hvern farþega, sem heimilt er að flytja í bifreiðinni.

Tryggingarskylt er ekki ríkið eða stofnanir, sem það ber ábyrgð á, konungur og fjölskylda hans, útlendir þjóðhöfðingjar eða sendiherrar og sendiræðismenn annarra ríkja.

Dómsmálaráðherra setur nánari reglur um tryggingarskylduna og viðurkenningu á tryggingarfélögum.

Iðgjöld, sem tryggingarskyldur bifreiðareigandi skuldar viðurkenndu tryggingarfélagi, eru lögtakskræf.

Verði tryggingartaki gjaldþrota, skulu iðgjöld þau, sem í gjalddaga eru fallin, njóta forgangsréttar í búi hans, samkvæmt 83. gr. 4. tölulið skiptalaganna, og gildir það, þó tryggt sé fyrir hærri fjárhæð en lögboðið er. 23 16. júní

Tryggingarfélagið hefur endurkröfurétt á hendur tryggingartaka, hafi hann valdið tjóninu af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi. Endurkröfurétti þessum fylgir lögveð samkvæmt reglunni í 34. gr. síðustu málsgr., þó þannig, að veðband það, sem ræðir um í þeirri grein, gangi fyrir. Bannað er að kaupa tryggingu gegn endurkröfu vátryggingarsala.

Sérhver bifreiðareigandi skal tryggja ökumann bifreiðar, og gildir sú trygging fyrir hvern bifreiðarstjóra, er henni stýrir. Tryggingin er fyrir bótum vegna slysa, er bifreiðarstjóri kann að verða fyrir við aksturinn. Skal tryggt í Slysatryggingu ríkisins og fyrir sömu bótum, sem þar eru ákveðnar. Umboðsmenn slysatryggingarinnar innheimta iðgjöldin.

37. gr.

Nú er refsimál höfðað gegn manni fyrir lögbrot, sem skaðabótaskyldu getur haft í för með sér samkvæmt 34. gr., og skal þá gefa þeim, sem fyrir tjóninu varð, kost á að koma að skaðabótakröfu í málinu.

Komi skaðabótakrafa fram, skal viðkomandi vátryggingarfélagi gert aðvart um málið, og gefinn sami kostur á því og sökunautar hafa almennt, til þess að færa fram varnir gegn slíkum kröfum, enda er þá dómur um skaðabótakröfuna bindandi fyrir félagið og aðfararhæfur gegn því.

Í sérstökum tilfellum, þegar skaðabótamálið út af fyrir sig er mjög flókið og umfangsmikið og sættir takast ekki, getur rétturinn vísað því frá dómi í refsimálinu.

VII. KAFLI

**Um refsingu og svipting ökuleyfis.**

38. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglum, sem settar verða samkvæmt þeim, varða sektum, eða varðhaldi eða fangelsi, ef miklar sakir eru, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Hver, sem ekur bifreið eða reynir það, er hann er undir áhrifum áfengis, fær öðrum manni, sem er undir áhrifum áfengis, stjórn bifreiðar, ekur bifreið eftir að hann hefir verið sviptur ökuleyfi eða réttindum til að öðlast það, misnotar merki það, sem rætt er um í 1. gr. 5. mgr., eða notar skrásetningarmerki á aðra bifreið en til er ætlazt, skal sæta varðhaldi eða fangelsi, nema um alveg sérstakar málsbætur sé að ræða. Við ákvörðun sekta skal hafa hliðsjón af efnahag sakbornings.

Nú fremur ökumaður, sem ekki er eigandi bifreiðarinnar sjálfur, eða er háður stjórn annars manns, brot gegn lögum þessum eða fyrirmælum, sem sett verða samkvæmt þeim, með vitund og vilja bifreiðareigandans eða yfirboðara síns í starfinu, og skal þá einnig bifreiðareigandanum eða yfirboðaranum refsað fyrir brotið.

Með mál út af brotum á lögum þessum og reglum, sem settar verða samkvæmt þeim, skal farið sem almenn lögreglumál.

Sektir fyrir brot gegn lögum þessum renna í ríkissjóð.

39. gr.

Bifreiðarstjóri, sem ekur bifreið undir áhrifum áfengis eða neytir áfengis við bifreiðarakstur, skal sviptur ökuleyfi sínu um ákveðinn tíma, þó eigi skemur en 3 mánuði, eða fyrir fullt og allt, ef miklar sakir eru eða um ítrekað brot er að ræða. Ef alveg sérstakar málsbætur eru fyrir hendi, og kærði hefur eigi áður orðið sekur um sams konar eða annað verulegt brot gegn skyldum sínum sem bifreiðarstjóri þarf þó eigi auk refsingar að beita ökuleyfissviptingu. Ökuleyfissviptingu má einnig

23
16. júní
þeita, hafi kærði orðið sekur um mjög vítaverðan akstur eða ef telja verður, með hliðsjón af eðli brotsins og annars framferðis kærða sem bifreiðarstjóra, varhugavert vegna öryggis umferðarinnar, að hann hafi ökuleyfi. Hafi kærði ekki ökuleyfi, skal í stað ökuleyfissviptingar koma svipting réttarins til þess að öðlast ökuréttindi.

Hafi maður verið sviptur ökuleyfi eða réttindum til að fá það í lengri tíma en 3 ár, þá getur dómsmálaráðherra, er 3 ár eru liðin frá sviptingunni og sérstakar ástæður mæla með því, ákveðið, að honum skuli veitt ökuleyfið á ný eða rétturinn til þess að öðlast það, enda séu færðar sönnur fyrir því, að viðkomandi hafi verið bindindismaður um neyzlu áfengis frá því hann var sviptur ökuleyfinu. Slíkt leyfi má þó aðeins veita einu sinni sama manni.

Svipting ökuleyfis eða réttar til þess að öðlast ökuleyfi skal gerð með dómi. Áfrýjun frestar ekki verkun dóms að þessu leyti.

Nú telur lögreglustjóri, að maður hafi unnið til ökuleyfissviptingar, og getur hann þá svipt hann ökuleyfi til bráðabirgða. Þó getur viðkomandi dómstóll breytt þeirri ákvörðun lögreglustjóra áður en dómur gengur í málinu.

Hver, sem sviptur hefur verið ökuleyfi samkvæmt þessari grein eða hefur misst það eftir 20. gr., skal afhenda ökuskírteinið lögreglunni. Er maður hefur verið sviptur ökuleyfi eða réttinum til að öðlast það, skal það strax tilkynnt öllum lögreglustjórum á landinu.

Hafi íslenzkur ríkisborgari eða maður búsettur hér á landi sætt refsingu erlendis fyrir verknað, sem samkvæmt lögum þessum hefði varðað missi ökuleyfis eða rétt til þess að öðlast það, þá má svipta hann nefndum réttindum með dómi í opinberu máli, sem höfðað er gegn honum í þessu skyni, og koma þá að öðru leyti til framkvæmda ákvæðin hér að framan.

40. gr.

Sömu viðurlögum og greinir í 38. og 39. gr. skulu bifreiðarstjórar sæta, þótt annar hafi haft með höndum starf þeirra í bifreiðinni, ef þeir eru sjálfir í henni og áttu að annast starfið, en hafa vanrækt það vegna áfengisnautnar og verulegt slys hlotizt af því.

Það varðar refsingu að veita bifreiðarstjórum áfengi, þegar þeir eru að störfum.

## VIII. KAFLI

## Um útlendar bifreiðar.

41. gr.

Menn, sem koma til Íslands frá útlöndum og flytja með sér bifreiðar, sem eigi eru skráðar hér á landi, eru háðir reglum þessara laga með eftirfarandi breytingum.

Dómsmálaráðherra setur í samræmi við ákvæði í 14. gr. reglur um tilkynningu og skrásetningu bifreiðanna, og ákveður, hvort þær skuli skoðaðar af eftirlitsmönnum bifreiða og hvort á þær skuli sett íslenzk kennimerki.

Dómsmálaráðherra setur nauðsynlegar reglur um eftirlit með slíkum bifreiðum, meðan þær eru hér á landi, þar á meðal hvaða yfirvald skuli afhenda skilríki bifreiðarinnar samkvæmt ákvæðum þessara laga. Nú er eigandi (umráðamaður) bifreiðar búsettur hér á landi, og skal þá skrásetja bifreiðina hjá lögreglustjóra þar, sem eigandinn á heima, eða öll kennimerki bifreiðarinnar afhendast lögreglustjóra þar, svo fljótt sem unnt er. Ef eigandi (umráðamaður), sem ekki hefur verið búsettur áður hér á landi, sezt hér að, eða ef maður búsettur hér á landi kaupir eða fær umráð yfir slíkri bifreið, þá skal skrásetningin eða afhending kennimerkjanna fara fram með sama hætti.

Nú hefur maður, sem aka vill útlendri bifreið, ekki ökuskírteini, sem heimilar honum að aka bifreið hér á landi, og skal hann þá sækja um leyfi til lögreglustjórans í því umdæmi, þar sem hann fyrst óskar að nota bifreiðina. Lögreglustjóri getur þá látið umsækjandanum í té íslenzkt ökuskírteini, ef skilyrðum til þess er fullnægt, eða leyft honum að nota útlent ökuskírteini um ákveðinn tíma og með þeim skilyrðum, er dómsmálaráðherra hefur sett þar um. 23 16. júní

Hver, sem notar útlenda bifreið hér á landi, er skyldur til að vátryggja bifreiðina eins og segir í 36. gr., og fylgir lögtaksréttur iðgjöldunum eins og þar segir. Dómsmálaráðherra setur nánari reglur um tryggingu þessara bifreiða.

IX. KAFLI

**Um gildistöku laganna o. fl.**

42. gr.

Auk þess, sem segir í einstökum greinum laganna, getur dómsmálaráðherra sett reglugerð um framkvæmd þeirra.

43. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og eru lög nr. 70 1931, um notkun bifreiða úr gildi numin, svo og önnur lagafyrirmæli, sem fara kynnu í bága við lög þessi.

Reglugerðir, sem settar hafa verið samkvæmt eldri bifreiðalögum og nú eru í gildi, skulu gilda að svo miklu leyti, sem þær fara ekki í bága við lög þessi, unz öðruvísi verður ákveðið með lögum eða reglugerðum.

*Gjört í Reykjavík, 16. júní 1941.*

**Hermann Jónasson.**

**Eysteinn Jónsson. Jakob Möller.**

**Ólafur Thors. Stefán Jóh. Stefánsson.**

(L. S.)

*Hermann Jónasson.*

# UMFERÐARLÖG

24 16. júní

**Ráðuneyti Íslands,** handhafi konungsvalds,

Gjörir kunnugt: Að vér samkvæmt 8. gr. laga, dags. 28. maí 1941, um breyting á umferðarlögum, nr. 110 30. maí 1940, höfum látið fella breytingarnar inn í meginmál umferðarlaga, nr. 110 30. maí 1940, og birtum þau í einu lagi þannig breytt:

I. KAFLI

**Almenn ákvæði.**

1. gr.

Lög þessi og reglugerðir, er settar verða samkvæmt þeim, gilda um hvers konar umferð á alfaravegum og götum, svo og á einkavegum, eftir því sem við á og eftir þeirri venju, sem verið hefur.

Dómsmálaráðherra hefur yfirstjórn umferðarmála.

24
16. júní

2. gr.

Skylt er öllum að sýna varúð við umferð á vegum og götum, og gæta þess, að trufla ekki eða tefja að óþörfu umferð né ónáða þá, sem dvelja eða eiga heima þar nálægt, svo og að fylgja í öllum reglum þeim og fyrirskipunum, er lögreglan setur.

## II. KAFLI
## Akstur.

3. gr.

Ökutæki nefnist í lögum þessum hvert það flutningatæki, sem rennur á hjólum og notað er á vegum, svo og hestasleðar.

Öll ökutæki skulu vera traust og í fullkomnu lagi, svo að örugg séu þeim, er þau nota, og öðrum stafi ekki hætta af.

4. gr.

Ökumaður er hver sá, er stjórnar ökutæki.

Sérhver ökumaður skal vera líkamlega og andlega fær um að stjórna ökutæki því, er hann fer með, svo sem hvorki of þreyttur eða undir áhrifum áfengis.

Ökumaður ber ábyrgð á, að ökutæki hans sé í fullkomnu lagi, sbr. 3. gr. Hann skal hafa góða útsýn úr sæti sínu fram eftir vegi og til hliðar. Ökumaður má ekki aka hraðar en svo, að ökutæki hans geti engin hætta stafað af, né truflun eða hætta annarri umferð. Hann skal jafnan hafa fullt vald yfir ökutækinu og geta stöðvað það snögglega, ef með þarf.

5. gr.

Skylt er ökumanni að fylgja leiðbeiningum eða fyrirskipunum, sem gefnar eru með umferðarmerkjum, er vegamálastjórnin eða lögreglan setur upp við veg eða götu.

Gerð slíkra merkja skal vera sú sama um allt land og ákveðin af dómsmálaráðherra í samræmi við alþjóðasamþykktir, eftir því sem við verður komið.

6. gr.

Ökumenn skulu halda sér vinstra megin á akbraut, eftir því sem við verður komið og þörf er á vegna annarrar umferðar. Þeir skulu víkja greiðlega til vinstri fyrir þeim, sem á móti koma, en hleypa fram fyrir sig á hægri hönd þeim, sem fram fyrir vilja.

7. gr.

Þegar tveir ökumenn stefna svo, að leiðir þeirra skerast, skal sá víkja, sem hefur hinn á vinstri hönd, en þó skal sá, er kemur frá vinstri, gæta fyllstu varúðar.

Ráðherra, er fer með vegamál, getur ákveðið, að fengnum tillögum vegamálastjóra, að tilteknir vegir skuli teljast aðalbrautir, er njóti þess forréttar, að umferð bifreiða og annarra ökutækja frá vegum, er að þeim liggja, skuli skilyrðislaust víkja fyrir umferð aðalbrautar, eða staðnæmast áður en sveigt er inn á aðalbraut, ef þess er þörf.

Lögreglustjóri getur, að fengnum tillögum bæjarstjórnar eða sveitarstjórnar, tekið sömu ákvörðun um götur í kaupstað eða kauptúni.

Skal jafnan setja upp sérstök merki við greind vega- og gatnamót.

8. gr.

Óheimilt er, nema að fengnu leyfi vegamálastjóra eða lögreglustjóra í hvert sinn, að flytja á ökutæki hlass eða einstaka hluti, sem að stærð eða fyrirferð eru

þannig, að truflað geti aðra umferð eða valdið sérstakri hættu eða skemmdum eða hindrað ökumann í að gefa lögmælt varúðarmerki. 24
16. júní

9. gr.

Ef umferðarslys vill til, sem ökumaður eða annar vegfarandi á hlut að, skal hann nema staðar og hjálpa þeim, sem slasazt hefur, ef þörf gerist, án tillits til þess, hvort hann á nokkra sök á slysinu eða ekki. Sama skylda um hjálp hvílir og á öðrum viðstöddum.

Hver sá, sem viðriðinn er slysið á einhvern hátt eða hefur verið sjónarvottur að því, skal, ef einhver óskar þess, skýra frá nafni sínu og heimilisfangi. Eigi má hann hverfa af vettvangi fyrr en þær ráðstafanir eru gerðar, sem slysið gefur tilefni til. Ef orðið hefur meiðsl á mönnum eða dýrum, eða skemmdir á ökutækjum eða öðru, skal hann, svo fljótt sem því verður við komið, sjá um, að næstu lögreglu verði skýrt frá slysinu.

10. gr.

Um akstur og umferð bifreiða gilda ákvæði bifreiðalaganna auk hér settra almennra ákvæða.

11. gr.

Ökumaður reiðhjóls skal jafnan hafa aðra eða báðar hendur á stýrinu og báða fætur á fótstigum.

Hjólreiðamanni er óheimilt að hanga í öðru ökutæki á vegum eða götum. Óheimilt er að flytja farþega á reiðhjóli. Þó má barn yngra en 6 ára sitja framan við ökumann, ef sérstaklega er um búið. Bannað er að aka á reiðhjóli á gangstéttum eða yfir þær.

Framan á hverju reiðhjóli skal vera bjalla til þess að gefa með hljóðmerki, svo og ljósker, er sýni hvítt ljós frá því hálftími er liðinn frá sólsetri og þar til hálftími er til sólaruppkomu. Óheimilt er að nota bjölluna, nema þegar umferðin gefur tilefni til þess.

Á hverju reiðhjóli skal vera hæfilega sterkur hemill.

Heimilt er að ákveða í reglugerð, að aftan á hverju reiðhjóli skuli vera rautt gler, þannig sett, að bifreiðarstjóri, er kemur aftan að hjólinu, geti séð greinilegan glampa, eða að þar skuli vera annar umbúnaður í varúðarskyni.

Heimilt er að setja í reglugerð eða lögreglusamþykkt ákvæði um, að lögreglustjóri skuli skrásetja og merkja öll reiðhjól og um sérstakt skrásetningargjald.

## III. KAFLI

### Umferð með hestvagna, hesta og fénað.

12. gr.

Ríðandi menn skulu fara dreift á vegi og varlega, sérstaklega þar, sem vænta má að bifreiðar séu á ferð eða gangandi menn. Heimilt er að reka lausa hesta og stórgripi á vegi utan þéttbýlis. Heimilt er að teyma hesta bundna saman, en taglhnýting hesta og stórgripa er bönnuð á vegum. Heimilt er að hnýta allt að þrem hestvögnum hverjum aftan í annan, en skylt er ökumanni að sýna sérstaka varúð og jafnvel víkja út af vegi, ef þörf er og við verður komið, til þess að hleypa bifreiðum fram hjá. Bannað er að skilja eftir á vegi lausa hesta eða fyrir kerru.

Ríðandi menn og menn með lausa hesta eða fyrir kerru eða annan fénað skulu halda sér vinstra megin á vegi eða götu, eftir því sem við verður komið og þörf er vegna annarrar umferðar. Þeir skulu víkja fyrir annarri umferð og hleypa fram fyrir sig á sama hátt og greinir í 6. gr. um ökumenn.

24
16. júní
Heimilt er að reka sauðfé eftir vegi, en fylgja skulu rekstrinum nægilega margir gæzlumenn, til þess að fénu verði vikið fljótt og greiðlega út af veginum, er með þarf vegna annarrar umferðar.

## IV. KAFLI

### Umferð gangandi manna.

13. gr.

Gangandi menn skulu nota gangstétt, eftir því sem við verður komið, þar sem hún er meðfram akbraut. Af gangstétt er aðeins heimilt að ganga þvert yfir akbraut.

Öðrum en gangandi mönnum er óheimilt að nota gangstétt. Þó má fara um gangstétt með barnavagn og barnasleða.

Þar, sem engin gangstétt er, skulu gangandi menn gæta sérstakrar varúðar og halda sér utarlega á akbrautinni, en jafnan víkja greiðlega fyrir ökutækjum og ríðandi mönnum yzt út á sömu vegbrún og gengið er við, eða út af vegi, ef þörf er og því verður vel við komið.

Gangandi menn skulu halda sér vinstra megin á gangstétt og jafnan víkja til vinstri hver fyrir öðrum.

## V. KAFLI

### Um refsingu, gildistöku laganna o. fl.

14. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglum, er settar verða samkvæmt þeim, varða sektum, eða varðhaldi eða fangelsi, ef sérstaklega miklar sakir eru.

Með mál út af brotum á lögum þessum skal fara sem almenn lögreglumál.

15. gr.

Dómsmálaráðherra setur að öðru leyti með reglugerð nánari ákvæði um umferð. Heimilt er að setja þar reglur um umferðarfræðslu og um ráðstafanir til eflingar umferðarmenningu í landinu.

Í kaupstöðum og kauptúnum má í lögreglusamþykktum setja sérreglur um umferð.

16. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Með lögum þessum er úr gildi numin 50. og 52. gr. vegalaga, nr. 41 4. júní 1924. Ákvæði lögreglusamþykkta um umferð gilda áfram að svo miklu leyti, sem þær fara ekki í bága við lög þessi eða unz öðruvísi verður ákveðið.

*Gjört í Reykjavík, 16. júní 1941.*

**Hermann Jónasson.**

**Eysteinn Jónsson.** **Jakob Möller.**

**Ólafur Thors.** **Stefán Jóh. Stefánsson.**

(L. S.)

---

*Hermann Jónasson.*

# LÖG
## um ríkisstjóra Íslands.

**Ráðuneyti Íslands,** handhafi konungsvalds,

Gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau:

1. gr.

Alþingi kýs ríkisstjóra til eins árs í senn, og fer hann með vald það, sem konungi er falið í stjórnarskránni.

2. gr.

Kosning ríkisstjóra fer fram í sameinuðu Alþingi.

Rétt kjörinn ríkisstjóri er sá, er hefur meiri hluta greiddra atkvæða við óbundna kosningu, enda séu að minnsta kosti ¾ hlutar þingmanna á fundi og eigi þátt í atkvæðagreiðslu. Hljóti enginn þann atkvæðafjölda við fyrstu kosningu, skal kosið óbundinni kosningu að nýju. Nú verður kosning þá eigi lögmæt, og skal þá kjósa um þá tvo menn, er flest fengu atkvæði við þá kosningu; en hafi við þá kosningu fleiri fengið jafnmörg atkvæði, ræður hlutkesti, um hverja tvo skuli kjósa. Ef þeir fá báðir jafnmörg atkvæði við bundnu kosninguna, ræður hlutkesti, hvor þeirra verður ríkisstjóri.

Kosning skal vera skrifleg, og telst auður seðill greitt atkvæði.

3. gr.

Kjörgengur til ríkisstjóra er hver 35 ára gamall maður, sem fullnægir skilyrðum kosningarréttar til Alþingis, að fráskildu búsetuskilyrðinu.

4. gr.

Nú deyr ríkisstjóri eða lætur af störfum áður en kjörtíma hans er lokið, og skal Alþingi þá kjósa nýjan ríkisstjóra, svo fljótt sem kostur er. Ákveða má þá, að sú kosning gildi einungis til næsta reglulegs Alþingis.

5. gr.

Nú verður sæti ríkisstjóra laust eða hann getur ekki gegnt störfum um sinn vegna dvalar erlendis, sjúkleika eða af öðrum ástæðum, og skal þá ráðuneyti Íslands fara með vald ríkisstjóra.

6. gr.

Ríkisstjóri má eigi vera alþingismaður né gegna öðrum opinberum störfum en ríkisstjórastarfinu. Eigi má hann heldur gegna störfum fyrir félög, stofnanir eða fyrirtæki einstakra manna eða félaga.

7. gr.

Ríkisstjóra skulu greiddar af ríkisfé þrjátíu þúsundir króna í laun á ári, auk útlagðs kostnaðar. Hann hefur ókeypis bústað, ljós og hita, og er undanþeginn öllum opinberum gjöldum og sköttum.

8. gr.

Ríkisstjóri vinnur eið eða drengskaparheit að stjórnarskránni, er hann tekur við störfum. Af eiðstaf þessum eða heiti skal gera tvö samhljóða frumrit. Geymir Alþingi annað, en þjóðskjalasafnið hitt.

25
16. júní

9. gr.

Ríkisstjóri ber eigi ábyrgð á stjórnarathöfnum. Hann verður eigi sóttur til refsingar nema með samþykki Alþingis.

10. gr.

Ríkisstjóri hefur aðsetur í Reykjavík eða næsta nágrenni.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 16. júní 1941.*

**Hermann Jónasson.**
**Eysteinn Jónsson.** **Jakob Möller.**
**Ólafur Thors.** **Stefán Jóh. Stefánsson.**
(L. S.)

*Hermann Jónasson.*

26
27. júní

# LÖG

## um breyting á lögum nr. 65 19. júní 1933, um varnir gegn því, að næmir sjúkdómar berist til Íslands.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Aftan við 2. gr. laganna bætist ný málsgr., svo hljóðandi:

Fulltrúar utanríkismálaráðuneytisins erlendis skulu gera sér far um að fylgjast sem bezt með sóttarfari, hver í sínu umdæmi, og vera við því búnir að gefa skipstjórum, er sigla vilja til Íslands, leiðbeiningar þar að lútandi. Þeir skulu og tilkynna utanríkismálaráðuneytinu tafarlaust, ef upp koma eða yfirvofandi má telja, að upp komi í umdæmi þeirra erlendar sóttir, og láta það síðan jafnan fylgjast með gangi þeirra. Sama gildir um hvers konar aðra næma sjúkdóma, ef þeir gerast óvenjulega útbreiddir eða illkynjaðir, eða ráðuneytið óskar sérstaklega fregna af þeim.

2. gr.

Aftan við 4. gr. laganna bætist ný málsgr., svo hljóðandi:

Um umbúnað líka, sem flutt eru inn í landið, fer eftir reglum um flutning líka, sem settar verða samkvæmt lögum um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma, nema sérstaklega heyri undir ákvæði þessara laga.

*Gjört í Reykjavík, 27. júní 1941.*

**Sveinn Björnsson.**
(L. S.)

*Stefán Jóh. Stefánsson.*

# LÖG

27
27. júní

**um breyting á lögum nr. 32 3. nóv. 1915, um veitingu prestakalla.**

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

**1. gr.**

Við 1. mgr. 2. gr. laga nr. 32 3. nóv. 1915 bætist ný málsgr., svo hljóðandi:

Á kjörskrá fyrir prestakosningar í Reykjavík skal heimilt að raða nöfnum kjósenda eftir heimilisfangi (götunafni og númeri).

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 27. júní 1941.*

**Sveinn Björnsson.**
(L. S.)

*Hermann Jónasson.*

# LÖG

28
27. júní

**um breyting á lögum nr. 66 19. júní 1933, um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma.**

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

Aftan við 6. gr. laganna bætist ný málsgr., svo hljóðandi:

Ráðherra gefur út reglur um meðferð og umbúnað líka, sem flutt eru á milli staða hér á landi eða út úr landinu.

*Gjört í Reykjavík, 27. júní 1941.*

**Sveinn Björnsson.**
(L. S.)

*Stefán Jóh. Stefánsson.*

29
27. júní

# LÖG

## um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka á leigu húsnæði í sveitum og kauptúnum o. fl.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

**1. gr.**

Ríkisstjórninni er heimilt að taka á leigu öll skólahús, fundahús, þinghús og annað nothæft húsnæði í sveitum og kauptúnum, til þess, ef nauðsyn krefur, að gera þessi hús að dvalarstöðum fyrir börn og mæður þeirra, þeim til öryggis. Einnig er ríkisstjórninni heimilt að taka á leigu flutningatæki, sem með þarf til að koma börnunum og mæðrum þeirra að og frá ákvörðunarstað.

2. gr.

Ef samkomulag næst ekki við eigendur eða leigjendur húsa og farartækja þeirra, sem um getur í 1. gr., er ríkisstjórninni heimilt að taka þau leigunámi. Um framkvæmd leigunáms samkvæmt þessari grein skal farið eftir ákvæðum laga nr. 61 14. nóv. 1917.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 27. júní 1941.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Hermann Jónasson.*

30
27. júní

# LÖG

## um fjarskipti.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

### I. KAFLI
### Orðaskýringar.

**1. gr.**

Í lögum þessum merkja orðin:

*Fjarskipti:* það, sem nefnt er „Télécommunication“ í alþjóðafjarskiptasamningnum (Convention Internationale des Télécommunications, Madrid 1932), og þýðir hvers konar fjarflutning tákna, merkja, skriftar, mynda og alls konar hljóða eftir vírum, rafgeislum (radio) eða með öðrum kerfum eða aðferðum, hvort sem eru rafmagns eða sjónmerkja (semafor).

*Fjarskiptavirki:* hvers konar taugar, tæki, tækjahluti, búnað o. þvl., sem er sérstaklega ætlað til að koma á fjarskiptum eða reka þau, hvort heldur er til sendingar, viðtöku eða til þess að flytja aðkomin merki áfram. 30 27. júní

## II. KAFLI
## Einkaréttur ríkisins.

### 2. gr.

Ríkið hefur einkarétt á:

1. Að stofna og reka á Íslandi og í íslenzkri landhelgi og lofthelgi hvers konar fjarskipti með rafstraum eða raföldum, þar á meðal ljósöldum, er ná til sendingar, flutnings og móttöku skeyta, tals, tóna, mynda eða annarra slíkra merkja, hvort heldur er eftir vírum, gegnum loft, sjó eða land eða á annan hátt.
2. Að flytja til landsins, selja, leigja eða dreifa út á annan hátt, smíða, gera við, breyta eða setja upp hvers konar fjarskiptavirki (tæki, taugar, búnað o. þvl.) eða hluta þeirra, sem notaðir eru til þess, er í 1. tölulið segir, á Íslandi eða í íslenzkum skipum, flugvélum eða öðrum farartækjum, hvort heldur eru til viðtöku, sendingar eða flutnings.
3. Að gefa út nafnaskrá um fjarskiptastöðvar og notendur fjarskiptavirkja.

### 3. gr.

Ráðherra sá, sem fer með fjarskiptamál ríkisins, getur heimilað einstökum mönnum, félögum eða stofnunum að stofna og reka fjarskiptavirki eða að flytja til landsins, selja, leigja eða dreifa út á annan hátt, smíða, gera við, breyta eða setja upp fjarskiptavirki þau eða hluta þeirra, sem í 2. gr. getur. Leyfið skal veitt um ákveðinn tíma með þeim skilyrðum og kvöðum, sem ástæða þykir til í hvert skipti. Enn fremur getur ráðherra með reglugerð veitt almennt leyfi til tiltekinna minni háttar framkvæmda, sem ekki er hætta á, að valdi truflunum á rekstri fjarskiptavirkja ríkisins.

### 4. gr.

Nú eiga einstakir menn, félög eða stofnanir fjarskiptavirki, sem ráðherra hefur áður heimilað að stofna eða reka, og skulu þau leyfi þá haldast, sem hafa verið gefin út eftir 31. desember 1936, nema annað sé ákveðið í leyfisbréfi, sbr. þó 7. gr. Eldri leyfisbréf eru ógild. Leyfishafar skulu að öllu leyti fylgja reglum þeim og fyrirmælum um fjarskiptavirki, sem um þau gilda á hverjum tíma.

### 5. gr.

Ráðherra getur látið innsigla fjarskiptavirki, sem ekki eru í notkun, eða hluta þeirra, eða fyrirskipað að fá þau afhent til geymslu undir innsigli. Innsiglið má ekki brjóta án heimildar ráðherra.

### 6. gr.

Fjarskiptavirki í erlendum skipum, flugvélum eða öðrum erlendum farartækjum, sem eru innan íslenzkrar landhelgi eða lofthelgi, má aðeins nota samkvæmt þeim ákvæðum, sem ráðherra setur í reglugerð. Ráðherra getur bannað öll fjarskipti innan íslenzkrar landhelgi og lofthelgi og gert þær ráðstafanir, er nauðsynlegar þykja til þess að banninu verði hlýtt.

### 7. gr.

Nú vill ríkisstjórnin fá ríkinu til handa tiltekin fjarskiptavirki, sem einstakir menn, félög eða stofnanir eiga, án þess að svo sé ástatt, er í 3. gr. getur, og má þá,

30
27. júní

ef samkomulag næst ekki, taka þau eignarnámi gegn endurgjaldi, er ákveðið skal af matsnefnd, sem til þess sé kvödd. Miða skal matsupphæðina við þá fjárhæð, er ætla má, að slík fjarskiptavirki mundu kosta af nýju, þegar afhending fer fram, en þó með fullu tilliti til aldurs fjarskiptavirkjanna og þess slits, sem á þeim er orðið. Í matsnefnd skulu vera 3 menn. Hæstiréttur nefnir formann nefndarinnar. Annan hinna nefnir héraðsdómari, þar sem leyfishafi á varnarþing, en hinn þriðja nefnir Verkfræðingafélag Íslands. Eignarnám skal ná til allra tækja og búnaðar sama fjarskiptakerfis, nema eigandi samþykki, að einungis nokkur hluti þess sé tekinn.

8. gr.

Eigendur fjarskiptavirkja eru skyldir til, hvenær sem þess er krafizt, að láta póst- og símamálastjórninni í té skýrslur um fyrirtækið og leyfa eftirlit með því. Séu slíkar skýrslur eigi gefnar innan hæfilegs frests, sem póst- og símamálastjórnin setur, má knýja þær fram með dagsektum, er renna í ríkissjóð.

## III. KAFLI
### Skylda skipa til að hafa radíóstöð.

9. gr.

Ráðherra getur mælt svo fyrir, að hvert íslenzkt þilskip, sem siglir meira en 3 sjómílur frá landi, skuli hafa loftskeytastöð eða radíótalstöð með ákveðnu lágmarksafli og ákveðnu öldusviði og að minnsta kosti einn skipverja, er hafi starfrækslurskírteini fyrir slíka stöð samkvæmt gildandi alþjóðareglugerð (Kairo 1938). Sé skipið í förum milli Íslands og útlanda og hafi minnst 12 manna áhöfn, eða sé það farþegaskip, yfir 200 rúmlestir að stærð, sem sigli með ströndum fram, má skylda það til að hafa loftskeytastöð með minnst 75 watta afli í loftneti á 600 metra öldulengd og að minnsta kosti einn skipverja með loftskeytaprófi. Ef siglingaleið farþegaskipsins er að jafnaði í nánd við strandarstöð, þar sem haldinn er hlustvörður á neyðarbylgju talstöðvanna allan sólarhringinn, má þó í stað loftskeytastöðvar láta nægja, að skipið hafi talstöð með ákveðnu lágmarksafli, er svari til fjarlægðar venjulegrar siglingaleiðar frá strandarstöðinni.

## IV. KAFLI
### Stjórn, rekstur og eftirlit fjarskiptamála.

10. gr.

Póst- og símamálastjórnin annast framkvæmd á einkarétti ríkisins, sem í öðrum kafla getur, og hefur eftirlit með því, að gildandi alþjóðafyrirmælum, milliríkjasamningum, lögum, reglugerðum og fyrirmælum um fjarskiptamál sé fylgt, þar á meðal gildandi fyrirmælum til öryggis mannslífa á sjó, að því er snertir radíótæki í íslenzkum skipum og rekstur þeirra. Þó er undanskilin framkvæmd þeirra mála, sem ríkisútvarpinu, vitamálastjórninni og skipaskoðun ríkisins eru falin með sérstökum lögum.

11. gr.

Póst- og símamálastjórninni er heimilt að láta framkvæma þær breytingar og endurbætur á núverandi fjarskiptavirkjum ríkisins og gera aðrar ráðstafanir, sem reynslan hefur sýnt, að nauðsynlegar eru góðum og öruggum rekstri, eða alþjóðafyrirmæli eða milliríkjasamningar krefjast. Enn fremur að reisa minni háttar fjarskiptastöðvar, svo og að setja upp notendasíma og stofna til annarra minni háttar framkvæmda.

12. gr.

Ráðherra setur gjaldskrár fyrir uppsetningu og notkun fjarskiptavirkja og breytir þeim, þegar þörf krefur. Hann setur í reglugerð nánari fyrirmæli um framkvæmd fjarskiptamála, rekstur og viðhald fjarskiptavirkja, eftirlit með þeim og annað, er þar að lýtur.

## V. KAFLI
## Uppsetning og vernd fjarskiptavirkja o. fl.

13. gr.

Sérhver eigandi eða umráðamaður fasteignar er skyldur að leyfa póst- og símamálastjórninni að leggja víra og taugar fjarskiptavirkja um land sitt, yfir það eða í jörðu, yfir hús eða önnur mannvirki á landinu, á þeim, gegnum þau eða undir þeim. Heimilt skal að taka efni það, sem þarf til lagningar víra eða tauga, svo sem grjót, möl eða grassvörð, þar sem hentast er. Þó skal taka tillit til þess, ef því verður við komið, hvar eigendur eða umráðamenn mannvirkja æskja eftir, að vírar eða taugar, sem snerta eign þeirra, séu lagðar, eða efni tekið, enda hafi það engan verulegan kostnaðarauka eða önnur vandkvæði í för með sér.

Mönnum, sem í þágu póst- og símamálastjórnar eru að starfa að þessum fjarskiptavirkjum eða hafa umsjón með þeim, skal heimilt tálmunarlaust að fara um land manna eða hús, svo framarlega sem það að dómi póst- og símamálastjórnar telst nauðsynlegt vegna þessara starfa. Um hús, sem búið er í, mega þeir þó ekki fara nema frá kl. 8 að morgni til kl. 10 að kvöldi, nema samkvæmt skriflegum úrskurði póst- og símamálastjórnar, enda forðist þeir að valda íbúunum meiri óþægindum en brýnasta nauðsyn krefur.

14. gr.

Þar, sem fjarskiptavirki ríkisins eru, má ekki reisa mannvirki, setja upp tæki, leggja pípur eða raftaugar, gera jarðrask eða aðrar ráðstafanir, er af geta hlotizt skemmdir á fjarskiptavirkjunum eða truflun á rekstri þeirra, nema áður hafi fengizt samkomulag við póst- og símamálastjórnina um, hvernig það skuli gert og hvenær. Sá, er óskar að gera þessar ráðstafanir, ber allan kostnað, sem af þeim leiðir, beinan og óbeinan, nema annað hafi orðið að samkomulagi. Ef óvæntur atburður hefur gert það nauðsynlegt að framkvæma áðurnefndar ráðstafanir fyrirvaralaust eða þær hafa verið framkvæmdar í ógáti, skal sá, er þær gerir, þegar í stað tilkynna það póst- og símamálastjórninni, og skal hann greiða allan kostnað, sem af þeim leiðir, bæði beinan og óbeinan, t. d. viðskiptatap, nema annað verði að samkomulagi.

Nú hefur einhver einhvers konar mannvirki, tæki, pípur, raftaugar o. þvl., sem geta valdið truflunum á rekstri fjarskiptavirkja ríkisins, og skal póst- og símamálastjórninni þá heimilt að gera á kostnað eiganda nauðsynlegar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir baga þann, sem af þessu hlýzt eða getur hlotizt fyrir fjarskiptavirkin.

Ef ekki nást samningar um þessi mál við póst- og símamálastjórnina, er heimilt að skjóta málunum til úrskurðar ráðherra.

15. gr.

Þegar skip er innan eða utan landhelgi að starfa að lagningu eða viðgerð fjarskiptastrengja og ber til sýnis alþjóðamerki eða önnur merki, er gefa starf þetta til kynna, þá skulu önnur skip, sem sjá eða eiga að geta séð þessi merki, halda sér eigi skemmra en mílufjórðung frá aðgerðarskipinu. Net og önnur veiðarfæri skal hafa í sömu fjarlægð. Bátar skulu þó hafa 24 stunda frest til þess að taka burtu veiðarfæri, sem í sjó liggja.

30
27. júní

Nú hefur dufl verið lagt út vegna lagningar eða viðgerðar á sæstreng fjarskiptavirkja, og skulu skip þá halda sér og veiðarfærum sínum eigi skemmra en ¼ úr mílufjórðung frá duflinu.

16. gr.

Ef skip hefur orðið að sleppa akkeri eða leggja net eða önnur veiðarfæri í sölurnar til þess að komast hjá því að skemma sæstrengi fjarskiptavirkja, enda hafi skipið sjálft ekki stofnað til hættunnar með gálauslegu atferli, þá á það kröfu til skaðabóta frá eiganda strengjanna. Ef unnt er, skal þegar færa til bókar skýrslu um tjónið, staðfesta af skipverjum. Svo skal og skipstjóri gefa sjóferðaskýrslu um tjónið í fyrstu höfn, sem því verður við komið. Formaður sjódóms, er við sjóferðaskýrslu tekur, skal þegar tilkynna eiganda sæstrengjanna um tjónið.

17. gr.

Ef afla þarf lóðar eða annarrar eignar í sambandi við lagningu eða rekstur fjarskiptavirkja ríkisins, og samningum um kaup verður ekki við komið, má eftir ráðstöfun ráðherra taka eignina eignarnámi gegn endurgjaldi, sem metið sé eftir eignarnámslögum.

Ríkissjóður skal og bæta tjón á landi manna, mannvirkjum eða öðrum eignum, sem hlotizt hefur af lagningu eða viðhaldi fjarskiptavirkja ríkisins. Verði samningum ekki komið við, skulu bæturnar fara eftir mati óvilhallra, dómkvaddra manna.

18. gr.

Í leyfisbréfum, sem gefin verða út samkvæmt 3. gr. laga þessara, má ákveða, að fyrirmæli 13., 14. og 17. gr. skuli að öllu eða nokkru leyti og með þeim afbrigðum, er þurfa þykir, ná til þeirra fjarskiptavirkja, sem leyfisbréf hljóðar um.

## VI. KAFLI

### Leynd og vernd fjarskipta.

19. gr.

Allir starfsmenn, þar með taldir nemendur, fjarskiptavirkja ríkisins skulu skyldir, bæði meðan þeir gegna starfinu og eftir að þeir hafa látið af því, að halda leyndu fyrir öllum út í frá efni skeyta, sem koma eða fara, svo og að þau hafi komið eða farið og hver hafi fengið þau eða sent. Þeir skulu og halda leyndu fyrir öllum út í frá efni samtala um fjarskiptavirki ríkisins, svo og að samtöl hafi farið fram og hverjir hafi átt tal saman. Má ekki án undangengins dómsúrskurðar veita óviðkomandi mönnum aðgang að því að sjá skeyti eða önnur starfrækslusk jöl, sem almenningi er ekki ætlað að sjá, eða aðgang að því að hlusta á fjarskiptasamtöl eða hljóðrita þau. Ráðherra ákveður, hvort slíkum úrskurði skuli áfrýjað. Sams konar leyndarskylda skal á þeim hvíla um myndir eða merki, sem flutt hafa verið um fjarskiptavirkin og ekki eru fyrir almenning. Þeim er og stranglega bannað að notfæra sér á nokkurn hátt persónulega innihald slíkra skeyta, samtala, mynda, merkja eða starfrækslusk jala. Ráðherra setur í reglugerð nánari fyrirmæli um þagnarskyldu starfsmanna fjarskiptavirkja.

Þrátt fyrir fyrirmæli 1. málsgreinar má veita lögreglunni aðgang að því að hlusta á símasamtöl, þegar öryggi landsins krefst þess eða um mikilsverð sakamál er að ræða, enda hafi dómsmálaráðherra í hvert skipti fellt skriflegan úrskurð um, að svo skuli gert og um hvaða tímabil. Lögreglumönnum þeim, er viðkomandi lögreglustjóri hefur falið að hlusta, er heimilt að skýra lögreglustjóra frá því einu, er þeir verða áskynja og varðar viðkomandi mál, en eru að öðru leyti þagnarheiti

bundnir. Skýrslu samkvæmt framansögðu má ekki birta óviðkomandi mönnum eða opinberlega, nema það teljist nauðsynlegt samkvæmt dómsúrskurði. **30**



20. gr.

Ef nokkur starfsmaður, þar með taldir nemendur, fjarskiptavirkja ríkisins ónýtir, aflagar eða skýtur undan skeytum, myndum eða öðrum merkjum, sem afhent eru til flutnings um fjarskiptavirkin, eða ef hann liðsinnir öðrum í þess konar athæfi, þá varðar það viðurlögum samkvæmt 4. tölulið 27. gr.

21. gr.

Í leyfisbréfum, er ríkisstjórnin gefur út samkvæmt 3. eða 4. gr. laga þessara, má leggja á starfsmenn fjarskiptavirkja, sem leyfisbréfið hljóðar um, sams konar skyldur sem á starfsmönnum fjarskiptavirkja ríkisins hvíla eftir 19. og 20. gr., enda varða þá brot á þeim skyldum sömu viðurlögum sem brot starfsmanna fjarskiptavirkja ríkisins.

22. gr.

Enginn má, án heimildar, taka við fjarskeytum, myndum eða öðrum fjarskiptamerkjum eða hlusta á fjarskiptasamtöl. Ekki má heldur skrá neitt slíkt, tilkynna það öðrum eða notfæra sér það á nokkurn hátt.

## VII. KAFLI
### Stöðvun fjarskipta.

23. gr.

Ríkisstjórnin á rétt til að stöðva hvert skeyti eða samtal eða önnur fjarskipti, sem teljast hættuleg öryggi ríkisins eða koma í bága við lög landsins, opinbera reglu eða siðferði. Þegar eins stendur á, getur hún sömuleiðis stöðvað rekstur fjarskiptaþjónustunnar um skemmri eða lengri tíma og að nokkru eða öllu leyti.

## VIII. KAFLI
### Fjarskiptavirki á hættulegum tímum.

24. gr.

Á ófriðartímum og þegar það telst nauðsynlegt vegna öryggis ríkisins, getur ráðherra fyrirskipað, að engir aðrir en þeir, sem heimild hafa til þess frá póst- og símamálastjórninni, megi eiga eða hafa í vörzlum sínum tilteknar tegundir fjarskiptavirkja eða hluti, sem eru sérstaklega ætlaðir í þau, og ekki heldur aðrar tilteknar tegundir tækja, sem nota má til þess að koma á fjarskiptum. Ráðherra getur einnig bannað að aðstoða menn við að setja saman þess konar fjarskiptavirki eða tæki án heimildar eða að afla hluta til þeirra eða að hvetja menn beint eða óbeint til þessa.

25. gr.

Nú á maður eða hefur í vörzlum sínum einhver slík fjarskiptavirki eða tæki, sem nefnd eru í fyrirmælum ráðherra samkvæmt 24. gr., og skal hann þá þegar í stað tilkynna póst- og símamálastjórninni það og afhenda henni fjarskiptavirkin eða tækin eða hluta þeirra eftir því, sem hún þá mælir fyrir um. Komi endurgjald til greina, fer það eftir mati póst- og símamálastjórnar.

## IX. KAFLI
### Millirikjasamningar.

26. gr.

Alþjóðasamningar og aðrir millirikjasamningar um fjarskiptamál, sem ríkisstjórn Íslands fullgildir, ásamt þar að lútandi reglugerðum, sem ríkisstjórnin viðurkennir, skulu gilda sem lög, og varða brot gegn ákvæðum þeirra refsingu samkvæmt 1. lið 27. gr.

## X. KAFLI
### Viðurlög við brotum á lögum þessum o. fl.

27. gr.

1. Brot gegn 2.—6. gr., 1. mgr. 14. gr. og 15. gr. varða sektum allt að 10000 krónum, eða varðhaldi, ef miklar sakir eru. Upptæk skal gera tæki þau og hluti, sem í heimildarleysi hafa verið flutt inn, smíðuð eða starfrækt.
2. Valdi maður af ásettu ráði eða gáleysi truflun eða skemmdum á fjarskiptavirkjum, þá varðar það sektum, nema verki sé svo varið, að það eigi að varða refsingu eftir því sem í 176. gr. almennra hegningarlaga segir. Sá, sem skemmdum eða truflun hefur valdið, skal bæta allt tjón, sem af því hefur hlotizt, þar með talið viðskiptatap.
3. Brot gegn 19. gr. (sbr. og 21. gr.) varðar refsingu samkvæmt 136. gr. almennra hegningarlaga, sé það framið af ásetningi. Víkja skal þá starfsmanni þeim, sem brotlegur hefur gerzt, frá starfi. Sé brotið framið af starfsmanni stofnunar, sem í 3. eða 4. gr. getur, sbr. 21. gr., skal honum vikið úr þjónustu stofnunarinnar, ef ríkisstjórnin krefst þess.

   Hafi brot gegn 19. gr. (sbr. og 21. gr.) verið framið af gáleysi, varðar það sektum.
4. Brot gegn 20. gr. (sbr. og 21. gr.) varðar refsingu samkvæmt 137. gr. almennra hegningarlaga, sé það framið af ásetningi. Ákvæði 3. töluliðs hér á undan um brottvikningu starfsmanns þess, er sekur hefur gerzt, koma hér einnig til greina. Sé brotið framið af gáleysi, varðar það sektum
5. Brot gegn 22. gr. varðar sektum samkvæmt 1. mgr. 228. gr. almennra hegningarlaga.
6. Brot gegn 24. og 25. gr. og fyrirmælum, er ráðherra setur samkvæmt þeim, varða varðhaldi eða fangelsi. Þó má beita sektum, ef sök er smávægileg eða sérstakar málsbætur eru fyrir hendi.
7. Þann, sem ekki stendur skil á áföllnum gjöldum á réttum gjalddaga fyrir fjarskipti eða afnot fjarskiptavirkja, má útiloka algerlega frá öllum fjarskiptum, hvort heldur er til hans eða frá honum, um óákveðinn tíma, þar til hann hefur greitt skuld sína að fullu.
8. Ákveða má í reglugerðum, sem settar verða samkvæmt lögum þessum, að brot gegn ákvæðum þeirra varði refsingum samkvæmt lögunum.

28. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Falla þá jafnframt úr gildi:

Lög nr. 12 20. okt. 1905, um ritsíma, talsíma o. fl.

Lög nr. 25 16. nóv. 1907, um vernd ritsíma og talsíma neðansjávar.

Lög nr. 35 20. okt. 1913, um ritsíma- og talsímakerfi Íslands.

Lög nr. 82 14. nóv. 1917, um rekstur loftskeytastöðva á Íslandi.

Lög nr. 83 14. nóv. 1917, um breytingar og viðauka við lög nr. 35 20. okt. 1913, frá 1/1 1942.

Lög nr. 52 28. nóv. 1919, um viðauka og breytingar á lögum nr. 83 14. nóv. 1917. 30
Lög nr. 35 15. júní 1926, um breyting á lögum nr. 52 28. nóv. 1919. 27. júní
Lög nr. 14 14. júní 1929, um breyting á lögum nr. 12 20. okt. 1905.
Lög nr. 38 14. júní 1929, um breyting á lögum nr. 35 15. júní 1926 og lögum nr. 52 28. nóv. 1919.
Lög nr. 36 28. jan. 1935, um breyting á lögum nr. 52 28. nóv. 1919.
Lög nr. 31 1. febr. 1936, um loftskeytastöðvar í íslenzkum skipum.

*Gjört í Reykjavík, 27. júní 1941.*

**Sveinn Björnsson.**
(L. S.)

*Ólafur Thors.*

# LÖG 31

## um utanríkisráðuneyti Íslands og fulltrúa þess erlendis. 27. júní

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Með utanríkismál Íslands fer sérstakt ráðuneyti í Reykjavík, er nefnist utanríkisráðuneyti.

Skrifstofustjóri utanríkisráðuneytisins sér um daglegan rekstur þess, ásamt öðrum embættismönnum, sem til þess eru skipaðir. Nánari fyrirmæli um starfsmenn og verkaskiptingu utanríkisráðuneytisins skulu sett í reglugerð.

2. gr.

Ríkisstjórnin ákveður með tilskipun, á hvaða stöðum skuli vera sendiráð. Forstöðumenn sendiráða eru sendiherrar (envoyé extraordinaire et ministre plenipotentiaire) eða sendifulltrúar (chargé d'affaires) og eru skipaðir af ríkisstjórninni.

Ef ríkisstjórnin telur æskilegt, má fela forstöðumanni sendiráðs að veita forstöðu sendiráðum í fleiri löndum en einu.

Ríkisstjórnin skipar starfsmenn sendiráða.

3. gr.

Ríkisstjórnin ákveður með tilskipun, á hvaða stöðum ræðismenn skuli vera, og skipar þá. Ræðismenn eru ýmist sendir utan af ríkisstjórninni (sendiræðismenn) eða kjörnir meðal þeirra manna, er hæfir þykja (kjörræðismenn), á þeim stöðum erlendis, er ríkisstjórnin telur æskilegt.

Ræðismenn eru ýmist aðalræðismenn, ræðismenn eða vararæðismenn.

4. gr.

Laun sendiherra skulu vera 10000 kr. Laun sendifulltrúa og sendra aðalræðismanna skulu vera 8000 kr. Laun sendiræðismanna skulu vera 4200 kr. Auk þess skulu sendimenn (sendiherrar, sendifulltrúar og sendiræðismenn) fá greiddar launabætur (staðaruppbætur), sem ríkisstjórnin ákveður fyrir hvern stað, miðað við kostnað lífsnauðsynja (fæðis, húsnæðis o. s. frv.) á dvalarstaðnum.

Óheimilt er sendimönnum að taka laun eða þóknun fyrir aukastörf.

31
27. júní

5. gr.

Kjörræðismenn þurfa ekki að vera íslenzkir ríkisborgarar. Þeir taka og engin laun.

6. gr.

Nú starfa tveir eða fleiri fulltrúar fyrir ríkisstjórnina í sama landi, og setur hún þá fyrirmæli um embættisafstöðu þeirra hvers til annars.

Falið skal sendiráðum að annast ræðismannsstörf jafnframt öðrum störfum.

7. gr.

Sendimönnum, sem veita forstöðu sendiráðum eða ræðismannsskrifstofum, er heimilt að fara með þau störf í umdæmum sínum, sem notarius publicus fer með á Íslandi og varða löggerninga íslenzkra ríkisborgara, og einnig, ef annar aðilinn er útlendur ríkisborgari. Skjöl, sem þannig eru gefin út á löglegan hátt, skulu hafa sama gildi á Íslandi og notarialskjöl, sem þar eru gefin út.

Ef ástæða er til, getur ríkisstjórnin veitt kjörræðismönnum sömu heimild og ræðir um í fyrri málsgr. þessarar greinar.

8. gr.

Kostnaður samkvæmt lögum þessum greiðist úr ríkissjóði. Heimilt er, ef mjög ríkar ástæður eru fyrir hendi, að greiða kjörræðismönnum allt að 2000 kr. skrifstofufé.

9. gr.

Fyrir embættisverk fulltrúa utanríkisráðuneytisins erlendis skal greiða gjald eftir nánari fyrirmælum, sem ríkisstjórnin setur með reglugerð.

10. gr

Ríkisstjórnin setur almennar starfsreglur fyrir fulltrúa utanríkisráðuneytisins erlendis, ákveður starfssvið þeirra og setur þeim erindisbréf.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 27. júní 1941.*

**Sveinn Björnsson.**
(L. S.)

*Stefán Jóh. Stefánsson.*

32
27. júní

# LÖG

## um breyting á lögum nr. 31 14. júní 1929, um Búnaðarbanka Íslands, og á lögum nr. 20 13. jan. 1938, um breyting á þeim lögum.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. Í stað orðanna „sparisjóðs- og rekstrarlánadeild“ í annarri málsgr. 3. gr. laga nr. 31 1929 komi: sparisjóðsdeild.
2. 2. tölul. 7. gr. sömu laga falli niður.

3. 11. gr. laganna orðist svo: 32

Nú þykir sparisjóðsdeild ekki hafa nægilegt fjármagn til að fullnægja lánsþörf, og er þá ríkisstjórn heimilt að veita ábyrgð ríkissjóðs fyrir viðbótarláni allt að 3 millj. króna. 27. júní

4. Aftan við 12. gr. laganna bætist: eða almennum bankalögum, ef sett kunna að verða.
5. Fyrirsögn II. kafla laganna verði: Sparisjóðsdeild.

2. gr.

I. Í stað VI. kafla sömu laga: „Lánadeild smábýla við kaupstaði og kauptún", 54. til 61. gr., komi nýr kafli í 7 greinum, er verða 54.—60. gr., svo hljóðandi (og breytist greinatalan á eftir samkv. því):

a. (54. gr.) Ríkissjóður leggur fram 300 þús. krónur til lánadeildar smábýla á árunum 1942 til 1944, 100 þús. krónur á ári.

b. (55. gr.). Ríkisstjórninni skal heimilt að taka lán, allt að 2 millj. króna, handa lánadeildinni til starfsemi hennar, og stendur deildin sjálf skil á afborgunum og vöxtum, eða veita ábyrgð ríkissjóðs fyrir allt að jafnhárri upphæð í vaxtabréfum, er deildin gefur út.

c. (56. gr.). Lán úr deildinni má veita til smábýla í grennd við kaupstaði og kauptún og annars staðar þar, sem svo mikil atvinnuskilyrði eru fyrir hendi, að lífvænlegt geti talizt að styðjast við smábýlabúskap. Enn fremur til mannvirkja í sambandi við ræktunarlönd, þó lántakandi sé búsettur í kaupstað eða kauptúni.

Það skal vera skilyrði fyrir láni úr deildinni, að ræktunarland það, er hverju býli fylgir, sé minnst einn ha. að stærð. Þó skal lánveiting heimil, þótt land sé ekki meira en hálfur ha., ef hægt er að sýna fram á, að lántaki hafi þrátt fyrir það verulegan stuðning af landbúnaði á því.

d. (57. gr.). Lán úr deild þessari má veita gegn hverju því fasteignaveði, er bankastjórnin tekur gilt.

e. (58. gr.). Lán mega nema allt að 3/5 af fasteignamatsverði húseigna, mannvirkja og lands.

f. (59. gr.). Hámark lánsupphæðar má vera allt að 6 þús. krónum og lánstími allt að 40 árum.

g. (60. gr.). Í reglugerð skal setja nánari ákvæði um starfsemi þessarar deildar.

II. Fyrirsögn kaflans verði: Lánadeild smábýla.

3. gr.

Meginmál 1. gr. laga nr. 20 13. jan. 1938 hljóði þannig:

Stjórn bankans skal skipuð einum bankastjóra og þriggja manna bankaráði. Bankaráð skipar bankastjóra, bókara og féhirði.

Ráðherra sá, sem fer með landbúnaðarmál, hefur umsjón bankans. Hann skipar formann bankaráðsins. Skal formaður bankaráðs skipaður til 6 ára í senn. Hina 2 bankaráðsmennina kjósa sameinaðar landbúnaðarnefndir Alþingis með hlutfallskosningu til 4 ára í senn og jafnmarga til vara. Ráðherra setur bankastjóra og bankaráði erindisbréf.

Bankastjóri hefur að árslaunum 12000 krónur, og auk þess dýrtíðaruppbót, sem ráðherra ákveður, þó svo, að hann hafi aldrei hærri laun og dýrtíðaruppbót samanlagt en bankastjórar Landsbanka Íslands.

Bankaráðsformaður hefur 3600 kr. árslaun, en hinir bankaráðsmennirnir 1800 kr. hvor, en auk þess greiðist þeim dýrtíðaruppbót, eins og öðrum opinberum starfsmönnum, eftir ákvörðun ráðherra.

32 Ráðherra getur veitt fráförnum bankastjóra eða ekkju hans eftirlaun af fé bank-
27. júní ans. Eftirlaun mega þó aldrei fara fram úr 50% af launum bankastjóra og 25% af launum handa ekkju hans, en skulu að öðru leyti ákveðin eftir því, sem ástæður eru fyrir hendi í hvert skipti.

Ráðherra setur mann til að gegna bankastjóra- og bankaráðsformannsstarfi um stundarsakir, ef bankastjóri eða bankaráðsformaður forfallast eða sæti þeirra verður óskipað í bili.

4. gr.

68. gr. laga nr. 31 14. júní 1929 skal orða svo:

Bankastjóri ræður aðra starfsmenn bankans en bókara og féhirði.

Bankaráð ákveður laun starfsmanna, að fengnum tillögum bankastjóra.

5. gr.

a. Fyrir „gæzlustjóri“ í öðrum málslið 1. málsgr. 2. gr. laga nr. 20 13. jan. 1938 komi: formaður bankaráðs eða tveir bankaráðsmenn.
b. Fyrir „bankastjóra“ í upphafi 3. málsl. sömu málsgr. komi: bankastjórn.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

7. gr.

Þá er lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella texta þeirra og I. kafla laga nr. 91 3. maí 1935 og laga nr. 20 13. jan. 1938 inn í meginmál búnaðarbankalaganna og birta þau í einu lagi þannig breytt.

*Gjört í Reykjavík, 27. júní 1941.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Hermann Jónasson.*

33
27. júní

# LÖG

## um breyting á lögum nr. 23 4. des. 1886, um prentsmiðjur.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

2. gr. laganna skal orða svo:

Öllum þeim prentsmiðjum, sem nú eru á landi hér eða síðar kunna að verða settar á stofn, er skylt að láta eftirtöldum söfnum ókeypis í té prentað mál sem hér segir:

I. Landsbókasafni Íslands og hinni konunglegu bókhlöðu í Kaupmannahöfn hvoru um sig 2 eintök af hverju því, sem prentað er í prentsmiðjunum, stóru og smáu, svo og af endur- og sérprentunum úr blöðum, ritum og ritsöfnum, og skal annað eintakið jafnan prentað á skrifpappír.

II. Háskólabókasafninu í Reykjavík 1 eintak af hverju því prentmáli, er getur í I. lið, og skal pappírsgæðunum svo háttað, að eigi séu önnur eintök ritsins eða ritlingsins prentuð á betri pappír.

III. Eftirtöldum bókasöfnum 1 eintak hverju af þeim ritlingum, bókum og tímaritum, sem prentsmiðjurnar prenta og tveim örkum eru stærri: 33 27. júní

Amtsbókasafni Norðlendingafjórðungs, amtsbókasafni Austfirðingafjórðungs, amtsbókasafni Vestfirðingafjórðungs, bókasafni Ísafjarðarkaupstaðar, amtsbókasafni Færeyja, háskólabókasafninu í Winnipeg.

Undanskilið er allt það prentað mál, sem ekki er ætlað til sölu.

IV. Þjóðskjalasafninu 1 eintak af öllum þeim tímaritum og blöðum, sem prentsmiðjurnar prenta og út eru gefin einu sinni á mánuði eða oftar.

Hver prentsmiðja skal senda tvisvar á ári hverju, í janúar- og júlímánuðum, lögreglustjóra þess lögregluumdæmis, sem prentsmiðjan er í, allt það prentmál, sem henni ber að standa áðurnefndum söfnum skil á, ásamt skrá um það, sem prentað hefur verið, og annast lögreglustjóri sendingu á því til safnanna.

Vanskil á prentmáli varða sektum frá 25—2000 kr., ef eigi er bætt úr vanrækslu, þegar áminnt er um það.

Í lok hvers árs skulu allar prentsmiðjur landsins senda landsbókaverði skrá um allt það, smátt og stórt, sem prentað hefur verið í þeim á árinu.

**2. gr.**

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 30 13. sept. 1901, lög nr. 80 22. nóv. 1907, lög nr. 43 30. júlí 1909, lög nr. 29 7. maí 1928 og lög nr. 18 12. júní 1939.

**3. gr.**

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

*Gjört í Reykjavík, 27. júní 1941.*

**Sveinn Björnsson.**
(L. S.)

*Hermann Jónasson.*

# LÖG 34 27. júní

## um breyting á sveitarstjórnarlögum, nr. 12 31. maí 1927.

Ríkisstjóri Íslands

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

**1. gr.**

23. gr. laganna orðist svo:

Oddviti skal hafa að launum um árið 10 kr. fyrir hvern fullan tug hreppsbúa, og auk þess minnst 2% — tvo af hundraði — af innheimtum útsvörum. Þóknun þessi greiðist úr sveitarsjóði.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi, og taka hreppsnefndaroddvitar laun samkvæmt þeim frá 1. jan. 1941.

*Gjört í Reykjavík, 27. júní 1941.*

**Sveinn Björnsson.**
(L. S.)

*Stefán Jóh. Stefánsson.*

35
27. júní

# LÖG

## um breyting á lögum nr. 12 1. febr. 1936, um búreikningaskrifstofu ríkisins.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

**1. gr.**

2. gr. laganna orðist þannig:

Ríkissjóður skal endurgreiða Búnaðarfélagi Íslands kostnað við búreikningaskrifstofuna, þar á meðal til útgáfu búreikningaskýrslna og eyðublaða til innfærslu búreikninga, en þó má sá kostnaður ekki fara fram úr 5000 krónum á ári.

**2. gr.**

4. gr. laganna orðist þannig:

Skólabúum bændaskólanna og öðrum ríkisstofnunum, er reka landbúnað, er skylt að færa búreikninga eftir fyrirmælum búreikningaskrifstofunnar og þeim fyrirmyndum, sem hún segir fyrir um. Búreikninga þessa með fylgiskjölum, eða afrit af þeim, skal senda búreikningaskrifstofunni til athugunar eftir lok hvers reikningsárs. Athugasemdir þær, er hún kann að gera við reikninga þessa, skal senda landbúnaðarráðuneytinu, sem gerir ráðstafanir til, að því verði þegar komið í lag, sem kann að reynast ábótavant samkvæmt þeim.

**3. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 27. júní 1941.*

**Sveinn Björnsson.**
(L. S.)

*Hermann Jónasson.*

36
27. júní

# LÖG

## um breyting á sjómannalögum, nr. 41 19. maí 1930.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

**1. gr.**

Í stað orðanna „stýrimanna og vélstjóra“ í 2. málsgr. 13. gr. laganna komi: stýrimanna, vélstjóra og loftskeytamanna.

**2. gr.**

Í stað orðanna „stýrimaður eða vélstjóri“ í fyrri málsgr. 32. gr. laganna komi: stýrimaður, vélstjóri eða loftskeytamaður.

3. gr. 36

Í stað orðanna „stýrimaður eða vélstjóri“ í 2. málsgr. 41. gr. laganna komi: stýrimaður, vélstjóri eða loftskeytamaður. 27. júní

4. gr.

Á eftir 48. gr. laganna komi ný grein, er verður 49. gr., svo hljóðandi (og breytist greinatalan á eftir samkvæmt því):

Það er skylda loftskeytamanns einkanlega að annast gæzlu loftskeytatækjanna. Hann ber ábyrgð á rekstri þeirra, meðferð og viðhaldi.

Sé umbúnaði loftskeytatækja, uppsetningu þeirra eða öðrum frágangi á einhvern hátt ábótavant, að áliti loftskeytamanns, skal hann tafarlaust tilkynna það skipstjóra.

Loftskeytamaður heldur sérstaka dagbók og ábyrgist, að rétt sé ritað.

5. gr.

Í stað orðanna „stýrimaður eða vélstjóri“ á tveim stöðum í 1. málsgr. 64. gr. laganna komi: stýrimaður, vélstjóri eða loftskeytamaður.

6. gr.

Í stað orðanna „stýrimenn og vélstjóra“ í 70. gr. laganna komi: stýrimenn, vélstjóra og loftskeytamenn.

*Gjört í Reykjavík, 27. júní 1941.*

**Sveinn Björnsson.**
(L. S.)

*Ólafur Thors.*

# LÖG 37

27. júní

## um breyting á lögum nr. 23 27. júní 1921, um vátryggingarfélag fyrir fiskiskip.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

Framan við 3. gr. laganna bætist ný málsgr., er svo hljóðar:

Ríkissjóður leggur Samábyrgðinni stofnfé, kr. 500000.00, er greiðist með jöfnum greiðslum á næstu 10 árum, 50 þúsund kr. á ári.

*Gjört í Reykjavík, 27. júní 1941.*

**Sveinn Björnsson.**
(L. S.)

*Ólafur Thors.*

38
27. júní

# LÖG

## um breyting á lögum nr. 27 13. jan. 1938, um vátryggingarfélög fyrir vélbáta.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

### 1. gr.

a. Orðin „opna eða" í 1. málsgr. 3. gr. laganna falli burt.
b. 3. málsgr. sömu lagagr. skal orða svo:

Heimilt er þó félögum þessum að taka skip til vátryggingar allt að 250 smál. brúttó að stærð (sbr. þó 5. gr.), en ávallt skal leita samþykkis Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum, áður en skip, sem er yfir 70 smál. brúttó að stærð, er tekið í tryggingu, og skal ákveða iðgjöld fyrir þau í samráði við Samábyrgðina.

c. Á eftir sömu lagagr. koma tvær nýjar málsgr.:

Heimilt er félögunum að taka opna vélbáta til vátryggingar, að fengnu samþykki Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum.

Einnig er félögunum heimilt að vátryggja afla og veiðarfæri, ef um algerðan skipstapa er að ræða.

### 2. gr.

Í stað orðanna „skal þá félag það ... og tekur um leið við áhættunni" í 13. gr. laganna kemur: skal skipseigandi þá þegar í stað flytja trygginguna í félag þess umdæmis, er skipið flyzt í. Þegar flutningur tryggingarinnar hefur farið fram, ber félag það, er skipið flyzt frá, ekki áhættu vegna hins flutta skips, en er skylt að endurgreiða skipseiganda það vátryggingargjald, sem hann hefur ofgreitt, miðað við flutningsdag. Þó fellur endurgreiðsla niður, ef skipseigandi vanrækir flutning tryggingarinnar.

### 3. gr.

Aftan við 14. gr. laganna bætist ný málsgr., er hljóðar svo:

Tjónbætur greiðast samkvæmt mati á tjóninu, nema aðgerðarkostnaður verði lægri en matið. Þá skal greiða tjónið samkvæmt viðgerðarreikningi.

### 4. gr.

Stafliðir 15. gr. laganna verða 5, svo hljóðandi:

| | |
|---|---|
| a. 6 rúmlesta eða minni | 200 kr. |
| b. 6—12 rúmlesta | 300 — |
| c. 12—20 rúmlesta | 400 — |
| d. 20—30 rúmlesta | 500 — |
| e. yfir 30 rúmlesta | 700 — |

### 5. gr.

Aftan við 22. gr. laganna bætist ný málsgr., er hljóðar svo:

Ef skip er að staðaldri notað til einhvers, sem er óviðkomandi fiskveiðum, er tjón, sem það veldur eða hlýtur, því aðeins bótaskylt, að vátryggjandi hafi samþykkt notkunina.

### 6. gr

a. Í stað „10%" í niðurlagi fyrri málsgr. 23. gr. laganna kemur: 25%.
b. Á eftir orðunum „af stjórn hlutaðeigandi félags" í síðari málsgr. sömu lagagr.

kemur: ef bæði skipin eru tryggð hjá sama félagi, ella af stjórn Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum. 38
27. júní

7. gr.

Aðra málsgr. 25. gr. laganna skal orða svo:

Bætur fyrir tjón á opnum vélbáti skal greiða samkvæmt sömu reglu sem um aðra vélbáta, ef báturinn ferst algerlega eða er dæmdur ónýtur eða óbætanlegur af skoðunarmönnum félagsins, en hálfar ella.

8. gr.

a. 3. málsgr. 31. gr. laganna orðist svo:

Vátryggingarfélag hefur lögveð í skipi fyrir skoðunarkostnaði og eins árs vátryggingariðgjaldi.

b. Aftan við sömu lagagr. bætist ný málsgr., svo hljóðandi:

Nú leikur vafi á, hvaða vátryggingarfélagi ber að vátryggja skip, og sker þá Samábyrgð Íslands á fiskiskipum úr þeim ágreiningi.

9. gr.

Þrjár fyrstu málsgr. 33. gr. laganna skal orða svo:

Ágreining milli félags og skipseiganda má leggja í gerð. Í gerðardóminn kveður hvor málsaðili einn mann, en héraðsdómari í því héraði, þar sem félagið á heima, eða fulltrúi hans, skal vera oddamaður, enda séu þeir á engan hátt við málið riðnir. Sé svo, skipar atvinnumálaráðherra oddamann.

Ágreining milli félaga, sem endurtryggja hjá Samábyrgð Íslands á fiskiskipum, og milli félaganna og Samábyrgðarinnar, skal leggja í gerð á sama hátt, en þá skipar atvinnumálaráðherra oddamann gerðardómsins, og skal það vera einn af dómurum hæstaréttar.

Gerðardómur í ágreiningsmáli félags og skipseiganda skal háður þar, sem félagið á lögheimili, en sé ágreiningurinn milli tveggja félaga, eða milli félags og Samábyrgðarinnar, skal gerðardómurinn háður í Reykjavík.

10. gr.

Fyrir „3 ár“ í ákvæði til bráðabirgða komi: 6 ár.

11. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi felld lög nr. 34 12. júní 1939, um breyting á lögum nr. 27 13. jan. 1938, um vátryggingarfélög fyrir vélbáta, og lög nr. 82 7. maí 1940, um breyting á sömu lögum.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Meðan núverandi ófriður helzt, mega félögin stríðstryggja skip þau, er þau hafa í sjóvátryggingu. Áhættan skal skiptast milli félaganna og Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum eftir sömu hlutföllum og áhættan við sjóvátryggingarnar. Að öðru leyti skulu tryggingar þessar fara eftir þeim reglum, sem Samábyrgðin setur.

*Gjört í Reykjavík, 27. júní 1941.*

**Sveinn Björnsson.**
(L. S.)

*Ólafur Thors.*

39
27. júní

# LÖG

## um breyting á lögum nr. 37 frá 19. maí 1930, um skráning skipa.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

Aftan við 12. gr. laganna komi ný málsgr.:

Fyrir nafnbreytingu á skipi, sem er undir 30 rúmlestum, skal greiða 100 kr., en yfir 30 rúmlestum 300 kr., og renni gjald þetta í ríkissjóð.

*Gjört í Reykjavík, 27. júní 1941.*

**Sveinn Björnsson.**
(L. S.)

*Jakob Möller.*

40
27. júní

# LÖG

## um breyting á lögum nr. 12 9. jan. 1935, um iðnlánasjóð.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Hlutverk iðnlánasjóðs er að styðja iðju og iðnað í landinu með hagkvæmum lánum, og leggur ríkissjóður fram til hans árlega 65000 kr.

2. gr.

Iðnlánasjóði er heimilt að gefa út handhafavaxtabréf, og má hann jafnan hafa í umferð bréf, er nema að nafnverði allt að tvöföldum þeim höfuðstól, sem hann hefur á hverjum tíma. Bréf þessi skulu tryggð með höfuðstól sjóðsins og ábyrgð ríkissjóðs.

3. gr.

Síðasta málsgr. 2. gr. laganna orðist svo:

Um allar lánbeiðnir úr sjóðnum skal leita umsagnar þriggja manna nefndar, sem ráðherra skipar til þriggja ára í senn. Skal einn nefndarmanna skipaður eftir tilnefningu stjórnar Landssambands iðnaðarmanna og annar eftir tilnefningu stjórnar Félags íslenzkra iðnrekenda.

4. gr.

Úr fyrstu málsgr. 3. gr. laganna fellur orðið „smærri“ burt.

5. gr.

Fyrsta málsgr. 5. gr. laganna falli burt, en í hennar stað komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Beiðnir um lán úr iðnlánasjóði skulu vera skriflegar, og fylgi þeim:

6. gr. 40

Úr 6. gr. laganna falli burt orðin „Ekkert lán má þó fara fram úr 5000 kr.“, en í þeirra stað komi: Ekkert lán má þó vera hærra en sem nemur ⅕ — einum fimmta hluta — nettótekna sjóðsins árið áður. 27. júní

7. gr.

Orðin „úr ríkissjóði“ í 9. gr. laganna falli burt, en í þeirra stað komi: af tekjum sjóðsins.

8. gr.

Á eftir „iðnaðarmanna“ í 10. gr. laganna komi: stjórn Félags íslenzkra iðnrekenda.

9. gr.

Í stað „ráðherra“ í 13. gr. laganna komi: sjóðsstjórnin.

10. gr.

Í stað orðanna „af yfirskoðunarmönnum landsreikninga“ í 14. gr. laganna komi: af tveimur mönnum, er ráðherra skipar.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 27. júní 1941.*

**Sveinn Björnsson.**
(L. S.)

*Jakob Möller.*

# LÖG 41

27. júní

## um breyting á lögum nr. 21 14. júní 1929, um hafnargerð á Skagaströnd.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Fyrir orðin „285000 — tvö hundruð áttatíu og fimm þúsund krónur“ í 1. gr. laganna kemur: 400000 — fjögur hundruð þúsund krónur.

2. gr.

Fyrir orðin „320000 — þrjú hundruð og tuttugu þúsund króna“ í 2. gr. laganna kemur: 600000 — sex hundruð þúsund króna.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 27. júní 1941.*

**Sveinn Björnsson.**
(L. S.)

*Ólafur Thors.*

42
27. júní

# LÖG

## um breyting á lögum nr. 64 8. sept. 1931, um hafnargerð á Akranesi.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Fyrir „kr. 500000 — fimm hundruð þúsund króna“ í 2. gr. laganna kemur: kr. 720000 — sjö hundruð og tuttugu þúsund króna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 27. júní 1941.*

**Sveinn Björnsson.**
(L. S.)

*Ólafur Thors.*

43
27. júní

# LÖG

## um breyting á hafnarlögum fyrir Ísafjörð, nr. 34 19. júní 1922.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Til hafnargerðar og hafnarumbóta á Ísafirði veitist úr ríkissjóði einn þriðji kostnaðar, eftir áætlun, sem ríkisstjórnin hefur samþykkt, þegar fé er veitt til þess í fjárlögum, þó ekki yfir 300000 — þrjú hundruð þúsund — krónur, gegn tvöföldu framlagi úr hafnarsjóði Ísafjarðar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 27. júní 1941.*

**Sveinn Björnsson.**
(L. S.)

*Ólafur Thors.*

# LÖG

44
27. júní

## um tannlæknakennslu við læknadeild háskólans.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Stofna skal til tannlæknakennslu við læknadeild háskólans.

2. gr.

Þeir stúdentar, sem leggja vilja stund á tannlæknanám og ljúka tannlæknaprófi, skulu hafa lokið miðhlutaprófi í læknisfræði. Að öðru leyti skal kveðið á um tilhögun kennslunnar í reglugerð.

3. gr.

Til þess að annast tannlæknakennsluna skal skipa sérstakan dósent við læknadeildina og tannsmið. Aukakennslu má fela stundakennurum. Dósentinn nýtur sömu réttinda og aðrir dósentar háskólans. Ráðherra ákveður tannsmið og stundakennurum laun, er greiðast úr ríkissjóði.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

*Gjört í Reykjavík, 27. júní 1941.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Hermann Jónasson.*

# LÖG

45
27. júní

## um bæjarstjórn á Akranesi.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Akraneskauptún skal tekið í tölu kaupstaðanna og vera lögsagnarumdæmi út af fyrir sig. Nær umdæmið yfir allan hinn núverandi Ytri-Akraneshrepp og heitir Akraneskaupstaður.

Umdæmi þetta skal hér eftir sem hingað til vera í alþingiskjördæmi Borgarfjarðarsýslu, þangað til öðruvísi verður ákveðið.

Þar, sem í lögum þessum er talað um kaupstað eða kaupstaðarbúa, er átt við allt hið nýja umdæmi og íbúa þess.

2. gr.

Ríkisstjórnin skipar fyrir um, hvernig málum þeim í Ytri-Akraneshreppi, sem ekki eru útkljáð þegar lög þessi öðlast gildi, skuli skipt milli sýslumannsins í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu og bæjarfógetans á Akranesi.

45
27. júní

3. gr.

Verzlunarlóð kaupstaðarins er: Úr Kalmansvíkursandi syðst, sjónhending að vegamótum Innnes- og Kirkjugarðsvegar austan við Jaðarstún, þaðan sjónhending í Merkjaklöpp á Langasandi.

4. gr.

Bæjarfógetinn á Akranesi hefur sömu laun og sýslumenn í lægra launaflokki, sbr. 11. gr. 3. málsgr. laga nr. 71 28. nóv. 1919, og greiðast launin úr ríkissjóði. Hann hefur á hendi öll hin sömu störf og sýslumönnum og bæjarfógetum eru falin, hverjum í sínu umdæmi, dómstjórn, lögreglustjórn, gjaldheimtu á tekjum ríkissjóðs og önnur störf, allt gegn þóknun þeirri, er sýslumönnum og bæjarfógetum er ákveðin í lögum.

5. gr.

Málefnum kaupstaðarins skal stjórnað af bæjarstjórn. Í henni eru kjörnir bæjarfulltrúar, kosnir af bæjarbúum, sem kosningarrétt hafa eftir gildandi lögum.

Bæjarstjórn kýs bæjarstjóra og ákveður laun hans, enda greiðast þau úr bæjarsjóði.

6. gr.

Um kosningu bæjarfulltrúa, tölu þeirra og kjörtímabil fer samkv. lögum um sveitarstjórnarkosningar.

7. gr.

Bæjarstjórn kýs sér forseta úr flokki bæjarfulltrúa, og stjórnar hann umræðum á fundum og sér um, að það, sem ályktað er, sé ritað í gerðabókina. Fundir bæjarstjórnar skulu fara fram í heyranda hljóði. Einstök mál má þó ræða innan luktra dyra, þegar bæjarstjórnin ákveður.

Til þess að lögmæt ákvörðun sé gerð verður minnst helmingur bæjarfulltrúa að vera á fundi. Atkvæðamagn skal ávallt ráða. Séu jafnmörg atkvæði með og móti, fellur atkvæðisefnið, nema við kosningar, þá ræður hlutkesti. Um kosningu nefnda skal farið samkv. lögum um sveitarstjórnarkosningar.

Það skal kunngert bæjarbúum, hvar og hvenær bæjarstjórnin heldur almenna fundi. Aukafundi má halda, þegar bæjarstjóra þykir nauðsyn til bera, eða þegar minnst helmingur bæjarfulltrúa æskir þess. Bæjarstjóri skal á undan fundum skýra bæjarfulltrúum frá, hver málefni koma fyrir. Allir bæjarfulltrúar, sem eru á fundi, skulu rita nöfn sín undir gerðabókina strax og bókun er lokið, og á sérhver fulltrúi rétt á að fá ágreiningsatriði sitt stuttlega bókað.

Bæjarstjórn setur sjálf fundarsköp sín, en ráðherra staðfestir þau.

8. gr.

Framkvæmd ákvarðana þeirra, sem bæjarstjórn tekur, og forstaða bæjarmálefna er á hendi bæjarstjóra, nema þar sem annað er sérstaklega ákveðið af bæjarstjórn.

Virðist forseta einhver ákvörðun bæjarstjórnar ganga út yfir valdsvið hennar, vera gagnstæð lögum eða skaðleg fyrir bæjarfélagið, eða miði til að færast undan skyldum þeim, er á því hvíla, má hann fella hana úr gildi um sinn, með því að rita álit sitt um hana í gerðabókina. Um þetta skal hann, svo fljótt sem verða má, senda ráðherra skýrslu, og leggur hann úrskurð á málið. Eftirrit af skýrslu forseta skal senda bæjarstjórninni, svo að hún geti gert athugasemdir við hana áður en hún fer til ráðherra. Með samþykkt, er ráðherra staðfestir, skal setja fastar nefndir til að fara með einstök bæjarmál, og skal í henni kveðið á um skipun, verksvið og vald þeirra. Þó má bæjarstjórn fela einum eða fleirum bæjarfulltrúanna framkvæmd einstakra bæjarstarfa, eftir reglum, er hún setur um það.

Allir bæjarfulltrúar eru skyldir að taka að sér þau sérstöku bæjarstörf, sem þeim

eru falin á hendur. Fyrir nefndarmenn, kosna utan bæjarstjórnar, gilda sömu synjunarástæður og starfstímatakmörk og um bæjarfulltrúana. 45

27. júní

9. gr.

Í málefnum, er snerta uppeldi og fræðslu barna, hefur formaður skólanefndar sæti og tillögurétt á fundum bæjarstjórnar, en atkvæðisrétt því aðeins, að hann sé bæjarfulltrúi.

10. gr.

Bæjarstjórn skipar sýslunarmenn bæjarins og veitir þeim lausn.

Lögregluþjóna og næturverði skipar bæjarstjórn eftir tillögu bæjarfógeta, en hann getur veitt þeim lausn án samþykkis bæjarstjórnar.

Bæjarstjórnin gerir tillögur um skipun yfirsetukvenna og sáttanefndarmanna.

11. gr.

Bæjarstjórn ræður byggingarmálum bæjarins, en byggingarnefnd annast framkvæmd þeirra. Skipa hana bæjarstjóri, sem er formaður hennar, og fjórir menn, er bæjarstjórn kýs, tvo úr sínum flokki.

Þyki lóðareiganda eða lóðarhafa rétti sínum hallað með úrskurði bæjarstjórnar eða byggingarnefndar, má skjóta honum til ráðherra.

Nú þykir bæjarstjórn rétt, að sett verði fyllri ákvæði um byggingarmál bæjarins en þá er í lögum, og má setja þau með samþykkt, er bæjarstjórn semur eftir tillögum byggingarnefndar og ráðherra staðfestir.

Í byggingarsamþykkt má ákveða sektir fyrir brot, svo og setja reglur um greiðslu þess kostnaðar, er ákvæði byggingarsamþykktar hafa í för með sér. Svo má og ákveða þar hæfileg gjöld fyrir leyfi þau, sem bæjarstjórn og byggingarnefnd veitir.

Nú er byggingarfulltrúi skipaður samkv. byggingarsamþykkt, og má þá ákveða hæfileg gjöld fyrir þau störf hans, er hann leysir af hendi sem byggingarfulltrúi í þarfir einstakra manna, eftir beiðni þeirra. Gjöld fyrir byggingarleyfi og störf í þágu einstakra manna skulu hafa lögtaksrétt og renna í bæjarsjóð.

12. gr.

Bæjarstjórn ræður hafnarmálum bæjarfélagsins samkv. lögum um hafnargerð á Akranesi.

13. gr.

Bæjarstjórn, og bæjarstjóri sérstaklega, skal hafa nákvæmar gætur á fjárstjórn bæjarins og sjá um, að skattar, útsvör og aðrar tekjur séu rétt heimtar og í tækan tíma og teknar lögtaki, ef þess þarf með; enn fremur gæta þess, að geymt sé og eftir atvikum ávaxtað fé bæjarins, þangað til á því þarf að halda til þess að greiða gjöld hans. Bæjarstjórn hefur ábyrgð á innstæðum, skuldabréfum og öðrum eignum bæjarins.

14. gr.

Gjaldkeri skal, þegar þess er krafizt, gefa bæjarstjórninni nákvæma skýrslu, er sýni bæði, hvað goldizt hafi í bæjarsjóð og hvað úr honum hafi verið greitt. Eigi má greiða neitt úr bæjarsjóði, nema eftir ávísun bæjarstjóra. Bæjarstjóri ávísar útgjöldum kaupstaðarins, samkvæmt reglum þeim, sem um það eru settar í samþykktinni um stjórn málefna kaupstaðarins.

15. gr.

Fyrir opinber uppboðsþing, sem bærinn lætur halda í sínar þarfir, skal ekkert gjald greiða í ríkissjóð.

45
27. júní

16. gr.

Bæjarstjórninni er skylt að láta ríkisstjórninni og hagstofunni í té skýrslur þær, sem beðið er um, svo sem um fólkstölu, skepnuhöld, atvinnuvegi og annað ástand.

17. gr.

Bæjarstjórnin má ekki án samþykkis ráðherra takast á hendur neina skuldbindingu til langframa, sem ekki hvílir á henni samkvæmt lögum, ekki taka af innstæðufé bæjarins, ekki selja né veðsetja fasteignir hans né kaupa nýja fasteign, ekki taka stærri lán eða til lengri tíma en svo, að þau verði borguð aftur af þess árs tekjum, sem í hönd fer, né heldur að endurnýja slík lán eða fresta greiðslu þeirra.

18. gr.

Þegar við lok hvers reikningsárs skal gjaldkeri semja reikning um tekjur og gjöld bæjarins umliðið ár og senda bæjarstjóra fyrir lok marzmánaðar. Lætur bæjarstjóri reikninginn liggja bæjarbúum til sýnis fimmtán daga á hentugum, auglýstum stað.

Endurskoðendur kaupstaðarins eru tveir, og kýs bæjarstjórn þá hlutfallskosningu. Starf það hafa þeir á hendi í þrjú ár og mega ekki eiga sæti í bæjarstjórn þann tíma. Þeir hafa þóknun úr bæjarsjóði fyrir starfa sinn. Auk reikninga bæjarsjóðs skulu þeir rannsaka reikninga þeirra sjóða og stofnana, sem bæjarstjórn hefur umsjón með. Þeir skulu hafa lokið rannsókn á reikningunum innan mánaðar frá því, er þeir fengu þá í hendur.

Þegar gjaldkeri hefur svarað athugasemdum endurskoðenda — en það skal hann hafa gert innan fimmtán daga —, skal leggja reikninginn fyrir bæjarstjórn, er úrskurðar hann og veitir gjaldkera kvittun. Þó má enginn taka þátt í úrskurði, er snertir þau störf, er honum hafa verið sérstaklega á hendur falin.

Nú vill reikningshaldari eða annar, sem hlut á að máli, eigi viðurkenna, að úrskurður bæjarstjórnar sé réttur, enda sé honum lögð peningaábyrgð á hendur, og má hann þá skjóta málinu til dómstólanna.

Þegar lagður hefur verið úrskurður á reikning gjaldkera, á að birta í blaði ágrip af honum, er bæjarstjóri semji. Á það ágrip að vera svo fullkomið, að í því séu tilgreind aðalatriði í tekjum og gjöldum bæjarins.

19. gr.

Innan loka septembermánaðar ár hvert skal senda ráðherra reikninga yfir umliðið reikningsár.

Komi það fram, að bæjarstjórn hafi greitt ólögmæt gjöld, neitað að greiða gjöld, er hvíla á bænum að lögum, eða á annan hátt ranglega beitt valdi sínu, skal ráðherra gera þær ráðstafanir, er við þarf, og, ef nauðsyn krefur, með lögsókn koma fram ábyrgð á hendur þeim bæjarfulltrúum, sem átt hafa þátt í þessum ályktunum.

20. gr.

Bæjarstjórn semur reglugerð fyrir slökkviliðið, en ráðherra staðfestir hana, og má ákveða sektir fyrir brot gegn ákvæðum reglugerðarinnar, og renna þær í bæjarsjóð. Með mál út af brotum gegn þeirri reglugerð skal farið sem almenn lögreglumál.

21. gr.

Bæjarstjórn hefur umsjón með öllum þeim fyrirtækjum, er bærinn á eða starfrækir, en falið getur hún sérstökum mönnum alla nánari stjórn og umsjón stofnana þessara.

22. gr. 45 27. júní

Með samþykkt þeirri, er um getur í 8. gr., má setja nánari reglur um sérhvert atriði í stjórn bæjarins, samkvæmt grundvallarreglum þessara laga, þar á meðal ákveða sektir fyrir brot á þeim.

23. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1942. Gerir ráðherra ráðstafanir til, að þau komist þá þegar til framkvæmda. Falla þá jafnframt úr gildi lög nr. 22 14. júní 1929, um lögreglustjóra á Akranesi.

**Ákvæði um stundarsakir.**

Sýslunefnd Borgarfjarðarsýslu annars vegar og bæjarstjórn Akraness hins vegar gera með sér samning um skipti á eignum og skuldum sýslunnar, svo og ábyrgðarskuldbindingum. Rísi nokkur ágreiningur um þau skipti, sker ráðherra úr.

*Gjört í Reykjavík, 27. júní 1941.*

**Sveinn Björnsson.**
(L. S.)

*Stefán Jóh. Stefánsson.*

# LANDSKIPTALÖG

46
27. júní

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Eftir lögum þessum geta komið til skipta eða endurskipta að nokkru eða öllu leyti heimalönd sveitajarða og afréttarlönd, sem jöfnum höndum eru notuð til vetrarbeitar, tún, sáðreitir, engi, landsnytjar aðrar og hlunnindi, svo og mannvirki, sem tvö eða fleiri býli hafa eða hafa áður haft til samnota:

1. Ef lögfest skipti hafa eigi áður farið fram, og getur þá hver einstakur eigandi eða umráðamaður jarðar, jarðarparts eða landsnytja krafizt skiptanna.
2. Ef allir hlutaðeigandi eigendur beiðast skipta, þótt lögfest skipti hafi áður átt sér stað.
3. Nú þykir einum eða fleirum aðilum, að lögfest skipti séu óhagkvæm, og getur þá hver einstakur aðili krafizt endurskipta. Eigi skulu matsmenn taka slíka kröfu til greina nema þeir telji, að úr megi bæta öðrum aðilum að skaðlausu.

2. gr.

Skipta skal eftir jarðamati frá árinu 1861, þar sem því verður við komið.

Nú eru í því jarðamati tvær eða fleiri jarðir (hjáleigur) metnar í einu lagi til dýrleika, en aðgreint mat þeirra er að finna í jarðatali Johnsens frá 1847, og skal það þá notað.

Verði hvorugu þessu mati við komið, skal farið eftir fasteignabók frá 1922 eða síðari fasteignabókum, þó þannig, að ávallt verði notað hið elzta jarðamat, sem við verður komið.

Nú hafa gilt manna á meðal í 20 ár eða lengur önnur eignahlutföll en jarðamatsbækur gefa upp, og allir eigendur samþykkja, að þau eignahlutföll skuli haldast, og er þá heimilt að skipta eftir þeim, en sýslumaður skal tilkynna fasteignamatsnefnd þess konar skipti.

3. gr.

Við skiptin skal ekki aðeins farið eftir flatarmáli lands, heldur og gæðum þess og verðmæti á hverjum stað. Eigi má staðbundin skipti gera á námarétti, þar með talið mótak, veiði í vötnum eða sjó, selveiði, fuglaveiði með háf eða skotum, reka, vergögnum, lóðagjöldum, beitutekjum, þörungum föstum og lausum og fjörubeit, nema skiptin séu það hagkvæm, að á engan eiganda sé hallað, eða samþykki allra eigenda komi til.

Nú hafa eignahlutföll á sameignarjörð breytzt við jarðamat (endurmat), fyrir misjafna ræktun eða aðrar verklegar framkvæmdir eiganda eða ábúanda, og breytast þá eigi fyrir það eignahlutföll óskipts lands eða landsnytja.

Nú er ágreiningur um eignahlutföll óskipts lands eða landsnytja, og næst ekki samkomulag. Verður þá eigi úr því skorið nema með dómi. Um umráð og notkun vatns og fallvatna, svo og um girðingar, fer eftir almennum lögum.

4. gr.

Úttektarmenn skulu vera matsmenn og gera skiptin hver í sínu umdæmi. Ef úttektarmaður er hindraður, við málið riðinn eða nákominn aðilum, kveður sýslumaður annan í hans stað. Sýslumaður skal og kveðja oddamann til skiptagerða. Skal hann vera formaður matsmanna, stýra skiptum og annast bókun skiptagerðar. Meiri hluti atkvæða ræður úrslitum.

Matsmenn fá þóknun fyrir skiptin eftir gildandi kauptaxta í vegavinnu ríkisins í viðkomandi umdæmi, og reiknast þeim kaup á meðan þeir eru fjarverandi heimili sínu, enda tefji þeir ekki ferð sína eða störf meir en nauðsyn krefur. Oddamaður fær þriðjungi hærri þóknun en hinir. Ferðakostnaður greiðist þannig, að fargjöld með bifreiðum greiðast eftir gildandi taxta, en fyrir hesta greiðist eftir gildandi vegavinnutaxta.

5. gr.

Þegar skipta skal landi eða landsnytjum, skal bjóða öllum eigendum og öðrum þeim, er notkunarrétt hafa á því, er til skipta getur komið, að vera við skiptin og gefinn kostur á að upplýsa málið fyrir matsmönnum, en gætt skal þess, að matsstörfin dragist ekki fyrir það lengur en nauðsyn krefur. Hið sama gildir og við yfirmat, en ekki skulu þeir þó viðstaddir, er matsmenn eða yfirmatsmenn ræða milli sín úrslit skiptanna eða ráða þeim til lykta. Hver sá eigandi, sem er óánægður með skiptin, getur heimtað yfirmat innan 6 mánaða frá þeim degi, er skiptin fóru fram.

6. gr.

Sýslumaður skal dómkveðja 4 menn óvilhalla til að framkvæma yfirmat, en sjálfur skal hann vera formaður þeirra og stýra matinu. Heimilt er honum þó að kveðja annan í sinn stað. Yfirmatsmenn fá sama kaup og matsmenn og ferðakostnað eftir reikningi. Úrskurðar sýslumaður reikninga yfirmatsmanna; þó má skjóta úrskurði hans undir fullnaðarúrskurð dómsmálaráðuneytisins, er úrskurðar reikninga hans sjálfs.

Kostnað við skipti greiði sá, er þeirra beiðist, ef skiptatilraun verður árangurslaus sökum vanheimilda, svo og við yfirmat, ef engin breyting er gerð á skiptum, ella skiptist allur kostnaður á eigendur að tiltölu við eignahlutföll þess, er skiptin ná til. Ef skipt er samkvæmt 3. tölulið 1. gr., skulu þeir einir greiða fyrir skipti, er verða leiðréttingar aðnjótandi eða fá bætta aðstöðu.

7. gr.

Nú eru landskipti sérstaklega vandasöm, land sérstaklega verðmætt eða aðstaða þannig, að sýslumaður telji nauðsynlegt, að fagmaður fjalli um skiptin, og er honum þá heimilt að kveðja slíkan mann, einn eða fleiri, til skiptanna. — Sýslumaður

semur um þóknun til fagmanna, en aldrei má kaup þeirra yfirstíga lágmarkskaup- 46
taxta samkvæmt gjaldskrá Verkfræðingafélags Íslands. 27. júní

8. gr.

Ef land það, er skipta á, er tún, góðar engjar eða annað sérstaklega verðmætt land, geta eigendur hver um sig krafizt þess, að skipt sé eftir uppdrætti. Enn fremur ef landið er mjög óreglulegt eða aðstaða þannig, að torvelt sé að skipta, getur sérhver eigandi eða matsnefnd krafizt uppdráttar. Nú er uppdráttur ekki til af landinu, og skal þá sýslumaður fá mann til að gera uppdráttinn, og telst kostnaður við það til skiptakostnaðar. Á uppdráttinn skal draga greinilega með teiknibleki allar landamerkjalínur, og afhendist hann síðan sýslumanni til geymslu.

9. gr.

Áður en skipti byrja, skulu úttektarmenn eða matsmenn rannsaka, hvort land það, er skipta skal, sé með löglegum landamerkjum aðgreint frá landi nærliggjandi jarða. Séu landamerki krókótt og óhagkvæm, skulu úttektarmenn reyna með samkomulagi að fá rétting þeirra. Leita skulu þeir og upplýsinga um réttindi þau og skyldur, er sameignarlandinu fylgja eða nokkrum hluta þess. Nú er ágreiningur um aðliggjandi landamerki, og skulu matsmenn þá leita eftir samkomulagi, en náist það ekki, skal matsnefnd gera sýslumanni þegar í stað aðvart, og tekur hann þá málið fyrir samkv. lögum nr. 41 28. nóv. 1919, um landamerki.

10. gr.

Skipta skal landi þannig, að land hverrar jarðar eða jarðarparts verði sem mest í samhengi og sé sem skipulegast.

Skipta skal með beinum línum, eins fáum og verða má, svo horn verði sem fæst. Boglínur í landamerkjum mega því aðeins eiga sér stað, að illa verði hjá þeim komizt, svo sem þegar vegur eða opinn vatnsfarvegur verður að ráða mörkum. — Nú hefur einhver unnið hefð á landi samkvæmt lögum nr. 46 10. nóv. 1905, og má þá hefðarréttur eigi standa fyrir skipulegri landskiptingu samkvæmt lögum þessum, enda fái sá, er hefðarrétt hefur unnið sér, jafngildi lands á öðrum stað, og skal bæta honum við skiptin umbætur hans á landi því, er hann kann að missa.

11. gr.

Nú hefur eigandi ræktað hluta úr óskiptu sameignarlandi, áður en lög þessi gengu í gildi, og skal hann við skiptin halda þessu landi, gegn því að hinir sameigendurnir fái hver um sig að tiltölu samsvarandi hluta af óræktuðu landi í sameigninni, ef skiptin mega þannig vel fara. En verði landið úthlutað öðrum, án þess ræktað land komi í staðinn, skal honum heimilt að nytja það sem sína eign, þar til sá, sem landið var úthlutað, hefur ræktað honum jafnstóran blett og ekki lakari í hans landi.

Verði ágreiningur við samanburð ræktunarlandanna eða hvar land skuli ræktað til endurgreiðslu, eftir að landskiptum er lokið, skal hlíta úrskurði viðkomandi trúnaðarmanns Búnaðarfélags Íslands.

Ef ekki er völ á ræktunarhæfu landi til skipta á móti því, sem ræktað hefur verið, skal, ef þess er krafizt, nema svo mikið af hinu ræktaða landi, að rétt skiptahlutföll fáist, og skal þá sá, er ræktunarlandið fékk, greiða þeim, er landið lét, ræktunarkostnaðinn eftir mati skiptanefndar.

12. gr.

Nú kemur í ljós við skiptin, að flytja þarf til hús, girðingar eða önnur færanleg mannvirki, og kveður skiptanefnd á um, innan hvers tíma flutt skuli og hver skuli kosta flutninginn eða hvernig flutningskostnaði skuli skipt niður.

46 Nú liggja tún- eða engjavegir yfir landið, eða nauðsynlegt þykir, að slíkir vegir
27. júní verði þar lagðir, og skal þá í skiptagerðinni ákveðið um notkunarrétt hvers einstaks landeiganda á þeim, um viðhalds- og vegagerðarkostnað, svo og hvar nýir vegir skuli liggja.

13. gr.

Nú er land að einhverju leyti undirorpið hættu af vatnságangi, skriðufalli, sandfoki eða uppblæstri, og skal þá við skiptin taka sérstakt tillit til slíkrar hættu, og um leið, ef unnt er, koma á samningum um það, hver vera skuli aðstaða eigendanna innbyrðis um varnir gegn þessari hættu, eða aðgerðir á slíkum skemmdum, er fyrir koma, eftir að landinu er skipt.

Á sama hátt skal gera ráðstafanir gagnvart væntanlegum landvinningum, svo sem ef land grær upp úr vatni eða sandauðnum, þannig, að eftir föngum sé haldið opinni leið til hagkvæmra framhaldsskipta eða endurskipta.

14. gr.

Skiptagerðir eftir lögum þessum skal rita í bók, er sýslumaður löggildir, og greiðist verð bókarinnar úr ríkissjóði.

15. gr.

Þegar landi hefur verið skipt samkvæmt lögum þessum, skulu úttektarmenn eða matsmenn láta setja glögg merki fyrir skiptunum. Eru landeigendur skyldir að gera þau tafarlaust. Í skiptagerðum skal lýsa merkjum þessum og afstöðu þeirra svo greinilega, að ekki verði um villzt. Þegar greinilegir skurðir, garðar, vegir eða girðingar eru í mörkum, þarf ekki um að bæta, en ef engin slík merki eru í markabeygjum, og ekki heldur glögg náttúrueinkenni, sem ekki verður á villzt, skal hlaða vörður úr torfi eða grjóti, nema hlutaðeigendur kjósi varanlegri merki, svo sem steinsteypustaur, skurð eða annað, sem skiptanefnd tekur gilt. Ef vörður eru hlaðnar, skulu þær vera keilumyndaðar, eigi minni en 1½ m í þvermál að neðan og dragast saman með fláa 1 : 1. Landeigendum er skylt að halda landamerkjum glöggum.

Ef skráð landamerki eru færð til af mannavöldum, eða önnur lík merki sett upp, er valdið geta ruglingi, varðar það sektum allt að 1000 kr., nema þyngri refsing liggi við samkvæmt almennum hegningarlögum.

16. gr.

Landeigendum er frjálst að skipta sjálfir landi milli sín, ef þeim kemur saman um það öllum og leiguliðar og aðrir, er nokkurn rétt hafa á landinu og skiptin snerta hagsmunalega, gefa samþykki sitt til þess. Þó skal landeigendum skylt að fá hreppstjóra, úttektarmann eða trúnaðarmann Búnaðarfélags Íslands — eða fagmann, ef skiptin eru sérstaklega vandasöm — til aðstoðar, enda sé hann leiðbeinandi um það, að skiptin verði sem skipulegust og réttlátust.

Frá landamerkjum skal gengið eins og segir í 15. gr. Um slík skipti skal skrá greinilega skiptagerð. Skal í henni nákvæmlega lýst afstöðu lands þess, er hver um sig hlýtur við skiptin, takmörkum þess og réttindum öllum, er því fylgja. Geta skal og þess, hver áhrif skiptin hafa á leiguliðaafnot af landi því, er skipt var. Skiptagerð þessari skal þinglýsa. — Sé ekki skipt að tiltölu réttri, en einhver eiganda hafi látið af hendi meira verðmæti í landeign eða réttindum innan sameignarinnar en hann fékk á móti, skal líta á það sem afsal eða selt, og breytist þá skattskylda jarðanna eða jarðapartanna samkvæmt því.

17. gr.

Meðan skógarhögg og mótak er í sameign í óskiptu landi, má enginn eigenda, án samþykkis allra hinna, nota skóg eða mótak nema til heimilisnota fyrir sjálfan sig.

18. gr. 46
27. júní

Þar, sem tveir eða fleiri menn hafa sambeit í óskiptu landi, má enginn þeirra nota beitina, nema eftir ítölu á móts við sameigendur sína, er metin sé af úttektarmönnum. Ítölu skal meta eftir jarðardýrleika og jarðarstærð, og skal sá vera grundvöllur matsins, hve mikinn fénað má í högum hafa án þess örtröð verði. — Nú hefur einhver sambeitareigenda minni fénað í högum en svarar ítölu hans, en aðrir hafa meira en þeim ber, og skulu þeir þá hafa forgangsrétt til, gegn endurgjaldi, að nota ítölurétt þess, sem of fátt hefur, meðan hann notar eigi sjálfur.

19. gr.

Enginn má, eftir gildistöku þessara laga, taka land til ræktunar, setja upp varanlega girðingu, gera skurð, byggja hús eða önnur varanleg mannvirki í óskiptu sameignarlandi, þó samþykki allra annarra hlutaðeigenda liggi fyrir. Brot gegn þessu ákvæði varðar sekt, allt að 1000 kr., er renni í viðkomandi sveitarsjóð.

20. gr.

Með lögum þessum falla úr gildi landskiptalög, nr. 57 31. maí 1927. Þá eru og öll önnur eldri lagafyrirmæli úr gildi felld, er brjóta í bág við lög þessi.

21. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 27. júní 1941.*

**Sveinn Björnsson.**
(L. S.)

*Hermann Jónasson.*

# LÖG 47

27. júní

## um breyting á 88. og 95. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19 frá 12. febr. 1940.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

88. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19 frá 12. febrúar 1940, orðist þannig:

Hver, sem opinberlega í ræðu eða riti mælir með því eða stuðlar að því, að erlent ríki byrji á fjandsamlegum tiltækjum við íslenzka ríkið eða hlutist til um málefni þess, svo og hver sá, er veldur hættu á slíkri íhlutun með móðgunum, líkamsárásum, eignaspjöllum og öðrum athöfnum, sem líklegar eru til að valda slíkri hættu, skal sæta varðhaldi eða fangelsi allt að 6 árum. Ef brot þykir mjög smávægilegt, má beita sektarhegningu.

2. gr.

95. gr. almennra hegningarlaga orðist þannig:

Hver, sem opinberlega smánar erlenda þjóð eða erlent ríki, æðsta ráðamann þjóðhöfðingja þess, fána þess eða annað viðurkennt þjóðarmerki, skal sæta sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 6 árum.

47
27. júní
Sömu refsingu skal hver sá sæta, sem smánar opinberlega eða hefur annars í frammi skammaryrði, aðrar móðganir í orðum eða athöfnum, eða ærumeiðandi aðdróttanir við aðra starfsmenn erlends ríkis, sem staddir eru hér á landi.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 27. júní 1941.*

**Sveinn Björnsson.**
(L. S.)

*Hermann Jónasson.*

48
27. júní

# LÖG

## um breyting á lögum nr. 44 19. júní 1933, um stofnun happdrættis fyrir Ísland.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Tölurnar „60“ og „6“ í b-lið 1. greinar verða: 80 og 8.

2. gr.

Á undan tölunni „5000“ í c-lið 1. greinar koma orðin: ekki færri en.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 27. júní 1941.*

**Sveinn Björnsson.**
(L. S.)

*Jakob Möller.*

49
27. júní

# LÖG

## um læknisvitjanasjóði.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkissjóður leggur árlega fram fé til læknisvitjanasjóða, er stofnaðir verða í læknishéruðum samkvæmt ákvæðum laga þessara, gegn þriðjungsframlagi annars staðar að. Framlag ríkissjóðs má ekki fara fram úr 1 kr. á hvern héraðsbúa, er heima á utan þess kaupstaðar eða kauptúns, þar sem læknir situr, og ekki yfir 1000 kr. til hvers læknisvitjanasjóðs.

2. gr. 49 27. júní

Læknisvitjanasjóðir, er njóta hlunninda samkvæmt lögum þessum, skulu ná til heils læknishéraðs og hafa að markmiði að styrkja til læknisvitjana héraðsbúa, sem eiga erfiða læknissókn, eða létta þeim læknissóknina á annan hátt.

Í stjórn læknisvitjanasjóðs skulu vera bæjarfógeti, sýslumaður eða lögreglustjóri þess lögsagnarumdæmis, er meiri hluti hlutaðeigandi læknishéraðs heyrir undir, og tveir menn kosnir á sameiginlegum fundi oddvita allra hreppa læknishéraðsins. Formaður er reikningshaldari og gjaldkeri sjóðsins.

Stjórn læknishéraðasjóðs setur að öðru leyti reglur um starfsemi sjóðsins, er ráðherra staðfestir. Í reglum þessum skulu vera ákvæði til tryggingar hagsmunum íbúa mjög afskekktra staða. Þess skal og gætt, að samlagsmenn sjúkrasamlaga innan læknishéraðs séu eigi miður settir að því er tekur til aðstoðar sjóðsins en aðrir héraðsbúar.

3. gr.

Þegar læknisvitjanasjóður hefur verið stofnaður í læknishéraði og nýtur styrks samkvæmt lögum þessum, falla niður læknisvitjanastyrkir þeir, er héraðinu kunna sérstaklega að vera ætlaðir í fjárlögum.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1942.

*Gjört í Reykjavík, 27. júní 1941.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Stefán Jóh. Stefánsson.*

# LÖG 50 27. júní

## um gjaldeyrisvarasjóð og eftirlit með erlendum lántökum.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Stofna skal gjaldeyrisvarasjóð með þeim hætti, er nánar greinir í lögum þessum.

2. gr.

Landsbanki Íslands (seðlabankinn) skal leggja til hliðar í erlendum gjaldeyri upphæð, sem nemi jafngildi 12 milljóna íslenzkra króna, umfram það, sem bankinn skuldar erlendis á hverjum tíma. Þar með þó ekki talin þau lán, sem endurgreiðast eiga á lengri tíma en 5 árum.

3. gr.

Gjaldeyrisvarasjóður er eign Landsbanka Íslands, en þó er ráðstöfun hans háð þeim takmörkunum, er greinir í lögum þessum.

4. gr.

Fé gjaldeyrisvarasjóðs sé geymt á þann hátt, að til þess sé unnt að grípa án verulegs fyrirvara. Skal leita samþykkis ráðherra þess, er fer með gjaldeyrismál, fyrir því, á hvern hátt féð er geymt.

50
27. júní

5. gr.

Reikna skal árlega, hverju nemur mismunur vaxta þeirra, er bankinn fær af fé gjaldeyrisvarasjóðs, og innlánsvaxta þeirra á sparisjóðsreikningum, sem bankinn greiðir á hverjum tíma. Skulu þrír fimmtu hlutar þessa mismunar greiddir bankanum úr ríkissjóði, þó aldrei yfir 200000 krónur.

Ríkisstjórnin getur þó með reglugerð ákveðið að innheimta sérstakt gjald af allri gjaldeyrisverzlun landsmanna, til þess að greiða mismun þann, er um ræðir í 1. málsgr. þessarar greinar. Til gjaldeyrisverzlunar yrði þá að telja ráðstöfun eigin gjaldeyris til eigin nota. Er heimilt að setja með reglugerð öll nauðsynleg ákvæði til tryggingar innheimtu gjalds þessa, svo og nánari ákvæði um það, til hvaða viðskipta það skuli ná, og má í reglugerðinni ákveða hegningu fyrir brot á henni.

6. gr.

Skipa skal 7 manna nefnd, er hafi með höndum verkefni það, sem tilgreint er í lögum þessum.

Ráðherra sá, er fer með gjaldeyrismál, skal vera formaður nefndarinnar. Sameinað Alþingi kýs 3 nefndarmenn hlutfallskosningu, Landsbanki Íslands tilnefnir 3.

Nefndin skal vera ólaunuð.

7. gr.

Landsbanki Íslands (seðlabankinn) getur varið fé úr gjaldeyrisvarasjóði með sérstöku samþykki ráðherra þess, er fer með gjaldeyrismál, að fengnum tillögum nefndar þeirrar, er um getur í 6. gr. þessara laga.

Nú hefur verið seldur gjaldeyrir úr gjaldeyrisvarasjóði, og er þá skylt að leggja erlendan gjaldeyri til hliðar á ný, þannig að ákvæðum 1. gr. laga þessara sé fullnægt, svo fljótt sem unnt er að afla gjaldeyris til þess.

8. gr.

Óheimilt er bönkum landsins, svo og sparisjóðum, bæjar- og sveitarfélögum og opinberum stofnunum, að taka lán erlendis, nema með samþykki ráðherra þess, er fer með gjaldeyrismál, að fengnum tillögum nefndar þeirrar, er skipuð verður samkvæmt 6. gr. laga þessara.

Ákvæði greina þessara ná þó ekki til Landsbanka Íslands, sbr. 1. og 15. gr. landsbankalaganna frá 15. apríl 1928 og 2. gr. þessara laga.

9. gr.

Skylt er öllum þeim, er skulda fé í erlendum gjaldeyri, að gefa Hagstofu Íslands skýrslu um skuldir sínar ársfjórðungslega í því formi, er hún fyrirskipar.

Skal Hagstofa Íslands síðan ársfjórðungslega gefa nefnd þeirri, er um ræðir í 6. gr., yfirlitsskýrslu um erlendar skuldir landsmanna.

10. gr.

Nefnd sú, er skipuð verður samkvæmt 6. gr. þessara laga, skal halda fundi minnst einu sinni í mánuði, og sé þá lagt fyrir nefndina af ráðherra yfirlit um gjaldeyrisástæður landsins.

Nefndin skal á hverjum tíma kynna sér sem bezt allt það, er áhrif hefur á gjaldeyrisafkomu þjóðarinnar, og gera rökstuddar tillögur um þau mál, eftir því er hún telur ástæðu til.

11. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum allt að 10000 krónum, nema þyngri refsing liggi við. Enn fremur er ráðherra heimilt að leggja dagsektir allt að 100 kr. við

því, ef menn skila eigi skýrslum þeim, er getið er um í 9. gr., þrátt fyrir sérstaka kröfu Hagstofu Íslands um að gera slíka skýrslu. 50 27. júní

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 27. júní 1941.*

**Sveinn Björnsson.**
(L. S.)

*Eysteinn Jónsson.*

# LÖG 51 27. júní

## um breyting á lögum nr. 1 5. jan. 1938, um síldarverksmiðjur ríkisins.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað orðanna „þó ekki yfir 25% af útsvörum viðkomandi bæjar- eða sveitarfélags það ár“ í 14. gr. laganna komi: þó má gjald þetta ekki nema hærri upphæð en sem svarar samanlögðum útsvörum annarra gjaldenda í viðkomandi bæjar- eða sveitarfélagi það ár. Skal verksmiðjugjaldið áætlað í fjárhagsáætluninni áður en útsvör eru ákveðin.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 27. júní 1941.*

**Sveinn Björnsson.**
(L. S.)

*Ólafur Thors.*

# LÖG 52 27. júní

## um ráðstafanir til loftvarna og annarra varna gegn hættum af hernaðaraðgerðum.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Bæjar- eða sveitarstjórnum er heimilt, í samráði við ríkisstjórnina, að gera hvers konar ráðstafanir til loftvarna og annarra varna gegn hættum af hernaðaraðgerðum og verja til þess nauðsynlegu fé, er greiðist að hálfu úr ríkissjóði og að hálfu úr hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarsjóði.

52
27. júní

2. gr.

Lögreglustjórar hafa með höndum framkvæmdir loftvarna og annarra öryggisráðstafana samkv. lögum þessum, hver í sínu umdæmi, með aðstoð sérstakra nefnda (loftvarnanefnda), er skipaðar skulu vera 4 mönnum í Reykjavík og 2 mönnum annars staðar á landinu, auk lögreglustjóra. Bæjar- og sveitarstjórnir kjósa loftvarnanefndir, en lögreglustjórar skulu vera formenn þeirra.

3. gr.

Bæjar- og sveitarstjórnum skal skylt að aðstoða við framkvæmd þessara ráðstafana, hverri á sínum stað, svo sem með því að ljá til þeirra hús sín og tæki, eftir því sem við verður komið og án sérstaks endurgjalds.

4. gr.

Það er almenn borgaraleg skylda að vinna án endurgjalds að undirbúningi loftvarna og annarra öryggisráðstafana samkvæmt lögum þessum eftir fyrirmælum lögreglustjóra og loftvarnanefnda, svo og að hlýða öllum fyrirmælum og reglum varðandi slíkar ráðstafanir, þar á meðal að taka þátt í fyrirskipuðum æfingum.

Lögreglustjórum og loftvarnanefndum er heimilt að taka kjallara og aðrar vistarverur einstakra manna, er nota má sem loftvarnabyrgi fyrir almenning, og útbúa þau í því skyni, enda komi sanngjarnt verð fyrir, eftir samkomulagi eða að mati dómkvaddra manna.

5. gr.

Ef brýna nauðsyn ber til, að fólk flýi hættusvæði og komi sér fyrir á öruggari stöðum, er ríkisstjórninni skylt að greiða fyrir flutningunum, og er í því skyni heimilt að taka leigunámi skip, bifreiðar og önnur farartæki, svo og lendur og hvers konar húsnæði, sem völ kann að vera á, flóttafólki til öryggis, skjóls og aðhlynningar. Um framkvæmd leigunáms samkvæmt þessari grein skal farið eftir ákvæðum laga nr. 61 14. nóv. 1917.

6. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að setja með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

7. gr.

Brot gegn lögum þessum, svo og fyrirmælum og reglum lögreglustjóra og loftvarnanefnda samkvæmt þeim varða 50—10000 kr. sektum, nema þyngri refsing varði samkvæmt öðrum lögum.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

*Gjört í Reykjavík, 27. júní 1941.*

**Sveinn Björnsson.**
(L. S.)

*Hermann Jónasson.*

# LÖG

53
27. júní

**um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að kaupa jörðina Vatnsleysu í Viðvíkursveit og gera að prestssetri.**

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að kaupa jörðina Vatnsleysu í Viðvíkursveit í Skagafirði og gera að prestssetursjörð í Viðvíkurprestakalli, í stað Viðvíkur.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 27. júní 1941.*

**Sveinn Björnsson.**
(L. S.)

*Hermann Jónasson.*

# LÖG

54
27. júní

**um breyting á lögum nr. 32 8. sept. 1931, um búfjárrækt.**

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Aftan við 11. gr. laganna komi tvær nýjar greinar, sem verði 12. og 13. gr., svo hljóðandi (og breytist greinatalan á eftir samkv. því):

A. (12. gr.). Heimilt er 6 eða fleirum nautgriparæktarfélögum að stofna með sér samband, ef þau hafa á sambandssvæðinu 1000 kýr eða fleiri, og setja sér samþykktir og starfsreglur eftir fyrirmynd, er Búnaðarfélag Íslands gefur. Í samþykktum sé, meðal annars, ákveðið sameiginlegt eftirlit félaganna og upplýsingastarfsemi um beztu kynstofnana, að fitumælingar séu eigi færri en 6, að auk venjulegrar ættfærslu nautgriparæktarfélaganna sé haldin spjaldskrá um allar kýr, sem gefa yfir meðaltalsfitumagn, og nythæð.

B. (13. gr.). Sambönd þau, sem um ræðir í 12. gr., njóta styrks úr ríkissjóði, sem nemur einni krónu á hverja reiknaða árskú innan sambandsins, ef það fullnægir eftirgreindum skilyrðum:

  a. Haldi starfsmann, er lokið hefur prófi við búnaðarháskóla, eða aflað sér fræðslu í búfjárrækt og sannað hæfni sína til starfsins við prófraun, er Búnaðarfélag Íslands ákveður og annast.
  b. Að starfsmaður þessi hafi, auk forstöðu sinnar um eftirlit nautgriparæktarfélaganna, umsjón með starfandi fóðurbirgðafélögum á svæðinu, í samráði við Búnaðarfélag Íslands.

54
27. júní

c. Hlýði bendingum ráðunauts Búnaðarfélags Íslands í nautgriparækt um eldi nautkálfa af beztu kynstofnunum og gefi kost á þeim til sölu úr héraði með sanngjörnu verði, að því leyti sem ekki er þörf fyrir þá innan sambandsins.

2. gr.

36 gr. laganna, sem verður 38. gr., orðist svo:

Heimilt er ráðuneytinu að setja á stofn uppeldisstöð fyrir stóðhesta og starfrækja undir umsjón og eftirliti Búnaðarfélags Íslands.

Landbúnaðarráðherra setur reglugerð, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands, um starfrækslu uppeldisstöðvarinnar.

3. gr.

37. gr. laganna, sem verður 39. gr., orðist svo:

Búnaðarfélag Íslands sér um, að sýningar á hrossum fari fram á öllu landinu á þrem árum, og sé landinu skipt í þrjú sýningarsvæði.

Sýningar þessar skulu vera tvenns konar, sveitasýningar og héraðssýningar, og haldnar sama árið á hverju svæði. Aðilar að framkvæmd þeirra eru:

1. Búnaðarfélag Íslands hefur á hendi framkvæmd búfjárræktarlaganna. Hrossaræktarráðunautur þess er sjálfkjörinn formaður dómnefndar á héraðssýningum, en geti hann ekki mætt, skipar stjórn Búnaðarfélags Íslands mann í hans stað.
2. Búnaðarsambönd, sem:
   a. í samráði við ráðunaut Búnaðarfélags Íslands í hrossarækt annast um og ákveða, hve margar sveitasýningar skuli haldnar á sínu sambandssvæði, og tilnefna oddamann í dómnefnd á þeim, og er hann ábyrgur gagnvart Búnaðarfélagi Íslands.
   b. útvega sýningarstað fyrir héraðssýningar, og skal staðurinn valinn og útbúinn fyrir sýninguna í samráði við hrossaræktarráðunaut Búnaðarfélags Íslands.
   c. tilnefna sýningarstjórn á héraðssýningar, sem sé skipuð þrem mönnum. Hún sér um, að sýningin fari skipulega fram, aðstoðar dómnefndir og annast um aðra þátttöku sambandsins í sýningunni.
3. Sýslunefndir, er kjósa tvo menn í dómnefnd á héraðssýningar innan sinna vébanda.
4. Hrossaræktarfélög, eða þar, sem þau eru ekki, hreppabúnaðarfélög, sem útvega sýningarstaði fyrir sveitasýningar, eftir fyrirmælum búnaðarsambandanna, og tilnefna tvo menn í dómnefnd á þær.

Ríkissjóður veitir búnaðarsamböndunum styrk til að standast kostnað af sveitasýningunum, er nemur kr. 0.50 á hvert sýnt hross.

Til verðlauna á hverja héraðssýningu leggur ríkissjóður 10 aura fyrir hvert framtalið hross í sýningarumdæminu, en þó aldrei minna en kr. 250.00 til hverrar sýningar, enda séu þær ekki fleiri en ein í hverri sýslu, gegn jöfnu framlagi frá hlutaðeigandi sýslusjóði eða sýslusjóðum. Auk þess greiðir ríkissjóður kr. 20.00 til viðbótar hverju I. verðlauna hrossi. Sú kvöð fylgir I. verðlaunum á stóðhesta, að þeir skuli notaðir til undaneldis næstu 3 ár eftir að verðlaunin voru greidd. Heimilt er að verja allt að kr. 200.00 af ríkissjóðsfé til hverrar héraðssýningar, til verðlauna á hrossin, er fram úr skara við þolprófun. Dómnefndarmönnum greiðist þóknun fyrir starf sitt úr sýslusjóði. Búnaðarfélag Íslands setur nánari reglur um framkvæmd þessara sýninga.

4. gr.

Á eftir 38. gr. laganna komi ný grein, sem verður 41. gr., svo hljóðandi (og breytist greinatalan eftir því):

Landbúnaðarráðherra er heimilt að veita búnaðarsamböndum leyfi til að reka veðmálastarfsemi í sambandi við kappreiðar og þolprófun sýndra hrossa á héraðssýningum, með skilyrðum, er ákveðin verði í reglugerð, sem ráðherra setur. Áskilja skal í reglugerðinni, að ⅘ hlutar veðfjárins skuli endurgreiðast vinnendum, en ⅙ þess skal varið til verðlauna á þeim hrossum, sem standa sig bezt í keppninni. ⅙ fjárins fær búnaðarsambandið til að standast kostnað af sýningunum, og verði afgangur af því fé, skal honum varið til hrossaræktarstarfsemi sambandsins. 54 27. júní

5. gr.

Á eftir VI. kafla laganna komi nýr kafli, sem verður VII. kafli og orðist svo:

**Ákvæði til bráðabirgða.**

93. gr.

Meðan greidd er verðstuðulsuppbót á laun starfsmanna ríkisins, skal greiða verðstuðulsuppbót á allar greiðslur samkvæmt þessum lögum, aðrar en verðlaunaveitingar á sýningum. Skal verðstuðulsuppbótin reiknuð eftir þeirri vísitölu, sem notuð er við ákvörðun verðstuðulsuppbótar til starfsmanna ríkisins á hverjum tíma.

*Gjört í Reykjavík, 27. júní 1941.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Hermann Jónasson.*

# LÖG 55 27. júní

## um afla- og útgerðarskýrslur.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Skylt er að gefa skýrslur um allan þann fisk, sem veiddur er hér við land af íslenzkum skipum, svo og afla erlendra skipa, sem lagður er á land. Vatnafiskar eru undanskildir. Sömuleiðis er skylt að gefa skýrslur um útgerð skipa, mannatölu og úthaldstíma og annað það, er að útgerð lýtur, svo sem beitubirgðir, birgðir af útflutningsvörum og annað þess háttar.

Fiskifélag Íslands skal sjá um söfnun skýrslnanna í fullu samráði við Hagstofu Íslands og hafa til þess umboðsmenn í öllum helztu veiðistöðvum landsins. Skal Fiskifélagið láta Hagstofu Íslands í té fengnar skýrslur eins oft og hagstofan álítur nauðsynlegt.

2. gr.

Fiskifélagið skal birta yfirlit yfir heildaraflann eins oft og þurfa þykir, en þó eigi sjaldnar en tvisvar á mánuði hverjum. Skal Fiskifélaginu skylt að svara fyrirspurnum frá einstökum mönnum eða félögum um fiski í landinu, nema öðruvísi sé ákveðið.

3. gr.

Eftirtaldir aðilar skulu skyldir til að gefa skýrslur: 1. Skipstjórar og formenn, 2. útgerðarmenn og félög, 3. fiskkaupmenn og fisksalar, 4. niðursuðuverksmiðjur og

55 aðrar verksmiðjur, sem vinna úr fiski, 5. hraðfrystihús, 6. síldarverksmiðjur, 7. síld-
27. júní arútvegsnefnd, 8. síldarsaltendur, 9. fiskimálanefnd, 10. fiskútflytjendur, 11. fiskverkunarstöðvar. Atvinnumálaráðherra ákveður fyrirkomulag skýrslusöfnunarinnar með reglugerð, að fengnum tillögum Fiskifélagsins.

4. gr.

Fiskifélag Íslands sér fyrir eyðublöðum til skýrslusafnenda, hlutaðeigendum að kostnaðarlausu.

5. gr.

Vanræki einhver að gefa skýrslur þær, sem um ræðir í lögum þessum eða þeim reglugerðum, sem út verða gefnar samkvæmt þeim, sæti sá sektum, 25—100 kr. á dag frá þeim degi að telja, er skýrsla skal síðast gefin.

6. gr.

Með brot á lögum þessum skal fara sem almenn lögreglumál.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 26 27. júní 1925, um aflaskýrslur.

*Gjört í Reykjavík, 27. júní 1941.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Ólafur Thors.*

**56**
27. júní

# LÖG

**um viðauka við og breytingar á lögum nr. 74 31. des. 1937, um alþýðutryggingar.**

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Meðan vísitala kauplagsnefndar er 110 eða hærri, skal:

a. slysatryggingardeild tryggingarstofnunar ríkisins greiða uppbætur á dagpeninga, dánarbætur og örorkubætur til slysatryggðra manna eða skylduliðs þeirra í samræmi við vísitölu kauplagsnefndar.
b. hámark framlags ríkissjóðs og sveitarsjóða til sjúkrasamlaga samkv. 1. málsgr. 35. gr. hækka í samræmi við vísitölu kauplagsnefndar í lok hvers ársfjórðungs.
c. lífeyrissjóður Íslands greiða 30% — þrjátíu af hundraði — af heildarupphæð ellilauna og örorkubóta samkv. 2. tölul. 80. gr. laganna.
d. innheimta iðgjöld til lífeyrissjóðs Íslands samkv. 1. tölul. 49. gr. með viðauka í samræmi við vísitölu kauplagsnefndar 1. apríl það ár, sem gjaldið er á lagt. Gjaldauki, sem nemur minnu en 50 aurum, skal niður felldur, en hækka í krónu, ef hann nemur 50 aurum eða meiru.

e. tekjuhámark það, sem samkv. 1. málsgr. 24. gr. er skilyrði fyrir að njóta sjúkrasamlagshlunninda gegn greiðslu á einföldu iðgjaldi, miðast við umreiknaðar hreinar tekjur, að frádregnum persónufrádrætti, sbr. 2. málsgr. a-liðar (55. gr.) 4. gr. laga um breyting á lögum um tekju- og eignarskatt. 56 27. júní

2. gr.

Í 2. mgr. 12. gr. laganna falli burtu orðin „en slíkar breytingar koma ekki til framkvæmda fyrr en með byrjun næsta almanaksárs á eftir“.

3. gr.

Lífeyrissjóðsgjald samkv. 2. tölul. 49. gr. skal miðast við hreinar tekjur, að frádregnum persónufrádrætti.

4. gr.

Ríkissjóður endurgreiði lífeyrissjóði Íslands þann hluta af framlagi sjóðsins samkvæmt c-lið 1. gr., sem er umfram ¾ hluta af tillagi lífeyrissjóðsins samkv. 79. gr. laganna.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda fyrir allt árið 1941. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 73 7. maí 1940.

*Gjört í Reykjavík, 27. júní 1941.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Stefán Jóh. Stefánsson.*

# LÖG 57 27. júní

**um breyting á lögum nr. 45 31. maí 1927, um heimild fyrir dómsmálaráðherra til þess að veita leyfi til veðmálastarfsemi í sambandi við kappreiðar.**

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Dómsmálaráðherra er heimilt að veita „Hestamannafélaginu Fáki“ í Reykjavík og „Sjómannadagsráðinu“ í Reykjavík leyfi til þess að reka veðmálastarfsemi í sambandi við kappreiðar og kappróður, með skilyrðum, er ákveðin verði í reglugerð.

Áskilja skal í reglugerðinni, að 10% af hagnaði félagsins „Fáks“ af starfsemi þessari skuli varið til reiðvegar Reykvíkinga, og 75% af hagnaði, er verður af kappróðri „Sjómannadagsráðsins“, er fari fram á sjómannadaginn, renni til sjóminjasafns.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

57
27. júní

3. gr.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 45 1927 og gefa þau út svo breytt með svofelldri viðbót við fyrirsögn: og kappróður.

*Gjört í Reykjavík, 27. júní 1941.*

**Sveinn Björnsson.**
(L. S.)

*Hermann Jónasson.*

58
27. júní

# LÖG
## um landnám ríkisins.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Heimilt er ríkisstjórninni að láta framkvæma landnám við þorp og kaupstaði og í sveitum, eftir því sem nánar er fyrir mælt í lögum þessum, og greiðir ríkissjóður til þessara framkvæmda a. m. k. 250 þús. kr. á ári. Heimilt er og að verja í sama skyni allt að helmingi þeirrar fjárhæðar, sem árlega kann að verða ákveðin í fjárlögum ríkisins til framleiðslubóta og atvinnuaukningar.

2. gr.

Landnám þetta sé í því fólgið, að ríkið lætur á sinn kostnað undirbúa til ræktunar og rækta land þar, sem skilyrði eru góð til samfelldrar ræktunar og góðrar lífsafkomu. Landnámið skal fara fram á því landi, sem ríkið er eigandi að. Heimilt er og að kaupa land í þessu skyni, ef það telst nauðsynlegt.

3. gr.

Þar, sem landnám samkvæmt lögum þessum er hafið við þorp og kaupstaði, sé miðað við, að stærð ræktaðs lands fyrir hvert býli sé um 2 ha. auk nauðsynlegs beitilands, ef til er. Ríkið skal láta girða og fullrækta land þetta og leggja um það nauðsynlega vegi, vatns- og skólpæðar. Í sveitum sé miðað við, að tún hvers býlis geti orðið minnst 10 ha., auk nauðsynlegs beitilands. Ríkið skal kosta girðingar og framræslu landsins og einnig láta fullrækta a. m. k. 4 ha. af því. Enn fremur láta leggja nauðsynlega vegi um landið og sameiginlegar vatnsæðar, ef hagkvæmt þykir. Undirbúningur landnáms í sveitum samkv. lögum þessum skal því aðeins hafinn, að skilyrði séu þar fyrir 5 samliggjandi býli hið minnsta.

4. gr.

Þegar lokið er framkvæmd ríkisins, sem um ræðir í 3. gr., skal fram fara fasteignamat á hverri einstakri jörð eða lóð. Lönd þessi skulu síðan leigð með erfðaleigu samkvæmt lögum nr. 8 frá 1. febr. 1936, um erfðaábúð og óðalsrétt. Þó skal gefa ábúanda eða notanda sveitabýlis kost á að kaupa það við fasteignamatsverði og sömu greiðsluskilmálum og ákveðnir voru í lögum um sölu þjóð- og kirkjujarða.

5. gr. 58 27. júní

Um nauðsynlega framhaldsræktun og byggingar á hinum einstöku býlum, sem reist verða samkvæmt lögum þessum, njóta ábúendur fjárhagslegrar aðstoðar eftir því, sem hér segir:

a. Ábúendur á býlum við þorp eða kaupstaði njóta lánskjara samkvæmt VI. kafla laga nr. 31 14. júní 1929, um Búnaðarbanka Íslands.

b. Ábúendur á sveitabýlum njóta láns og styrks samkvæmt 34. og 36. gr. laga nr. 76 11. júní 1938, um byggingar- og landnámssjóð.

Um rétt ábúanda til að veðsetja landið vegna lántöku fer eftir 9. gr. laga nr. 8 frá 1. febr. 1936, um erfðaábúð og óðalsrétt.

6. gr.

Nýbýlastjórn hefur á hendi framkvæmd laga þessara og nýtur um það aðstoðar og ráðuneytis Búnaðarfélags Íslands og skipulagsnefndar kauptúna.

Teiknistofa landbúnaðarins hefur á hendi aðstoð og eftirlit með byggingaframkvæmdum á býlum þeim, sem reist verða samkvæmt lögum þessum, á sama hátt og fyrir er mælt í V. kafla laga nr. 76 11. júní 1938, um byggingar- og landnámssjóð.

7. gr.

Heimilt er nýbýlastjórn, með samþykki landbúnaðarráðherra, að reisa í tilraunaskyni nokkur býli í sveit, þar sem ríkið framkvæmir ræktun og byggingar að fullu. Einnig er henni heimilt að láta þá menn ganga fyrir um kaup eða ábúð á býlum þessum, sem leggja vilja fram ókeypis vinnu við landnámið, enda fái þeir þá vinnu sína endurgoldna með hæfilegri eign í mannvirkjum býlisins, þegar það er fullgert til ábúðar.

8. gr.

Áður en landnámssvæði er ákveðið, skal nýbýlastjórn í hvert skipti leita umsagnar og tillagna sveitarstjórnar í hreppi þeim, er land það liggur, sem ætlað er til landnámsins. Ber hreppsnefnd að gera rökstudda grein fyrir því, hver áhrif hið fyrirhugaða landnám muni hafa á afkomuöryggi bújarða þeirra, sem fyrir eru í sveitinni, eða hreppsins í heild. Verði ágreiningur um fyrirætlanir nýbýlastjórnar annars vegar og tillögur og óskir sveitarstjórnar hins vegar, sker stjórn Búnaðarfélags Íslands úr, en ákvörðun þeirri má skjóta til fullnaðarúrskurðar landbúnaðarráðherra.

9. gr.

Við ákvörðun ábúenda á hinum nýju landnámsjörðum skal nýbýlastjórn og hlutaðeigandi hreppsnefnd vera í samráðum. Verði um það ágreiningur, sker ráðuneytið úr.

10. gr.

Landbúnaðarráðherra setur með reglugerð ákvæði, er nauðsynleg þykja um framkvæmd laga þessara.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 27. júní 1941.*

**Sveinn Björnsson.**
(L. S.)

*Hermann Jónasson.*

59
27. júní

# LÖG
## um breyting á lögum nr. 61 23. júní 1932, um lax- og silungsveiði.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Fyrir „eitt ár“ í 2. málsl. 1. málsgr. 4. gr. laganna komi: fimm ár.

2. gr.

Aftan við 3. málsgr. 13. gr. laganna bætist nýr málsliður, svo hljóðandi: Ráðherra setur, eftir tillögum veiðimálastjóra og með samþykki veiðimálanefndar, reglur um þau veiðitæki, sem nota má við slíka veiði.

3. gr.

Aftan við 3. málsgr. 16. gr. laganna bætist orðin: og stöng.

4. gr.

Á eftir 31. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi:

1. Við stangarveiði má aðeins nota agn, lifandi eða dautt, sem fiskurinn eltir og tekur, en aldrei má við slíka veiði nota krók né neitt annað, er festir í fiskinum, að honum óvörum og án þess að hann elti það.

2. Nú á maður, sem stangarveiði stundar, eigi rétt til veiði nema öðrum megin í á, og er honum þá aðeins heimilt að standa að veiðinni þeim megin árinnar, en rétt er honum þó að bjarga fiski að hinu landinu, ef hentara er.

3. Ráðherra getur, með samþykki veiðimálastjóra og veiðimálanefndar, sett reglur um stangarveiði, og má þar ákveða, hversu margar stengur hafa megi í senn í veiðivatni, og veiðitíma þeirra á sólarhring hverjum, enda teljist slík takmörkun nauðsynleg til verndar fiskistofni vatnsins.

4. Nú rís ágreiningur um skiptingu veiðitíma, veiðistaði eða leigu eftir veiði milli notenda veiðiréttar í vatni slíku, er ræðir um í 3. málsgr., og er þá þeim, er telur sig vanhaldinn, rétt að krefjast úrskurðar með matsgerð samkv. 83. gr. laga þessara.

5. gr.

Aftan við 1. málsgr. 68. gr. laganna komi ný málsgr., svo hljóðandi (og breytist málsgreinatala samkv. því):

2. Nú tekur veiðifélag aðeins til laxveiði, og getur ráðherra þá, eftir tillögum veiðimálanefndar og veiðimálastjóra, sett ákvæði um veiðiaðferðir og gerð þeirra veiðitækja, sem nota má til silungsveiði á félagssvæðinu.

6. gr.

70. gr. laganna orðist svo:

1. Nú vill fiskræktarfélag taka upp félagsveiði, og er það heimilt, ef fullnægt er skilyrðum laga þessara um stofnun veiðifélags.

2. Nú vill veiðifélag stunda fiskrækt, og er það heimilt, en ekki nýtur félagið réttinda þeirra, er ræðir um í 79.—82. gr. laga þessara, nema ráðherra samþykki, að fengnum tillögum veiðimálanefndar.

7. gr. 59 27. júní

a. 1. málsgr. 83. greinar laganna orðist sem hér segir:

1. Nú greinir menn á um takmörk fiskihverfis, vatns eða hluta vatns, svo sem óss, leiru, áls, kvíslar, foss, lagnar eða veiðistaðar, um það, hvar aðalstraumlína ár sé, hvað teljast skuli kvísl eða áll, eða um önnur slík ákvæði laga þessara, og skal þá skera úr þeim ágreiningi með matsgerð.

b. 3. málsgr. sömu greinar orðist svo:

3. Mati má skjóta til yfirmats innan 6 vikna frá birtingu matsgerðar. Í yfirmati eiga sæti 3 menn, er ráðherra skipar til 5 ára í senn, og skal einn þeirra valinn meðal dómara hæstaréttar, en annar eftir tilnefningu veiðimálanefndar.

8. gr.

90. gr. laganna orðist þannig:

Brot þau, er ræðir um í a—b-liðum 87. gr. og 88. gr., teljast fullframin jafnskjótt og veiðarfærin eru komin að veiðistað, nema sannað sé, að þau hafi verið flutt þangað í lögmætum tilgangi.

9. gr.

95. gr. laganna falli burt.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

11. gr.

Þá er lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella meginmál þeirra, ásamt meginmáli laga nr. 79 23. júní 1936, laga nr. 28 13. jan. 1938, laga nr. 50 11. júní s. á., laga nr. 23 12. júní 1939 og laga nr. 62 7. maí 1940 inn í lög nr. 61 23. júní 1932, um lax- og silungsveiði, og gefa þau út svo breytt.

*Gjört í Reykjavík, 27. júní 1941.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Hermann Jónasson.*

# LÖG 60 27. júní

## um greiðslu verðlagsuppbótar á styrk til héraðs-, gagnfræða- og húsmæðraskóla.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Greiða skal verðlagsuppbót á styrk þann, sem greiða ber samkvæmt lögum nr. 33 1940, um héraðsskóla, lögum nr. 60 1938, um húsmæðrafræðslu í sveitum, og lögum nr. 48 1930, um gagnfræðaskóla.

2. gr.

Ríkissjóður og hlutaðeigandi bæjarsjóður greiða hvor um sig sömu verðlagsuppbót á þann styrk, er þeim ber að greiða viðkomandi skóla, og greidd er á sama

60 tíma og skólarnir starfa á laun embættismanna og annarra starfsmanna ríkisins og
27. júní ríkisstofnana, þó með þeirri undantekningu, að ekki gildi ákvæðin um hámarkstölu þá, er um getur í 3. gr. téðra laga.

3. gr.

Ákvæði þessara laga gilda frá 1. janúar 1941.

*Gjört í Reykjavík, 27. júní 1941.*

**Sveinn Björnsson.**
(L. S.)

*Hermann Jónasson.*

61
27. júní

# LÖG

**um breyting á lögum nr. 39 28. jan. 1935, um breyting á lögum nr. 46 27. júní 1921, um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna.**

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Annar málsliður 1. mgr. 1. gr. laganna orðist svo:

En upphæð meðalmeðgjafa með óskilgetnum börnum ákveður félagsmálaráðuneytið, að fengnum tillögum sýslunefnda og bæjarstjórna, fyrir hvert sveitarfélag um eitt ár í senn, og skal miða meðalmeðgjöf við aldur barna hinn sama á öllu landinu. Meðlagsárið er frá 1. ágúst ár hvert til 31. júlí næsta ár á eftir. Við ákvörðun meðalmeðgjafa skal þess gætt í hvert sinn, að þær hækki eigi minna en nemi aukinni dýrtíð samkvæmt síðustu vísitölu kauplagsnefndar. Þó skal við ákvörðun meðalmeðgjafa meðlagsárið 1. ágúst 1941—31. júlí 1942 auk þess tekið tillit til þess, að eigi voru greiddar verðlagsuppbætur á meðlög næsta meðlagsár á undan.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 27. júní 1941.*

**Sveinn Björnsson.**
(L. S.)

*Stefán Jóh. Stefánsson.*

# LÖG

62
27. júní

## um breyting á lögum nr. 99 11. júní 1938, um fiskveiðasjóð Íslands.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

**1. gr.**

1. gr. laganna orðist svo:

Tilgangur fiskveiðasjóðs Íslands er að styðja fiskveiðar Íslendinga, einkum bátaútveginn, með hagkvæmum stofnlánum til skipa, fiskverkunarstöðva og verksmiðja til vinnslu úr sjávarafurðum.

**2. gr.**

2. gr. laganna orðist svo:

A. Stofnfé sjóðsins er:

1. Eignir fiskveiðasjóðs Íslands og skuldaskilasjóðs vélbátaeigenda, eins og þær eru nú.
2. Tillag úr ríkissjóði, ein milljón króna, samkvæmt lögum nr. 99 11. júní 1938.

B. Tekjur sjóðsins eru:

1. Hundraðsgjald af útfluttum sjávarafurðum samkv. lögum nr. 47 19. maí 1930, um fiskveiðasjóðsgjald.
2. Einn fjórði hluti þess útflutningsgjalds, sem ríkissjóður tekur árlega af hvers konar sjávarafurðum.
3. Vextir.

**3. gr.**

Í stað orðanna „1½ milljón“ á tveim stöðum í 3. gr. laganna komi: 4 milljónum.

**4. gr.**

Í stað orðsins „fiskafurðir“ í lok 4. gr. laganna komi: sjávarafurðir.

**5. gr.**

5. gr. laganna orðist svo:

Út á ný skip með nýjum vélum má lána allt að helmingi virðingarverðs. Ef einnig er um aukatryggingar að ræða, sem sjóðsstjórnin metur gildar, má lána allt að ⅗ virðingarverðs, sé skipið smíðað hér á landi.

Um lán út á skip eldri en eins árs fer eftir ákvörðun sjóðsstjórnarinnar í hvert skipti.

Lengsti lánstími samkv. a-lið 4. gr. er 15 ár.

**6. gr.**

Í stað orðanna „35 þúsund“ í niðurlagi 6. gr. laganna komi: 75 þúsund.

**7. gr.**

Upphaf 7. gr. laganna orðist svo:

Vextir af lánum fiskveiðasjóðs skulu vera 4½% — fjórir og hálfur af hundraði.

**8. gr.**

Fyrir „Ákvæði 12., 13. og 14. gr.“ í 15. gr. laganna komi: Ákvæði 11., 12., 13. og 14. gr.

62
27. júní

9. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað, og eru jafnframt úr gildi felld lög nr. 17 12. febr. 1940, um breytingar á lögum nr. 99 11. júní 1938, um fiskveiðasjóð Íslands.

10. gr.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 99 11. júní 1938 og gefa þau út svo breytt sem lög um fiskveiðasjóð Íslands.

*Gjört í Reykjavík, 27. júní 1941.*

**Sveinn Björnsson.**
(L. S.)

*Ólafur Thors.*

63
27. júní

# LÖG

## um heimild fyrir kaupstaði og hreppsfélög til að koma á þegnskylduvinnu.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Heimilt er bæjarstjórnum og hreppsnefndum, með samþykki atvinnumálaráðherra, að stofna til þegnskylduvinnu eftir þeim reglum, sem felast í lögum þessum.

2. gr.

Nú vill hreppsnefnd eða bæjarstjórn öll eða meiri hluti þeirra stofna til þegnskylduvinnu samkvæmt lögum þessum, eða þeim berast bréflegar áskoranir um það frá minnst $\frac{1}{5}$ hluta kjósenda innan umdæmisins, og er henni þá skylt að láta atkvæðagreiðslu fara fram um málið á venjulegan hátt, en áður skal halda almennan fund um það, verði því við komið. Fundur eða atkvæðagreiðsla um málið sé boðað með hálfs mánaðar fyrirvara, og sé þá að jafnaði auglýst, hvaða verkefni eigi að leysa með þegnskylduvinnunni, hve mörg ár samþykktin eigi að gilda, og hve lengi vinnan skuli vara fyrir hvern þegnskyldan mann. Ef minnst $\frac{3}{5}$ hlutar kosningarbærra manna í sveitamálefnum, sem atkvæði greiddu, hafa goldið jákvæði tillögunni um þegnskylduvinnu, enda hafi að minnsta kosti helmingur kjósenda tekið þátt í atkvæðagreiðslunni, er samþykktin orðin bindandi, að fenginni staðfestingu atvinnumálaráðherra.

3. gr.

Þegnskylduvinna nær til allra heimilisfastra, vinnufærra karlmanna á aldrinum 16—25 ára, eftir því sem ákveðið er í reglugerð. Enginn er þó þegnskyldur lengur en þrjú ár samtals. Þegnskylduvinna má vara allt að hálfum mánuði fyrir hvern einstakling árlega, og eigi lengur samtals en 6 vikur.

Þeir, sem þegnskyldu inna af hendi, skulu fá þóknun, er nægi þeim til greiðslu fæðis og dvalarkostnaðar meðan vinnan stendur yfir. Teljast útgjöld þessi með kostnaði við framkvæmd þegnskylduvinnunnar.

4. gr.

Nú hefur hreppsfélag eða kaupstaður gert samþykkt um þegnskylduvinnu og ráðherra staðfest samþykktina, og skal þá skipuð þegnskylduvinnunefnd til 4 ára í senn.

Í hreppsfélögum kýs hreppsnefnd einn mann í þegnskylduvinnunefnd, skólanefnd annan, en ráðherra skipar formann.

Í kaupstöðum skipar ráðherra formann þegnskylduvinnunefndar, en bæjarstjórn kýs aðra nefndarmenn.

Heimilt er, með samþykki ráðherra, að fela skólanefndum störf þegnskylduvinnunefnda.

Þegnskylduvinnunefnd skal gera frumvarp til reglugerðar um tilhögun og framkvæmd þegnskylduvinnunnar, er ráðherra staðfestir þá þegar, eða að gerðum þeim breytingum, er hann telur nauðsynlegar. Nefndin úrskurðar og um það, hverjir skuli inna af hendi þegnskylduvinnu á hverju ári. Undanþágur eða frestir skulu veittir, ef um veikindi eða aðrar gildar ástæður er að ræða. Þegnskylduvinnunefnd ræður kennara og verkstjóra við þegnskylduvinnu.

5. gr.

Í þegnskylduvinnu má vinna að hverju því verkefni, sem til framfara horfir eða almenningsheilla, svo sem hvers konar jarðrækt, vegagerð, skógrækt, sundlauga- og leikvallagerð, skólahúsbyggingum o. fl.

Þegnskylduvinnunefnd ákveður verkefnin og hefur umsjón með framkvæmdum í samráði við þær stjórnardeildir, sem ráðherra felur yfirumsjónina.

6. gr.

Þegnskylduvinnunefnd skal árlega gera áætlun um kostnað af framkvæmd þegnskylduvinnu. Skal áætlunin lögð fyrir hreppsnefnd eða bæjarstjórn til staðfestingar og síðan send ráðherra.

Ríkissjóður greiðir hálfan kostnað af þegnskylduvinnu samkvæmt áætlun af því fé, sem árlega er veitt á fjárlögum í þeim tilgangi, en hreppssjóður eða bæjarsjóður hálfan kostnað og þann kostnað, er verða kann umfram áætlun.

Nú er útlit fyrir, að fjárveiting hrökkvi ekki fyrir eftirspurn eftir þegnskylduvinnustyrk, og skal þá ráðherra tilkynna svo fljótt sem auðið er um fjárhæð væntanlegs styrks.

7. gr.

Nú kemur þegnskyldur maður ekki til vinnu eftir fyrirlagi þegnskylduvinnunefndar, og sætir hann þá sektum, er nema tvöföldu dagkaupi við sams konar störf fyrir þau dagsverk, er tapast. Sektir renna í hreppssjóð.

*Gjört í Reykjavík, 27. júní 1941.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Ólafur Thors.*

64
27. júní

# LÖG
## um jarðakaup ríkisins vegna kauptúna og sjávarþorpa.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að kaupa jarðir, lönd og lóðir í kauptúnum og sjávarþorpum, eða í grennd við þau, eftir því sem fyrir er mælt í lögum þessum.

2. gr.

Skilyrði fyrir því, að ríkið kaupi jarðir, lönd og lóðir samkv. lögum þessum, eru:

a. Að landið sé ekki í eign hlutaðeigandi hrepps, þorps eða kauptúns.
b. Að samþykkt hafi verið á lögmætum hreppsnefndarfundi formleg beiðni um, að kaupin séu gerð, og fylgi henni rökstuðningur fyrir því, að hlutaðeigandi hreppur sé ekki fjárhagslega fær um að standa undir kaupunum.
c. Að beiðnin hafi verið samþykkt með meiri hluta atkvæða lögmæts fundar kosningabærra kaupstaðar- eða þorpsbúa, sem hlut eiga að máli, og að tekið hafi verið fram í fundarboðinu, að atkvæðagreiðsla fari fram í málinu.
d. Að fyrir liggi rökstutt álit Búnaðarfélags Íslands um, að þorpið eða kauptúnið hafi þörf fyrir að fá landið til afnota vegna ræktunar eða annarra framkvæmda og að lífvænleg atvinnuskilyrði séu fyrir hendi á staðnum og ekki sé hætta á, að byggð muni leggjast þar niður.

3. gr.

Jarðir þær, lönd og lóðir, er ríkissjóður kaupir samkvæmt lögum þessum, skal hann leigja hlutaðeigandi hreppi með ævarandi leigaréttindum, sbr. þó 5. gr., og sé árleg leiga 4% af kaupverði eignarinnar. Hreppnum er skylt að leigja landið út til hlutaðeigandi þorps- eða kauptúnsbúa, eftir því sem lög og reglur þar um mæla fyrir.

4. gr.

Skylt er ríkinu, ef hreppsnefnd óskar þess, að selja hreppnum með hagkvæmum greiðsluskilmálum jarðir þær, lönd og lóðir, er ríkið kaupir samkvæmt lögum þessum, með kostnaðarverði. Eignir þessar mega hrepparnir ekki selja aftur, nema með samþykki ríkisstjórnar.

5. gr.

Nú stendur hreppur eigi í skilum með umsamda leigu af jörð eða lóðum til ríkissjóðs, eða ræktun og mannvirki ganga úr sér, eða náttúrugæðum er spillt, svo að eignin rýrnar í verði, og hefur hann þá fyrirgert leiguréttindum sínum. Er þá ríkissjóði heimilt að taka í sínar hendur öll umráð hinnar leigðu eignar, svo og innheimtu lóðar- og erfðafestugjalda.

6. gr.

Nú vill ríkið kaupa lönd eða lóðir samkv. lögum þessum, en eigandi vill ekki selja eða samkomulag næst eigi um kaupverðið, og er þá heimilt að taka löndin eða lóðirnar eignarnámi samkvæmt lögum nr. 61 14. nóv. 1917, um framkvæmd eignarnáms, með eftirfarandi skilyrðum:

a. Að eigandi lands eða lóðar geti haldið eftir hæfilega stóru landi fyrir sjálfstæðan búrekstur eða annan atvinnurekstur, samkvæmt áliti Búnaðarfélags Íslands. 64 27. júní

b. Að leitað sé ráða og umsagnar Búnaðarfélags Íslands, áður en eignarnám fer fram samkvæmt lögum þessum, og má aldrei heimila eignarnám án samþykkis Búnaðarfélags Íslands. Skal Búnaðarfélagið sérstaklega gæta þess, að ekki verði um of þrengt að hagsmunum annarra aðila í hreppnum, né þeirra, sem eiga það land, sem tekið er eignarnámi.

Land, sem liggur í öðru hreppsfélagi, má því aðeins taka eignarnámi, að landið liggi að hreppamörkum. Skal þá jafnframt, ef óskir koma fram um það, leitað samninga um, að hið tekna land verði lagt undir þann hrepp, er það notar, og ákveður ráðherra, að svo skuli gert, ef hreppsnefndir þær, er hlut eiga að máli, verða ásáttar um skilmála og sýslunefnd mælir með. Að öðrum kosti verður hreppamörkunum ekki breytt nema með lögum.

7. gr.

Kostnaður við framkvæmd laga þessara greiðist úr ríkissjóði, enda sé árlega tekin upp í fjárlög hæfileg fjárhæð í þessu skyni. Framkvæmd laganna má fela stjórn jarðakaupasjóðs ríkisins.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 27. júní 1941.*

**Sveinn Björnsson.**
(L. S.)

*Hermann Jónasson.*

# LÖG

## um húsmæðrafræðslu í kaupstöðum.

65 27. júní

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Stofna skal húsmæðraskóla í kaupstöðum, þegar fé er veitt til þess í fjárlögum og úr viðkomandi bæjarsjóði og þeim skilyrðum fullnægt, sem sett eru í lögum þessum.

2. gr.

Tilgangur húsmæðraskóla er að veita stúlkum þá fræðslu og tækni, sem nauðsynleg er til að inna af hendi venjuleg heimilisstörf og stjórna heimili.

3. gr.

Nemendur skulu ekki vera yngri en 16 ára. Skólanefnd er þó heimilt að veita undanþágu frá þessu ákvæði, þegar sérstakar ástæður liggja til.

4. gr.

Námstími skal vera eitt eða tvö skólaár, eða minnst 3 mánaða námskeið. Skólaár miðast við minnst 7 mánaða kennslu.

65 Halda má skemmri námskeið í verklegum greinum, en styrkhæf eru þau þó því
27. júní aðeins, að þau standi a. m. k. í fjórar vikur.

5. gr.

Aðalnámsgreinar skulu vera: Íslenzka, búreikningur, uppeldisfræði, matreiðsla, handiðnir og heimilisstörf. Enn fremur skal leiðbeina nokkuð um heilsufræði, hjúkrun, meðferð ungbarna og garðrækt.

6. gr.

Fimm manna nefnd skal hafa yfirstjórn húsmæðraskóla. Skipar kennslumálaráðherra formann skólanefndar, en aðrir nefndarmenn skulu kosnir af bæjarstjórn.

Bæjarstjórnum er heimilt að fela kvenfélögum eða kvenfélagasamböndum tilnefning skólanefndarmanna. Nú leggja kvenfélög eða kvenfélagasambönd fram fé til stofnkostnaðar, og er þá skylt að fela þeim tilnefning svo margra skólanefndarmanna sem ráðherra úrskurðar.

Skólanefnd skal kosin til 4 ára í senn.

7. gr.

Forstöðukona og fastir kennarar húsmæðraskóla skulu skipaðir af ráðherra, að fengnum tillögum skólanefndar. Aðra kennara og starfsmenn ræður forstöðukona með samþykki skólanefndar.

Skólanefnd getur sagt forstöðukonu og föstum kennurum upp störfum með 6 mánaða fyrirvara, en þeir eiga rétt til að skjóta málinu til úrskurðar ráðherra.

8. gr.

Ríkissjóður leggur fram ¾ stofnkostnaðar húsmæðraskólanna.

Árlegan ríkisstyrk skal miða við 7 mánaða kennslu, og hækkar hann hlutfallslega, ef lengur er kennt.

Ríkissjóður greiðir árlega kr. 6750.00 fyrir fyrstu 15 nemendur, kr. 400 fyrir hvern næstu 15 og kr. 300 fyrir hvern nemanda þar fram yfir.

Ríkissjóðsstyrkur fyrir 3 mánaða námskeið eða lengri greiðist eftir sömu reglu, í hlutfalli við tímalengd.

Nú eru haldin skemmri námskeið, er standi þó a. m. k. í 4 vikur, og greiðir ríkissjóður frá 10 kr. vegna vikukennslu hvers nemanda.

Bæjarsjóður ber ábyrgð á rekstrarkostnaði húsmæðraskóla. Óheimilt er að taka kennslugjald.

9. gr.

Nú er stofnun húsmæðraskóla ráðin, og skal þá bæjarstjórn skipa byggingarnefnd, sem undirbýr uppdrætti að skólahúsi og gerir tillögu um skólastað. Bæjarstjórn úrskurðar um skólastað og leggur ókeypis lóð og ræktunarland til skólans. Fræðslumálastjórnin úrskurðar um skólahústeikningu.

Húsmæðraskóli skal eiga öll nauðsynlegustu tæki til verklegrar kennslu, og telst kostnaðarverð þeirra til stofnkostnaðar. Húsmæðraskóli skal og hafa til umráða landrými til nokkurrar garðræktar og annars smábúskapar.

Ef henta þykir, má koma á heimavist fyrir ákveðna tölu nemenda. Húsaleiga má þó aldrei vera hærri yfir skólaárið en 40 kr. á nemanda.

10. gr.

Nú er húsmæðraskóli rekinn í leiguhúsnæði, og greiðir ríkissjóður þá árlega hálfa húsaleigu, enda samþykki fræðslumálastjórnin húsnæði og leigumála.

Heimilt er skólanefnd, með samþykki bæjarstjórnar og ráðherra, að kaupa eldra húsnæði til húsmæðraskólahalds.

11. gr. 65 27. júní

Heimilt er að setja á stofn húsmæðrakennaradeild í sambandi við húsmæðraskóla Reykjavíkur eða sem sjálfstæða stofnun. Stofnkostnaður og árlegur rekstrarkostnaður kennaradeildarinnar greiðist úr ríkissjóði. Fræðslumálastjórnin sér um framkvæmd þessarar heimildar, þegar fé er veitt til þess í fjárlögum.

Tilgangur húsmæðrakennaradeildar er að veita hæfilega menntun húsmæðrakennslukonum, matreiðslukennurum við barnaskóla, ráðskonum sjúkrahúsa og heimavista o. s. frv.

Skal heimild þessi framkvæmd í sambandi við heimild um stofnun húsmæðrakennaraskóla í 13. gr. laga nr. 60 1938, um húsmæðrafræðslu í sveitum, þannig að samstarf um fræðsluna verði sem mest og kostnaður sem minnstur á báðum stöðum.

12. gr.

Fræðslumálastjórnin setur, að fengnum tillögum viðkomandi skólanefndar, reglugerð um skólahaldið, og skal þar nánar ákveðið um kennslutilhögun, námsgreinar, kennslutæki, heimilishætti og annað það, sem þurfa þykir.

13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 27. júní 1941.*

**Sveinn Björnsson.**
(L. S.)

*Hermann Jónasson.*

# LÖG

66 27. júní

## um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja jörðina Reykjarhól í Seyluhreppi í Skagafjarðarsýslu, ásamt nýbýlinu Varmahlíð.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að selja Varmahlíðarfélaginu í Skagafirði jörðina Reykjarhól í Seyluhreppi í Skagafjarðarsýslu, ásamt nýbýlinu Varmahlíð, sem er eign ríkissjóðs, ef samkomulag næst um verð og með því skilyrði, að þar verði reistur héraðsskóli Skagfirðinga.

2. gr.

Um greiðsluskilmála skal fara eins og venja var til við sölu þjóð- og kirkjujarða, sbr. lög nr. 31 20. okt. 1905.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 27. júní 1941.*

**Sveinn Björnsson.**
(L. S.)

*Hermann Jónasson.*

67
27. júní

# LÖG

## um breyting á lögum nr. 60 11. júní 1938, um húsmæðrafræðslu í sveitum.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

10. gr. laganna orðist svo:

Ríkissjóður greiðir ¾ alls stofnkostnaðar, eftir því sem fé er veitt í fjárlögum eða Alþingi heimilar, að ríkissjóður taki að sér af stofnskuldum skólanna, eftir að lög þessi eru komin í gildi.

Þegar ríkissjóður greiðir stofnstyrk, má aðeins verja því fé til húsabóta og annarra umbóta á skólasetrinu, í samráði við kennslumálaráðherra.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 27. júní 1941.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Hermann Jónasson.*

68
27. júní

# LÖG

## um breyting á lögum nr. 76 11. júní 1938, um byggingar- og landnámssjóð, og lögum nr. 58 8. sept. 1931, um einkasölu ríkisins á tóbaki.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

**1. gr.**

Í stað „200 þúsund kr.“ í 2. tölulið 3. gr. laga nr. 76 11. júní 1938 komi: 300 þúsund krónur, en jafnframt fellur niður tillag til sjóðsins samkvæmt 14. gr. laga nr. 58 8. sept. 1931, um einkasölu ríkisins á tóbaki.

Meðan vísitala kauplagsnefndar er 110 eða hærri, skal framlag ríkissjóðs hækka til samræmis við vísitölu Hagstofu Íslands um byggingu íveruhúsa, miðað við sömu vísitölu 1939. Hækkunin reiknast þó ekki af hærri höfuðstóli en 125000 kr.

**2. gr.**

11. gr. laga nr. 76 11. júní 1938 orðist þannig:

Ríkissjóður leggur árlega fram 250 þúsund krónur til þess að styrkja endurbyggingu íbúðarhúsa í sveitum. Verði um eitt eða fleiri ár ekki reist það mörg íbúðarhús, að allt framlagið þurfi til byggingarstyrkja, skal sá hluti þess, sem afgangs verður á hverju ári, leggjast í sjóð og ávaxtast, þar til styrkþörfin verður

meiri en svo, að hið árlega framlag geti fullnægt henni. Styrkurinn sé óafturkræft framlag. 68



3. gr.

a. Á eftir orðunum „500—1500 krónur“ í næstsíðustu mgr. 12. gr. sömu laga bætist: að viðbættum þeim hundraðshluta, er byggingarkostnaður íveruhúsa hefur, þegar húsið er reist, hækkað frá árinu 1939, samkvæmt vísitölu hagstofunnar.
b. Í stað „6000 krónur“ í sömu lagagr. komi: 9000 krónur.

4. gr.

22. gr. sömu laga fellur niður, og breytist greinatalan samkvæmt því.

5. gr.

23. gr. sömu laga, sem verður 22. gr., orðist þannig:

Nýbýlastjórn skal skipuð þremur mönnum, formanni, er landbúnaðarráðherra skipar til fjögurra ára í senn, og tveimur meðstjórnendum, er landbúnaðarnefndir Alþingis kjósa hlutfallskosningu til jafnlangs tíma. Skulu tveir varamenn kosnir á sama hátt. Formaður er framkvæmdarstjóri nýbýlastjórnar og annast dagleg störf hennar.

Nýbýlastjórnin ákveður styrk til nýbýla og hefur aðrar framkvæmdir í nýbýlamálum.

Landbúnaðarráðherra ákveður laun nýbýlastjórnar, og takast þau ásamt kostnaði við skrifstofuhald af fé því, sem árlega er veitt til nýbýla.

6. gr.

Í stað „nýbýlastjóra í störfum hans“ í 24. gr. sömu laga komi: nýbýlastjórn í störfum hennar.

7. gr.

a. Í stað orðanna „nýbýlanefnd og undir eftirliti nýbýlastjóra“ í a-lið 26. gr. sömu laga komi: nýbýlastjórn og undir eftirliti hennar.
b. Í stað „nýbýlastjóri“ á tveim stöðum í b-lið sömu lagagr. komi: formaður nýbýlastjórnar.
c. Í stað „nýbýlastjóri“ í c-lið 2. í sömu lagagr. komi: formaður nýbýlastjórnar.
d. Í stað „Nýbýlastjóri og nýbýlanefnd ákveða“ í c-lið 4. sömu lagagr. komi: Nýbýlastjórn ákveður.
e. Í stað „Nýbýlanefnd og nýbýlastjóri ákveða“ í c-lið 5. sömu lagagr. komi: Nýbýlastjórn ákveður.

8. gr.

Í stað „nýbýlanefndar“ í niðurlagi fyrri málsgr. 28. gr. sömu laga komi: nýbýlastjórnar.

9. gr.

a. Í stað „nýbýlanefndar“ í 2. tölul. 30. gr. sömu laga komi: nýbýlastjórnar.
b. Í stað „nýbýlanefndar“ í 3. tölul. sömu lagagr. komi: nýbýlastjórnar.

10. gr.

Í stað „nýbýlastjóra“ í 1. tölul. 31. gr. sömu laga komi: nýbýlastjórn — og í stað „nýbýlanefnd“ komi: hún.

11. gr.

Í stað „nýbýlanefndar“ í 33. gr. sömu laga komi: nýbýlastjórnar.

12. gr.

a. Í stað „3500“ í 34. gr. sömu laga komi: 4500.
b. Í stað „nýbýlanefndar“ í sömu lagagr. komi: nýbýlastjórnar.

68
27. júní

13. gr.

Í stað „3500“ á tveim stöðum í 36. gr. sömu laga komi: 4500.

14. gr.

37. gr. sömu laga orðist svo:

**Í fjárlögum fyrir hvert ár skal ákveðið, hve miklu fé skal verja til nýbýla. Nýbýlastjórn ákveður, hverjir umsækjenda skuli fá styrk og hversu háan hver. Á sama hátt gerir hún tillögur til stjórnar Búnaðarbankans um, hverjir skuli fá lán úr nýbýlasjóði og hversu háa upphæð hver. Verði ágreiningur millum stjórna þessara um lánveitingar úr nýbýlasjóði, skal honum skotið til landbúnaðarráðherra, og ræður þá hans atkvæði í málinu.**

15. gr.

Í stað „nýbýlastjóra“ í síðustu málsgr. 38. gr. sömu laga komi: nýbýlastjórnar.

16. gr.

Í stað „nýbýlastjóri“ á 3 stöðum í 39. gr. sömu laga komi: nýbýlastjórn.

17. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og taka ákvæði laganna um fjárframlög úr ríkissjóði til sjóðsins til ársins 1941. Þegar þau hafa verið staðfest, skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 76 frá 1938 og gefa þau út svo breytt.

*Gjört í Reykjavík, 27. júní 1941.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Hermann Jónasson.*

69
27. júní

# LÖG

## um sparisjóði.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Sparisjóðir hafa það markmið að taka við innlánsfé og geyma það og ávaxta á sem tryggastan hátt, svo sem nánar er fyrir mælt í lögum þessum, án þess stofnendur eða aðrir eigendur og ábyrgðarmenn hafi rétt til ágóða af rekstrarafgangi starfseminnar.

Sparisjóði má ekki nefna aðrar stofnanir eða sjóði en þá, sem fullnægja ákvæðum laga þessara, og mega engar aðrar stofnanir reka nein sparisjóðsstörf án sérstakrar lagaheimildar.

2. gr.

Ekki má stofna sparisjóði nema með leyfi ráðherra þess, er fer með bankamál, enda hafi umsagnar sparisjóðseftirlitsins áður verið leitað. Stofnendur geta verið félag einstakra manna, bæjarfélag, sýslufélag og hreppsfélag, að fengnu leyfi sýslunefndar.

3. gr.

Þegar stofna á nýjan sparisjóð, ber að senda ráðuneyti því, er fer með bankamál, samþykktir sjóðsins til staðfestingar, og má sjóðurinn ekki taka til starfa fyrr en staðfesting er fengin.

Í samþykktum sparisjóðs skulu meðal annars jafnan vera ákvæði:

a. Um stofnfé, tryggingarfé og ábyrgðir.
b. Um stjórn sjóðsins og starfrækslu.
c. Um móttöku sparifjár, þar á meðal hámark innstæðu einstakra viðskiptamanna, hámark útborgana á sparifé og hvaða fresti sjóðurinn áskilur sér um uppsögn og greiðslu á því.
d. Um vaxtagreiðslu af sparifé.
e. Um lán úr sjóðnum.
f. Um ágóða sjóðsins og varasjóð.
g. Um endurskoðun og úrskurð á reikningum sjóðsins.
h. Um hvernig samþykktum sjóðsins geti orðið breytt svo að löglegt sé.

4. gr.

Stofnendur sparisjóða eða ábyrgðarmenn, eða aðrir þeir, er lagt hafa fram fé til starfrækslu sparisjóðs, hvort heldur er stofnfé eða greitt ábyrgðarfé, mega ekki fá hærri arð eða vexti af slíku fé en 1% umfram innlánsvexti sjóðsins.

5. gr.

Í stjórn hvers sparisjóðs mega ekki vera færri en 3 menn. Stjórnin kýs sér formann.

Sé sparisjóður eign sýslu eða bæjarfélags, skal stjórnin kosin af hlutaðeigandi sýslunefnd eða bæjarstjórn með hlutfallskosningu.

Stjórn sparisjóðs, sem er eign félags einstakra manna og hefur á hverjum tíma minnst ábyrgð 20 manna í kaupstöðum eða 12 manna utan kaupstaða, enda sé lágmark ábyrgðarfjár 5 þús. kr. í kaupstöðum og 3 þús. kr. utan þeirra, skal kosin þannig, að meiri hlutinn, t. d. 2 af 3 eða 3 af 5, skulu kosnir af ábyrgðarmönnum á aðalfundi sparisjóðsins, sem haldinn skal eigi síðar en í aprílmánuði ár hvert, hinir stjórnarmennirnir skulu kosnir á sama tíma af viðkomandi bæjarstjórn eða sýslunefnd. Hlutfallskosning skal viðhöfð, ef óskað er, þegar tvo eða fleiri skal kjósa.

Nú hefur sparisjóður, sem er eign félags einstakra manna, ekki ábyrgð svo margra manna eða svo mikið ábyrgðarfé sem í þriðju málsgrein segir, og skal stjórn hans þá kosin af sýslunefnd eða bæjarstjórn með hlutfallskosningu.

Um kosningu í stjórn sparisjóðs, sem er eign hreppsfélags, fer sem fyrir er mælt í samþykktum sjóðsins.

Engan má kjósa í stjórn sparisjóðs til lengri tíma en 4 ára í senn. Stjórn sparisjóðs ræður starfsmenn og hefur umsjón með öllum framkvæmdum sjóðsins.

Tilkynna skal sparisjóðseftirlitinu tafarlaust, hverjir eru kosnir í stjórn sparisjóðs og ráðnir starfsmenn hans.

Birta skal í lögbirtingablaði, hverjir séu stjórnendur sparisjóðs og starfsmenn og hverjir þeirra hafi umboð til að undirrita skuldbindingar og kvittanir fyrir sjóðinn.

Stjórnendur bera ábyrgð allir fyrir einn og einn fyrir alla á því, að ekkert af fé sjóðsins fari forgörðum fyrir hirðuleysi.

Tapist eitthvað af fé sparisjóðs fyrir handvömm eða óráðvendni sparisjóðsstjórnar eða starfsmanna eða annarra, sem við hann eru riðnir, skal hlutaðeigendum skylt að bæta skaðann, ef krafizt er, og sæti þeir auk þess hegningu eins og lög standa til um sýslunarmenn hins opinbera.

6. gr.

Stjórnendur sparisjóðs og starfsmenn mega ekki sjálfir taka lán úr sjóðnum. Eigi mega þeir heldur ábyrgjast lán úr sjóðnum fyrir aðra, né reka eigin lánastarfsemi eða aðra atvinnu, er komið geti í bága við hagsmuni sjóðsins.

Sé stjórnandi eða starfsmaður sparisjóðs í stjórn annars fyrirtækis eða framkvæmdarstjóri þess, má ekki veita því fyrirtæki lán úr sjóðnum, nema sparisjóðsstjórn samþykki það einróma og sparisjóðseftirlitið leyfi það. Þó þarf ekki slíkt leyfi til að veita lán gegn veði í fasteign, enda fari lánið ásamt því, er áður kann að hvíla á eigninni, ekki fram úr ³⁄₅ matsverðs fasteignarinnar.

7. gr.

Við hvern sparisjóð skulu vera að minnsta kosti tveir starfsmenn, féhirðir og bókari.

Það skal vera aðalreglan, að eigi má greiða neina fjárhæð úr sparisjóði eða í hann, nema tveir af starfsmönnum hans eða stjórnendum séu viðstaddir, og riti þeir upphæðina tafarlaust í bækur sparisjóðsins hvor um sig. Þó má féhirðir veita móttöku greiðslum í sjóðinn án þess að annar starfsmaður sé viðstaddur, en þá skal hann sömuleiðis tafarlaust rita greiðsluna inn í bækur sparisjóðsins. Sömuleiðis getur féhirðir greitt fé úr sjóðnum gegn ávísun formanns, þótt aðrir starfsmenn séu eigi viðstaddir. Heimilt er, að stjórnendur sjóðsins hafi þessi störf með höndum.

8. gr.

Hafi féhirðir sparisjóðs þóknun úr sjóðnum fyrir starf sitt, er nemi 600 kr. eða meira, skal hann setja trygging fyrir fé því, sem honum er trúað fyrir. Sparisjóðseftirlitið ákveður fjárhæð tryggingar, að fengnum tillögum sparisjóðsstjórnar.

9. gr.

Við hvern sparisjóð skulu vera tveir endurskoðunarmenn, kosnir til eins árs af viðkomandi bæjarstjórn eða sýslunefnd með hlutfallskosningu. Þeir skulu rannsaka allar bækur og reikninga sparisjóðsins og gefa gætur að því, svo oft sem þörf er á, að ekkert vanti á eigur sjóðsins. Þeir hafa jafnframt eftirlit með því, að rekstur sparisjóðsins sé í fullu samræmi við samþykktir hans.

Finni endurskoðunarmenn eitthvað athugavert við reikningsfærslu eða starfrækslu sparisjóðsins, annast þeir um, að stjórn sparisjóðsins bæti tafarlaust úr því, sem ábótavant er. Taki stjórn sparisjóðs athugasemdir endurskoðunarmanna ekki til greina, eða tregðist við að bæta úr ágöllum, sem þeir telja vera á starfrækslu sjóðsins, skulu endurskoðunarmenn tafarlaust tilkynna sparisjóðseftirlitinu það.

Ráðherra setur, eftir tillögum sparisjóðseftirlitsins, nánari reglur um endurskoðun á reikningum og bókum sparisjóða.

10. gr.

Í öllum viðskiptabókum sparisjóðs skal vera prentað ágrip af lögum þessum, eftir nánari ákvæðum ráðuneytis þess, er fer með bankamál, svo og samþykktir sparisjóðsins.

Taki sparisjóður við innlögum með þeim kjörum, að hægt sé að taka út peninga af innstæðunni gegn ávísun og án þess að viðskiptabók sé sýnd, skal greinilega letrað á bókina, að hún sýni ekki ávallt rétta innstæðu og sé því ekki veðhæf.

Innstæðueigandi getur áskilið, að á áberandi stað á viðskiptabók sinni sé letrað, að hann einn, eða sá, er hann gefur skriflegt umboð til þess, geti hafið peninga úr henni.

69
27. júní

11. gr.

Ef viðskiptabók, sem gefin er út fyrir sparisjóðsinnstæður, glatast, skal heimilt að innkalla með auglýsingu, sem prentuð sé þrisvar í röð í lögbirtingablaði, með 6 mánaða fyrirvara frá því að fyrsta auglýsingin er birt, hvern þann, sem í höndum kann að hafa viðskiptabókina, og ef enginn hefur sagt til sín áður en téður frestur er liðinn, þá má greiða þeim, sem viðskiptabókina hefur fengið, upphæðina, án þess nokkur annar, sem viðskiptabókin kann að hafa verið afsöluð, geti gert kröfu á hendur sparisjóði þeim, sem í hlut á.

Ef eigandi að viðskiptabók hreyfir ekki innstæðu sína í 15 ár samfleytt, skal ekki reikna vexti af innstæðunni framar. Ber þá að skora á eiganda að segja til sín, og skal það gert með auglýsingu á sama hátt og ef bók glatast. Ef hann gefur sig ekki fram áður en tilskilinn frestur er liðinn, er viðskiptabók hans ógild og féð ásamt vöxtum eign sparisjóðsins. Þó er stjórn sjóðsins heimilt að greiða féð, að meira eða minna leyti, ef réttur eigandi gefur sig fram innan fimm ára.

12. gr.

Af sparisjóðsinnstæðu má ekki greiða nema því aðeins, að viðskiptabókin sé sýnd, og skal upphæðin þá jafnframt skráð í hana. Þó má greiða innstæðufé gegn ávísun, ef eigandi hefur samið svo um og það er letrað á viðskiptabók hans.

Innlögum má veita móttöku, þótt viðskiptabók sé eigi sýnd. Skal þá gefin út sérstök kvittun og þess getið í kvittuninni, að hún sé ekki gild lengur en þangað til upphæðin verður rituð í viðskiptabók innstæðueiganda, en það skal gert næst þegar viðskiptabókin er sýnd í sparisjóðnum.

13. gr.

Aldrei má sparisjóður taka á móti meira innlánsfé en svo, að það, að frádregnu því, er hann á í sjóði, innistandandi í innlendum bönkum, í tryggum verðbréfum eða lánum gegn veði í fasteign, nemi 25 sinnum eigin fé sjóðsins, þar með talið stofnfé og innborgað ábyrgðarfé. Eigi má draga frá samkvæmt þessari málsgrein önnur fasteignalán en þau, þar sem lánið, ásamt því, er áður kann að hvíla á eigninni, nemur ekki meiru en $3/5$ fasteignamatsverðs hennar.

Til útlána gegn sjálfskuldarábyrgð, ábyrgð héraðs eða sveitar og til fasteignaveðslána umfram 60% matsverðs má sparisjóður aldrei verja meiru en sem svarar $12\frac{1}{2}$ sinnum eigin fé sjóðsins. Þar af mega sjálfskuldarábyrgðarlán aldrei nema meiru en tvisvar sinnum eigin fé sjóðsins.

Undanþegnar ákvæðum þessarar greinar eru þó sparisjóðsdeildir þeirra banka, þar sem ríkissjóður ábyrgist skil á innlánsfé.

14. gr.

Eigi má veita lán úr sparisjóði nema meiri hluti sparisjóðsstjórnar sé því samþykkur og ákveði hámark lánsupphæðar.

Sjálfskuldarábyrgðarlán til einstakra manna má því aðeins veita til lengri tíma en eins árs, að borgað sé af þeim árlega, og ekki til lengri tíma en 10 ára.

15. gr.

Aldrei má sparisjóður lána einum viðskiptamanni eða fleiri viðskiptamönnum, sem eru fjárhagslega tengdir, meira en sem svarar 50% af eigin fé og ábyrgðarfé sínu.

Í ofangreindri lánsupphæð skal þó ekki telja:

1. Lán veitt gegn veði í fasteign, ef það er ekki hærra en $3/5$ fasteignamatsverðs.
2. Lán, veitt gegn veði í skipum, allt að 50% af matsverði.

69 3. Lán, sem eru tryggð með innieign í sparisjóðnum sjálfum, tryggum verðbréf-
27. júní um eða öðru handveði.

16. gr.

Sparisjóðir skulu, til þess að það sé tryggt, að þeir geti hvenær sem er fullnægt skyldum sínum um greiðslu á innlánsfé, eiga í sjóði, innstæðu í banka, sem ríkið ábyrgist, og í tryggum, auðseljanlegum verðbréfum minnst 1/10 af innlánsfénu. Sjóður og bankainnstæða mega þó aldrei vera minna en 7% af innlánsfénu.

Komi það fyrir, að stjórn sparisjóðs neyðist til þess að grípa til þessa fjár vegna fyrirsjáanlegra útborgana, er henni skylt, svo fljótt sem verða má, að koma því í samt lag aftur. Sé það ekki gert innan tveggja mánaða, skal sparisjóðsstjórn tilkynna sparisjóðseftirlitinu það, sem í samráði við stjórnina ákveður, hvenær skuli í síðasta lagi búið að leiðrétta það.

Sparisjóðseftirlitið skal á hverjum tíma ákveða, hvaða verðbréf megi kaupa samkv. 13. og 16. gr.

17. gr.

Hver sparisjóður greiðir árlega 2% af nettóágóða sínum í sameiginlegan sjóð, er nefnist tryggingarsjóður sparisjóða. Framlög hvers sparisjóðs, að viðbættum árlegum vöxtum, er séreign hans í sjóðnum, og fellur gjaldskylda hans niður, þegar eign sparisjóðs í tryggingarsjóði er orðin 3% af samanlögðu innstæðufé sparisjóðsins.

Tryggingarsjóður skal geymdur í banka með ríkisábyrgð eða í auðseljanlegum verðbréfum.

Ráðherra skipar einn mann í stjórn tryggingarsjóðs, og skal hann vera formaður stjórnarinnar. Auk þess eiga sæti í henni skrifstofustjórinn í ráðuneyti því, er fer með bankamál, og hagstofustjóri.

Tilgangur sjóðsins er að tryggja innstæður í sparisjóðum og greiðslur á þeim. Má hann veita sparisjóði bráðabirgðalán, gegn tryggingum, er stjórn tryggingarsjóðs metur gildar, til að fullnægja skyldum sínum um greiðslu á innlánsfé.

Hætti sparisjóður störfum, hefur hann rétt til að fá innieign sína í tryggingarsjóði greidda, og skal hún þá ganga til greiðslu á kröfum innstæðueigenda.

Reikningsár tryggingarsjóðs er almanaksárið. Reikningar tryggingarsjóðs skulu endurskoðaðir af yfirskoðunarmanni landsreikninga og birtir í stjórnartíðindum.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um starfsemi sjóðsins.

18. gr.

Innstæðueigandi skal hafa dálk í bókum sparisjóðsins, og skal þar tilgreind sú upphæð, er hann leggur í sjóðinn eða tekur úr honum. Þar skulu einnig skráðir vextir af innstæðufénu.

Sérstaka bók skal jafnan halda um lán úr sjóðnum, og skal hvert lán hafa dálk út af fyrir sig, og skal þar tilgreint um lántakanda, tryggingu, upphæð lánsins, afborganir og vaxtagreiðslur.

Halda skal skrá um eignir sparisjóðs, svo sem verðbréf o. fl. Einnig skal halda skrá um skuldunauta sjóðsins, er sýni skuldbindingar hvers og eins gagnvart sjóðnum.

Hafi sparisjóður sjálfur tekið lán hjá öðrum, skal í bókum sjóðsins vera sérstakur dálkur fyrir hverja slíka lántöku.

Enn fremur skal hver sparisjóður hafa gerðabók, er í séu skráðar ályktanir stjórnar um lánveitingar og lánsynjanir, lántökur og annað slíkt.

Ráðherra setur reglur um bókfærslu sparisjóða og ákveður fyrirmynd allra skjala.

19. gr.

Án samþykkis allrar sparisjóðsstjórnarinnar má sparisjóður ekki taka lán til annars en þess að fullnægja skuldbindingum sínum gagnvart innstæðueigendum. Aldrei má sparisjóður taka lán, nema meiri hluti sparisjóðsstjórnar hafi ákveðið það.

Nú lætur sparisjóður skuldabréf eða verðbréf að handveði til tryggingar slíkum lánum, og skal þess þá gætt, að jafnan séu í vörzlum sparisjóðsins fullgild skilríki frá lánveitanda fyrir geymslu veðsins. Skulu bækur sparisjóðsins einnig bera með sér, hvar bréfin séu geymd og hver þau séu.

20. gr.

Sparisjóður má ekki eiga aðrar fasteignir en þær, sem nauðsynlegar eru vegna rekstrar hans, og ekki hlutabréf. Þó má hann yfirtaka fasteign eða hlutabréf, sem honum hefur verið veðsett, til þess að innheimta kröfu sína, en selja skal hann eignina strax og hann á þann hátt getur fengið kröfu sína greidda. Sparisjóður má ekki ganga í ábyrgð fyrir aðra.

21. gr.

Ekki má sparisjóður gefa út handhafaávísanir á sjálfan sig.

22. gr.

Árstekjur sparisjóðs, að frádregnum kostnaði, vöxtum og því fé, sem lagt er til hliðar til að mæta fyrirsjáanlegum töpum, skal leggja í varasjóð.

Heimilt er að verja nokkru af ársarðinum til endurborgunar á stofnfé og greiddu ábyrgðarfé, ef varasjóður nemur meiru en 10% af sparisjóðsinnstæðum.

Tjón, er sparisjóður kann að bíða og ársarður hrekkur eigi fyrir, skal greiða úr varasjóði, en eigi má greiða annað þaðan, nema því aðeins, að varasjóður nemi að minnsta kosti 10% af sparisjóðsinnstæðum samanlögðum. Þegar hagur varasjóðs leyfir, getur sparisjóðsstjórn ákveðið, að fengnu samþykki ráðuneytisins, að verja fé úr sjóðnum til almenningsþarfa.

23. gr.

Reikningsár sparisjóða er almanaksárið. Ársreikningur sparisjóðs skal tilbúinn fyrir marzmánaðarlok.

Sparisjóðseftirlitið semur fyrirmynd að reikningum sparisjóða.

24. gr.

Verði sparisjóður fyrir svo miklu tjóni, að varasjóður hrökkvi ekki til, og stjórn sparisjóðs og ábyrgðarmenn, eða aðrir þeir, er að sjóðnum standa, leggja eigi fram eða útvega sjóðnum á einhvern hátt fé það, er á vantar að varasjóður geti borið tjónið, skal stjórn sparisjóðsins tafarlaust skýra sparisjóðseftirlitinu frá því. Komi það í ljós eða sé ástæða til að ætla, að tapið, þar með talið væntanlegt tap á útistandandi lánum, nemi öllum varasjóði, og þar að auki 25% af stofnfé eða ábyrgðarfé, skal sparisjóðseftirlitið tafarlaust halda fund með sparisjóðsstjórninni og gera þær ráðstafanir, er það telur nauðsynlegar.

Verði eigi bætt úr þessu innan hæfilegs tíma, á þann hátt, að rekstur sjóðsins verði tryggur að dómi sparisjóðseftirlitsins, skal það stöðva rekstur sjóðsins.

Verði ákveðið, að sjóðurinn hætti störfum sínum, skal sú ráðstöfun auglýst í lögbirtingablaði.

Skuldheimtumenn sparisjóðs geta þá tekið ákvörðun um það, hvort þess skuli krafizt, að sjóðurinn verði tekinn til gjaldþrotameðferðar eða eigi.

69
27. júní

25. gr.

Heimilt er að geyma fé ómyndugra og opinberra stofnana í sparisjóðum þeim, sem fullnægja ákvæðum laga þessara.

26. gr.

Fé það, sem lagt hefur verið í sparisjóð, að vöxtum meðtöldum, er undanþegið löghaldi meðan það stendur þar.

27. gr.

Sparisjóðir eru undanþegnir tekjuskatti, eignarskatti og útsvari.

28. gr.

Ef sparisjóður leggst niður og engin ákvæði eru í samþykktum sjóðsins um það, hvernig fara skuli um eigur hans, getur hlutaðeigandi sýslunefnd eða bæjarstjórn ákveðið, að fengnum tillögum þeirra manna, er síðast voru í stjórn sjóðsins, að eignunum skuli varið til almenningsþarfa.

29. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, allt að 500 kr., nema þyngri hegning liggi við. Sektir allar renna í ríkissjóð.

Með mál út af brotum á lögum þessum skal fara sem almenn lögreglumál.

30. gr.

Ákvæði laga þessara ná ekki til peningastofnana eða lánsstofnana þeirra, sem nú hafa rétt til sparisjóðsstarfsemi samkvæmt sérstökum lögum.

31. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 44 3. nóv. 1915, um sparisjóði, lög nr. 83 26. apríl 1935, um viðauka við og breyting á lögum nr. 44 3. nóv. 1915, um sparisjóði, og önnur lög og lagaákvæði, sem kunna að fara í bága við lög þessi.

32. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1942.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Fullnægi einhverjir þeir sparisjóðir, sem nú eru starfandi, ekki öllum ákvæðum laga þessara, skal þeim, ef það telst nauðsynlegt, veittur frestur, sem sparisjóðseftirlitið ákveður í samráði við sparisjóðsstjórn, til þess að koma skipulagi sínu og starfsemi í það horf, að ákvæðum laganna sé fullnægt. Að öðru leyti gilda öll ákvæði laganna einnig um þá sparisjóði, sem frest hafa fengið meðan þeir eru að samræma skipulag sitt og starfsemi samkvæmt fyrirmælum laganna.

Ráðherra sá, er fer með bankamál, og þeir aðstoðarmenn, er hann kveður til þess, fara með þau störf, sem sparisjóðseftirlitinu eru ætluð í lögum þessum, þar til lög verða sett um sérstakt eftirlit með sparisjóðum.

*Gjört í Reykjavík, 27. júní 1941.*

**Sveinn Björnsson.**
(L. S.)

*Eysteinn Jónsson.*

# LÖG

70
27. júní

## um breyting á lögum nr. 64 23. júní 1932, um kirkjugarða.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

16. gr. laganna orðist svo:

Nú nota tveir eða fleiri söfnuðir, sem hafa 1000 eða fleiri gjaldskylda meðlimi hver, sama kirkjugarð, og skulu þá sóknarnefndir þjóðkirkjusafnaða og stjórnir utanþjóðkirkjusafnaða þeirra, sem hlut eiga að máli, kjósa hver úr sínum hópi fulltrúa í sameiginlega kirkjugarðsstjórn, til 6 ára í senn, og jafnmarga varamenn. Í kirkjugarðsstjórninni eiga sæti 5 menn, ef söfnuðir eru ekki fleiri en 5, en ella 7 menn. Setur dóms- og kirkjumálaráðherra reglur um kosningu þeirra, ef þurfa þykir.

Varamaður kemur í stað aðalmanns, ef hann getur ekki sinnt störfum um stundarsakir. Fari annar hvor þeirra úr sóknarnefnd eða safnaðarstjórn, er hann um leið úr kirkjugarðsstjórn, og skal þá kosið í hans stað fyrir þann tíma, sem eftir er af kjörtímabili hans.

Kirkjugarðsstjórn hefur á hendi allar skyldur og ábyrgð sóknarnefnda að því er tekur til kirkjugarða.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 27. júní 1941.*

**Sveinn Björnsson.**
(L. S.)

*Hermann Jónasson.*

# LÖG

71
27. júní

## um breyting á lögum nr. 36 16. nóv. 1907, um skipun sóknarnefnda og héraðsnefnda.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á eftir fyrstu málsgr. 3. gr. laganna bætist: Í kaupstöðum og öðru þéttbýli má þó boða fundinn með þriggja daga fyrirvara.

2. gr.

a. Fyrsta málsgr. 4. gr. laganna orðist svo:

Aðalsafnaðarfund skal jafnan halda á tímabilinu frá 1. apríl til 1. júní ár hvert.

71 b. Aftan við sömu lagagr. bætist:
27. júní Heimilt skal að kjósa jafnmarga varamenn í sóknarnefndir, og gilda sömu reglur um kosningu þeirra, kjörgengi og kjörtímabil sem um aðalmenn. Varamenn taka sæti aðalmanna, sem ekki geta sinnt nefndarstörfum um stundarsakir, eftir þeirri röð, sem þeir eru kosnir í. Heimilt skal sóknarnefnd að kveðja varamenn sér til aðstoðar, þegar hún telur ástæður til.

3. gr.

a. Byrjun síðustu málsgr. 16. gr. laganna orðist svo:
Safnaðarfulltrúar hafa 7 kr. fyrir hvern dag, sem þeir eru utan heimilis vegna héraðsfunda.

b. Við sömu lagagr. bætist ný málsgr.:
Heimilt er að kjósa varasafnaðarfulltrúa. Um kosningu hans, kjörgengi og kjörtímabil gilda sömu reglur og um safnaðarfulltrúa. Þegar safnaðarfulltrúi getur ekki sótt héraðsfund, kemur varafulltrúi í hans stað.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 27. júní 1941.*

**Sveinn Björnsson.**
(L. S.)

*Hermann Jónasson.*

72
27. júní

# LÖG

## um breyting á lögum nr. 40 30. júlí 1909, um sóknargjöld.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1.—4. gr. laganna falli úr gildi frá 1. júní 1942.

2. gr.

Síðari hluti annarrar málsgr. 7. gr. laganna orðist svo: enda nemi framlög þau, er söfnuðurinn greiðir árlega til kirkju, eigi minna en sem svarar því, er meðlimum hans ella hefði borið að greiða til þjóðkirkjunnar. Undanþegið þessu gjaldi er sömuleiðis allt rúmfast fólk 67 ára eða eldra.

3. gr.

Tveir fyrstu málsliðir 9. gr. laganna falli niður, en í þeirra stað komi:

Kirkjugjald skal miða við almanaksár og greiðist þeirri kirkju eða söfnuði, þar sem gjaldandi á lögheimili í ársbyrjun, og er eindagi þess 31. marz ár hvert fyrir það ár, sem er að líða.

Á næsta ári eftir að lög þessi öðlast gildi skal jafnframt innheimta hálft ársgjald fyrir þann helming fardagaársins, sem liðinn er.

4. gr. 72

Síðasti málsliður 10. gr. laganna orðist svo: Fyrir gjaldskylda styrkþega greiðir hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarsjóður sóknargjöld. 27. júní

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 27. júní 1941.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Hermann Jónasson.*

# LÖG 73

## um söngmálastjóra þjóðkirkjunnar. 27. júní

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Skipa skal söngmálastjóra fyrir hina íslenzku þjóðkirkju. Skal hann vera söngfróður maður og vanur að kenna söngflokkum. Heldur hann námskeið með kirkjuorganistum, leiðbeinir þeim um söngkennslu og söngstjórn, aðstoðar þá við stofnun safnaðarsöngflokka, heldur almenn námskeið í safnaðarsöng og vinnur á annan hátt að því, með prestum og organistum, að íslenzkur safnaðarsöngur verði sem almennastur og fegurstur.

Jafnframt leiðbeinir hann prestum, eftir því sem við verður komið, um tón og rétta beiting raddar.

Biskup setur söngmálastjóra erindisbréf. Laun hans greiðast úr ríkissjóði.

2. gr.

Dóms- og kirkjumálaráðherra skipar söngmálastjóra í samráði við biskup.

Ráðherra ákveður laun söngmálastjóra og ferðakostnað hans.

3. gr.

Nánari reglur um starfssvið söngmálastjóra setur biskup í erindisbréfi og starfsáætlun fyrir hvert ár.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 27. júní 1941.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Hermann Jónasson.*

74
27. júní

# LÖG
## um friðun æðarfugls.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Enginn má drepa æðarfugl af ásettu ráði. Sé það gert, varðar það 100 kr. sekt fyrir hvern fugl, sem drepinn er. Sektin tvöfaldast við hverja ítrekun brotsins, allt að 1000 kr. Sé fuglinn drepinn með byssuskoti, er byssan upptæk, og rennur andvirði hennar í sveitarsjóð, þar sem brotið er framið.

2. gr.

Enginn má kaupa eða selja æðaregg, eða á nokkurn hátt af hendi láta, nema eggskurn til vísindalegra þarfa. Eigi má hirða eða á nokkurn hátt nýta dauða æðarfugla eða hluta af þeim.

Brot gegn þessum ákvæðum varða sektum frá 50—1000 kr.

3. gr.

Frá 15. apríl til 15. júlí eru öll skot bönnuð nær friðlýstu æðarvarpi en 2 km, nema brýna nauðsyn beri til.

4. gr.

Frá 15. apríl til 15. júní má enginn, án leyfis varpeiganda, leggja hrognkelsanet eða önnur net nær friðlýstu varplandi hans en ¼ km. frá stórstraumsfjörumáli.

5. gr.

Hvergi á Íslandi má leggja æðarfuglanet.

Brot gegn ákvæðum 3., 4. og 5. gr. varða sektum frá 50—1000 kr., auk sekta samkv. 1. gr. fyrir fugla þá, sem drepnir eru með netunum eða skotunum. Netin skulu upptæk, og rennur andvirði þeirra í sveitarsjóð, þar sem brotið er framið.

6. gr.

Sýslumenn skulu ár hvert á manntalsþingum, ótilkvaddir og ókeypis, friðlýsa öllum æðarvörpum í lögsagnarumdæminu og brýna fyrir mönnum að hlýða lögum þessum.

Nú vill einhver koma á fót nýju æðarvarpi í landareign ábúðarjarðar sinnar, og skal hann þá senda sýslumanni skriflega yfirlýsingu um það. Skal þar skýrt frá legu varplandsins, afstöðu þess, ummerkjum og umbúnaði. Skýrslu þessari fylgi vottorð tveggja áreiðanlegra manna um, að hún sé rétt og að þeir telji landið vænlegt til æðarvarps. Síðan friðlýsir sýslumaður varplandinu ókeypis á næsta manntalsþingi.

7. gr.

Lögreglustjórar, hreppstjórar og hafnsögumenn skulu sérstaklega leiða athygli erlendra skipstjóra að lögum þessum, og skulu þau vera til útbýtingar hjá lögreglustjórum landsins á íslenzku, ensku, þýzku, frakknesku og dönsku.

8. gr.

Sektir þær, sem ákveðnar eru í lögum þessum, renna að ⅓ í sveitarsjóð, en að ⅔ til uppljóstrarmanns.

Mál, sem rísa út af brotum á lögum þessum, skal farið með sem opinber lögreglumál. 74 27. júní

9. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 58 10. nóv. 1913, um friðun æðarfugla.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 27. júní 1941.*

**Sveinn Björnsson.**
(L. S.)

*Hermann Jónasson.*

# LÖG 75 27. júní

## um varnir gegn útbreiðslu nokkurra næmra sauðfjársjúkdóma og stuðning til bænda, er bíða tjón af þeim.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

### I. KAFLI
### Um framkvæmdastjórn.

1. gr.

Landbúnaðarráðherra hefur yfirstjórn þeirra mála, er lög þessi fjalla um.

2. gr.

Landbúnaðarráðherra skipar 5 manna framkvæmdanefnd (sauðfjársjúkdómanefnd), eftir tillögum landbúnaðarnefnda Alþingis, til þess að hafa á hendi stjórn þessara mála. Hann skipar einn nefndarmanninn formann nefndarinnar. Nefndin skal skipuð til þriggja ára í senn. Forfallist nefndarmaður á þeim tíma, er Alþingi er ekki að störfum, skipar landbúnaðarráðherra mann í hans stað, þar til Alþingi kemur næst saman.

Landbúnaðarráðherra skipar framkvæmdastjóra eftir tillögum nefndarinnar, og annast hann dagleg störf og framkvæmdir eftir því, sem nefndin felur honum og hann hefur umboð til.

3. gr.

Verkefni framkvæmdanefndar er:

1. Að hafa stjórn þeirra sóttvarnaráðstafana, er um ræðir í lögum þessum.
2. Að úthluta bótum eða styrktarfé, sem árlega er veitt í fjárlögum, til þeirra bænda, er beðið hafa tjón af þessum sjúkdómum.
3. Að vinna að því, að bændur, sem hafa þá sauðfjársjúkdóma í fé sínu, er lög þessi ná til, komi sér upp hraustari fjárstofni með úrvali eða fjárskiptum.
4. Að hafa yfirumsjón með fjárskiptum, er landbúnaðarráðherra hefur samþykkt.
5. Að vera ráðunautur ríkisstjórnarinnar um þau mál, er sérstaklega standa í sambandi við þessa sauðfjársjúkdóma.

4. gr.

Landbúnaðarráðherra hefur heimild til:

að kveðja mann eða menn til aðstoðar sauðfjársjúkdómanefnd við framkvæmd laganna,

að fjölga nefndarmönnum, með því að kveðja til mann eða menn, sem sérstaklega eru kunnugir staðháttum í þeim landshlutum, sem nefndarmenn eru lítt kunnir í, þegar rædd eru mál, er snerta íbúa þeirra héraða, og þeim ráðið til lykta.

## II. KAFLI
## Sjúkdómar, er lög þessi ná til.

5. gr.

Ákvæði laga þessara ná til eftirtalinna sjúkdóma:

1. Mæðiveiki.
2. Garnaveiki.
3. Þingeyskrar mæðiveiki.

Ef aðrir næmir, áður óþekktir sauðfjársjúkdómar koma upp hér á landi, getur landbúnaðarráðherra ákveðið, að ákvæði laga þessara nái einnig til þeirra, eftir því sem við á.

## III. KAFLI
## Um varnir.

6. gr.

Framkvæmdastjóra er heimilt, í samráði við framkvæmdanefnd, að láta fara fram rannsókn á heilbrigði sauðfjár, eftir því sem hann telur þörf, til þess að afla upplýsinga um þá sjúkdóma, er lög þessi ná til.

7. gr.

Fjáreigendur, sem búsettir eru í byggðarlögum, sem talin eru ósýkt, eru skyldir til að gera viðkomandi hreppstjóra tafarlaust aðvart, ef þeir verða varir við grunsamleg veikindi í fé sínu eða annarra í því byggðarlagi. Hreppstjóra er skylt að bregða þegar við, er hann hefur fengið slíka tilkynningu, og rannsaka, hvernig veikinni er háttað. Nú telur hreppstjóri, að um einhvern af áður greindum sjúkdómum geti verið að ræða, og skal hann þá tafarlaust tilkynna það framkvæmdastjóra, sem ákveður, hvað gera skuli til þess að fá úr því skorið, hvort svo sé, og hvaða ráðstafanir skuli gera að öðru leyti.

Þyki hreppstjóra grunsamlegt, að um mæðiveiki eða þingeysku mæðiveikina geti verið að ræða, skal hann láta einangra það fé, sem hinar grunuðu kindur voru með, unz úrskurður um veikina er fenginn og framkvæmdastjóri hefur gert þær ráðstafanir, er hann telur nauðsynlegar. Kostnaður við þessa einangrun greiðist úr ríkissjóði.

8. gr.

Framkvæmdanefnd er heimilt, með samþykki landbúnaðarráðherra, að setja aðalvarðlínur til þess að hindra útbreiðslu framan talinna sauðfjársjúkdóma.

Þessar varðlínur skal treysta með girðingum og varðmönnum eftir því, sem þörf krefur og öruggast er talið á hverjum stað.

Aðalvarðlínur eru þær línur taldar, er liggja þannig, að réttmætt sé talið að hindra fjársamgöngur yfir þær, þótt þeirra verði ekki þörf til varnar gegn sjúkdómum þeim, er hér um ræðir. Skulu þær lagðar á kostnað ríkissjóðs.

9. gr.

Nú vilja bændur á takmörkuðum svæðum verjast fjársamgöngum með því að setja upp varnargirðingar. Telji framkvæmdanefnd það nauðsynlegt, er henni heimilt að setja upp slíka girðingu, gegn því að hlutaðeigandi bændur leggi fram eigi minna en flutning á öllu efni frá hafnarstað og ⅓ kostnaðar við uppsetningu girðingarinnar, en ríkissjóður kosti girðinguna að öðru leyti, enda sé hún eign ríkisins. Girðingar þær, er hér um ræðir, teljast aukavarðlínur.

Nú vilja bændur setja upp varnargirðingu fyrir eitt byggðarlag eða nokkra bæi og framkvæmdanefnd telur líklegt, að hún geti orðið til þess að stöðva útbreiðslu veikinnar í þessu byggðarlagi, og getur þá nefndin veitt styrk til slíkra girðinga, þó ekki yfir ⅓ af verði gaddavírsins, enda verði girðingin eign þeirra, er kosta hana að öðru leyti.

10. gr.

Nauðsynleg varzla, að dómi nefndarinnar, með varðlínum þeim, er um ræðir í 8. gr. og 9. gr. 1. málsgr., greiðist úr ríkissjóði, sömuleiðis viðhald girðinga, meðan þeirra er þörf til varnar útbreiðslu sjúkdóma, er lög þessi ná til, sbr. 26. gr.

Telji framkvæmdanefndin ekki þörf að viðhalda girðingu á aukavarðlínu, má hún því aðeins taka hana upp, að bændur í hlutaðeigandi byggðarlagi vilji ekki kaupa hana fyrir hæfilegt verð, að dómi nefndarinnar, eða eftir mati.

11. gr.

Framkvæmdanefnd er heimilt að setja upp einangrunargirðingar til þess að geyma í sjúkt og grunað fé í þeim héruðum, sem veikin er ekki mikið útbreidd, og sé það gert í samráði við hlutaðeigandi sýslunefnd. Sýslufélagið leggur til land undir girðingu og kostnað við uppsetningu, en girðingarefni og flutningur á næsta hafnarstað skal lagður fram sem annar kostnaður við varnirnar. Þessar girðingar eru eign ríkisins.

12. gr.

Heimilt er að leggja girðingar þær, er um ræðir í 8. og 9. gr., um lönd einstakra manna og afrétti eftir því, sem framkvæmdastjóri telur haganlegast.

Náist ekki samkomulag við landeiganda um land undir einangrunargirðingu samkvæmt 11. gr., er sýslunefnd heimilt, í samráði við framkvæmdastjóra, að taka land undir slíka girðingu leigunámi, og fer þá um leigunámið samkvæmt ákvæðum laga nr. 61 14. nóv. 1917, um framkvæmd eignarnáms.

Bætur fyrir landspjöll, átroðning, afnotamissi lands eða önnur óþægindi vegna girðinga, sem um getur í 8., 9. og 11. gr., koma ekki til greina nema sérstakar ástæður séu fyrir hendi. Skulu þá dómkvaddir menn meta tjónið, er greiðist af hlutaðeigandi sveitarsjóði, enda séu varnirnar framkvæmdar að meira eða minna leyti í þágu þess sveitarfélags. Annars greiðir það hreppsfélag, er næst liggur og nýtur varnanna. Úrskurði matsmanna má áfrýja til yfirmats.

13. gr.

Skylt er vegfarendum, sem fara um hlið á varnargirðingum, að loka þeim tryggilega. Vanræksla í þessu efni, svo og skemmdir á hliðum og girðingum, varða sektum eða fangelsi, allt að þrem mánuðum. Skemmdir skal auk þess bæta að fullu.

14. gr.

Varðmenn þeir, sem tekizt hafa á hendur vörzlu við varðlínur þær, sem um ræðir í 8. og 9. gr., eru sýslunarmenn ríkisins, meðan þeir gegna því starfi. Varðmaður, sem yfirgefur varðstöð sína á þeim tíma, sem honum ber að vera á verði, eða vanrækir starf sitt á annan hátt, skal sæta sektum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

75
27. júní

15. gr.

Framkvæmdanefnd er heimilt að fyrirskipa litarmerkingar á sauðfé, þar sem henni þykir nauðsyn bera til. Enn fremur getur hún bannað hvers konar litarmerkingar á sauðfé á ákveðnum svæðum.

16. gr.

Flutningur sauðfjár yfir varðlínur, er um ræðir í 8., 9. og 11. gr., er bannaður, nema samþykki framkvæmdastjóra komi til. Kindum, sem leita mjög á að komast yfir varðlínu, má varðmaður slátra, en gera skal hann það verð úr, sem unnt er, ef eigandi getur ekki hirt það sjálfur. Heimilt er framkvæmdanefnd að banna flutning á fé bæja á milli og til dvalar, þar sem hún telur þess þörf.

17. gr.

Framkvæmdanefnd er heimilt að ráðstafa sauðfé á afrétti og í heimahögum, ef nauðsyn ber til vegna varnanna. Nefndinni er enn fremur heimilt að fyrirskipa slátrun á fé, sem kemur fyrir í útréttum, ef henni virðist það hafa þýðingu vegna varnanna. Óskilafé og ómerkinga, sem koma fyrir í næstu byggðarlögum við aðalvarðlínur, má ekki selja til lífs, heldur skal hreppstjóri sjá um, að því fé sé lógað.

18. gr.

Nú kemur fé fyrir á svæði, sem er sýkt eða grunað af garnaveiki, og eigendur þess eða viðkomandi upprekstrarfélag hefur ekki gert ráðstafanir til að hirða það sérstaklega, og skal þá hreppstjóri láta slátra því, verði ekki öðrum fulltryggum ráðstöfunum við komið, en gera skal hann það verð úr, að fjáreiganda verði sem minnst tjón af.

19. gr.

Heimilt er framkvæmdanefnd og sveitarstjórn eða stjórnum upprekstrarfélaga, með samþykki framkvæmdanefndar, að fyrirskipa breytingu á fjallgöngum, smölun heimalanda og réttum, ef það telst nauðsynlegt til þess að hindra útbreiðslu þeirra sauðfjársjúkdóma, er hér um ræðir. Breytingar þessar skulu bornar undir hlutaðeigandi stjórnir upprekstrarfélaga, áður en þær eru fyrirskipaðar. Breyting þessi telst ekki brot á fjallskilareglugerð.

20. gr.

Hreppstjórar, gangnaforingjar (fjallkóngar) og réttarstjórar í þeim héruðum, sem talin eru lítið sýkt eða ósýkt, skulu hafa strangt eftirlit með því í öllum réttum og fjallgöngum, að allar veikar eða grunsamlegar kindur, sem þar koma fyrir, séu tafarlaust teknar úr fjársafni og einangraðar eða lógað. Sama skylda hvílir á bændum í þeim héruðum við smölun heimalanda. Sömuleiðis ber öllum þessum aðilum skylda til að taka allar kindur, sem sloppið hafa yfir varðlínur, strax og þeirra verður vart, en gera skulu þeir það verð úr, sem unnt er.

21. gr.

Fáist vissa fyrir, að einhver þeirra sjúkdóma, er lög þessi ná til, hafi borizt yfir varðlínu, skal framkvæmdastjóri, í samráði við framkvæmdanefnd, gera þær ráðstafanir til varnar útbreiðslu veikinnar, sem nefndin telur tryggilegastar, og er nefndinni heimilt að láta slátra hinu sjúka eða grunaða fé.

22. gr.

Leyni fjáreigandi veiki í fé sínu, skal hann sæta sektum, en verði það til þess, að veikin berist í ósýkt fé annarra, varðar það fangelsisvist.

23. gr.

Sauðfé á sýktu eða grunuðu svæði af garnaveiki má ekki reka í þröng girðingarhólf eða fjárhús á heimilum, þar sem veikin er ekki, eða önnur hús, þar sem heimafé er hýst.

Ekki má heldur reka fé, sem ætla má, að sé sýkt af veikinni, í slík girðingarhólf eða hús á heimilum, sem teljast grunuð eða sýkt. Bannað er að geyma sýkt eða grunað fé í girðingarhólfum með fé frá ósýktum heimilum.

24. gr.

Framkvæmdanefnd er heimilt, hvenær sem hún telur þess þörf, að láta fara fram rannsókn á öllu fé bænda, þar sem líkur eru til, að garnaveiki geti verið.

Við þessar rannsóknir skal ríkið leggja til lyf, tæki og einn rannsóknarmann í hverjum rannsóknarflokki. Sveitarfélagið leggur hverjum rannsóknarmanni til einn aðstoðarmann og greiðir honum kaup, og sé hann valinn í samráði við rannsóknarmanninn. Skylt er fjáreigendum að leggja til aðra aðstoð við rannsóknirnar, eftir því sem við þarf. Heimilt er framkvæmdanefnd að veita sveitarstjórn undanþágu frá því að kosta aðstoðarmann við garnaveikirannsóknir í þeim hreppum, sem mæðiveiki er einnig í fé bænda.

25. gr.

Heimilt er framkvæmdanefnd að láta slátra öllu því fé, sem talið er sjúkt eða grunað að lokinni garnaveikirannsókn.

26. gr.

Allur kostnaður við girðingar og vörzlur, sem um ræðir í 8.—11. gr. og viðkomandi héruðum er ekki gert að standa straum af, greiðist úr ríkissjóði. Ríkissjóður fær síðan ⅖ hluta kostnaðarins endurgreiddan, og sé því gjaldi jafnað niður á alla sauðfjáreigendur á ósýktum svæðum. Landbúnaðarráðuneytið jafnar gjaldi þessu árlega niður eftir síðasta fjárframtali á þau sýslufélög eða hluta úr þeim, er þátt taka í greiðslunni, en þó ekki hærri fjárhæð á ári hverju en sem svarar 10 aur. á kind. Sýslumenn jafna gjaldinu milli hreppa eftir sömu reglu og innheimta það með sýslusjóðsgjöldum.

Nú lætur framkvæmdanefnd rannsaka sauðfé í öryggisskyni á svæði, er reynist ósýkt, og skulu bændur þar undanþegnir 10 aura gjaldi það ár, er rannsóknin fer fram, enda hafi sveitarstjórnin kostað mann við rannsóknirnar.

## IV. KAFLI

### Um stuðning til bænda og bætur.

27. gr.

Fé því, sem veitt er árlega í fjárlögum til stuðnings fjáreigendum, sem tjón hafa beðið af völdum þeirra sjúkdóma, er lög þessi ná til, skal varið sem hér segir:

1. Til greiðslu upp í vexti af lánum bænda og upp í jarðarafgjald leiguliða. Þau ein lán koma til greina, að þau séu stofnuð vegna búrekstrar viðkomandi manns. Tilgreina skal skuldaeigendur og vaxtakjör. Vaxta- og jarðaafgjaldsstyrk skal úthluta til bænda í hlutfalli við þann tekjumissi, er þeir hafa orðið fyrir af völdum sjúkdómanna, en jafnframt sé höfð hliðsjón af afkomumöguleikum þeirra að öðru leyti.
2. Til vega í viðkomandi héruðum án framlags úr sýslu- eða sveitarsjóði.
3. Til greiðslu á styrk til framræslu vegna tún- eða engjaræktar, endurræktunar í túni, túnasléttunar og til garðræktar, er nemi þrefaldri þeirri fjárhæð, sem nú

75
27. júní

er greidd á verkeiningu samkv. jarðræktarlögunum, ef ekki er um vélavinnu að ræða, annars tvöfaldur styrkur. Til túnauka má greiða allt að jafnháum styrk og jarðræktarstyrknum nemur. Auk þess greiðist lögmæltur jarðræktarstyrkur.

Heimilt er að verja því styrktarfé, er fellur undir þennan lið, til vinnu við aðrar umbætur á jörðinni, samkv. nánari ákvæðum í reglugerð og að fengnu samþykki framkvæmdanefndar í hverju einstöku tilfelli.

4. Til styrktar nýjum fyrirtækjum, sem gera framleiðslu bænda verðmæta eða fjölbreytta, svo sem rjómabúum og gróðurhúsum.
5. Til þess að styrkja fjáreigendur að ala upp sauðfé í skarðið fyrir það fé, er þeir hafa misst af völdum þessara sjúkdóma, og vegna ráðstafana, er leiðir af framkvæmd laga þessara.

28. gr.

Framkvæmdanefnd skal láta safna skýrslum um tjón það, er hlotizt hefur, svo og um ásetning líflamba.

29. gr.

Hver hreppsnefnd velur einn mann til að safna skýrslum um fjártjón bænda í hreppnum af völdum sauðfjársjúkdóma þeirra, er um ræðir í lögum þessum, og öðrum upplýsingum, er framkvæmdanefndin telur nauðsynlegar vegna úthlutunarinnar. Hver sýslunefnd tilnefnir tvo menn til þess að taka á móti skýrslum úr einstökum hreppum í þeirri sýslu og færa þær til samræmis.

Skýrslur þessar skulu komnar til framkvæmdanefndar í síðasta lagi fyrir 15. marz það ár, er úthlutunin fer fram.

30. gr.

Nú hefur framkvæmdanefnd fengið skýrslu um tjón fjáreigenda af völdum sauðfjársjúkdómanna, og skal hún þá árlega skipta því fé, er fjárlög heimila til stuðnings bændum og um ræðir í 27. gr.

Framkvæmdanefnd tilkynnir aðilum, þegar hún hefur lokið úthlutun hvert sinn, hve mikils styrks þeir megi vænta það ár. Sýslunefnd ákveður síðan, að fengnum tillögum viðkomandi hreppsnefnda, í hvaða vegum skuli unnið.

31. gr.

Framkvæmdanefnd sér um greiðslur á vaxtatillagi og jarðarafgjöldum. Þeir, sem eiga ógreidda vexti, afborganir eða jarðarafgjöld, fá því aðeins tillag upp í vexti, að þeir greiði jafnframt það, sem vangoldið er, eða hafi náð samningum um það.

Nefndin ávísar vegafénu til vegamálastjóra og jarðræktarstyrknum til Búnaðarfélags Íslands, og skulu þessir aðilar hafa eftirlit með þessum framkvæmdum og annast útborgun samkv. því, sem unnið hefur verið og heimild er til.

32. gr.

Hreppssjóður greiðir allan kostnað við söfnun skýrslna og úthlutun styrktarfjárins innan hrepps. Sýslusjóður greiðir á sama hátt kostnað við störf sýslufulltrúa og skiptinguna milli hreppa.

33. gr.

Bændur þeir, sem lög þessi ná til, fá án þess að greiða dráttarvexti frest á greiðslu árgjalda í lánsstofnunum, þar til séð er, hvort og hve mikinn styrk þeir fái á því ári samkv. lögum þessum, og er óheimilt að segja upp lánum vegna þess dráttar. Dráttur á greiðslu jarðarafgjalda til sama tíma varðar ekki missi ábúðar.

34. gr.

Framkvæmdanefnd ákveður bætur fyrir fé, er hún lætur slátra vegna vörzlu og enn fremur til þess að hindra sýkingu af völdum fjárflutninga, svo og fyrir það fé,

sem nefndin lætur slátra vegna þess, að það reynist sjúkt eða grunað við rannsóknir. 75
Bæturnar skulu miðaðar við niðurlagsverð á haustdegi, en tekið tillit til fóðurkostnaðar, sem fallið hefur á féð frá síðustu haustnóttum, ef því er slátrað að vetrar- eða vorlagi. Bætur þessar greiðast úr ríkissjóði. 27. júní

## V. KAFLI
### Almenn ákvæði.

35. gr.

Framkvæmdanefnd er heimilt að láta árlega safna skýrslum eftir því, sem hún telur þörf á, um hvers konar vanhöld á sauðfé, sem alið er upp.

Nefndin getur ákveðið, hvort eða að hve miklu leyti kostnaðurinn við þessa skýrslusöfnun greiðist af ríkissjóði.

36. gr.

Nú virðist reynslan benda til, að vissir fjárstofnar séu lítt næmir eða minna næmir gagnvart einhverjum framangreindra sjúkdóma, og getur þá framkvæmdanefnd ákveðið, í samráði við landbúnaðarráðherra, að lömbum af þeim fjárstofnum sé ekki slátrað. Fjáreigendum, sem hafa óhraustari fjárstofn, skal þá gefa kost á að fá þessi lömb til ásetnings.

Verðlag á þessum lömbum skal ákveðið af kjötverðlagsnefnd fyrir 1. sept. ár hvert, miðað við þunga þeirra á fæti, fyrst áætlað verð og síðar endanlegt verð, eftir að sölu sláturafurða þess árs er lokið. Skal ávallt verðleggja lömbin þannig, að seljendur fái að lokum fullt niðurlagsverð fyrir þau.

Heimilt er nefndinni, telji hún þess þörf og samkomulag næst ekki um kaup á lömbunum á framan greindum grundvelli, að taka það af þeim eignarnámi, ef með þarf, sem eigandi þeirra þarf ekki sjálfur til ásetnings.

37. gr.

Nú hefur framkvæmdanefnd ákveðið að nota heimild þá, er um getur í 36. gr. Skal hún, eftir að hafa aflað sér upplýsinga um, hve mörgum lömbum fjáreigendur, sem hún óskar eftir að fá lömb frá, muni geta fargað til lífs, tilkynna þeim með hæfilegum fyrirvara fyrir hverja sláturtíð, hve mörg lömb nefndin óski eftir að fá og hvenær þau verði tekin. Á sama hátt skal nefndin tilkynna þeim fjáreigendum, sem lömb vilja fá, hversu mörg lömb þeir geti fengið og hvenær.

38. gr.

Ráðherra er heimilt, eftir tillögum framkvæmdanefndar, að gera hverja þá ráðstöfun, er hann álítur nauðsynlega til að hindra útbreiðslu veikinnar og útrýma henni.

39. gr.

Ráðherra setur reglugerð, er ákveður nánar um framkvæmd laga þessara. Framkvæmdanefnd hefur einnig heimild til að setja nánari fyrirmæli en ákvæði reglugerðar segja til um einstök framkvæmdaatriði, er kalla að í hvert sinn, ef hún telur þess þörf og landbúnaðarráðherra samþykkir.

40. gr.

Brot gegn lögum þessum, svo og reglugerð og fyrirmælum, er sett verða samkvæmt þeim, varða sektum, allt að 10000 kr., eða fangelsi, og skal með mál út af slíkum brotum farið sem almenn lögreglumál.

75
27. júní

41. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 45 27. maí 1938, lög nr. 14 15. maí 1939, lög nr. 39 12. júní 1939 og lög nr. 89 14. maí 1940.

42. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 27. júní 1941.*

**Sveinn Björnsson.**
(L. S.)

*Hermann Jónasson.*

76
27. júní

# LÖG

## um breyting á lögum nr. 66 7. maí 1940, um stríðsslysatryggingu sjómanna.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Fyrri málsl. 1. gr. laganna orðist þannig:

Skylt skal að tryggja fyrir slysum af völdum ófriðar skipshafnir á öllum íslenzkum skipum fjögurra rúmlesta (brúttó) og stærri.

2. gr.

2. gr. laganna orðist þannig:

Atvinnurekendum og öðrum þeim, er bera ábyrgð á því, að þeir séu tryggðir, sem tryggingarskyldir eru samkvæmt lögum nr. 74 31. des. 1937, skal skylt, auk hinnar lögboðnu tryggingar samkvæmt áður nefndum lögum, að kaupa sérstaka stríðstryggingu fyrir skipshafnir þær, sem sigla á svæðum þeim, sem ákveðin hafa verið samkvæmt 1. gr.

Tryggingu þá, er um ræðir í 1. málsgr., skal skylt að kaupa hjá Stríðstryggingarfélagi íslenzkra skipshafna. Lætur félagið hana í té á eigin ábyrgð, að svo miklu leyti sem því er það fært að dómi félagsstjórnar, en ella með endurtryggingu, sé hún fáanleg. Nú er endurtrygging eigi fáanleg hjá vátryggingarfélagi, og ábyrgist þá ríkissjóður það, sem á kann að vanta fulla tryggingu, gegn iðgjaldi, er ríkisstjórnin ákveður.

Fiskiskip, sem eingöngu stunda fiskveiðar við strendur landsins og sigla ekki milli landa, greiða í iðgjald frá 1. jan. 1941 að telja 4 krónur fyrir hvern tryggðan skipverja á viku, en ríkissjóður greiðir afgang iðgjaldsins. Uppbót (bonus), sem þessum skipum kann að tilfalla, gengur fyrst og fremst til endurgreiðslu á framlagi ríkissjóðs.

3. gr.

Aftan við 3. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi:

Auk þeirra trygginga, sem um ræðir í b- og c-lið 3. gr. laganna, er útgerðarmönnum farskipa skylt að tryggja alla skipverja fyrir jafnháum upphæðum og í téðri lagagrein segir, og skal þeim varið til kaupa á árlegum lífeyri hjá viðurkenndum

tryggingarfélögum til tryggða sjálfs eða þeirra aðstandenda hans, sem bæturnar eiga að hljóta. Þessi lífeyrir skal ekki skerða önnur eftirlaun, er hlutaðeigandi kann að eiga rétt á. 76 27. júní

Sama skylda hvílir og á útgerðarmönnum annarra skipa en farskipa, ef þau sigla til útlanda, enda fer um trygginguna að öðru leyti á sama hátt sem um farskip væri að ræða.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 27. júní 1941.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Stefán Jóh. Stefánsson.*

77
27. júní

# LÖG

## um breyting á lögum nr. 43 13. nóv. 1903, um vörumerki.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Meðan núverandi styrjöld er háð, skal vernd skrásettra, erlendra vörumerkja, sem endurnýja þarf samkvæmt 10. gr. vörumerkjalaganna, haldast, enda þótt tilkynning sú, sem um ræðir í 2. mgr. téðrar greinar, hafi ekki borizt skráritara í tæka tíð.

Meðan ákvæði þetta er í gildi, skal heimilt að endurnýja vernd skrásettra erlendra vörumerkja, enda þótt tilkynningar um endurnýjanir séu afhentar síðar en 10. gr. vörumerkjalaganna ákveður.

Endurnýjun vörumerkjaverndar samkvæmt þessari grein telst frá þeim degi, er verndartími samkvæmt vörumerkjalögunum rann út.

2. gr.

Nú verður sú breyting á ófriðarástandinu, að telja má samgöngur orðnar svo greiðar, að ekki sé ástæða til að halda ákvæðum 1. gr. lengur í gildi, og koma þá ákvæði 3. gr. til framkvæmda.

3. gr.

Að ófriðnum loknum eða þegar svo er ástatt, sem um ræðir í 2. gr., skal atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið með auglýsingu í Lögbirtingablaðinu setja tiltekinn frest til endurnýjunar, en að þeim tíma liðnum skal verndin falla niður, hafi ekki vörumerkjaskráritara borizt tilkynning um endurnýjun skrásetningar, áður en fresturinn er útrunninn.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 27. júní 1941.*

**Sveinn Björnsson.**

*Ólafur Thors.*

78
27. júní

# LÖG
## um breyting á lögum um Háskóla Íslands, nr. 21 1. febr. 1936.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. gr. laganna orðist þannig:

Í Háskóla Íslands eru þessar 5 deildir: guðfræðideild, læknadeild, laga- og hagfræðideild, heimspekideild og atvinnudeild.

2. gr.

15. gr. laganna orðist þannig:

Hver sá, kona eða karl, sem lokið hefur stúdentsprófi við hinn almenna menntaskóla í Reykjavík, menntaskólann á Akureyri eða annan innlendan skóla jafngildan þeim, á rétt á að verða skrásettur háskólaborgari, gegn því að greiða skrásetningargjald til háskólans, enda sé mannorð hans óflekkað. Háskólaráð getur veitt mönnum, sem tekið hafa próf við erlenda skóla, sem jafngildir íslenzku stúdentsprófi, rétt til að láta skrásetja sig við háskólann.

Háskólaráðið getur þó, samkvæmt tillögum hlutaðeigandi háskóladeildar, kveðið svo á í samþykkt, að aðeins ákveðinn fjöldi nýrra stúdenta skuli skráður í deildina á ári hverju. Óski fleiri stúdentar skrásetningar en samþykkt leyfir, er háskólaráði heimilt að setja, í samráði við hverja deild, ákvæði um, eftir hverjum reglum hinni tilteknu tölu sé veittur aðgangur að deildinni.

Nú er aðgangur að háskóladeild takmarkaður, og getur háskólaráð þá mælt svo fyrir, að stúdentum þeim, sem í deildinni eru, skuli skylt að sýna í lok hvers kennslumissiris vottorð kennara deildarinnar um, að þeir hafi stundað nám í deildinni það kennslumissiri.

3. gr.

Aftan við 20. gr. laganna bætist: eða 2 kennslumissiri, sé aðgangur að deild þeirri, sem hann er skrásettur í, takmarkaður samkv. 2. málsgr. 15. greinar.

4. gr.

22. gr. laganna orðist þannig:

Í reglugerð háskólans skulu sett ákvæði um próf, bæði undirbúningspróf og fullnaðarpróf, um námsgreinar þær, er prófa skal í, um einkunnagjafir og hversu háa einkunn þurfi til að standast prófið, bæði í einstökum prófgreinum og í aðaleinkunn. Skipta má fullnaðarprófi í fleiri hluta og kveða á um það, hvað líða megi lengstur eða skemmstur tími milli þess, að einstakir hlutar prófsins eru teknir. Einnig má setja fyrirmæli um það, að stúdent, er ganga vill til prófs, skuli áður hafa lokið undirbúningsprófum eða notið kennslu í tilteknum greinum á námskeiðum, í æfingaflokkum eða við verklegt nám, þar á meðal að hann hafi notið kennslu í íþróttum ekki skemur en 4 kennslumissiri.

*Gjört í Reykjavík, 27. júní 1941.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Hermann Jónasson.*

79
7. júlí

# OPIÐ BRÉF,

## er stefnir saman Alþingi til aukafundar miðvikudaginn 9. júlí 1941.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* að ég samkvæmt stjórnarskrá konungsríkisins Íslands 18. maí 1920 hefi ákveðið, að Alþingi komi saman til aukafundar miðvikudaginn 9. júlí 1941, kl. 13.

Um leið og ég birti þetta, er öllum þeim, sem setu eiga á Alþingi, boðið að koma nefndan dag til Reykjavíkur, og verður þá Alþingi sett, eftir að guðsþjónusta hefur farið fram í dómkirkjunni.

*Gjört í Reykjavík, 7. júlí 1941.*

**Sveinn Björnsson.**
(L. S.)

*Hermann Jónasson.*

80
9. júlí

# LÖG

## um breyting á lögum nr. 29 9. jan. 1935, um eftirlit með sjóðum, er fengið hafa konungsstaðfestingu á skipulagsskrá.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. gr. laganna skal orða svo:

Sameinað Alþingi kýs hlutfallskosningu til 5 ára í senn þrjá menn, er hafa skulu eftirlit með og gera skrá um þá sjóði í landinu, sem hlotið hafa konungsstaðfestingu á skipulagsskrá sinni, svo og um aðra hliðstæða sjóði, er stofnaðir hafa verið með gjöfum einstaklinga eða félaga. Rísi ágreiningur um það, hvort einhver sjóður skuli háður eftirliti samkvæmt lögum þessum, sker fjármálaráðherra úr.

Eftirlitsmenn skulu á ári hverju senda Alþingi og fjármálaráðuneytinu skýrslu um sjóði þessa.

2. gr.

Á eftir 1. gr. laganna kemur ný grein, svo hljóðandi (og breytist greinatala laganna samkvæmt því):

XXXIII. Að greiða Gústaf A. Sveinssyni allt að 2000 kr. fyrir samningu efnisyfirlits yfirréttardóma, enda takist samningur um útgáfu verksins.

XXXIV. Að verja allt að 15 þúsund krónum til þess að koma upp talstöðvum á afskekktum sveitabæjum og leggja ódýra jarðsíma í tilraunaskyni.

XXXV. Að gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess, að hin forna skálabygging á Keldum verði vernduð frá skemmdum.

XXXVI. Að lækka útgjöld ríkissjóðs, sem ekki eru bundin í öðrum lögum en fjárlögum, eftir jöfnum hlutföllum, um allt að 35%, ef ríkisstjórnin telur sýnilegt, að áhrif styrjaldarinnar verði þess valdandi, að tekjur ríkissjóðs lækki verulega.

### 23. gr.

Stjórn Landsbankans veitist heimild til að greiða Steinunni Kristjánsdóttur, ekkju Alberts Þórðarsonar bankabókara, 500 kr. 1942, svo og uppbót á þá fjárhæð, eftir sömu reglum sem bankinn veitir hana á laun starfsmanna sinna.

Stjórninni er heimilt að greiða Þóru Beck, ekkju Þórólfs Becks skipstjóra,

86 eftirlaun eftir svipuðum reglum sem Eimskipafélag Íslands greiðir ekkjum skip-
9. júlí stjóra sinna, og færist fjárhæðin á rekstrarreikning skipaútgerðar ríkisins.

Stjórn Búnaðarbankans veitist heimild til þess að greiða frú Önnu Klemensdóttur, ekkju Tryggva Þórhallssonar bankastjóra, 25% af launum manns hennar sem aðalbankastjóra Búnaðarbankans, og dýrtíðaruppbót að auk.

Stjórn sama banka veitist heimild til þess að greiða frú Aðalbjörgu Albertsdóttur, ekkju Þorsteins Sigurgeirssonar bankagjaldkera, 1000 kr., og til tveggja barna hennar innan 16 ára aldurs, 300 kr. til hvors.

Stjórn sama banka veitist heimild til að greiða Ólafíu Bjarnadóttur, ekkju Þórðar Sveinssonar bókara, 1800 kr.

Stjórn sama banka verði heimilað að greiða Sigurði Bjarklind 3000 kr. og Sigríði Johnson, ekkju Karls Johnsonar bókara, 1250 kr. í eitt skipti fyrir öll.

Stjórninni er heimilt að greiða Sigurði Hjálmarssyni stýrimanni 600 kr., og færist fjárhæðin á rekstrarreikning skipaútgerðar ríkisins.

Stjórn Fiskifélags Íslands veitist heimild til að greiða Kristjáni Bergssyni, fyrrverandi forseta félagsins, 3000 kr. eftirlaun árið 1942.

Stjórninni er heimilt að greiða Ólafíu Gísladóttur, ekkju Vilhjálms Þorsteinssonar stýrimanns, eftirlaun eftir svipuðum reglum sem Eimskipafélag Íslands greiðir ekkjum stýrimanna sinna, og færist fjárhæðin á rekstrarreikning skipaútgerðar ríkisins.

24. gr.

Ef lög verða staðfest, er afgreidd hafa verið frá Alþingi 1941 og hafa í för með sér tekjur eða gjöld fyrir ríkissjóð, breytast fjárhæðirnar tekju- og gjaldamegin samkvæmt þeim lögum.

Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, tilskipunum, konungsúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, gilda aðeins fyrir fjárhagstímabilið.

*Gjört í Reykjavík, 9. júlí 1941.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Jakob Möller.*

87
9. júlí

# LÖG

## um viðauka við lög nr. 84 6. júlí 1932, um bifreiðaskatt o. fl.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Auk þess innflutningsgjalds af benzíni, sem innheimta skal samkvæmt fyrirmælum a-liðs 1. gr. laga nr. 84 6. júlí 1932, 4 aura af hverjum lítra, skal innheimta 5 aura innflutningsgjald af hverjum lítra frá og með 1. janúar 1942 til ársloka 1943.

Þetta viðbótarinnflutningsgjald er undanþegið ákvæðum 8. gr. fyrrnefndra laga. Að öðru leyti gilda ákvæði nefndra laga nr. 84 6. júlí 1932 um innheimtu og endurgreiðslu innflutningsgjalds af benzíni samkv. 1. málsgr. þessarar greinar.

2. gr. 87 9. júlí

Þeim tekjum, sem fást samkvæmt ákvæðum laga þessara, skal varið að 4/5 hlutum til að greiða kostnað við lagningu akvega og malbikun þjóðvega, eftir því sem ákveðið er í fjárlögum, en 1/5 til brúargerða, og skal fyrst byggja brú á Jökulsá á Fjöllum.

Nú þykir ekki fært að flytja inn efni til brúargerða á árunum 1942 og 1943, og skal þá geyma það fé, er til brúargerða skal varið eftir ákvæði þessu, þar til kleift verður að flytja inn byggingarefni.

Það, sem 4/5 hlutar teknanna samkv. lögum þessum kunna að fara fram úr þeirri fjárhæð, sem sérstaklega er ráðstafað í fjárlögum, leggist í sérstakan sjóð, er verði ráðstafað til lagningar Suðurlandsbrautar á árunum 1943 og 1944, þó ekki yfir 100 þús. kr. hvort árið, en því, sem umfram kann að verða, skal skipt í réttum hlutföllum milli þeirra vega, sem fé er veitt til í fjárlögum af tekjum þessum.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 9. júlí 1941.*

**Sveinn Björnsson.**
(L. S.)

*Jakob Möller.*

# LÖG

88 9. júlí

## um girðingar til varnar gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og heimild til samþykkta um fjárskipti.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

### I. KAFLI
### Um varnarlínur.

1. gr.

Skipta skal öllu landinu í sóttvarnarsvæði með fjárheldum girðingum, þar sem þess gerist þörf, til varnar gegn fjársamgöngum og útbreiðslu næmra búfjársjúkdóma milli héraða eða landshluta.

Girðingar þessar skulu enn fremur lagðar með hliðsjón af heppilegum ráðstöfunum til útrýmingar búfjársjúkdómum, ef til kemur. Varnarlínurnar afmarka sóttvarnarsvæðin.

2. gr.

Varnarlínur skulu vera þessar:

1. Við Þjórsá.
2. Við Ölfusá, Hvítá og Jökulfallið.
3. Yfir Reykjanesið hjá Straumi til Herdísarvíkur.
4. Frá Hvalfirði í Langjökul.
5. Við Hvítá í Borgarfirði upp í Stafholtstungur og þaðan milli Hvítár og Norðurár norður í varnarlínu nr. 11.

88 9. júlí

6. Yfir Snæfellsnes milli Skógarness og Álftafjarðar.
7. Úr Hvammsfirði í Hrútafjörð.
8. Úr Gilsfirði í Bitrufjörð.
9. Úr Kollafirði í Ísafjörð.
10. Úr Þorskafirði í Steingrímsfjörð.
11. Úr Hrútafjarðar—Hvammsfjarðargirðingu í Langjökul.
12. Með Blöndu í Kjalargirðingu eða Hofsjökul.
13. Með Héraðsvötnum og Jökulsá eystri í Hofsjökul.
14. Með Skjálfandafljóti.
15. Með Jökulsá á Fjöllum.
16. Frá sjó við Kópasker í Loka við Þistilfjörð.
17. Úr Jökulsá í Miðfjörð.
18. Með Jökulsá á Brú.
19. Frá Eskifirði um Eskifjarðarheiði með Eyvindará í Lagarfljót við brúna, og úr botni Lagarfljóts með Gilsá um Fossárdal í Berufjörð.
20. Úr Hornafjarðarfljóti í Vatnajökul.
21. Með Jökulsá á Breiðamerkursandi.
22. Milli Langjökuls og Hofsjökuls nálægt Hvannavallakvísl norðan Hveravalla og Kjalhrauns milli Rjúpnafells og Dúfunefsfells.
23. Úr girðingu undir tölulið 19, sem næst sýslumörkum milli Austur-Skaftafellssýslu og Suður- og Norður-Múlasýslu til jökla.

Girðingar þær, sem hér um ræðir og ekki eru þegar fullgerðar, skulu kostaðar af ríkinu og lagðar þegar sauðfjársjúkdómanefnd telur það nauðsynlegt og fé er veitt til þess í fjárlögum. Sauðfjársjúkdómanefnd skal leita um það samþykkis landbúnaðarráðherra í hvert skipti.

3. gr.

Girðingarstæði skulu valin þar, sem bezt skilyrði eru til varnar af náttúrunnar hendi, eftir því sem við verður komið án þess að svipta upprekstrarfélög eða einstakar jarðir aðgangi að afréttarlöndum þeirra eða heimahögum, nema brýn nauðsyn krefji.

Skulu þau nánar ákveðin í samráði við fulltrúa, er hlutaðeigandi sýslunefndir velja til þess.

Nú kemur í ljós, að viðunandi girðingarstæði fæst ekki án þess að skerða lönd jarða eða upprekstrarfélaga, og skal þá leitazt við að bæta það á þann hátt að eftirláta þeim tilsvarandi lönd í skiptum, ef unnt er.

Komi aðilar sér eigi saman um landskipti, skulu þeir tilnefna sinn manninn hvor, en sýslumaður oddamann, ef aðilar eru innan sýslu. En ef ágreiningur um landskiptin er milli sýslna, skal landbúnaðarráðherra tilnefna oddamann, og skal gerð þeirra vera fullnaðarúrskurður um málið.

Bætur þær, sem þeir ákveða, greiðast af þeim, sem landið fá, eftir notagildi þess. Nægi það ekki, greiðir ríkissjóður og hlutaðeigandi sýslusjóður það, sem á vantar, að hálfu hvor.

4. gr.

Þegar girðingar þær, sem um ræðir í 2. gr., eru lagðar, ákveður sauðfjársjúkdómanefnd, hvenær þær skuli koma undir lög þessi og falla undan ákvæðum laga um varnir gegn útbreiðslu nokkurra næmra sauðfjársjúkdóma og stuðning til bænda, er bíða tjón af þeim, og skal úr því kosta viðhald þeirra og endurlagningu að ⅔ úr ríkissjóði, en ⅓ úr hlutaðeigandi sýslusjóði. Heimilt er sýslunefndum að leggja sérstakt gjald á búfjáreigendur, miðað við fénaðartölu þeirra, til þess að standast þennan kostnað.

Landbúnaðarráðherra ákveður með reglugerð, að fengnum tillögum sauðfjársjúkdómanefndar, hverjir skuli bera kostnaðinn af hverri einstakri varnarlínu og í hvaða hlutföllum, ef um fleiri en eitt sýslufélag er að ræða. 88 9. júlí

Sýslunefndir skulu kjósa einn eða fleiri menn hver til þess að vera í ráðum með framkvæmdastjóra um framkvæmd verksins.

5. gr.

Bannað er að flytja sauðfé yfir varnarlínur nema eftir tillögum sauðfjárræktarráðunautar og með leyfi sauðfjársjúkdómanefndar, eða þeirra, er síðar kunna að taka við störfum hennar.

Kindur, sem sleppa yfir varnarlínur, má ekki reka aftur yfir þær, en skulu teknar til slátrunar, þar sem þær koma fyrir, en eigendum skal gera það verð úr, sem unnt er.

Landbúnaðarráðherra getur ákveðið, að bann það, sem hér um ræðir, nái einnig til annars búpenings, ef alvarlegur smitandi sjúkdómur kemur upp í honum.

Nú kemur upp alvarlegur smitandi búfjársjúkdómur, sem ekki er í næstu héruðum, og skal þá setja varðmenn til frekara öryggis meðfram þeim varnarlínum, sem nauðsynlegt er að tryggja til þess að hindra útbreiðslu veikinnar.

Landbúnaðarráðherra getur enn fremur, að fengnum tillögum sauðfjársjúkdómanefndar, eða þeirra stofnana, er síðar færu með þessi mál, fyrirskipað niðurskurð búfjár á takmörkuðum svæðum til útrýmingar og varnar gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma.

Kostnaður við vörzluna greiðist úr ríkissjóði, en útrýmingarkostnaður greiðist samkvæmt almennri bótaskyldu eða eftir sérstökum lögum, sem sett kunna að verða um það efni.

6. gr.

Framkvæmdastjóri sauðfjársjúkdómavarnanna skal hafa á hendi allar framkvæmdir og eftirlit með, að ákvæðum laga þessara sé fylgt, undir stjórn sauðfjársjúkdómanefndar og landbúnaðarráðherra.

## II. KAFLI

### Um samþykktir til útrýmingar smitandi búfjársjúkdómum.

7. gr.

Heimilt er fjáreigendum, sem búsettir eru á sama sóttvarnarsvæði, eða einstökum héruðum, ef þau eru einangruð frá öðrum sveitum, eða auðvelt að einangra þau frá öllum fjársamgöngum við þær, að gera samþykkt um útrýmingu á smitandi búfjársjúkdómum, með fjárskiptum eða á annan hátt.

8. gr.

Nú þykir fjáreigendum innan ákveðins sóttvarnarsvæðis, eða á einhverjum hluta þess, er uppfyllir skilyrði 7. gr. um einangrun, ástæða til, að gerð sé samþykkt um útrýmingu búfjársjúkdóms, og skulu þeir þá, eftir að hafa leitað álits sauðfjársjúkdómanefndar, snúa sér til allra hreppsnefnda á viðkomandi svæði með áskorun um, að þær, hver í sínum hreppi, boði á venjulegan hátt til fundar meðal fjáreigenda, til að ræða málið og kjósa með hlutbundnum kosningum þrjá fulltrúa til að mæta á sameiginlegum fundi fyrir sóttvarnarsvæðið. Á sama hátt og eftir sömu reglum getur sauðfjársjúkdómanefnd haft frumkvæði um málið.

Fulltrúafundur er lögmætur, ef mættir eru fulltrúar frá ⅔ af þeim hreppum eða hreppshlutum, sem eru á því svæði, er útrýmingunni er ætlað að ná til. Sauðfjársjúkdómanefnd ber að láta fulltrúa fyrir sína hönd mæta á fundinum. Nú fallast ¾ mættra

88 fulltrúa á, að komið sé á samþykkt um áður greint efni, og skulu þeir þá gera frum-
9. júlí varp til slíkrar samþykktar.

9. gr.

Í frumvarpi til samþykktar skal þetta tekið fram:

1. Hreppar eða hreppshlutar, er samþykktinni er ætlað að ná til.
2. Hvenær útrýmingin skuli fram fara í fyrsta lagi.
3. Um skipun fulltrúaráðs og um kosningu framkvæmdanefndar, er skipuð sé minnst 3 mönnum.
4. Ákvæði um helztu verkefni framkvæmdanefndar.
5. Önnur ákvæði, er málið varða.

Sauðfjársjúkdómanefnd skal gefa út fyrirmynd að samþykktum þeim, er hér um ræðir.

10. gr.

Nú samþykkir fundurinn frumvarp með ¾ atkvæða mættra fulltrúa, og skal hann þá kjósa kjörstjórn, er hafi á hendi undirbúning atkvæðagreiðslunnar og talningu atkvæða. Kjörstjórnin velur sér sjálf formann, hún ákveður, hvenær atkvæðagreiðslu skuli lokið í hreppnum og fyrir hvaða tíma atkvæðaseðlar og fundargerð skuli komið til kjörstjórnar og hvenær talning atkvæða skuli fara fram.

11. gr.

Nú hefur frumvarp til samþykktar verið samþykkt á fulltrúafundi með ¾ atkvæða allra mættra fulltrúa, og skal það því næst sent öllum hreppsnefndum í þeim hreppum, sem samþykktinni er ætlað að ná til.

Hreppsnefndum skal þá skylt að boða til fundar í hreppnum með hæfilegum fyrirvara, og skal taka fram í fundarboði, að frumvarp til samþykktar um útrýming liggi fyrir til atkvæðagreiðslu.

Atkvæðisrétt um samþykktina hafa allir framteljendur búsettir í hreppnum, ef þeir hafa átt 25 kindur eða fleiri við síðasta skattframtal.

Skrá yfir atkvæðisbæra menn skal láta fylgja fundarboðinu.

Atkvæðagreiðslan skal vera leynileg og framkvæmd á sama hátt og tíðkast við kosningar í sveitamálefnum.

12. gr.

Hreppsnefndaroddviti hvers hrepps, eða varamaður hans, stjórnar atkvæðagreiðslu á hreppsfundi þeim, er um ræðir í 11. gr.

Hann tilnefnir 2 ritara, er tvírita fundargerðina. Hann skal og kynna fundarmönnum rækilega frumvarp það til samþykktar, er fyrir liggur, og ákvæði laga, er að því lúta.

Að því loknu skal fara fram atkvæðagreiðsla um samþykktina, og greiða þar atkvæði allir atkvæðisbærir menn, sem mættir eru á fundinum.

Atkvæðagreiðsla má ekki standa skemur en 2 klst., nema allir atkvæðisbærir menn hafi neytt atkvæðisréttar síns. Ekki er skylt, að hún standi lengur en 5 klst. Atkvæðagreiðslu má ekki slíta fyrr en hálfri klukkustund eftir að síðasta atkvæði var greitt.

Að lokinni atkvæðagreiðslu innsiglar fundarstjóri umbúðir atkvæðaseðlanna ásamt samriti af fundargerð, kjörskrá og ónotuðum og ógildum atkvæðaseðlum. Sendir hann það síðan til kjörstjórnarinnar.

13. gr.

Kjörstjórnin skal koma saman þann dag, er ákveðið hefur verið, samanber 10. gr., til þess að rannsaka fundargerðirnar og telja atkvæðin.

Formaður kjörstjórnar stjórnar talningunni og lætur rita kjörfundargerð, er beri með sér, úr hvaða hreppum eða hreppshlutum kjörstjórninni hafa borizt fundargerðir, og tölu atkvæðaseðla. Síðan telur hún atkvæðin og skrásetur niðurstöðu þeirra. Tvö samrit skal gera af fundargerðinni, er skulu undirrituð af allri kjörstjórninni. 88 9. júlí

Nú hefur atkvæðagreiðslan fallið þannig, að samþykktin hefur hlotið ¾ greiddra atkvæða, og sé það jafnframt að minnsta kosti ⅔ fjáreigenda samkvæmt kjörskrám, og telst hún þá samþykkt. Samþykktin skal þá send sauðfjársjúkdómanefnd ásamt öðru samriti fundargerðarinnar. Afhendir nefndin hana ásamt umsögn sinni til landbúnaðarráðuneytisins, og fái hún staðfestingu, gengur samþykktin þegar í gildi.

## III. KAFLI

### Um ráðstafanir vegna útrýmingar búfjársjúkdóma og fjárskipti.

14. gr.

Nú hefur landbúnaðarráðherra ákveðið, að útrýming og fjárskipti skuli fram fara í einstöku héraði samkvæmt ósk lögmæts meiri hluta fjáreigenda á því svæði, og sauðfjársjúkdómanefnd telur öruggt, að hægt verði að útvega hæfilega margt af ósýktu fé til fjárskiptanna, og skal hún þá tilkynna framkvæmdastjórn fjárskiptanna, hvenær fjárskipti skuli fram fara. Sauðfjársjúkdómanefnd undirbýr útrýminguna og fjárskipti í samráði við framkvæmdastjórn fjárskiptanefndar í hlutaðeigandi héraði.

Nú hafa fleiri héruð samþykkt fjárskipti, og skal þá sauðfjársjúkdómanefnd ákveða, í hvaða röð þau skuli fram fara.

15. gr.

Fjáreigendur utan varnarlínu, er hafa heilbrigt sauðfé, eru skyldir til að selja öll þau gimbrarlömb, er þeir hafa til förgunar, til þeirra fjáreigenda, sem verða að lóga öllu fé sínu, ef krafa kemur fram um það frá sauðfjársjúkdómanefnd.

Nefndin getur enn fremur ákveðið, með samþykki landbúnaðarráðherra, að áðurgreindir fjáreigendur séu skyldir til að selja öll sín gimbrarlömb. Slíka ráðstöfun má þó ekki gera gagnvart byggðarlagi oftar en þriðja hvert ár.

16. gr.

Kjötverðlagsnefnd skal reikna út og ákveða verð lamba eftir lifandi þunga, miðað við kjöt- og gæruverðlag þess árs. Skulu fjáreigendur þeir, er um ræðir í 15. gr., skyldir að selja bændum þar, sem fjárskipti hafa verið ákveðin, líflömb fyrir það verð.

Nú reynist verð sláturlamba hærra en kjötverðlagsnefnd hefur ákveðið, og skal þá greiða seljendum uppbót á líflömbin samkvæmt tillögum kjötverðlagsnefndar. Uppbætur þessar greiðast af ríkisstyrk bænda samkvæmt 24. gr. laga þessara.

17. gr.

Nú fara fjárskipti fram í einhverju héraði, og skal kjötverðlagsnefnd þá hlutast til um:

a. Að verðlag á kjöti, að minnsta kosti af yngra fé, verði sem hagkvæmast fyrir þá bændur, er fjárskipti hafa.
b. Að frystihús á þeim stöðum, þar sem fjárskipti fara fram, gangi fyrir um sölu, og að kjötið verði flutt burt til geymslu eins ört og með þarf, svo að fjárförgun tefjist ekki vegna rúmleysis í frystihúsum.

18. gr.

Sauðfjársjúkdómanefnd er heimilt, í samráði við framkvæmdastjórn fjárskiptanefndar, að selja ungar ær, sem annars yrði lógað, í önnur héruð, þar sem sauðfjár-

88 sjúkdómanefnd og framkvæmdanefnd fjárskipta á viðkomandi svæði eru sammála
9. júlí um, að tryggt sé að ekki stafi hætta af.

Verð á þessum ám skal vera sem næst ¾ verðs pr. kg. í lifandi þunga móts við áætlunarverð kjötverðlagsnefndar á lömbum, og háð sömu verðlagsbreytingum og að framan greinir um lambaverð.

Sauðfjársjúkdómanefnd ákveður á hverjum tíma, að hve miklu leyti hið opinbera tekur þátt í flutningskostnaði þessa fjár til viðtakenda.

19. gr.

Sauðfjársjúkdómanefnd hefur yfirumsjón með útrýmingu og fjárskiptum, sem ákveðin eru samkvæmt lögum þessum, og framkvæmdum, sem standa í sambandi við þau, svo sem:

a. Að fullvissa sig um, áður en fjárskipti fara fram, að héraðið sé tryggt gegn samgöngum sauðfjár frá sýktum héruðum.
b. Að láta rannsaka heilsufar fjár í þeim héruðum, þar sem ráðgert er að fá líflömb.
c. Að ákveða í samráði við framkvæmdanefnd, hvenær slátrun skuli hefjast og hvenær henni skuli lokið.
d. Að hlutast til um, að öll lönd á fjárskiptasvæðinu séu smöluð sauðlaus, og getur nefndin ákveðið, að fjallgöngur og réttir fari fyrr fram en fjallskilareglugerð mælir fyrir, og að fram fari almennar fjárleitir á afréttum og heimalöndum, eftir að slátrun er lokið, og ekki verr mannaðar en í fyrstu göngum, og auk þess eftirleitir eftir þörfum. Fjallskilum þessum skal jafna niður eins og öðrum fjallskilum.
e. Að ákveða, hvaðan líflömb skuli tekin, og tilkynna það viðkomandi sýslumönnum með nægum fyrirvara, áður en slátrun hefst, en þeir skulu aftur tilkynna það fjáreigendum, og skal þá fresta slátrun gimbrarlamba, þar til kaup hafa farið fram.
f. Nefndin hefur umsjón með kaupum, flutningi og merkingu líffjár, í samvinnu og samráði við framkvæmdastjórn viðkomandi fjárskiptasvæðis.

20. gr.

Líffé, sem keypt hefur verið, skal hver fjáreigandi hafa í strangri gæzlu fyrsta missirið eftir að það hefur verið flutt. Nú hefur sýkt eða grunuð kind komizt saman við líflömb, og skal þá eigandi lambanna, eða sá, er verður kindarinnar fyrst var, þegar í stað gera næsta hreppstjóra aðvart. Ber honum að bregða samstundis við og einangra féð og tilkynna það framkvæmdastjóra sauðfjársjúkdómanefndar, sem ákveður, hvort lóga skuli fénu eða ráðstafa því á annan hátt. Eiganda skulu greiddar fullar bætur fyrir fjármissi og óþægindi af þessum sökum.

21. gr.

Veturinn eftir að fjárskipti hafa farið fram skal sauðfjársjúkdómanefnd velja þar til hæfa menn til að rannsaka fé bænda og framkvæma leit á heimilum, ef ástæða þykir til, í þeim sveitum, svo ugglaust megi telja, að hvergi sé sýktu eða grunuðu fé leynt.

Nú kemur í ljós, að fé hefur verið haldið á laun, og skal það þá tekið ásamt öllu fé, sem það hefur komið saman við, og lógað eða ráðstafað á annan hátt á kostnað þess, er leyndi.

Sá, sem leynir fé, skal sæta ábyrgð samkvæmt ákvæðum 175. gr. hegningarlaganna.

Verði brot þess, er leyndi, orsök þess, að lóga verði fé annarra manna, skal hann skyldur að bæta þeim tjón þeirra og óþægindi, er af því hljótast.

## IV. KAFLI
## Um bætur frá ríkissjóði vegna fjárskipta.

22. gr.

Nú hafa fjárskipti verið ákveðin, og skal þá ríkissjóður kosta flutning líffjárins með bifreiðum eða á skipum, svo og umsjón og eftirlit með fjárkaupunum og flutningi fjárins, sbr. þó 18. gr.

23. gr.

Fjáreiganda skal bæta allt sauðfé, sem slátrað er, samkvæmt fjártölu hans við skattaframtal um síðustu áramót áður en fjárskipti fóru fram, að frádregnum 10% fjártölunnar. Leggja skal sauðfé í ærgildi, þannig að veturgömul gimbur sé talin sem ær, 3 sauðir veturgamlir og eldri sem ein ær, og veturgamall hrútur og eldri sem tvær ær. Geitfé skal bætt eftir sömu reglum og sauðfé.

24. gr.

Ríkissjóður skal greiða fjáreigendum bætur vegna fjárskipta sem hér segir:

1. Haustið eftir að fjárskipti fara fram skal ríkissjóður greiða fjáreiganda sem svarar hálfu lambsverði samkvæmt mati kjötverðlagsnefndar (sbr. 16. gr.) fyrir hvert bótaskylt ærgildi.
2. Á öðru hausti frá fjárskiptum skal greiða fjáreiganda sem svarar hálfu lambsverði á hvert bótaskylt ærgildi, er fjáreigandi hefur ekki fengið lamb fyrir, þegar fjárskipti fóru fram, þó aldrei yfir einn þriðja af bótaskyldri fjártölu, enda hafi hann átt kost á að fá keypt lömb sem svaraði tveim þriðju af bótaskyldri fjártölu haustið, sem fjárskipti voru framkvæmd.
3. Þeir fjáreigendur, sem hafa orðið fyrir fjárfækkun af völdum þeirra sjúkdóma, er útrýma skal, þegar niðurskurður fer fram, fá í næstu fjögur ár á eftir uppeldisstyrk og vaxtastyrk vegna þeirrar fjárfækkunar, eftir þeim reglum, er sauðfjársjúkdómanefnd setur. Reglur þessar skulu birtar fjáreigendum áður en til atkvæðagreiðslu kemur um fjárskipti.

25. gr.

Reynist óumflýjanleg nauðsyn að hafa einhver svæði sauðlaus árlangt eftir að niðurskurður hefur farið fram, skal ríkissjóður greiða fjáreigendum hálft lambsverð fyrir hvert bótaskylt ærgildi það ár, sem svæðið er sauðlaust. Að öðru leyti skal bótum hagað eins og sagt er fyrir í 24. gr.

26. gr.

Fjáreigendur, sem fjárskipti hafa samkvæmt lögum þessum, eru næstu 3 ár á eftir undanþegnir að greiða afborganir af lánum, og lengist þá lánstíminn sem því svarar.

Sauðfjársjúkdómanefnd sendir lánsstofnunum skrá yfir þá menn, sem falla undir þessi ákvæði.

27. gr.

Réttur til bóta úr ríkissjóði getur aðeins færzt yfir til erfingja, ef þeir halda áfram sauðfjáreign á svæðinu, þar sem skorið var niður. Nú er bú selt eða eigandi flytur burt af svæðinu, og fellur þá niður réttur til bóta.

28. gr.

Teljist nauðsynlegt að framkvæma útrýmingu fjár á sýktu svæði, án þess að samþykki fjáreigenda fáist til þess, fyrir þær bætur, sem ákveðnar eru í lögum þessum, skal greiða bæturnar samkvæmt mati, eftir gildandi lögum um eignarnám.

88
9. júlí

V. KAFLI
**Almenn ákvæði.**

29. gr.
Nú hefur verið ákveðið að útrýma næmum sauðfjársjúkdómi, og skulu þá gilda, þar sem ákvæði þessara laga ná ekki til og eftir því sem við á, ákvæði laga frá 1941 um varnir gegn útbreiðslu nokkurra næmra sauðfjársjúkdóma og stuðning til bænda, er bíða tjón af þeim.

30. gr.
Ráðherra er heimilt, eftir tillögum sauðfjársjúkdómanefndar, að gera hverjar þær ráðstafanir, er hann álítur nauðsynlegar til þess að hindra útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýma þeim.

31. gr.
Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

32. gr.
Brot gegn lögum þessum varða sektum, allt að 10000 kr., eða fangelsi, og skal með mál út af slíkum brotum farið sem almenn lögreglumál.

33. gr.
Ákvæði II.—V. kafla um fjárskipti vegna mæðiveiki koma fyrst til framkvæmda á svæðum þeim, sem eru á jöðrum hinna sýktu héraða á hverjum tíma.

*Gjört í Reykjavík, 9. júlí 1941.*

**Sveinn Björnsson.**
(L. S.)

*Hermann Jónasson.*

89
9. júlí

# LÖG
## um eyðingu svartbaks.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

**1. gr.**
Næstu tvö ár (24 almanaksmánuði) eftir gildistöku laga þessara skal greiða eina krónu fyrir dráp hvers svartbaks (veiðibjöllu) eða fleygs svartbaksunga, annarra en þeirra, sem drepnir eru með eitri.

Sá, er drepið hefur svartbak eða fleygan svartbaksunga, skal sanna það fyrir lögreglustjóra eða hreppstjóra með því að afhenda hægri væng fuglsins, vilji hann hljóta verðlaun fyrir samkvæmt ákvæðum greinar þessarar.

**2. gr.**
Umráðendur æðarvarps skulu á vorin eitra fyrir svartbak í varplöndunum, eftir nánari fyrirmælum, sem dómsmálaráðuneytið setur með reglugerð.

3. gr. 89 9. júlí

Bannað er að hagnýta á nokkurn hátt svartbaka, sem finnast dauðir, og skulu þeir grafnir tafarlaust þar, sem þeir finnast.

Brot gegn ákvæðum 2. og 3. gr. varða 100—1000 kr. sektum.

4. gr.

Ríkissjóður greiðir laun þau, er 1. gr. ákveður, en sýsla, sem svartbakur er drepinn í, skal endurgjalda ríkissjóði 25% af laununum. Auk þess skulu þeir, er æðardúnstekju hafa, greiða ríkissjóði eina krónu fyrir hvert hreinsað kg æðardúns, er þeim fellur næstu fimm ár eftir gildistöku laga þessara, og skiptist sú upphæð milli ríkissjóðs og sýslu í réttu hlutfalli við þátttöku þessara aðila í kostnaðinum.

5. gr.

Sá, er með skotum vill eyða svartbaki eða fleygum svartbaksungum, má gera það hvar sem er. Þó eigi í friðlýstum varplöndum eða innan tveggja km frá þeim. Eigi heldur nálægt friðlýstum selalátrum eða á friðlýstum höfnum, nema leyft sé af þeim, er þar á að ráða.

Ef menn ætla að drepa svartbak eða fleyga svartbaksunga í ábýlislandi annars manns, skal ábúanda tilkynnt það, og honum gefinn kostur á að fylgjast með veiðinni.

6. gr.

Skylt er hverjum búanda að eyða öllum eggjum svartbaks eða ófleygum svartbaksungum í ábýlislandi sínu, og öðrum þeim löndum, er hann ræður yfir, ef þess er kostur. Vanræki ábúandi þessa skyldu sína, varðar það sektum frá 50—1000 kr. Sektir renna í sjóð sveitar þeirrar, er hlut á að máli.

7. gr.

Meðan lög þessi gilda, frestast framkvæmd laga nr. 66 23. júní 1936.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 9. júlí 1941.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Hermann Jónasson.*

# LÖG 90 9. júlí

## um veiting ríkisborgararéttar.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Andersen, Victor Strange, verkstjóri í Reykjavík, fæddur í Danmörku.
2. Baarregaard, Alfred Jörgen, tannlæknir á Ísafirði, fæddur í Danmörku.
3. Bremnes, Johan Jörgensen, bóndi að Búlandsnesi í S.-Múlasýslu, fæddur í Noregi.

90
9. júlí

4. Eiríkur Guðmundsson, námsmaður í Reykjavík, fæddur í Englandi.
5. Hansen, Einar Kristofferson, sjómaður í Hólmavík, fæddur í Noregi.
6. Hansen, Hans Thorvald Henry, veitingaþjónn í Reykjavík, fæddur í Danmörku.
7. Hobbs, Helga Phyllis, skrifstofustúlka í Reykjavík, fædd í Englandi.
8. Hoffritz, Carl August Adam, starfsmaður hjá Mjólkurbúi Flóamanna, fæddur í Danmörku.
9. Malmberg, Ejnar Oluf, kaupmaður í Reykjavík, fæddur í Danmörku.
10. Molander, Thorvald Antonius, listmálari í Reykjavík, fæddur í Noregi.
11. Möller, Sverre, verkamaður í Reykjavík, fæddur í Noregi.
12. Nielsen, Olaf Peder, rafvirkjameistari í Reykjavík, fæddur í Danmörku.
13. Petersen, Martin, námsmaður í Reykjavík, fæddur á Íslandi.
14. Rasmussen, Ivan Hugo, rennismiður í Reykjavík, fæddur í Kaupmannahöfn.
15. Rokstad, Emil Johan Hansen, kaupmaður í Reykjavík, fæddur í Noregi.
16. Schwinn, Liselotte Elisabeth, skrifstofustúlka í Reykjavík, fædd í Þýzkalandi.
17. Sætersmoen, Sigríður Eva, skrifstofustúlka í Reykjavík, fædd í Noregi.
18. Tromberg, Grímur, námsmaður í Reykjavík, fæddur í Kanada.
19. Tromberg, Kristjón, verkamaður í Reykjavík, fæddur í Kanada.
20. Tönsberg, Ejner, garðyrkjumaður, Reykjum, Mosfellssveit, fæddur í Danmörku.
21. Zebitz, Frederik Wilhelm Henry, rafvirki í Reykjavík, fæddur í Danmörku.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Að því er Martin Petersen snertir þó eigi fyrr en 9. júlí 1941, að því er snertir Alfred Jörgen Baarregaard eigi fyrr en 31. ágúst 1941, og að því er Sverre Möller snertir eigi fyrr en 1. okt. 1941.

*Gjört í Reykjavík, 9. júlí 1941.*

**Sveinn Björnsson.**
(L. S.)

*Hermann Jónasson.*

91
9. júlí

# LÖG

## um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1939.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

| | I. Innborganir: | Áætlun | Reikningur |
|---|---|---|---|
| 1. | Tekjur samkv. 2. gr. fjárlaga ............ | kr. 14303000.00 | kr. 15430793.36 |
| 2. | — — 3. gr. A. — ............ | — 3010960.00 | — 3742154.50 |
| 3. | — — 3. gr. B. — ............ | — 33000.00 | — 37122.52 |
| 4. | — — 4. gr. — ............ | — 508000.00 | — 586983.84 |
| 5. | — — 5. gr. — ............ | — 50000.00 | — 133824.39 |
| 6. | Eignabreytingar samkv. 20. gr. fjárlaga ... | — 453833.00 | — 3229618.21 |
| 7. | Greiðslujöfnuður ........................ | — 50248.00 | — |
| | | Kr. 18409041.00 | Kr. 23160496.82 |

II. Útborganir: 91 9. júlí

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1. Gjöld samkv. 7. gr. fjárlaga ............. | kr. | 1680000.00 | kr. | 1927015.14 | |
| 2. — — 8. gr. — ............. | — | 60000.00 | — | 66931.50 | |
| 3. — — 9. gr. — ............. | — | 245920.00 | — | 330577.16 | |
| 4. — — 10. gr. — ............. | — | 507346.00 | — | 710438.42 | |
| 5. — — 11. gr. A. — ............. | — | 1522750.00 | — | 1920517.26 | |
| 6. — — 11. gr. B. — ............. | — | 329000.00 | — | 486212.32 | |
| 7. — — 12. gr. — ............. | — | 660731.00 | — | 721046.48 | |
| 8. — — 13. gr. A. — ............. | — | 1620077.00 | — | 1858841.03 | |
| 9. — — 13. gr. B. — ............. | — | 654200.00 | — | 443467.94 | |
| 10. — — 13. gr. C. — ............. | — | 707250.00 | — | 700700.00 | |
| 11. — — 13. gr. D. — ............. | — | 11500.00 | — | 20166.76 | |
| 12. — — 14. gr. A. — ............. | — | 408020.00 | — | 428180.52 | |
| 13. — — 14. gr. B. — ............. | — | 1939229.00 | — | 2331661.38 | |
| 14. — — 15. gr. — ............. | — | 251660.00 | — | 276347.70 | |
| 15. — — 16. gr. — ............. | — | 4003200.00 | — | 4678052.39 | |
| 16. — — 17. gr. — ............. | — | 1618800.00 | — | 1667091.28 | |
| 17. — — 18. gr. — ............. | — | 386108.00 | — | 390264.47 | |
| 18. — — 19. gr. — ............. | — | 100000.00 | — | 420806.24 | |
| 19. Eignabreytingar samkv. 20. gr. fjárlaga ... | — | 1703250.00 | — | 3136509.06 | |
| 20. Greiðslujöfnuður ..................... | | | — | 645669.77 | |
| | Kr. | 18409041.00 | Kr. | 23160496.82 | |

*Gjört í Reykjavík, 9. júlí 1941.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Jakob Möller.*

# LÖG 92 9. júlí

## um breyting á áfengislögum, nr. 33 9. jan. 1935.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 6. gr. laga nr. 33 9. jan. 1935 bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Þó skal ríkisstjórninni heimilt að leyfa tilbúning öls, sem hefur inni að halda meira en 2¼% af vínanda að rúmmáli, til að selja hinu brezka setuliði hér á landi.

Nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga, tollgreiðslu af ölinu, sölumeðferð, refsingar fyrir brot á þeim fyrirmælum og annað, má setja með reglugerð.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

*Gjört í Reykjavík, 9. júlí 1941.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Hermann Jónasson.*

93
9. júlí

# LÖG
## um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta ýmis gjöld 1942 með viðauka.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt til ársloka 1942 að innheimta með 40% viðauka vitagjald, þær aukatekjur ríkissjóðs, sem eru taldar í lögum nr. 27 27. júní 1921, I.—VI. kafla, og stimpilgjald samkvæmt lögum nr. 75 27. júní 1921.

2. gr.

Viðaukann skal reikna þannig, að hver gjaldeining hækki um 40%, en broti úr eyri, sem myndast við viðbót þessa, skal sleppt.

Rísi ágreiningur um það, hvort reikna skuli gjald með 40% viðauka eða ekki, sker fjármálaráðuneytið úr.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1942.

*Gjört í Reykjavík, 9. júlí 1941.*

**Sveinn Björnsson.**
(L. S.)

*Jakob Möller.*

94
9. júlí

# LÖG
## um heimild fyrir veðdeild Landsbanka Íslands til að gefa út nýja flokka bankavaxtabréfa.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Veðdeild Landsbankans skal vera heimilt að gefa út bankavaxtabréf, allt að 18 milljónum króna. Vaxtabréfunum má skipta í flokka, og nefnist sá þeirra, er fyrst kemur til framkvæmda, 13. flokkur veðdeildarinnar, og hinir í áframhaldandi töluröð þar á eftir. Ráðherra ákveður, hvenær hverjum flokki skuli lokið, er stjórn Landsbankans hefur gert tillögur um það. Heimilt er, með samþykki ráðherra, að hafa 3 flokka með mismunandi vöxtum starfandi í senn. En eigi má hver flokkur vera stærri en 6 milljónir króna.

2. gr.

Veðdeildin gefur út skuldabréf, er hljóða á handhafa (bankavaxtabréf), en nafnskrá má þau í bókum bankans. Stjórn Landsbankans kveður á um lögun, útlit og

fjárhæð bankavaxtabréfanna. Ráðherra og bankastjórar Landsbankans undirskrifa bankavaxtabréfin. 94
9. júlí

Aldrei má gefa meira út af bankavaxtabréfum en nemur fjárhæð þeirri, er veðdeildin á í veðskuldabréfum.

3. gr.

Auk veðskuldabréfa þeirra, sem veðdeildin fær frá lántakendum, skal trygging fyrir vaxtabréfum þessara flokka vera:

1. Varasjóður hvers flokks.
2. Sameiginleg ábyrgð lántakenda, er nemi allt að 10%, sbr. 8. gr.
3. Ábyrgð ríkissjóðs.

Ef taka þarf til trygginganna 1—3, skal gera það í þeirri röð, sem að ofan er greint.

4. gr.

Í reglugerð fyrir hvern flokk, er bankastjórnin semur og ráðherra staðfestir, skal ákveðið, hversu háum vöxtum skuli svarað af bankavaxtabréfunum og hvar þeir skuli greiðast, svo og hvernig haga skuli auglýsingum um greiðslu þeirra.

Vaxtamiðar, sem komnir eru í gjalddaga, skulu gjaldgengir til lúkningar sköttum og öðrum gjöldum ríkissjóðs, og skulu gjaldheimtumenn ríkissjóðs innleysa þá, ef þeir hafa fé fyrir hendi, er greiðast á í ríkissjóð.

5. gr.

Veðdeildin er undanþegin öllum tekjuskatti, útsvari, stimpilgjaldi og öðrum sköttum. Svo á hún rétt til að fá ókeypis eigna- og veðbókarvottorð til afnota fyrir sjálfa sig.

6. gr.

Fé veðdeildarflokkanna má lána gegn veði í jarðeignum, erfðafestulöndum og húseignum með lóð, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð, en gegn veði í húseignum því aðeins, að þær séu vátryggðar í vátryggingarstofnun, er bankastjórnin telur góða og gilda.

Lánsupphæð má ekki fara fram úr ⅗ af virðingarverði fasteignarinnar.

7. gr.

Eignir þær, sem veðdeildarflokkarnir taka að veði, skal á kostnað lánþega virða á þann hátt, er nánar verður tiltekið í reglugerð fyrir flokkana. Í reglugerðinni má meðal annars ákveða, að stjórn Landsbankans megi nefna til þá menn, er virða skuli veðin, og að hreppsnefnd eða bæjarstjórn sú, er í hlut á, samþykki virðinguna. Svo skal lántakandi, að minnsta kosti á hverjum fimm ára fresti, meðan lánið stendur, sýna skírteini, sem bankastjórnin tekur gild, fyrir því, að veðið hafi eigi rýrnað í verði, svo að veðdeildarflokknum geti verið nein hætta búin. Láti lántakandi farast fyrir að senda bankastjórn Landsbankans þetta skírteini, má stjórn bankans láta skoðunargerð af innanhéraðsmönnum fram fara á kostnað lántakanda.

8. gr.

Lántakendur veðdeildarflokkanna skulu, auk þess að bera ábyrgð á sínum eigin skuldum, ábyrgjast sameiginlega (in solidum) skuldbindingar hvers flokksins, þó eigi meira en 10% af því, sem lán þeirra námu á síðasta gjalddaga, áður en taka þurfti til ábyrgðarinnar. Skal í reglugerð deildarinnar ákveða, hvenær grípa skuli til þessarar sameiginlegu ábyrgðar og hvernig henni að öðru leyti skuli vera fyrir komið.

9. gr.

Eigi má lána nema gegn 1. veðrétti. Minnsta lán skal vera 300 kr., og skulu lán jafnan standa á hundraði króna.

94 9. júlí Lánstíminn má vera allt að 40 árum, sé veðið jarðeign eða vandað steinsteypuhús eða steinhús, og allt að 30 árum, sé veðið vandað timburhús.

10. gr.

Lán þau, sem veðdeildin veitir, má hún greiða í bankavaxtabréfum sínum eftir ákvæðisverði þeirra, en lánþegi hefur rétt til að heimta, að bankastjórnin annist um að koma bankavaxtabréfunum í gjaldgenga peninga, ef þess er kostur, en borga verður hann kostnað þann, sem af því leiðir, og verðfall.

Veðdeildin hefur þó jafnan rétt til að greiða lánin í peningum með þeirri upphæð, sem hún getur fengið fyrir þau, að frádregnum öllum kostnaði. Semja má um sölu bankavaxtabréfa þessara flokka fyrir fram í einu eða fleiru lagi, enda samþykki ráðherra söluverðið.

11. gr.

Hver lántakandi skal greiða 1% af lánsupphæðinni í varasjóð flokksins um leið og hann tekur lánið.

Þó er heimilt að ákveða í reglugerð, að lántökugjaldið greiðist í tvennu eða fernu lagi.

Heimilt er veðdeildinni við hver eigendaskipti að heimta lánið borgað aftur að öllu eða nokkru leyti.

Verði eigendaskipti að fasteign, sem veðsett er veðdeildinni, skal kaupandi þegar um leið og kaupin gerast tilkynna veðdeildinni eigendaskiptin.

12. gr.

Vilji nýr kaupandi taka að sér greiðslu á láni úr þessum flokkum, skal hann leita samþykkis landsbankastjórnarinnar um það. Samþykki hún, að hinn nýi kaupandi taki lánið að sér, skal hann innan sex mánaða frá kaupdegi sanna eignarrétt sinn fyrir bankastjórninni og taka lánið að sér. Slík yfirtaka er ekki stimpilskyld.

13. gr.

Lánum þeim, sem veðdeildin veitir, má hún ekki segja upp, meðan lánþegi gegnir að öllu leyti skyldum þeim, sem hann hefur undirgengizt. En ef ákvæðisgjöld hans verða ekki greidd á réttum gjalddaga, eða veðið gengur svo úr sér, að það er eigi lengur svo tryggjandi sem vera skal, eða haldi skuldunautur ekki vátryggðum húseignum, er að veði eru og talin eru með í matinu, eða falli á veðið eftirstöðvar af sköttum eður afgjöldum, er ganga fyrir kröfum veðdeildarinnar, eða nýr kaupandi vanrækir að taka lán að sér, er bankastjórninni heimilt að telja eftirstöðvar lánsins komnar í gjalddaga undireins án uppsagnar.

14. gr.

Skuldunautar veðdeildarinnar skulu greiða vexti, afborganir og tillög til að borga kostnað við þessa flokka og til varasjóðs í einu lagi með jafnri upphæð samtals hvern gjalddaga. Árlegt tillag til að borga kostnað við flokkana og til varasjóðs er ½% á ári af upphæð lánsins eins og það var fyrir hvern gjalddaga. Á ákveðnum gjalddögum má hver lántakandi, án undangenginnar uppsagnar, greiða aukaafborganir af skuld sinni, þó svo, að ávallt standi á 100 krónum, eða endurborga hana að öllu leyti. Gjald þetta má hann greiða með bankavaxtabréfum hlutaðeigandi flokks, eftir ákvæðisverði þeirra. Á öðrum tíma árs má og borga lán að fullu, ef bankastjórnin samþykkir, þó því aðeins, að það sé veðdeildarflokknum að skaðlausu.

15. gr.

Heimilt er í reglugerð að ákveða dráttarvexti á afborgunum og vöxtum, sem ekki greiðast á gjalddaga.

16. gr.

Afborgunum þeim og endurborgunum, er greiddar eru í peningum á hverjum gjalddaga, skal varið til að innleysa skuldabréf þau, er hlutaðeigandi veðdeildarflokkur hefur gefið út, eftir hlutkesti, sem notarius publicus hefur umsjón með og fram fer í viðurvist tveggja manna; annan kveður ráðherra til þess, hinn bankastjórnin. Þá er hlutkesti hefur fram farið, skal auglýsa með níu mánaða fyrirvara tölurnar á bankavaxtabréfum þeim, er upp hafa komið til innlausnar, og á hverjum gjalddaga þau verði útborguð. Nánari ákvæði um auglýsingar þessar skal setja í reglugerð veðdeildarflokkanna. Bankinn má og á þann hátt og með þeim fyrirvara, er áður segir, innleysa bankavaxtabréf í stærri stíl.

17. gr.

Eigendur bankavaxtabréfa þeirra, er innleysa skal, geta, gegn því að afhenda þau með vaxtamiðum, er þeim fylgja, fengið útborgaðan höfuðstól þeirra á ákveðnum gjalddaga, og er eigi skylt að greiða vexti af höfuðstólnum upp frá því. Sama rétt hafa handhafar bréfanna, þótt eigi séu eigendur.

18. gr.

Höfuðstóll og vaxtafé, sem komið er í gjalddaga til útborgunar, rennur í varasjóð hlutaðeigandi veðdeildarflokks, sé þess eigi vitjað innan 20 ára frá gjalddaga.

19. gr.

Nú glatast bankavaxtabréf, sem nafnskráð er í bókum veðdeildarinnar, og getur þá bankastjórnin innkallað handhafa bréfsins með 12 mánaða fyrirvara, með auglýsingu, er birt sé þrisvar sinnum samfleytt í blaði því á Íslandi, er flytur opinberar auglýsingar, og í samsvarandi auglýsingablöðum erlendis, þar sem ætla má, að bréfin séu í umferð. Ef enginn gefur sig fram með bréfið í tæka tíð, getur bankastjórnin útgefið handa hinum skráða eiganda þess nýtt bankavaxtabréf með sömu upphæð sem það, er glataðist, án þess nokkur annar, er bankavaxtabréfið kann að hafa verið afsalað, geti þar fyrir búið kröfu á hendur veðdeildinni. — Um ógilding annarra bankavaxtabréfa fer eftir almennum lögum.

20. gr.

Bankavaxtabréf þau, er innleyst hafa verið með hlutkesti, eða hafa verið notuð til að borga eða afborga lán, má eigi framar setja í veltu, heldur skal ónýta þau undireins ásamt vaxtamiðum og stofnum þeirra, á þann hátt, að þau með því verði ógild, og leggja þau til geymslu í fjárhirzlu deildarinnar, og svo skal við lok næsta reikningsárs eyðileggja þau í viðurvist endurskoðenda ásamt vaxtamiðum þeim, er innleystir hafa verið það reikningsár.

21. gr.

Vaxtamiða og vaxtabréf, sem komin eru í gjalddaga, skal borga út í veðdeildinni í Reykjavík.

Í reglugerð veðdeildarflokkanna skal ákveða, á hvern hátt borga skuli út erlendis vaxtamiða og bankavaxtabréf, sem komin eru í gjalddaga.

22. gr.

Þegar lán er komið í gjalddaga (sbr. 13. gr.), hefur veðdeildin heimild til að láta selja veðið við opinbert uppboð, án undanfarandi dóms, sáttar eða fjárnáms, samkvæmt ákvæðum í tilskipun um fjárforráð ómyndugra, 18. febr. 1847, 10. gr., eða láta leggja það veðdeildinni út til eignar, ef þörf er á. — Veðdeildin þarf ekki að láta neinn vera fyrir sína hönd við uppboðið, og skal þar ekki taka mótmæli skuldunauts

94 til greina, nema þau séu auðsjáanlega á rökum byggð, og eigi er heldur hægt að stöðva
9. júlí eða ónýta uppboðið með neins konar dómskoti.

Veðdeildin hefur aftur á móti ábyrgð á því, að skuldin sé rétt og komin í gjalddaga, og skuldunaut er frjálst að höfða mál til endurgjalds á öllu því, er hann hefur skaðazt á uppboðinu, og öllum málskostnaði að skaðlausu. Veðdeildin getur löglega samið svo um við skuldunauta sína, að uppboð á veðsettum fasteignum megi fram fara í skrifstofu uppboðshaldara.

23. gr.

Fé ómyndugra manna og opinberra stofnana og sjóða má verja til að kaupa bankavaxtabréf þessara veðdeildarflokka, en þó eigi hærra verði en á skráðu gangverði þeirra hjá Landsbanka Íslands.

24. gr.

Þá er lokið er skuldbindingum hvers þeirra veðdeildarflokka, er stofnaðir verða samkvæmt lögum þessum, rennur varasjóður hans til næsta flokks, og svo áfram. Þegar lokið er skuldbindingum síðasta flokksins, rennur varasjóðurinn til þess eða þeirra veðdeildarflokka eða veðlánsstofnana, sem stofnsettar verða til að halda áfram veðlánastarfseminni eftir að lokið er síðasta flokki samkvæmt þessum lögum. Verði slíkum nýjum flokkum eða veðlánastofnunum fengin aðgreind starfssvið, skiptist varasjóðurinn milli þeirra, svo að hvert starfssvið njóti réttrar hlutdeildar, er varasjóðnum hefur þaðan aflazt.

25. gr.

Veðdeildinni skal stjórnað af stjórn Landsbankans, og reikningar hennar endurskoðaðir af endurskoðendum þess banka.

26. gr.

Lög þessi ganga í gildi nú þegar.

*Gjört í Reykjavík, 9. júlí 1941.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Eysteinn Jónsson.*

95
9. júlí

# LÖG

**um breyting á lögum nr. 37 12. febr. 1940, um stríðstryggingarfélag íslenzkra skipshafna.**

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. gr. laga nr. 37 12. febr. 1940, um stríðstryggingafélag íslenzkra skipshafna, orðist þannig:

Stofna skal vátryggingarfélag, sem heitir stríðstryggingafélag íslenzkra skipshafna, og er hlutverk þess að tryggja gegn dauða og örorku af völdum stríðsslysa skipshafnir á þeim íslenzkum skipum eða skipum í íslenzkri þjónustu, sem slíka tryggingu þurfa að kaupa.

Með stríðsslysum er átt við öll slys, sem verða beinlínis af völdum styrjaldar eða borgaraóeirða, þar sem vopnum er beitt. Ef styrjaldaraðgerðir eru aðeins meðvaldandi að slysinu, má lækka skaðabætur um þriðjung eða tvo þriðju hluta, eða fella þær alveg niður, eftir því hve mikinn þátt aðrar orsakir teljast eiga í slysinu. 95 9. júlí

Trygging samkvæmt lögum þessum tekur einnig til þess, er skipshöfn ferst með skipi, sem týnist án þess að til spyrjist, hversu týnzt hefur. Þó má lækka skaðabætur eða fella þær niður með öllu á sama hátt og fyrr greinir, eftir því hve miklar líkur eru fyrir því, að skipið hafi farizt af öðrum orsökum en styrjaldaraðgerðum, nema sérstaklega hafi verið um samið milli útgerðarmanna eða skipverja og stríðstryggingafélagsins, að félagið taki fulla áhættu gegn ákveðnu viðbótariðgjaldi.

Takmörkun þessi tekur ekki til skipshafna skipa, sem eru í millilandasiglingum.

2. gr.

Aftan við 6. gr. laganna bætist: og hvíla sem lögveð á skipinu.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 9. júlí 1941.*

**Sveinn Björnsson.**
(L. S.)

*Stefán Jóh. Stefánsson.*

# LÖG

96
9. júlí

## um breyting á lögum nr. 62 30. des. 1939, um tollskrá o. fl.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

| | Tolleining | Vörumagnstollur Aurar | Verðtollur % |
|---|---|---|---|
| Á tollskránni í 1. gr. laganna eru gerðar þessar breytingar: | | | |
| 1. Nr. 2 í 13. kafla orðist svo: | | | |
| 2 — gúmmí arabíkum | 1 kg | 7 | 8 |
| 2. Nr. 2 í 15. kafla orðist svo: | | | |
| 2 — tólg | — | 2 | 8 |
| 3. Í stað orðanna „ekki yfir 15 kg.“ í 20. lið 15. kafla komi: allt að 3 kg. | | | |
| 4. Nr. 24 í 15. kafla orðist svo: | | | |
| 24 — glyserin | — | 7 | 8 |
| 5. Orðin „einnig tilbúið“ í 26. lið 15. kafla falli niður. | | | |
| 6. Nr. 9—13 í 27. kafla orðist svo: | | | |
| **Olíur og önnur efni eimd úr háhitatjöru og hydrerað fenól, kresól og naftalín:** | | | |
| 9 — benzól | — | 7 | 8 |
| 10 — fenól | — | 7 | 8 |
| 11 — kresól | — | 7 | 8 |
| 12 — naftalín | — | 7 | 8 |
| 13 — annað | — | 7 | 8 |

96
9. júlí

| | Toll-eining | Vörumagns-tollur Aurar | Verð-tollur % |
|---|---|---|---|
| 7. Í stað orðanna „allt að 15 kg.“ í 21. lið 27. kafla komi: allt að 3 kg. | | | |
| 8. Orðið „joð“ í byrjun 1. liðs 28. kafla falli niður, en á eftir orðunum „svo og með klór“ síðar í liðnum komi orðin: og joði. | | | |
| 9. Við nr. 3—5 í 28. kafla komi svo hljóðandi athugasemd: | | | |
| Af hylkjum utan um gastegundir, sem taldar eru í nr. 3—5, skal ekki greiða verðtoll, ef hylkin eru lánuð eða leigð hingað til lands og endursend aftur að notkun lokinni, enda fylgist tollyfirvöldin með því, að hylkin séu endursend. | | | |
| 10. Nr. 32 í 28. kafla orðist svo: | | | |
| 32 — blönduð sölt í gosdrykki, sjúkrasölt og þvílíkar saltblöndur, ætlaðar til sjúkrafæðu, aðrar en Karlsbadsalt og Emsersalt, náttúrleg og tilbúin ........................ | — | 7 | 30 |
| 11. Nr. 37 í 28. kafla orðist svo: | | | |
| 37 — klórkalsíum og klórmagnesíum ................. | — | 2 | |
| 12. Nr. 43 í 28. kafla orðist svo: | | | |
| 43 — brennisteinskolefni, tetraklórkolefni, tríklórethylen o. þ. h. fljótandi klórsambönd, önnur en klóróform ...... | — | 7 | 8 |
| 13. Nr. 53 í 28. kafla orðist svo: | | | |
| 53 — ethyleter ........................................ | — | 7 | |
| 14. Við nr. 5 í 29. kafla komi svo hljóðandi athugasemd: | | | |
| Af kvikmyndafilmum skal ekki greiða verðtoll, ef þær eru lánaðar eða leigðar hingað til lands og endursendar aftur að notkun lokinni, enda fylgist tollyfirvöldin með því, að kvikmyndafilmurnar séu endursendar. | | | |
| 15. Í stað 6. liðs 34. kafla komi: | | | |
| **Flugeldar og flugeldaefni:** | | | |
| 6 — eldflugur (rakettur) .............................. | 1 kg | 7 | 30 |
| 6 a — annað ............................................. | — | 120 | 90 |
| 16. Á eftir nr. 19 í 39. kafla komi nýtt nr., svo hljóðandi: | | | |
| 19 a — botnrúllur („bobbingar“) ....................... | — | 2 | 2 |
| 17. Nr. 4 í 40. kafla orðist svo: | | | |
| 4 — þilfarsplankar ófasaðir og fasaðir úr oregonpine og pitchpine 3 × 5″ ......................... tollfrjálsir. | | | |
| 18. Nr. 10 í 40. kafla orðist svo: | | | |
| 10 — birki og hlynur ................................... | — | 10 | 8 |
| 19. Nr. 11 í 44. kafla orðist svo: | | | |
| 11 Dagblaðapappír ...................................... | | | 2 |
| Athugasemd: | | | |
| Dagblaðapappír telst sá pappír, sem vegur frá 45—65 gr. hver fermetri og í er að minnsta kosti 60% af tréslípmassa. | | | |
| 20. Nr. 14 í 44. kafla orðist svo: | | | |
| 14 Skrifpappír, prentpappír, ót. a., og kópíupappír ...... | | | 8 |
| 21. Nr. 17 í 44. kafla orðist svo: | | | |
| 17 Smjörpappír og hvítur pergamentpappír, sem vegur 40—75 g/m² ............................... | | | 8 |
| 22. Nr. 21 í 44. kafla orðist svo: | | | |
| 21 Skrautpappír, svo sem glanspappír, gyltur pappír, silfraður pappír og annar pappír borinn bronsi ............ | — | 7 | 50 |

| | Toll-eining | Vörumagnstollur Aurar | Verðtollur % |
|---|---|---|---|
| 23. Nr. 3 í 50. kafla orðist svo: | | | |
| 3 — cellulósavatt | — | 7 | 8 |
| 24. Nr. 32 í 50. kafla orðist svo: | | | |
| 32 — vaxdúkur og leðurlíkisdúkur | — | 7 | 30 |
| 25. Nr. 17 í 58. kafla orðist svo: | | | |
| 17 Vegg- og gólfflögur, svo og þakhellur og þakplötur | — | 1 | 2 |
| 26. Á eftir nr. 39 í 63. kafla komi nýtt nr.: | | | |
| 39 a — reimlásar | — | 7 | 8 |
| 27. Nr. 6 og 7 í 64. kafla orðist svo: | | | |
| 6 — vatnslásar | — | 2 | 8 |
| 7 — annað | — | 2 | 8 |
| 28. Nr. 4 í 66. kafla orðist svo: | | | |
| 4 Pípur og pípuhlutar | — | 7 | 8 |
| 29. Nr. 14 í 71. kafla orðist svo: | | | |
| 14 Myndamót (clichéer), þar með talin mót til myndmótagerðar (matrix) | — | 7 | 8 |

Af myndamótum (clichéer) skal ekki greiða verðtoll, ef þau eru lánuð eða leigð hingað til lands og endursend aftur að notkun lokinni, enda fylgist tollyfirvöldin með því, að þau séu endursend.

2. gr.

Við 12. gr. laganna bætist ný málsgrein, er hljóðar svo:

Þetta gildir þó ekki um ósundurliðaðan flutningskostnað fyrir sundurleitar vörur, ef viðtakandi hefur afhent til tollmeðferðar vörureikning, sem að minnsta kosti tilgreinir verð hverrar einstakrar hinna sundurleitu vara á innkaupsstað, en þá skal skipta hinum ósundurliðaða flutningskostnaði niður á hverja einstaka vöru í sendingunni eftir hlutfalli því, sem er á milli innkaupsverðs varanna innbyrðis.

3. gr.

a. Við nr. 2 í skránni í 18. gr. laganna komi svo hljóðandi athugasemd:
Undir númerið kemur einnig stapeltrefjavefnaður.

b. Við nr. 3 í skránni í sömu lagagr. komi svo hljóðandi athugasemd:
Undir númerið koma einnig karlmannafataefni blönduð öðrum spunaefnum, ef fyrir liggja fullar sannanir um, að í þeim sé a. m. k. 93% hrein ull.

c. Aftan við sömu lagagr. bætist ný málsgrein, er hljóðar svo:
Þá skulu, meðan fyrrnefndur samningur er í gildi, prjónavoð úr baðmull og garn það, sem fellur undir nr. 5 í 46. kafla B, tollast með 20 aura vörumagnstolli og 15% verðtolli, og svitaskinn í húfur og húfuskyggni úr kátsjúk tollast með 7 aura vörumagnstolli og 15% verðtolli.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 9. júlí 1941.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Jakob Möller.*

97
9. júlí

# LÖG
## um ófriðartryggingar.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

### I. KAFLI
### Stofnun tryggingarinnar.

1. gr.

Setja skal á fót stofnun til að standa straum af tjóni af völdum hernaðar í landinu á fasteignum og lausafé landsmanna, sem ekki er tryggt gegn tjóni af völdum ófriðar eða fæst bætt á öðrum vettvangi. Stofnunin nefnist: Ófriðartryggingin.

Stofnunina skal þó ekki setja á fót fyrr en eitthvert hernaðartjón hefur að höndum borið, og koma lög þessi að engu leyti til framkvæmda fyrr en slíkt tjón hefur átt sér stað.

Trygging sú, er lög þessi fjalla um, nær ekki til þeirra fjármuna í landinu, sem eru í eigu erlendra manna eða stofnana, nema slíkir aðilar séu hér heimilisfastir og greiði hér öll almenn gjöld, eða ef um umboðssölu á erlendum vörubirgðum hér á landi er að ræða, og sá aðili, sem selur þær, er heimilisfastur og greiðir öll almenn gjöld hér á landi.

2. gr.

Stofnunin starfar í þrem deildum, fasteignadeild, véla- og tækjadeild og lausafjártryggingardeild. Hafa þær sameiginlega stjórn og bera sameiginlega stjórnarkostnað og annan kostnað af rekstri stofnunarinnar, en að öðru leyti hafa þær aðskilinn fjárhag. Atvinnumálaráðuneytið skiptir rekstrarkostnaði stofnunarinnar á deildir hennar.

### II. KAFLI
### Fasteignatryggingin.

3. gr.

Skylt er að tryggja hjá Ófriðartryggingunni allar húseignir í landinu og önnur tryggingarskyld mannvirki.

Atvinnumálaráðuneytið ákveður, hvað telja skuli tryggingarskyld mannvirki.

Eigendur eða umráðamenn tryggingarskyldra mannvirkja, sem ekki eru í skyldutryggingu fyrir eldsvoða, eru skyldir til að senda Ófriðartryggingunni tilkynningar um þau, þegar er hún hefur tekið til starfa.

4. gr.

Landið allt er eitt tryggingarsvæði, en ráðuneytið ákveður með reglugerð eða auglýsingu skiptingu fasteignanna í áhættuflokka með mismunandi iðgjöldum.

5. gr.

Iðgjöld reiknast af brunabótaverði. Húseignir og mannvirki, sem ekki eru virt til brunabóta, skal stjórn stofnunarinnar láta virða sérstaklega, og á sama hátt og til brunabóta væri, með aðstoð brunatryggingarfélaga húseigna, sem starfa á hverjum stað, og skal gera viðaukaskrá yfir þau við brunatryggingarskrárnar.

6. gr.

Áfallnar bætur eða eftirstöðvar þeirra ávaxtast með 5% á ári frá því er tjónið varð og þangað til þær eru greiddar að fullu. Vextir þessir ganga fyrst og fremst til greiðslu vaxta af kröfum þeim, sem tryggðar eru með þinglesnum veðrétti í fasteign þeirri, er skemmzt hefur eða eyðzt, og greiðast þeir á umsömdum gjalddögum veðskuldarinnar. Jafnframt vöxtum greiðast afborganir af hinum þinglesnu veðskuldum, og skal draga þær frá bótunum, er þær verða endanlega greiddar. Þó greiðist ekki hærri árleg afborgun af neinni slíkri skuld en sem svarar 1/20 hluta hennar, eins og hún var þegar fasteignin skemmist eða eyðist, og eigi hærri árlegir vextir en 5%, og geta veðhafar eigi krafizt frekari greiðslu meðan fasteignin er ónothæf eða bætur eigi greiddar að fullu. Færist greiðsla skuldarinnar aftur um tilsvarandi tíma, sem þarf til að ljúka því af henni með umsömdum afborgunum, sem með þessu móti kann að hafa vangreiðzt, meðan fasteignin var ónothæf eða bætur ekki greiddar að fullu.

Verði eitthvað afgangs af téðum 5% vöxtum, þegar greiddir hafa verið vextir af veðkröfum samkv. framansögðu, greiðist það til eiganda fasteignarinnar í lok hvers árs.

7. gr.

Bætur, þar með talið vextir og afborganir samkvæmt 6. gr., greiðast með iðgjöldum, sem krafin eru af öllum tryggðum húseignum og mannvirkjum, einnig þeim, sem orðið hafa fyrir ófriðartjóni.

Hámark iðgjaldanna samtals er 10% af þeim upphæðum, sem iðgjöld reiknast af.

Ef þessi takmörkun hefur í för með sér, að ekki er hægt að bæta ófriðartjónið að fullu, skulu bætur greiddar úr ríkissjóði eftir því, sem fé verður veitt til þess í fjárlögum.

8. gr.

Iðgjöld skulu innheimt, þegar ófriðartjón gefur tilefni til, og geta þau numið allt að 1% á ári af matsverðinu. Innheimtumenn brunabótagjalda innheimta þau eftir sömu reglum og þessi gjöld.

Iðgjöldin hafa lögtaksrétt og veð í fasteignum næst á eftir opinberum gjöldum.

Ef innheimt eru meiri iðgjöld en nægja til að bæta ófriðartjón og allan kostnað að fullu, skal endurgreiða það, sem umfram er, hlutfallslega eftir greiddum iðgjöldum.

9. gr.

Bætur greiðast að jafnaði ekki fyrr en ófriðnum er lokið, sbr. þó 30. gr. og 6. gr.

Ráðuneytið ákveður, að fengnum tillögum tryggingarstjórnarinnar, hverjar bætur skuli greiddar, þegar byggingar eða mannvirki eru ekki endurreist eða er breytt verulega.

10. gr.

Bætur greiðast eigandanum, ef engar þinglýstar kröfur hvíla á eigninni eða hafa verið tilkynntar Ófriðartryggingunni og viðurkenndar af eiganda.

Sama máli gegnir, þó að þinglýstar kröfur hvíli á eigninni eða hafi verið tilkynntar og viðurkenndar, ef byggingar eða mannvirki eru endurreist, enda sé réttur veðhafa að fullu tryggður, að dómi tryggingarstjórnarinnar. Ella skal greiða kröfuhöfum bætur á undan eiganda og í þeirri röð, sem veð þeirra segja til.

11. gr.

Ef hús er endurreist, eiga þeir leigutakar, sem voru í eldra húsinu, forgangsrétt að leigu í hinu nýja húsi með sömu kjörum og áður, þó með þeim breytingum, sem nauðsynlegar verða að teljast vegna breyttra aðstæðna. Þessa réttar er þó því aðeins hægt að neyta, að völ sé á svipuðu húsnæði og áður í húsinu.

## III. KAFLI

### Véla- og tækjatryggingin.

12. gr.

Skylt er eigendum eða umráðamönnum að tryggja allar vélar og tæki, sem ekki eru tryggð í fasteignatryggingunni, sbr. 3. gr., og eru að minnsta kosti 2000 króna virði, á einum og sama stað.

Setja má nánari reglur um það, hvað telja beri tryggingarskyldar vélar og tæki samkvæmt lögum þessum.

Eigendur eða umráðamenn tryggingarskyldra véla og tækja eru skyldir til að senda Ófriðartryggingunni tilkynningar um slíkar vélar og tæki jafnskjótt sem hún hefur tekið til starfa.

13. gr.

Tryggingarupphæð véla og tækja er brunabótaverðið, nema annað sé tiltekið af tryggingartaka og samþykkt af tryggingarstjórninni.

14. gr.

Brunatryggingarfélögum er skylt að hafa á hendi innheimtu iðgjaldanna. Hámark iðgjalda er 10% af tryggingarupphæðunum og geta numið allt að 2% á ári.

15. gr.

Ráðuneytið ákveður þóknun til brunatryggingarfélaga fyrir aðstoð þá, er þau veita samkvæmt lögum þessum.

16. gr.

Að öðru leyti gilda ákvæðin um fasteignatrygginguna, að svo miklu leyti sem þau geta átt við.

## IV. KAFLI

### Lausafjártryggingin.

17. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt, ef til þess kemur, sbr. 1. gr., að tjón verði af völdum ófriðarins á vörubirgðum eða öðru lausafé í landinu, sem ekki er tryggt samkvæmt III. kafla þessara laga, að leggja aukagjald á allar innfluttar vörur og sérstakt útflutningsgjald á allar útfluttar vörur. Gjaldi þessu, sem ekki má nema meira en 2% af verði varanna, sbr. 18. gr., skal verja til þess að bæta tjón á vörubirgðum og öðru lausafé landsmanna innan lands, sem hlýzt af hernaði í landinu, sbr. 28. gr., að því leyti, sem þessir fjármunir eru ekki tryggðir á annan hátt fyrir slíku tjóni.

18. gr.

Nú verður tjón af völdum hernaðar á munum þeim, sem um ræðir í þessum kafla, og ákveður þá ríkisstjórnin, sbr. 1. gr., að innheimta skuli gjöld þau, sem um ræðir í 17. gr., frá og með næsta degi eftir að henni berst tilkynning eða hún verður á annan hátt áskynja um tjónið. Ákveður hún þá jafnframt, hvert hundraðsgjald skuli greiða og hversu lengi, eða hvort það skuli innheimt um óákveðinn tíma, þangað til annað verði ákveðið. Gjöldin skulu þá lögð á verð aðfluttra og útfluttra vara eftir sömu reglum og verðtollur og útflutningsgjald, og skulu þau innheimt af innheimtumönnum ríkissjóðs, á sama hátt og verðtollur og útflutningsgjald, og greidd ásamt þeim tollum til ríkissjóðs, sem svo greiðir þau Ófriðartryggingunni. Fjármálaráðuneytið gefur innheimtumönnum ríkissjóðs fyrirmæli um innheimtu gjaldanna, eftir því sem þörf gerist.

19. gr.

Rétt til bóta á hver sá, sem hefur orðið fyrir ófriðartjóni á verðmætum þeim, sem um ræðir í þessum kafla.

Frá matsupphæð tjónsins dregst, þegar um lausafé, annað en vörubirgðir, er að ræða, ¼ hluti, þó svo, að frádrátturinn nemi eigi hærri upphæð en 5000 krónum hjá sama manni eða fyrirtæki, og greiðast bætur fyrir tjónið með þeim frádrætti.

Frá matsupphæð vörubirgða skal draga 1/20 hluta, og greiðast bætur fyrir tjónið með þeim frádrætti.

20. gr.

Tjón það, sem um ræðir í þessum kafla, skal að jafnaði ekki bætt nema að hálfu samkvæmt 19. gr. þegar er það hefur verið gert upp. Hinn helmingur tjónsins greiðist að styrjöldinni lokinni.

Nú færir eigandi glataðra eða skemmdra vörubirgða sönnur á, að hann muni bíða stórfelldan fjárhagslegan hnekki, ef hann fær ekki útborgaðar frekari bætur en að framan greinir, og er þá stjórn Ófriðartryggingarinnar heimilt að greiða meiri bætur og jafnvel bæta tjónið að fullu, sérstaklega ef ætla má, að ekki sé unnt með öðru móti að afla nýrra birgða nógu fljótt.

Sá hluti bótanna, sem ekki greiðist fyrr en að styrjöldinni lokinni, ávaxtast með 5% á ári til greiðsludags, og fer um greiðslu vaxta og afborgana af lánum, sem tryggð kunna að vera með handveði eða þinglýstu sjálfsvörzluveði í hinum skemmdu eða glötuðu munum, á sama hátt og segir í 6. gr. um fasteignaveðslán, eftir því sem við getur átt.

21. gr.

Nú verður svo stórkostlegt tjón á fjármunum þeim, sem um ræðir í þessum kafla, að eigi þykir fært að bæta það að fullu samkvæmt fyrirmælum 19. gr., og skal það þá bætt að því, sem á vantar, úr ríkissjóði, eftir því sem fé verður veitt til þess í fjárlögum.

## V. KAFLI

### Stjórn Ófriðartryggingarinnar.

22. gr.

Nú verður ríkisstjórnin áskynja um verulegt, sbr. 31. gr., bótaskylt tjón samkvæmt lögum þessum, og gerir hún þá þegar ráðstafanir til þess, að Ófriðartryggingin taki til starfa. Skipar atvinnumálaráðuneytið þriggja manna nefnd til að veita tryggingunni forstöðu, en Brunabótafélagi Íslands skal falið að annast daglegar framkvæmdir.

23. gr.

Tryggingarstjórnin ræður matsmenn og aðra starfsmenn eftir þörfum. Skrifstofumenn til viðbótar starfsliði sínu ræður þó stjórn Brunabótafélags Íslands að því leyti, sem fast starfsfólk félagsins kemst ekki yfir hin daglegu störf, sem því eru falin.

24. gr.

Atvinnumálaráðuneytið ákveður þóknun stjórnar Ófriðartryggingarinnar. Enn fremur ákveður ráðuneytið, hvað Brunabótafélagi Íslands skuli greitt fyrir störf þess í þágu Ófriðartryggingarinnar.

97
9. júlí

## VI. KAFLI
### Almenn ákvæði.

25. gr.

Brunatryggingarfélögum er skylt að aðstoða við skrásetningu þeirra fasteigna, véla og tækja, sem tryggja ber samkvæmt 3. og 12. gr. Einnig ber þeim að veita Ófriðartryggingunni vitneskju um, hvort lausafé, sem um ræðir í IV. kafla laga þessara og glatazt hefur eða skemmzt af völdum ófriðarins, hefur verið tryggt gegn eldsvoða hjá þeim, og þá fyrir hve háa upphæð. Enn fremur ber þeim að veita aðrar þær upplýsingar um hlutaðeigandi lausafé, sem óskað verður eftir og þau geta veitt.

26. gr.

Tjón skal tilkynna Ófriðartryggingunni áður en vika er liðin frá því er það varð. Fjárkröfur eru fyrndar, ef eigandi eða umráðamaður hinna skemmdu eða glötuðu eigna hefur ekki fært sönnur á réttmæti þeirra, áður en þrír mánuðir eru liðnir frá því, er hann tilkynnti tjónið og bar fram kröfu um bætur.

27. gr.

Þegar tryggingarstjórnin fær tilkynningu eða berst vitneskja um tjón, er ætla má, að falli undir trygginguna, skal hún strax gera ráðstafanir til þess að fá úr því skorið, hvort um ófriðartjón sé að ræða, og láta meta skaðann.

Um mat á tjóni og ákvörðun bótagreiðslu fer eftir þeim reglum, er gilda um brunatjón, að svo miklu leyti sem þær geta átt við.

28. gr.

Ófriðartjón telst hvers konar eyðilegging eða skemmdir á hinu tryggða, sem orsakast beint eða óbeint af hernaði, þar með talin hlutleysisbrot og borgaraóeirðir meðan á ófriðnum stendur og í sambandi við hann. Þetta nær þó ekki til skemmda eða óhagræðis, sem menn kunna að verða fyrir vegna vistar hins brezka setuliðs í landinu. Ríkisstjórnin ákveður, hvenær því ástandi, sem að framan greinir, telst vera lokið.

29. gr.

Að svo miklu leyti sem tryggingin bætir ófriðartjón eignast hún kröfur um bætur, sem hinn tryggði kann að eiga á hendur öðrum skaðabótaskyldum aðilum.

30. gr.

Þegar sérstaklega stendur á, getur stjórn Ófriðartryggingarinnar, ef allir stjórnarmenn eru því samþykkir, ákveðið að bæta í einstökum tilfellum og að nokkru leyti tjón, sem um ræðir í II. og III. kafla, áður en endanleg uppgerð á tjóni hefur farið fram. Þó skal að jafnaði ekki þá þegar greiða meira en hálfar bætur.

Skilyrði fyrir slíkri undanþágu er, að endurbætur á hinu skemmda byrji þegar í stað og sé lokið innan tiltekins tíma.

Ef bæta þarf tjón samkv. II. og III. kafla eða greiða vexti og afborganir samkv. 6. gr., sbr. 16. gr., og innheimt iðgjöld hrökkva ekki fyrir þeim greiðslum, er Ófriðartryggingunni heimilt að taka — til bráðabirgða — lán gegn veði í iðgjöldunum.

Nú þarf að bæta tjón samkv. IV. kafla þessara laga, og innheimt gjöld samkv. 18. gr., sbr. 17. gr., hrökkva ekki fyrir þeim greiðslum, og er þá ríkisstjórninni heimilt að taka lán eða veita nauðsynlegar tryggingar fyrir láni, er Ófriðartryggingin tekur, til þess að hægt sé að bæta ófriðartjón á vörubirgðum eða öðru lausafé eins fljótt og nauðsyn ber til.

Allur kostnaður við lán eða tryggingar samkvæmt þessari grein skal greiddur á sama hátt og tjónið sjálft.

31. gr. 97

Nú verður svo lítið tjón, sem bæta þarf samkvæmt lögum þessum, að ríkisstjórninni þykir ekki ástæða til að stofna Ófriðartrygginguna, og greiðir þá ríkissjóður, að styrjöldinni lokinni, bætur fyrir það og kostnað allan, sem leiðir af því. Komi hins vegar verulegt tjón fyrir, skal kostnaður við Ófriðartrygginguna greiddur á sama hátt og það. 9. júlí

Verði afgangur, þegar allt tjón er bætt samkvæmt IV. kafla þessara laga, af verðtolli þeim og útflutningsgjaldi, sem innheimt kann að hafa verið samkvæmt köflanum, rennur sá afgangur í ríkissjóð.

32. gr.

Heimili og varnarþing Ófriðartryggingarinnar er í Reykjavík.

33. gr.

Öll skjöl varðandi ófriðartryggingar eru stimpilfrjáls. Enn fremur skal Ófriðartryggingin undanþegin sköttum og útsvörum til ríkis og bæjarfélags.

34. gr.

Ráðuneytið getur sett reglugerð um framkvæmd þessara laga eftir því, sem þörf þykir.

35. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum allt að 1000 kr., nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Skal fara með mál út af slíkum brotum sem almenn lögreglumál.

36. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 9. júlí 1941.*

**Sveinn Björnsson.**
(L. S.)

*Ólafur Thors.*

# LÖG 98

9. júlí

## um heimild fyrir ríkisstjórnina til ráðstafana og tekjuöflunar vegna dýrtíðar og erfiðleika atvinnuveganna.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Til viðbúnaðar gegn þeim erfiðleikum atvinnuveganna, er stafa af styrjaldarástandinu, til þess að minnka verðbólguna innanlands og draga þannig úr hækkun framfærslukostnaðar, kaupgjalds og framleiðslukostnaðar, og til annarra ráðstafana, sem óhjákvæmilega nauðsynlegar kynnu að þykja af styrjaldarástæðum, eru ríkisstjórninni veittar heimildir þær, er í lögum þessum greinir.

Ríkisstjórnin skal verja fé því, sem aflað er samkvæmt lögum þessum, til þess að koma í veg fyrir, svo sem unnt er, að verðlag á innlendum og erlendum nauðsynjavörum hækki til neytenda frá því, sem nú er, og til að styðja þá framleið-

98 endur, sem af styrjaldarástæðum eru neyddir til að selja vöru sína óeðlilega lágu
9. júlí verði, allt að undangenginni athugun á þeim ástæðum, sem fyrir hendi eru.

2. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða farmgjöld af vörum, sem fluttar eru til landsins með íslenzkum skipum og þeim skipum, sem Íslendingar hafa á leigu til ákveðins tíma.

3. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt:

1. Að fella niður til ársloka 1942 tolla af: baunum, ertum, linsum, hveiti, rúg, rís með hýði eða án hýðis, byggi, höfrum, maís og annarri ómalaðri kornvöru; mjöli: úr hveiti, úr rúgi, úr rís, úr byggi, úr höfrum, úr maís og öðru ótöldu; grjónum: úr hveiti, úr byggi, úr höfrum, úr rís og öðru ótöldu.
2. Að lækka um helming til sama tíma tolla af: sykri, strásykri, höggnum sykri (molasykri), sallasykri (flórsykri), púðursykri, steinsykri (kandís) og toppasykri.
3. Að hækka um allt að 50% til sama tíma tolla af: áfengi og tóbaki, svo og gjald af innlendum tollvörutegundum, sbr. lög nr. 60 30. des. 1939, og aðflutningsgjöld af sams konar vörum.

4. gr.

Í því skyni, er í lögum þessum greinir, er ríkisstjórninni heimilt að verja allt að 5 milljónum króna af tekjum ríkissjóðs á árinu 1941.

5. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt með reglugerð að leggja sérstakt útflutningsgjald á íslenzkar afurðir, sem fluttar eru út úr landinu. Skal gjaldið vera ákveðinn hundraðshluti af fob-verði afurðanna, þó ekki hærri en 10 af hundraði. Er ríkisstjórninni heimilt að ákveða á mismunandi hátt gjald af hinum ýmsu útflutningsvörum, miðað við framleiðslukostnað og söluverð.

Heimilt er ríkisstjórninni að ákveða, að gjald þetta skuli aðeins ná til þeirra afurða, sem framleiddar eru eftir að reglugerðin um útflutningsgjaldið öðlast gildi, svo og að undanþiggja þær útflutningsvörur, sem seljast lægra verði en hún telur, að framleiðslukostnaði nemi.

6. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að innheimta á árinu 1941 viðauka á tekjuskatt og eignarskatt álagðan á árinu, og má viðauki þessi nema allt að 10%.

7. gr.

Ákvæði um innheimtu gjalda þeirra, er lög þessi fjalla um, skulu sett í reglugerð, svo og um eftirlit með framkvæmd hennar og refsingu fyrir brot á lögunum eða reglugerðinni.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 9. júlí 1941.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Jakob Möller.*

# LÖG

## um gjaldeyrisverzlun o. fl.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* að ég samkvæmt 4. gr. laga, dagsettra 28. maí s. l., um breyting á lögum nr. 73, 31. des. 1937, um gjaldeyrisverzlun o. fl. og lögum nr. 115, 31. maí 1940, um breyting á þeim lögum, hef látið færa texta fyrrnefndra laga inn í meginmál laga nr. 73, 31. desember 1937, og gef þau hér með út svo breytt sem lög um gjaldeyrisverzlun o. fl.

1. gr.

Landsbanki Íslands og Útvegsbanki Íslands h/f hafa einkarétt til þess að verzla með erlendan gjaldeyri, þar til öðruvísi kann að verða ákveðið; þó er póststjórninni heimiluð slík verzlun innan þeirra takmarka, sem ráðherra setur. Jafnframt er bannað, þar til ríkisstjórnin ákveður annað, að flytja til og frá útlöndum íslenzkan gjaldeyri. Ráðherra setur með reglugerð nánari fyrirmæli um gjaldeyrisverzlunina og bannið gegn flutningi íslenzks gjaldeyris milli landa, og er heimilt að setja þau ákvæði í reglugerð, að tolleftirlitsmenn megi leita alstaðar í skipum eða öðrum flutningstækjum, til þess að fyrirbyggja brot á reglugerðinni.

Með reglugerð er heimilt að setja þau ákvæði, er þurfa þykir til þess að tryggja það, að íslenzkar afurðir og aðrar vörur, sem fluttar eru til útlanda, verði greiddar með erlendum gjaldeyri og að hann renni til bankanna. Enn fremur ákvæði um það, að allur annar erlendur gjaldeyrir, sem menn eiga eða eignast, renni til þeirra.

Enn fremur er heimilt að ákveða með reglugerð, að allir, sem ætla að ferðast til útlanda, skuli gefa, áður en þeir fara, skýrslu fyrir lögreglustjóra eða tolleftirlitsmanni um, að þeir hafi aflað sér nauðsynlegs erlends gjaldeyris á löglegan hátt, eða þeir geti séð sér farborða erlendis án þess að brjóta íslenzka gjaldeyrislöggjöf.

2. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða, að engar vörur megi flytja til landsins, nema með leyfi gjaldeyris- og innflutningsnefndar. Enn fremur að engan erlendan gjaldeyri megi láta af hendi nema með leyfi nefndarinnar, og sé gjaldeyrinum og innflutningsleyfum úthlutað eftir reglum, sem ráðherra setur, að fengnum tillögum þeirra banka, sem fulltrúa eiga í gjaldeyris- og innflutningsnefnd. Leyfi þarf þó eigi til þess að inna af hendi greiðslur samkvæmt ákvæðum laga nr. 41 19. maí 1930, 19. gr., svo og erlendar greiðslur af lánum ríkissjóðs, lánum bæjar- og sveitarfélaga og lánum þeim, sem ríkissjóður er í ábyrgð fyrir, eða greiðslum erlendis í þarfir bankanna.

3. gr.

Gjaldeyris- og innflutningsnefnd skal skipuð fimm mönnum, sem ríkisstjórnin skipar. Skal einn þeirra skipaður samkvæmt tilnefningu Landsbanka Íslands, einn samkvæmt tilnefningu Útvegsbanka Íslands h/f, og þrír af ríkisstjórninni án tilnefningar, og sé einn þeirra formaður og framkvæmdarstjóri nefndarinnar. Ef nefndarmaður forfallast, skipar ríkisstjórnin varamann um stundarsakir, eftir sömu reglum og aðalmenn eru skipaðir.

Enn fremur skal ríkisstjórnin skipa þriggja manna nefnd, er nefnist vörumiðlunarnefnd, einn eftir tilnefningu Sambands íslenzkra samvinnufélaga, annan eftir tilnefningu Verzlunarráðs Íslands og þann þriðja án tilnefningar, og sé hann formað-

99 ur nefndarinnar. Nefnd þessi skal ákveða, hvernig skipta skuli milli innflytjenda
9. júlí innflutningi þeim, sem gjaldeyris- og innflutningsnefnd heimilar af búsáhöldum, skófatnaði, vefnaðarvörum og byggingarefni, að undanskildu því efni, sem ætlað er til þeirra opinberra framkvæmda og atvinnutækja, sem sérstök innflutningsleyfi eru gefin fyrir. Ríkisstjórnin setur nefndinni reglur um það, á hvern hátt hún skuli haga störfum sínum, og ákveður nánar verksvið hennar.

Til þess að standast kostnað við störf nefndanna skulu allir þeir, sem innflutningsleyfi fá, greiða 2‰ — tvo af þúsundi — af upphæð þeirri, sem leyfið hljóðar um, þó eigi minna en 50 aura fyrir hvert einstakt leyfi. Bankarnir greiða þó laun þeirra nefndarmanna, er skipaðir eru samkvæmt tillögum þeirra.

4. gr.

Ráðherra setur nefndinni reglur um það, á hvern hátt hún skuli haga störfum sínum. Heimilt er að veita nefndinni með reglugerð vald til þess að setja þau skilyrði fyrir leyfisveitingum, sem ástæða þykir til.

5. gr.

Lögreglustjórar (tollstjórinn í Reykjavík), hver í sínu umdæmi, skulu láta hagstofunni í té nákvæma skýrslu um magn, tegund og söluverð útfluttrar vöru, jafnskjótt og skip það, er vörurnar flytur, leggur frá landi. Enn fremur skulu þeir eigi síðar en 5. hvers mánaðar láta hagstofunni í té skýrslu um innflutning í næsta mánuði á undan, og skal skýrslan vera í því formi, er hagstofustjóri ákveður.

6. gr.

Brot á lögum þessum eða reglugerðum þeim og auglýsingum, er settar kunna að verða samkvæmt þeim, varða sektum allt að kr. 50000.00, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Sömu refsingu varðar það, ef leyfishafi brýtur þau ákvæði, sem gjaldeyris- og innflutningsnefnd kann að hafa sett sem skilyrði fyrir leyfisveitingum. Enn fremur er upptækur sá ágóði, er fæst við brot á lögum þessum, reglugerðum, auglýsingum eða skilyrðum, sem gjaldeyris- og innflutningsnefnd hefur sett fyrir leyfisveitingum. Þá er heimilt að gera upptækar með dómi vörur og íslenzkan gjaldeyri, sem er ólöglega fluttur frá útlöndum eða reynt er að flytja til útlanda á ólöglegan hátt.

Með mál út af brotum á lögum þessum, reglugerðum þeim og auglýsingum, er settar verða samkvæmt þeim, skal farið sem almenn lögreglumál.

7. gr.

Sektir samkvæmt lögum þessum, reglugerðum og auglýsingum, sem settar verða samkvæmt þeim, renna í ríkissjóð. Upptækar vörur og íslenzkur gjaldeyrir verður eign ríkissjóðs.

8. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 11 9. jan. 1935, um gjaldeyrisverzlun o. fl., svo og lög nr. 48 4. júní 1924, um gengisskráningu og gjaldeyrisverzlun, og lög nr. 9 27. maí 1925, um breyting á þeim lögum.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 9. júlí 1941.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Eysteinn Jónsson.*

# OPIÐ BRÉF RÍKISSTJÓRA ÍSLANDS

100
9. júlí

**um þingslit.**

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* að ég hef ákveðið, að aukafundi Alþingis, 57. löggjafarþingi, skuli slitið fimmtudaginn 10. júlí 1941, eða síðar, ef fundir dragast. Mun ég því slíta Alþingi þann dag, sem fundum er lokið.

*Gjört í Reykjavík, 9. júlí 1941.*

**Sveinn Björnsson.**
(L. S.)

*Hermann Jónasson.*

# AUGLÝSING

101
15. júlí

**um staðfestingu ríkisstjóra Íslands á þingsályktun 10. júlí 1941, um hervernd Íslands.**

Á fundi ríkisráðs þann 10. júlí 1941 staðfesti ríkisstjóri Íslands þingsályktun gerða sama dag um, að Bandaríkjum Norður-Ameríku sé falin hervernd Íslands, meðan núverandi styrjöld stendur.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Forsætisráðherrann, 15. júlí 1941.*

**Hermann Jónasson.**

# BRÁÐABIRGÐALÖG

102
18. júlí

**um viðauka við lög nr. 38 27. júní 1941, um breyting á lögum nr. 27 13. janúar 1938, um vátryggingarfélög fyrir vélbáta.**

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Atvinnumálaráðherra hefur tjáð mér, að lög nr. 38 27. júní 1941, um breyting á lögum nr. 27 13. janúar 1938, um vátryggingarfélög fyrir vélbáta, hafi í sér fólgnar ýmsar breytingar, er ekki þola bið, þar á meðal heimild fyrir félögin til þess að tryggja veiðarfæri og til þess að tryggja báta fyrir stríðsslysum.

Þar sem ekkert gildistökuákvæði er í lögum þessum, og þau öðlast því ekki gildi fyrr en 12 vikum eftir birtingu þeirra í Stjórnartíðindunum, telur atvinnumálaráðherra nauðsyn bera til að með bráðabirgðalögum verði ákveðið, að framangreind lög skuli öðlast gildi þegar í stað.

102
18. júlí

Með því að ég fellst á, að brýna nauðsyn beri til að setja bráðabirgðalög samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar um framangreint efni, tel ég rétt, að gefa út bráðabirgðalög á þessa leið:

1. gr.

Lög nr. 38 27. júní 1941, um breytingar á lögum nr. 27 13. janúar 1938, um vátryggingarfélög fyrir vélbáta, skulu öðlast gildi nú þegar.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

*Gjört í Reykjavík, 18. júlí 1941.*

**Sveinn Björnsson.**
(L. S.)

*Ólafur Thors.*

103
18. júlí

# BRÁÐABIRGÐALÖG

**um breyting á lögum nr. 4 4. maí 1925, um viðauka við lög nr. 33 19. júní 1922, um fiskveiðar í landhelgi.**

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Atvinnumálaráðherra hefur tjáð mér, að hann telji, að nauðsyn beri til, að honum verði veitt sams konar heimild og veitt var með bráðabirgðalögum frá 5. júlí 1940 til þess að leyfa íslenzkum ríkisborgurum að leigja norsk fiskiskip til síldveiða á þessu sumri og að norsk skipshöfn verði á skipum þessum.

Með því að ég fellst á, að brýna nauðsyn beri til að setja bráðabirgðalög samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar um framangreint efni, tel ég það rétt að gefa út bráðabirgðalög á þessa leið:

1. gr.

2. málsgr. 1. gr. laganna nr. 4 4. maí 1925, um viðauka við lög nr. 33 19. júní 1922, um fiskveiðar í landhelgi, orðist þannig:

Atvinnumálaráðherra getur þó veitt íslenzkum ríkisborgurum eða félögum, sem fullnægja skilyrðum 11. gr. framangreindra laga nr. 33 1922, leyfi til þess að leigja erlend skip til síldveiða í landhelgi hér við land sumarið 1941, og til að hafa erlenda skipshöfn á skipum þessum ef með þarf.

Framangreint leyfi skal bundið við hvert einstakt skip fyrir sig og skal það því aðeins veitt, að leyfisbeiðni fylgi yfirlýsing frá innlendri síldarverksmiðju um, að hún muni taka til vinnslu bræðslusíldarafla skipsins.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 18. júlí 1941.*

**Sveinn Björnsson.**
(L. S.)

*Ólafur Thors.*

# AUGLÝSING 104

17. júní

## um kosning ríkisstjóra.

**Ráðuneyti Íslands,** handhafi konungsvalds,

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur í dag, samkvæmt lögum 16. júní 1941, um ríkisstjóra Íslands, kjörið herra Svein Björnsson, sendiherra Íslands í Kaupmannahöfn, til þess að vera ríkisstjóri Íslands til jafnlengdar næsta ár.

Þetta birtist öllum landslýð.

*Ritað í Reykjavík, 17. júní 1941.*

**Hermann Jónasson.**
**Eysteinn Jónsson. Jakob Möller.**
**Ólafur Thors. Stefán Jóh. Stefánsson.**
(L. S.)

*Hermann Jónasson.*

# REGLUGERÐ 105

12. ágúst

## fyrir veðdeild Landsbanka Íslands um útgáfu á 13. flokki bankavaxtabréfa, samkvæmt lögum nr. 94 9. júlí 1941, um heimild fyrir veðdeild Landsbanka Íslands til að gefa út nýja flokka bankavaxtabréfa.

1. gr.

Tilgangur veðdeildarinnar er að veita lán um langt árabil gegn veði í fasteignum.

2. gr.

Veðdeildin gefur út skuldabréf, sem hljóða á handhafa (bankavaxtabréf), sem má nafnskrá í bókum hennar, og verða þau kölluð 13. flokkur bankavaxtabréfa hennar. Öll upphæð þeirra má ekki fara fram úr 6 milljónum króna. Upphæð bankavaxtabréfanna skal talin í gjaldgengum peningum, og skulu bréfin samin eftir fyrirmynd, er bankastjórnin ákveður. Fjármálaráðherra og bankastjórar Landsbankans rita undir þau. Í bankavaxtabréfunum skal vera útdráttur úr reglugerð þessari. Upphæðir þeirra skulu vera 5000, 1000, 500 og 100 kr., og skal hver flokkur hafa sérstakt bókstafseinkenni, og hvert vaxtabréf vera tölusett. Ásamt bankavaxtabréfunum skal afhenda stofna (talons) með vaxtamiðum til 40 ára.

Aldrei má gefa meira út af bankavaxtabréfum en sem nemur fjárhæð þeirri, er veðdeildarflokkurinn á í veðskuldabréfum.

3. gr.

Auk veðskuldabréfa þeirra, sem veðdeildarflokkurinn fær frá lántakendum, skal trygging fyrir honum vera:

1. Varasjóður veðdeildarflokksins.
2. Sameiginleg (solidarisk) ábyrgð lántakenda, er nemi allt að 10% (sbr. 9. gr.).
3. Ábyrgð ríkissjóðs.



Reykjavík, Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

105 Ef taka þarf til trygginganna 1—3, skal gera það í þeirri röð, sem að ofan er
12. ágúst greint.

4. gr.

Leggja skal í varasjóð tekjuafgang þann, sem kann að verða samkvæmt árlegum reikningsskilum veðdeildarflokksins.

5. gr.

Af bankavaxtabréfum skal á ári hverju svara í vöxtu 4½%, er greiðist tvisvar á ári, 2. janúar og 1. júlí, með helmingi upphæðar í hvort skipti, gegn afhendingu vaxtamiðans. Vaxtamiðar, sem fallnir eru í gjalddaga, skulu innleystir í Landsbankanum í Reykjavík, og í þeim bönkum erlendis, er bankastjórnin ákveður og auglýsir með þriggja mánaða fyrirvara í Lögbirtingablaðinu. Sömuleiðis skulu vaxtamiðarnir gjaldgengir til lúkningar sköttum og öðrum gjöldum til ríkissjóðs, og skulu gjaldheimtumenn ríkissjóðs innleysa þá, ef þeir hafa fé fyrir hendi, er greiða á í ríkissjóð.

6. gr.

Veðdeildarflokkurinn er undanþeginn öllum tekjuskatti, útsvari, stimpilgjaldi og öðrum sköttum. Svo á hann rétt til að fá ókeypis eigna- og veðbókarvottorð til afnota fyrir sjálfan sig.

7. gr.

Fé veðdeildarflokksins má lána gegn veði í jarðeignum, erfðafestulöndum og húseignum með lóð í kaupstöðum og verzlunarstöðum. Enn fremur er heimilt að lána fé veðdeildarinnar gegn veði í húsum með lóð annars staðar, ef ástæður mæla með því. Lánsupphæðin má ekki fara fram úr ⅗ af virðingarverði fasteignarinnar.

Þegar veðdeildarflokkurinn tekur jarðir að veði, skal virða jarðarhúsin sér og jörðina sér í lagi. Öll önnur hús skal einnig virða sérstaklega og þau vátryggð, ef verð þeirra á að koma til greina við lánveitingar gegn veði í eigninni.

Heimilt er Landsbankanum, á kostnað lántakanda, að annast vátryggingu á húsum, sem veðsett eru veðdeildarflokkunum, að svo miklu leyti, sem þau eru eigi í innlendri brunaábyrgð, sem bankastjórnin tekur gilda.

8. gr.

Eignir þær, er veðdeildarflokkurinn tekur að veði, skulu tveir óvilhallir menn, dómkvaddir eða tilnefndir af hlutaðeigandi lögreglustjóra, þeir er nauðsynlega þekkingu hafa á slíku, virða á kostnað lánþega. Þó getur stjórn Landsbankans, þegar henni eftir atvikum finnst ástæða til þess, sjálf nefnt til menn þá, er virða skulu. Enn fremur getur hún krafizt þess, að hreppsnefnd eða bæjarstjórn, er í hlut á, samþykki virðinguna. Eignirnar skal meta til þess verðs, sem þær eftir beztu vitund virðingarmanna hafa í kaupum og sölu, og skal virða þær með kvöðum þeim, er á þeim hvíla, hvort heldur eru skattar eða afgjöld. Í virðingargerðunum skal eignunum ítarlega og greinilega lýst. Sé það jarðeign, skal tilgreina dýrleika hennar, hve mörg kúgildi henni fylgi, upphæð afgjaldsins, hlunnindi hennar og kvaðir þær, er á henni kunna að hvíla. Enn fremur skal taka fram allt það, er lýtur að ásigkomulagi jarðarinnar í heild sinni og ræktunarástandi hennar, hvernig viðhaldi bygginga á jörðinni sé varið og önnur sérstök atvik, er hljóta að hafa áhrif á verðmæti jarðarinnar, svo sem hvort hún liggur undir skemmdum af vatnagangi, sjávargangi, skriðum, sandfoki o. fl. Þegar virtar eru húseignir skal nákvæmlega lýsa hverri einstakri byggingu, tilgreina stærð hennar, hve mörg herbergi í henni eru, telja til allt múr- og naglfast, er henni fylgir, svo sem ofna, járneldstór o. fl., efni það, er byggingarnar eru byggðar úr, og, að svo miklu leyti sem unnt er, gæði þess

og enn fremur aldur bygginganna og viðhald. Að lokum skal í virðingagerðinni tekið fram, hve stór lóð sú sé, er húseigninni fylgir, og hvernig ásigkomulag hennar sé. 105
12. ágúst

Hafi eignin gengið kaupum og sölum, skal kaupverðs hennar getið.

Lántakandi skal að minnsta kosti á hverjum 5 ára fresti, meðan lánið stendur, sýna skírteini, sem bankastjórnin tekur gilt, fyrir því að veðið hafi ekki rýrnað í verði, svo að veðdeildarflokknum geti verið nein hætta búin. Láti lántakandi farast fyrir að senda stjórn Landsbankans þetta skírteini, má hún láta skoðunargerð af innanhéraðsmönnum fara fram á kostnað lántakanda.

9. gr.

Lántakendur skulu, auk þess að bera ábyrgð á sínum eigin skuldum, ábyrgjast sameiginlega (in solidum) skuldbindingar veðdeildarflokksins, þó eigi meira en 10% af því, sem lán þeirra voru á síðasta gjalddaga, áður en taka þurfti til ábyrgðarinnar, en til hennar má taka, hvenær sem varasjóður flokksins eigi nægir til að standast áfallið tap. Áður en gripið er til ríkissjóðsábyrgðarinnar skal jafna niður á alla lántakendur veðdeildarflokksins aukagjaldi til varasjóðs, svo sem þörf er á, allt að 10% til að bæta skaðann. Niðurjöfnun á aukagjaldi þessu skal vera í hlutfalli við upphæð lánanna. Eftir ákvörðun stjórnar Landsbankans má skipta greiðslu þessari niður á fleiri en eitt ár.

Verði þörf á að grípa til ábyrgðarinnar til að fullnægja skulbindingum veðdeildarflokksins, skal endurborga það án vaxta, þegar hagur flokksins leyfir það.

10. gr.

Eigi má lána nema gegn 1. veðrétti. Minnsta lán, sem veðdeildarflokkurinn veitir, skal vera 300 krónur, og skulu lán jafnan standa á hundraði króna. Lánstíminn má vera allt að 40 árum, sé veðið jarðeign, vandað steinsteypuhús eða steinhús, og allt að 30 árum, sé veðið vandað timburhús.

11. gr.

Lán þau, sem veðdeildarflokkurinn veitir, má hann greiða í bankavaxtabréfum sínum eftir ákvæðisverði þeirra, en lánþegi hefur rétt til að krefjast, að bankastjórnin annist um að koma þeim í gjaldgenga peninga ef þess er kostur, en borga verður hann kostnað þann, sem af því leiðir, og verðfall. Veðdeildarflokkurinn hefur þó jafnan rétt til að greiða lánin í peningum með þeirri upphæð, sem hann getur fengið fyrir bankavaxtabréfin, eða á von á að fá fyrir þau, að frádregnum öllum beinum kostnaði. Semja má um sölu bankavaxtabréfa flokksins fyrirfram í einu eða fleiru lagi, enda samþykki ráðherra sá, sem fer með bankamál, söluverðið.

12. gr.

Til þess að menn geti fengið lán úr veðdeildarflokknum, verða þeir að fullnægja þeim skilmálum, er nú skal greina:

a. Útvega virðingargerð samkvæmt því, sem segir í 8. gr.
b. Útvega vottorð hlutaðeigandi embættismanns samkvæmt afsals- og veðmálabókunum, um hvort nokkur veðskuld eða önnur eignabönd hvíla á eigninni og hver þau séu, svo það sjáist, að þau séu eigi því til fyrirstöðu, að eignin geti orðið veðsett veðdeildinni með 1. veðrétti.
c. Útvega vottorð hlutaðeigandi embættismanns samkvæmt embættisbókum hans um, að hlutaðeigandi hafi þinglesna eignarheimild fyrir eigninni, eða sé það eigi unnt, þá vottorð hans um, að eignin sé vitanleg eign hans.

105
12. ágúst

13. gr.

Hver lántakandi skal greiða 1% af lánsupphæðinni í varasjóð flokksins.

Verði eigendaskipti að fasteign, sem veðsett er veðdeildarflokknum, skal kaupandi, þegar um leið og kaupin gerast, tilkynna veðdeildinni eigendaskiptin.

Heimilt er veðdeildinni, við hver eigendaskipti, að heimta lánið borgað aftur að öllu eða nokkru leyti.

14. gr.

Vilji einhver, sem keypt hefur veð, taka að sér skuld við veðdeildarflokkinn, skal hann þegar í stað leita samþykkis bankastjórnar um það. Samþykki hún, að hinn nýi eigandi yfirtaki lánið, skal hann innan 6 mánaða frá kaupdegi sanna eignarrétt sinn fyrir landsbankastjórninni og taka lánið að sér. Slík yfirtaka er ekki stimpilskyld.

15. gr.

Lánum þeim, sem veðdeildarflokkurinn veitir, má hann eigi segja upp, meðan lánþegi gegnir að öllu skyldum þeim, sem hann hefur undirgengizt.

En þá er bankastjórninni heimilt að telja eftirstöðvar láns komnar í gjalddaga undir eins án uppsagnar, ef eigi er fullnægt einhverju atriði lánsskilmálanna, t. d.:

a. Ef ákvæðisgjöld eru eigi greidd á réttum gjalddaga.
b. Ef veðið gengur svo úr sér, að það eigi lengur er svo tryggjandi, sem vera skal.
c. Ef skuldunautur heldur eigi vátryggðum húsum, sem að veði eru, eða vanrækir að senda veðdeildinni kvittun hlutaðeigandi vátryggingarfélags fyrir iðgjaldinu í tæka tíð.
d. Ef á veðið falla eftirstöðvar af sköttum eða gjöldum, er ganga fyrir kröfu veðdeildarinnar, eða nýr kaupandi vanrækir að taka að sér lán.

16. gr.

Skuldunautar veðdeildarflokksins skulu 1.—14. október ár hvert greiða vexti, afborganir og tillög til stjórnarkostnaðar og varasjóðs í einu lagi með jafnri upphæð á hverjum gjalddaga. Sérhvert lán, sem veitt er á öðrum tíma árs en nefndum gjalddaga, skal teljast veitt á næst undanförnum gjalddaga, en á næsta gjalddaga á eftir skulu vextir og gjald til stjórnarkostnaðar og varasjóðs þó aðeins takast frá 1. degi þess mánaðar, sem lánið er tekið í, til næsta gjalddaga (1. október).

Tillag til stjórnarkostnaðar og varasjóðs er ½ af hundraði á ári af upphæð lánsins, eins og hún er fyrir hvern gjalddaga, vextirnir eru 4½ af hundraði á ári af höfuðstól þeim, sem í láni er á hverjum tíma.

17. gr.

Á hinum ákveðna gjalddaga má hver lántakandi, án undangenginnar uppsagnar, greiða aukaafborganir, sem þó standi á hundrað krónum eða endurborga lánið að öllu leyti. Greiðslum þessum má hann lúka með bankavaxtabréfum 13. veðdeildarflokks eftir ákvæðisverði þeirra. Lögmætar skulu greiðslur þessar teljast, séu þær komnar til veðdeildarinnar fyrir 15. október. Á öðrum tímum árs má borga lán að fullu, ef bankastjórnin samþykkir, þó því aðeins, að það sé veðdeildinni að skaðlausu.

18. gr.

Sérhver skuldunautur, sem eigi hefur innan 1. nóvember borgað árleg gjöld sín, er hann átti að lúka á næst undangengnum gjalddaga, skal í dráttarvexti af nefndum gjöldum greiða 1 af hundraði fyrir hvern mánuð frá 1. október til borgunardags, og skal sá mánuður, sem komið er fram í, teljast sem heill.

19. gr.

Afborgunum þeim og endurborgunum, er greiddar eru í peningum á hverjum gjalddaga, skal varið til að innleysa bankavaxtabréf þau, er veðdeildarflokkurinn hefur gefið út, eftir hlutkesti, sem notarius publicus hefur umsjón með og fram fer í viðurvist tveggja manna, annan kveður ráðherra til þess, hinn bankastjórnin. Þá er hlutkesti hefur farið fram, skal auglýsa með 9 mánaða fyrirvara tölurnar á bankavaxtabréfum þeim, er upp hafa komið til innlausnar, og á hverjum gjalddaga þau verði útborguð. Auglýsinguna skal birta þrisvar í Lögbirtingablaðinu. Veðdeildin má og á þann hátt með þeim fyrirvara, er áður segir, innleysa bankavaxtabréf flokksns í stærri stíl en hér segir.

20. gr.

Handhafar eða eigendur bankavaxtabréfa þeirra, er innleysa skal, geta, gegn því að afhenda þau með vaxtamiðum þeim, er þeim fylgja, fengið útborgaðan höfuðstól þeirra á ákveðnum gjalddaga, og er eigi skylt að greiða neina vexti af höfuðstólnum upp frá því. Útborgun fer fram á þeim stöðum, sem nefndir eru í 5. grein.

21. gr.

Höfuðstóll og vaxtafé, sem komið er í gjalddaga til útborgunar, rennur í varasjóð veðdeildarflokksins, sé þess eigi vitjað innan 20 ára frá gjalddaga.

22. gr.

Nú glatast bankavaxtabréf, sem nafnskráð er í bókum veðdeildarinnar, og getur þá bankastjórnin innkallað handhafa bréfsins með 12 mánaða fyrirvara með auglýsingu, er birt sé þrisvar sinnum samfleytt í Lögbirtingablaðinu. Ef enginn gefur sig fram með bréfið í tæka tíð, getur bankastjórnin útgefið handa hinum skráða eiganda þess nýtt bankavaxtabréf með sömu upphæð, sem það, er glataðist, án þess nokkur annar, er bankavaxtabréfið kann að hafa verið afsalað, geti þar fyrir búið kröfu á hendur veðdeildarflokknum.

Um ógilding annarra glataðra bankavaxtabréfa og vaxtamiða fer eftir almennum lögum.

23. gr.

Bankavaxtabréf þau, er innleyst hafa verið með hlutkesti, eða hafa verið notuð til að borga eða afborga lán, má ekki framar setja í veltu, heldur skal ónýta þau undir eins, ásamt vaxtamiðum og stofnum (talons) þeirra á þann hátt, að þau með því verði ógild, og leggja þau til geymslu í fjárhirzlu veðdeildarinnar, og skal svo innan loka næsta reikningsárs eyðileggja þau í viðurvist endurskoðenda, ásamt vaxtamiðum þeim, er innleystir hafa verið það reikningsár.

24. gr.

Hljóti veðdeildarflokkurinn að taka að sér veð, og hafi það eigi selst innan árs frá því að hann tók það að sér, skal á fyrsta árlega gjalddaga næst á eftir draga inn og ónýta jafnmikla upphæð bankavaxtabréfa þeirra, er veðdeildarflokkurinn hefur gefið út. Heimilt er þó að jafna inndrætti þessum á 2 eða 3 ár. Síðan á varasjóðurinn eignina.

25. gr.

Þegar lán eru komin í gjalddaga (sbr. 15. gr.), hefur veðdeildin heimild til að láta selja veðið við opinbert uppboð, án undanfarandi dóms, sáttar eða fjárnáms, samkvæmt ákvæðum í tilskipun um fjárforráð ómyndugra 18. febr. 1847, 10. gr., eða láta leggja það veðdeildarflokknum út til eignar, ef þörf krefur.

105
12. ágúst
Veðdeildin þarf ekki að láta neinn vera fyrir sína hönd við uppboðið, og skal þar ekki taka mótmæli skuldunauts til greina, nema þau séu auðsjáanlega á rökum byggð, og eigi er heldur hægt að stöðva eða ónýta uppboðið með neins konar dómskoti.

Veðdeildin hefur aftur á móti ábyrgð á því, að skuldin sé rétt og komin í gjalddaga, og skuldunaut er frjálst að hefja mál til endurgjalds á öllu því, er hann hefur skaðast á uppboðinu og öllum málskostnaði að skaðlausu. Veðdeildin getur löglega samið svo um við skuldunauta sína, að uppboð á veðsettum fasteignum megi fram fara á skrifstofu uppboðshaldara.

26. gr.

Fé ómyndugra manna og opinberra stofnana og sjóða, má verja til kaupa á bankavaxtabréfum veðdeildarflokksins, en þó eigi hærra verði en skráðu gangverði þeirra hjá Landsbanka Íslands.

27. gr.

Sérstakan reikning skal halda yfir 13. flokk bankavaxtabréfanna, enda sé þeim til tryggingar sérstakur varasjóður, og skulu í hann renna tekjur veðdeildarflokksins.

28. gr.

Þá er lokið er skuldbindingum þessa veðdeildarflokks, rennur varasjóður hans til næsta flokks og svo áfram, samkv. 24. gr. laga nr. 94 9. júlí 1941.

29. gr.

Veðdeildin tekur að sér að gefa út bankavaxtabréf 13. flokks.

30. gr.

Ákvæði þessarar reglugerðar snerta að engu leyti reglugerðir þær fyrir veðdeild Landsbankans, sem staðfestar voru 15. júní 1900, 21. apríl 1903, 5. júlí 1905, 1. apríl 1906, 20. október 1909, 7. maí 1914, 20. júlí og 15. október 1926, 7. október 1927, 11. október 1928, 2. október 1929, 28. október 1931, 15. janúar 1936 og 4. apríl 1939, né heldur bankavaxtabréf þau, sem gefin eru út samkvæmt þeim.

Reykjavík, 2. ágúst 1941.

STJÓRN LANDSBANKA ÍSLANDS

**Vilhjálmur Þór.** **Jón G. Maríasson.**

Framanrituð reglugerð staðfestist hér með

*Viðskiptamálaráðuneytið, 12. ágúst 1941.*

**Eysteinn Jónsson.**

*Jón Guðmundsson.*

# LÖG
## um húsaleigu.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Að ég samkvæmt 6. gr. laga nr. 84 9. júlí 1941, um breyting á lögum nr. 91 frá 14. maí 1940, um húsaleigu, hef látið fella meginmál fyrstnefndra laga inn í lög nr. 91 frá 14. maí 1940, um húsaleigu, og gef þau út svo breytt:

1. gr.

Óheimilt er að hækka húsaleigu eftir húsnæði frá því, sem goldið og umsamið var hinn 14. maí 1940, nema sem svarar auknum viðhaldskostnaði, samkvæmt eftirfarandi ákvæðum:

Félagsmálaráðherra ákveður, að fengnum tillögum kauplagsnefndar, hlutfallið á milli húsaleigu og viðhaldskostnaðar, miðað við 4. apríl 1939. Kauplagsnefnd skal, með aðstoð hagstofunnar, reikna út hækkun viðhaldskostnaðar tvisvar á ári, 1. marz og 1. ágúst, miðað við mánuðina jan.—marz 1939. Síðan reiknar nefndin út húsaleiguvísitölu samkvæmt framansögðu. Er heimilt að hækka húsaleigu í samræmi við vísitölu þessa 14. maí og 1. okt., enda sé leigumálinn staðfestur af húsaleigunefnd.

Enn fremur er heimilt að hækka eftir mati leigu eftir húsnæði sökum verðhækkunar á eldsneyti, sem innifalið er í leigunni, vaxta- og skattahækkunar af fasteignum og annars þess háttar, svo og húsnæði, sem af sérstökum ástæðum hefur verið leigt lægra en sambærilegt húsnæði á þeim stað (kaupstað, kauptúni eða sveit). Verði hækkun metin á leigu, kemur hún til framkvæmda 14. maí eða 1. október.

Lög þessi taka ekki til leigu á einstökum herbergjum, sem leigutaki eða húseigandi leigir einhleypum út frá íbúð sinni.

2. gr.

Leigusala er óheimilt að segja upp leigusamningum um húsnæði, nema hann þurfi á því að halda fyrir sjálfan sig eða vandamenn sína. Þó heldur leigusali óskertum rétti sínum til þess að slíta leigumála vegna vanskila á húsaleigu eða annarra samningsrofa af hálfu leigutaka, svo og ef leigutaki hagar sér þannig eða fremur eitthvað það, er að mati húsaleigunefndar (sbr. 6. gr.) gerir leigusala verulega óþægilegt að hafa hann í húsum sínum.

3. gr.

Íbúðarherbergi má ekki taka til annarrar notkunar en íbúðar, og íbúðarhús má ekki rífa nema heilbrigðisnefnd banni að nota þau til íbúðar. Húsaleigunefnd (fasteignamatsnefnd) getur þó veitt sérstakt leyfi til þessa og sett það skilyrði, að húsaeigandi sjái um jafnmikla aukningu á húsnæði til íbúðar annars staðar í hlutaðeigandi kaupstað, kauptúni eða sveit.

4. gr.

Húsaleigunefnd (fasteignamatsnefnd) skal heimilt að taka til umráða auðar íbúðir og ráðstafa þeim til afnota handa húsnæðislausu fólki, enda komi fullt endurgjald fyrir. Áður en nefndin tekur íbúð til umráða, skal hún setja húseiganda hæfilegan frest til að ráðstafa íbúðinni til afnota handa húsnæðislausum innanhéraðsmanni. Geri hann þetta ekki, skal nefndin rannsaka málið og síðan úrskurða, hvort íbúðin skuli tekin, og ákveða leiguupphæð, leigutíma og annað, sem þörf þykir að

106 taka ákvörðun um og málsaðilum kemur ekki saman um. Úrskurður húsaleigunefndar er fullnaðarúrskurður.
8. sept.

Á sama hátt og segir í 1. mgr. er húsaleigunefnd heimilt að taka til sinna umráða annað ónotað húsnæði og útbúa það til íbúðar.

5. gr.

Í Reykjavík skal skipa húsaleigunefnd. Eiga sæti í henni þrír menn, tveir skipaðir af ríkisstjórninni, en hæstiréttur skipar þann þriðja, og er hann formaður nefndarinnar. Þrír varamenn skulu skipaðir á sama hátt.

Úrskurð má því aðeins kveða upp, að allir nefndarmenn séu á fundi og taki þátt í atkvæðagreiðslu, og getur þá varamaður komið í stað aðalmanns. Afl atkvæða ræður úrslitum máls. Heimilt er nefndinni að kalla málsaðila á sinn fund og krefja þá upplýsinga um ágreiningsatriði. Þóknun nefndarmanna greiðist úr ríkissjóði.

Skylt skal nefndinni, að viðlögðum dagsektum, að hafa lokið við afgreiðslu eða kveðið upp úrskurð um ágreiningsatriði, sem til nefndarinnar er skotið, innan 14 daga frá því málið var afhent nefndinni til afgreiðslu eða það lagt undir úrskurð hennar.

6. gr.

Skylt er að leggja fyrir húsaleigunefnd til samþykktar alla leigumála, sem gerðir eru eftir gildistöku laga þessara. Skal nefndin gæta þess, að leigan sé ekki ákveðin hærri en hún áður var, sbr. þó 1. gr., og hefur hún vald til þess að úrskurða um upphæð leigunnar, ef þörf gerist. Þá er skylt að láta nefndina meta leigu eftir ný hús og húsnæði, sem ekki hefur verið leigt áður, og er leigusala óheimilt að áskilja sér eða taka hærri leigu en nefndin metur. Enn fremur ber nefndinni að framkvæma mat það, sem um getur í 1. gr., og úrskurða um ágreining út af uppsögn á húsnæði samkvæmt 2. gr. Skjóta má þeim úrskurði nefndarinnar til dómstólanna, en hlíta skal honum unz dómur fellur.

7. gr.

Heimilt er leigutaka, telji hann húsnæði leigt óhæfilegt hátt vegna ásigkomulags þess, að beiðast mats húsaleigunefndar á húsaleigunni. Eigi er nefndinni þó skylt að taka slíka beiðni til greina, nema leigutaki leiði líkur að því, að málaleitunin hafi við rök að styðjast. Meti nefndin leiguna lægri en umsamið hefur verið, skal færa hana niður í samræmi við matið, og gildir lækkunin frá 1. næsta mánaðar eftir að matið fór fram.

8. gr.

Við mat á húsaleigu skal húsaleigunefnd kynna sér svo sem föng eru á allt það, er áhrif getur haft á leiguna, svo sem verð húsnæðisins, viðhald þess, ásigkomulag og legu, og taka jafnframt tillit til húsaleigu almennt í sambærilegu húsnæði á þeim stað.

9. gr.

Utan Reykjavíkur skulu fasteignanefndir í bæjum og úttektarmenn í hreppum ásamt hreppsnefndaroddvita gegna þeim störfum, sem með lögum þessum eru lögð undir húsaleigunefndina í Reykjavík, og haga sér í störfum sínum svo sem fyrir er mælt í lögum þessum um húsaleigunefndina. Ríkisstjórninni er þó heimilt með reglugerð að gera aðra skipan á nefndum þessum í bæjum og kauptúnum með 300 íbúum og fleiri.

10. gr.

Ef samið hefur verið um hærri leigu en heimilt er að taka samkv. lögum þessum, skal sá samningur ógildur að því er fjárhæðina snertir, og er afturkræft það, sem leigutaki kann að hafa ofgreitt samkvæmt slíkum samningi.

11. gr. 106 8. sept.

Sá, sem áskilur sér hærri leigu en heimilt er samkv. lögunum, tekið við hærri leigu eða brýtur ákvæði þeirra á annan hátt, skal sæta sektum frá 5—2000 krónum.

Sektir renna í ríkissjóð. Með mál út af brotum á lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

12. gr.

Meðan lög þessi eru í gildi skal stimpilgjald af húsaleigusamningum ekki reiknað samkvæmt 39. gr. laga nr. 75 1921, heldur vera fast gjald, 2 kr. fyrir hvern samning. Í Reykjavík annast húsaleigunefnd stimplun slíkra samninga.

13. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað, og fellur þá jafnframt úr gildi 7. grein laga frá 4. apríl 1939, um gengisskráningu og ráðstafanir í því sambandi.

Ákveða má með konunglegri tilskipun, að ákvæði laga þessara taki til annarra fasteigna en húsa.

Þegar ekki þykir lengur þörf fyrir lagaákvæði þessi, má fella þau úr gildi með konunglegri tilskipun.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Vísitala samkv. 1. gr. skal í fyrsta sinn reiknuð út þegar eftir gildistöku þessara laga og gildir frá 14. maí til 1. okt. 1941.

*Gjört í Reykjavík, 8. september 1941.*

**Sveinn Björnsson.**
(L. S.)

*Stefán Jóh. Stefánsson.*

# BRÁÐABIRGÐALÖG 107 8. sept.

**um viðauka við og breyting á lögum 8. sept. 1941, um húsaleigu.**

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Félagsmálaráðherra hefur tjáð mér, að skýrslusöfnun hafi farið fram um núverandi húsnæðisvandræði í Reykjavík. Skýrslur þessar hafa leitt í ljós, að mörg hundruð fjöldskyldur, auk fjölda einstaklinga, ýmist séu nú þegar húsnæðislausar eða verði húsnæðislausar 1. október næstkomandi. Jafnframt sé upplýst, að mikil húsnæðisvandræði séu í öðrum kaupstöðum og kauptúnum landsins.

Til þess að ráða bót á þessu vandræðaástandi telur félagsmálaráðherra nauðsynlegt að breyta núgildandi húsaleigulögum í verulegum atriðum.

Með því að ég fellst á, að brýna nauðsyn beri til að setja bráðabirgðalög samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar um framangreint efni, tel ég það rétt að gefa út bráðabirgðalög á þessa leið:

1. gr.

Leigusala er óheimilt að segja upp leigusamningum um íbúðarhúsnæði, nema honum sé þess brýn þörf til eigin íbúðar, að dómi húsaleigunefndar (fasteignamatsnefndar), og að hann hafi verið orðinn eigandi hússins áður en lög þessi öðluðust gildi.

107
8. sept.

Uppsagnir á íbúðarhúsnæði, sem fram hafa farið fyrir gildistöku þessara laga og ekki hafa komið til framkvæmdar, skulu vera ógildar, nema húseigandi sanni fyrir húsaleigunefnd, að hann sé húsnæðislaus og þurfi þess vegna á húsnæðinu að halda til íbúðar fyrir sjálfan sig.

2. gr.

Húseiganda er óheimilt að leigja öðrum en heimilisföstum innanhéraðsmönnum íbúðarhúsnæði.

Leigusamningar, sem gerðir hafa verið fyrir gildistöku þessara laga, en óheimilir væri eftir ákvæði 1. mgr., eru ógildir.

Þegar alveg sérstaklega stendur á, er húsaleigunefnd (fasteignamatsnefnd) heimilt að veita undanþágu frá ákvæðum þessarar greinar.

3. gr.

Ef íbúðarhúsnæði er heimildarlaust tekið til annarrar notkunar en íbúðar, er húsaleigunefnd rétt að skylda húseiganda, að viðlögðum allt að 100 kr. dagsektum, að taka upp fyrri notkun húsnæðisins.

4. gr.

4. mgr. 1. gr. laga 8. september 1941, um húsaleigu, er úr gildi felld.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 8. september 1941.*

**Sveinn Björnsson.**
(L. S.)

*Stefán Jóh. Stefánsson.*

108
9. okt.

# LÖG

## um byggingar- og landnámssjóð.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Að ég samkvæmt 17. gr. laga nr. 68 27. júní 1941, um breyting á lögum nr. 76 11. júní 1938, um byggingar- og landnámssjóð, og lögum nr. 58 8. sept. 1931, um einkasölu ríkisins á tóbaki, hef látið fella meginmál þeirra inn í téð lög nr. 76 frá 1938 og gef þau út svo breytt sem lög um byggingar- og landnámssjóð.

### I. KAFLI.
### Um markmið sjóðsins.

**1. gr.**

Tilgangur sjóðsins er að stuðla að endurbyggingu íveruhúsa í sveitum og stofnun nýrra býla.

**2. gr.**

Sjóðurinn starfar í tveim deildum, sem heita byggingarsjóður og nýbýlasjóður.

## II. KAFLI.
## Um byggingarsjóð.

### 3. gr.

Stofnfé sjóðsins er byggingar- og landnámssjóður eins og hann er nú.

Tekjur sjóðsins eru:

1. Vextir af útistandandi lánum.
2. Árlegt framlag úr ríkissjóði, 300 þúsund krónur, en jafnframt fellur niður tillag til sjóðsins samkvæmt 14. gr. laga nr. 58 8. sept. 1931, um einkasölu ríkisins á tóbaki.

Meðan vísitala kauplagsnefndar er 110 eða hærri, skal framlag ríkissjóðs hækka til samræmis við vísitölu Hagstofu Íslands um byggingu íveruhúsa, miðað við sömu vísitölu 1939. Hækkunin reiknast þó ekki af hærri höfuðstól en 125000 kr.

### 4. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka lán, allt að 3 milljónum króna, hvort heldur er hér á landi eða erlendis, handa byggingarsjóðnum, til stuðnings þeirri starfsemi, sem honum er ætluð samkvæmt lögum þessum. Einnig er stjórn sjóðsins, með samþykki ríkisstjórnarinnar, heimilt að gefa út verðbréf, er innleysist á 30—40 árum, og sé gerð bréfanna, vextir og nánara fyrirkomulag um sölu þeirra ákveðið af ríkisstjórninni.

### 5. gr.

Stjórn Búnaðarbankans ákveður, hvað lagt skuli í varasjóð af tekjuafgangi þeim, sem verða kann samkvæmt árlegum reikningsskilum sjóðsins.

Af fé varasjóðs skal greiða tap, sem byggingarsjóður kann að verða fyrir.

### 6. gr.

Til tryggingar vaxtabréfum samkvæmt 4. gr. er:

1. Skuldabréf frá lántakendum.
2. Varasjóður byggingarsjóðs.
3. Höfuðstóll byggingarsjóðs.
4. Ábyrgð ríkissjóðs.

Ef taka þarf til trygginganna, sé það gert í þeirri röð, sem hér er talin.

### 7. gr.

Lán úr sjóðnum eru eingöngu veitt til byggingar íbúðarhúsa í sveitum.

Lán eru veitt með þessum skilyrðum:

1. Að lántakandi sé íslenzkur ríkisborgari og fullveðja.
2. Að hann sanni með síðustu skattaskýrslu sinni, staðfestri af skattanefnd, að hann eigi svo mikil efni sem nauðsynleg eru til búrekstrar á jörðinni, en geti ekki af eigin rammleik reist íbúðarhús á henni.
3. Að hann sanni með vottorði hreppstjóra, að jörðin liggi ekki undir skemmdum af völdum náttúrunnar.
4. Að húsin séu gerð úr varanlegu efni og gerð þeirra innan og utan samþykkt af stjórn sjóðsins.
5. Að sveitarstjórn telji jörðina svo vel í sveit setta, að ráðlegt sé að endurreisa bæjarhús á henni.
6. Að lögð sé fram stutt lýsing á bæjarhúsum umsækjanda, undirrituð af virðingarmönnum Brunarbótafélags Íslands.
7. Að fyrir liggi frá trúnaðarmanni Búnaðarfélags Íslands, eða trúnaðarmanni nýbýlastjórnar, ef ekki næst til trúnaðarmanns Búnaðarfélags Íslands, yfir-

108
9. okt.

lýsing um, að húsið verði reist á hentugum stað, miðað við ræktun, vatnsból, síma, vegi o. s. frv.

8. gr.

Lán má veita gegn þessum tryggingum:
1. Gegn hverju því fasteignaveði, er stjórn sjóðsins tekur gilt.
2. Gegn afgjaldskvöð af býlum þeim er lán er veitt til, enda sé býlið ekki veðsett með 1. veðrétti.
3. Gegn ábyrgð sýslu-, bæjar- eða hreppsfélaga, að áskildu lögmætu samþykki æðri stjórnarvalda.

9. gr.

Lán veitast með þessum kjörum:
1. Vextir og afborganir af lánum séu ekki yfir 5% af allri lánsupphæðinni í 42 ár.
2. Lán þessi mega nema:
   a. Verði aðflutts byggingarefnis, að því leyti sem það er ekki greitt með byggingarstyrk. Þar til telst þó ekki sandur, mór, möl, steinn, torf, mosi eða önnur slík efni, þótt afla verði utan landareignarinnar.
   b. Allt að ⅔ hlutum af kaupi steinsmiða og trésmiða, er nauðsynlega þurfa að vinna að húsagerðinni.

Lán þessi mega þó ekki fara yfir 6 þúsund krónur til sama manns.

10. gr.

Lánin greiðir sjóðurinn út að jafnaði í þremur hlutum, þannig:
Fyrsta hluta þegar efni til byggingarinnar er allt keypt og komið á staðinn.
Annan hluta þegar byggingin er komin undir þak.
Þriðja og síðasta hluta þegar byggingin er fullgerð.
Skal hin útborgaða fjárhæð í hvert sinn miðuð við þann útborgaða hluta kostnaðar, sem lánshæðin fer eftir, samkv. 9. gr.

## III. KAFLI.
### Um byggingarstyrk.

11. gr.

Ríkissjóður leggur árlega fram 250 þúsund krónur til þess að styrkja endurbyggingu íbúðarhúsa í sveitum. Verði um eitt eða fleiri ár ekki reist það mörg íbúðarhús, að allt framlagið þurfi til byggingarstyrkja, skal sá hluti þess, sem afgangs verður á hverju ári, leggjast í sjóð og ávaxtast, þar til styrkþörfin verður meiri en svo, að hið árlega framlag geti fullnægt henni. Styrkurinn sé óafturkræft framlag.

12. gr.

Skilyrði fyrir byggingarstyrk eru, að umsækjandi leggi fram skilríki samkv. ákvæðum 1.—7. tölul. 7. gr. og enn fremur skilríki fyrir:
1. Að sannað sé með vottorði hreppstjóra og héraðslæknis, að húsakynnin séu óhæf til íbúðar.
2. Að jörðin sé í sjálfsábúð eða falli undir ákvæði laga um erfðaábúð og óðalsrétt.
3. Að fasteignamat (millimat) bæjarhúsa sé ekki yfir 1800 krónur, ef jörðin er í sjálfsábúð.
4. Að landverð jarðar í opinberri eign fari ekki yfir 8000 krónur.

Framlagið til hvers býlis má vera 500—1500 krónur, að viðbættum þeim hundraðshluta, er byggingarkostnaður íveruhúsa hefur, þegar húsið er reist, hækkað frá árinu 1939, samkvæmt vísitölu hagstofunnar. Þó aldrei meira en ⅓ af kostnaðar-

verði hússins. Til íbúðarhúsbygginga, þar sem um lán og styrk er að ræða, má láns- og styrkupphæðin samtals ekki fara yfir 9000 krónur til hvers býlis **108** 9. okt.

Lokagreiðsla fer fram þegar fullnaðarreikningur er kominn yfir byggingarkostnaðinn.

13. gr.

Nýbýlastjórn ákveður, hvaða jarðir skulu verða aðnjótandi þess framlags til bygginga, er um ræðir í lögum þessum, og ákveður upphæðina til hvers býlis. Þó skulu þeir umsækjendur að öðru jöfnu ganga fyrir, er orðið hafa fyrir verulegu tjóni á húseignum sínum vegna óviðráðanlegra orsaka, svo sem jarðskjálfta, bruna, stórviðra o. s. frv. Getur hún krafizt allra þeirra upplýsinga, sem hún telur nauðsynlegar, og sett þau skilyrði um byggingarnar, sem hún telur þurfa til að tryggja það, að þær komi að sem fyllstum notum.

## IV. KAFLI.

### Um nýbýli og samvinnubyggðir.

14. gr.

Ríkið vinnur að því að skapa skilyrði til þess, að sem mest af árlegri fólksfjölgun þjóðarinnar eigi kost á að fá býli í sveitum til ábúðar, þar sem landbúnaður verði stundaður sem aðalatvinnuvegur. Veitir ríkið þann stuðning við stofnun býlanna, að stofnverð þeirra verði ekki meira en það, að meðalfjölskylda geti haft þar sæmileg afkomuskilyrði samkvæmt því, sem ákveðið er í lögum þessum.

15. gr.

Nýbýli nefnist í lögum þessum hvert það býli, sem reist er hér á landi eftir að lög þessi öðlast gildi og þar sem landbúnaður er rekinn sem aðalatvinnugrein, enda fái hið nýja býli útskipt land með ákveðnum landamerkjum, eftir því sem við á og þörf krefur.

Til nýbýla má stofna hvort sem vill með því að reisa það í óræktuðu landi, eða skipta túni heimajarðarinnar til beggja eða allra býlanna. Þegar jörð er skipt í nýbýli, skal þess gætt, að hvert býlið um sig hafi svo mikið landrými, að áliti nýbýlastjórnar, að nægi meðalfjölskyldu til framfæris, miðað við þann búrekstur, sem fyrirhugaður er á hverjum stað. Jörð, sem lagzt hefur í eyði áður en lög þessi öðlast gildi og ekki eru á nothæf hús fyrir fólk eða fénað, og sem tekin er til endurbyggingar og ræktunar, telst nýbýli.

16. gr.

Heimilt er eiganda jarðar að stofna til nýbýla á þann hátt, að landnot séu að nokkru eða öllu leyti sameiginleg fyrir heimajörðina og nýbýlið, enda samþykki nýbýlastjórn ríkisins, að svo sé.

Því aðeins er þetta þó heimilt, að nægileg hús fyrir fólk og fénað séu til á jörðinni eða verði reist þar til afnota fyrir bæði býlin. Óheimilt er eigendum þessara jarða að sameina býlin aftur, en sé það þó gert, er styrkur ríkisins endurkræfur, og er nýbýlið til tryggingar þeirri greiðslu.

17. gr.

Samvinnubyggðir nefnast í lögum þessum minnst 5 býli, sem reist eru í sama hverfi, þar sem framkvæmdir allar við byggingu býlanna hafa verið gerðar eftir fyrir fram ákveðnu skipulagi.

108
9. okt.

18. gr.

Ef nýbýlafélög eða einstaklingar, sem eigi ætla að gerast ábúendur á nýbýlinu, vinna að því að koma þeim upp, skulu slík nýbýli afhent væntanlegum ábúendum við kostnaðarverði, að frádregnum ríkissjóðsstyrknum. Ef slík nýbýli eru leigð um stundarsakir, skal leigan metin þannig, að ekki sé tekin leiga af framlagi ríkissjóðs til býlisins. Verði ágreiningur um leigumála, skal leigan metin af úttektarmönnum hlutaðeigandi hrepps.

19. gr.

Heimilt er hverjum jarðareiganda að byggja fleiri en eitt nýbýli á landi jarðar sinnar, ef ákvæðum 15. gr. um lágmarksstærð býlanna er fylgt. Þó getur enginn, er reisa vill nýbýli, notið þess stuðnings, sem ríkið veitir, nema nýbýlastjórn samþykki hið nýja býli og fram hafi farið sú rannsókn, sem um getur í 20. gr.

20. gr.

Áður en ráðizt er í framkvæmdir til stofnunar nýbýla eða samvinnubyggða, fari fram rannsókn á allri aðstöðu, og sérstaklega á eftirtöldum atriðum:

1. Að náttúruskilyrði og aðstaða til markaðs og samgangna sé svo hagstæð, að líklegt sé, að framleiðslan beri sig.
2. Að land til býlanna geti fengizt með hæfilegu verði.
3. Á efni til húsagerðar o. fl.
4. Hvort skilyrði séu til nýtingar jarðhita eða virkjunar vatnsorku.

**Stjórn nýbýlamála.**

21. gr.

Atvinnumálaráðuneytið (landbúnaðarráðherra) skal hafa með höndum yfirstjórn allra nýbýlamála í landinu.

22. gr.

Nýbýlastjórn skal skipuð þremur mönnum, formanni, er landbúnaðarráðherra skipar til fjögurra ára í senn, og tveimur meðstjórnendum, er landbúnaðarnefndir Alþingis kjósa hlutfallskosningu til jafnlangs tíma. Skulu tveir varamenn kosnir á sama hátt. Formaður er framkvæmdarstjóri nýbýlastjórnar og annast dagleg störf hennar.

Nýbýlastjórnin ákveður styrk til nýbýla og hefur aðrar framkvæmdir í nýbýlamálum.

Landbúnaðarráðherra ákveður laun nýbýýlastjórnar, og takast þau, ásamt kostnaði við skrifstofuhald, af fé því, sem árlega er veitt til nýbýla.

23. gr.

Skylt er Búnaðarfélagi Íslands að láta starfsmenn sína aðstoða nýbýlastjórn í störfum hennar eftir því sem þörf krefur og um semst milli þess og landbúnaðarráðherra.

**Um réttindi og skyldur ábúenda.**

24. gr.

Sá, er reisa vill nýbýli í landi jarðar sinnar, eða vill láta af höndum land til nýbýlastofnunar, sendir nýbýlastjórn ríkisins tillögur sínar. Nýbýlastjórn lætur athuga alla aðstöðu til nýbýlastofnunar á staðnum, ef það hefur ekki verið gert áður, og úrskurðar síðan, hvort hann sé hæfur fyrir nýbýli.

25. gr.

Hinu nýja landnámi sé komið í framkvæmd á þann hátt, sem hér segir:

a. Nýbýli byggð í landi, sem nýbýlingur á sjálfur, eða trygging er fyrir, að hann eignist samkvæmt ákvæðum 18. gr. Býlin reisa eigendur jarða eða nýbýlingar sjálfir, eftir því sem um semst við nýbýlastjórn og undir eftirliti hennar.

b. Nýbýli reist í landi ríkis, bæjar- eða sveitarfélaga. Þeir menn, sem hafa í hyggju að reisa slík nýbýli, senda nýbýlastjórn umsókn um það. Uppfylli umsækjendur ákvæði 29. gr., gerir formaður nýbýlastjórnar samning við þá um framkvæmd verksins, og skal þar meðal annars ákveða, hvenær verkinu skuli í síðasta lagi lokið og á hvern hátt það sé unnið. Framkvæmd þess hluta verksins, sem styrkur er miðaður við, má þó ekki standa lengur yfir en 5 ár.

Þegar ráðstafað er landi sveitar- eða bæjarfélags til nýbýla eða samvinnubyggða, og skipulagðar framkvæmdir við stofnun þeirra, verður formaður nýbýlastjórnar að fá samþykki hlutaðeigandi sveitar- eða bæjarstjórnar fyrir ákvörðunum sínum.

c. Samvinnubyggðir, reistar í landi ríkis, bæjar, sveitar eða nýbýlafélaga.

Um undirbúning framkvæmdanna gilda eftirfarandi ákvæði:

1. Allar nauðsynlegar rannsóknir til undirbúnings stofnunar samvinnubyggða hafi verið framkvæmdar samkvæmt 20. gr.
2. Áður en hafizt er handa um stofnun samvinnubyggða, skal formaður nýbýlastjórnar tryggja það, eftir því sem hann telur þurfa, að nægilega margir ábúendur í væntanlegri samvinnubyggð séu reiðubúnir að mynda félag og gera með sér samþykkt samkvæmt 27. gr.
3. Væntanlegir ábúendur í samvinnubyggðum skulu, eftir því sem um semst og unnt er, vinna að stofnun býlanna. Teljast slík vinnuframlög sem hluti af því, er þeim ber að leggja fram sem stofnverð.
4. Nýbýlastjórn ákveður býlafjölda í hverri samvinnubyggð, hversu mikið land skuli fylgja hverju býli í samráði við ábúendur, svo og hvers konar búskapur skuli aðallega stundaður á býlunum.
5. Nýbýlastjórn ákveður gerð húsa og skipulag byggðarinnar. Skylt er að leggja uppdrætti að húsum og skipulagsuppdrátt samvinnubyggðar undir álit stjórnar þess samvinnubyggðafélags, sem við byggðinni á að taka, og ber að taka til greina tillögur hennar, að svo miklu leyti sem mögulegt er. Nánari ákvæði um þessi atriði skulu sett með reglugerð.

26. gr.

Landbúnaðarráðherra er heimilt að veita félögum, er hafa að markmiði að reisa samvinnubyggðir, svo og bæjar- eða sveitarfélögum, sem vilja koma upp nýbýlum eða samvinnubyggðum í löndum sínum, rétt til þess að gera það. Slík félög verða að uppfylla þau skilyrði og hlíta þeim fyrirmælum, sem nýbýlastjórn ríkisins setur þeim um framkvæmd verksins.

27. gr.

Allir þeir, sem ætla að gerast ábúendur í væntanlegri samvinnubyggð, skulu mynda með sér félag, er nefnist samvinnubyggðafélag. Félagsmenn skulu setja sér samþykkt í samræmi við lög þessi, og skal hún, til þess að öðlast gildi, vera staðfest af landbúnaðarráðherra eftir tillögu nýbýlastjórnar.

Í samþykkt samvinnubyggðafélags skal ákveða, hvort rekinn skuli einstaklingsbúrekstur eða samvinnubúrekstur í byggðinni. Nánari fyrirmæli um undirbúning og setningu samþykkta samvinnubyggðafélags skulu sett með reglugerð.

108
9. okt.

28. gr.

Tilgangur samvinnubyggðafélaga er:

1. Að kaupa eða leigja land fyrir væntanlega samvinnubyggð og annast undirbúning og framkvæmdir við að koma henni upp, svo og að annast lántökur til þeirra framkvæmda, samkv. 34. gr., og skal ákveða nánar um þessi atriði í samþykkt félagsins.
2. Að koma á fót rafvirkjun eða mannvirkjum til hagnýtingar á hveraorku, eða öðrum mannvirkjum til sameiginlegra afnota fyrir félagsmenn og annast rekstur þeirra.

29. gr.

Skilyrði til þess, að umsækjandi geti fengið aðstoð ríkisins við stofnun nýbýlis eða fengið ábúðarrétt á nýbýli, sem stofnað er eftir lögum þessum, eru þessi:

1. Að hann eigi ekki og hafi ekki árlangt átt aðra jörð eða býli, sem fjölskylda geti haft lífsframfæri af.
2. Að hann, að dómi nýbýlastjórnar, sé svo efnum búinn, að hann geti lagt fram sinn hluta af stofnkostnaði býlisins og rekið bú á því, en sé þó ekki svo efnum búinn, að hann geti byggt býlið af eigin rammleik.
3. Að hann hafi þá þekkingu á búnaði, sem nauðsynlegt verður að teljast, að dómi nýbýlastjórnar, og hafi starfað við landbúnað minnst 2 ár.

30. gr.

Um nýbýli, sem eru í einkaeign, en hafa hlotið styrk frá ríkinu samkvæmt lögum þessum, gilda eftirfarandi ákvæði:

1. Skylt er að tilkynna nýbýlastjórn, ef nýbýli eru seld, og er kaupsamningur því aðeins gildur, að hún samþykki hann.
2. Ekki má selja býli þessi meira en nemur fasteignamatsverði, að frádregnum hinum óafturkræfu framlögum ríkisins til þeirra, þar með talinn jarðræktarstyrkur, en að viðbættu virðingarverði þeirra framkvæmda, sem gerðar hafa verið frá því að síðasta fasteignamat fór fram.
3. Þegar býlin skipta um eigendur við erfðaskipti, skal mat á þeim háð sama eftirliti og um sölu væri að ræða.
4. Ekki má veðsetja þann hluta af matsverði býlanna, er svarar til þess styrks, sem ríkið hefur til þeirra lagt.

31. gr.

Þau nýbýli, sem ekki eru í einkaeign, skulu byggð samkvæmt lögum um erfðaábúð og óðalsrétt.

32. gr.

Ef nýbýli í einkaeign kemst í niðurníðslu, að dómi nýbýlastjórnar, þannig að húsum og mannvirkjum er eigi viðhaldið, er styrkur ríkisins til stofnunar býlisins endurkræfur, og má þá selja býlið til lúkningar honum, ef þörf krefur.

**Um framlög ríkissjóðs og lán til nýbýla og samvinnubyggða.**

33. gr.

Til ræktunar nýbýlis, sem stofnað er eftir lögum þessum, svo og til bygginga á því, má verja allt að 4500 kr. í styrk á hvert býli. Þó skal styrkur aldrei vera hærri en það, að hann nemi 7/17 af stofnkostnaði býlisins. Styrkur ríkisins greiðist eftir því sem um semst milli nýbýlastjórnar og þess, er nýbýlið reisir, með vinnu eða peningum, og greiðist eftir því sem framkvæmd við byggingar og nýrækt miðar áfram, en þó aldrei fyrr til nýbýla, sem eru í einkaeign, en byrjað er á byggingum.

34. gr. **108**

Stofnuð skal lánadeild, er nefnist nýbýlasjóður. Hún skal veita lán til að reisa nýbýli og samvinnubyggðir. Nýbýlasjóður hefur heimild til að gefa út verðbréf, er innleysist á 20—40 árum, og skal gerð bréfanna og nánara fyrirkomulag um sölu þeirra ákveðið af ráðuneytinu með reglugerð. Bréfin skulu tryggð með ábyrgð ríkissjóðs. 9. okt.

35. gr.

Úr nýbýlasjóði skal veita lán til stofnunar nýbýla, og má það vera allt að 4500 kr. á býli, og þó aldrei yfir 7/17 af stofnkostnaði býlisins. Lánin skulu veitt gegn 1. veðrétti í býlinu, sé landið óveðsett, ella með síðari veðrétti og uppfærslurétti.

Á undan láni nýbýlasjóðs má aðeins hvíla:

a. Hæfilegt kaupverð óræktaðs lands býlisins, að dómi nýbýlastjórnar, og þó aldrei yfir 1500 kr., og

b. 50% af verðmæti varanlegra mannvirkja, er landinu kann að fylgja, og skal lán úr nýbýladeild vera þeim mun lægra, er slíku láni nemur, þannig, að það ásamt láni úr nýbýlasjóði fari ekki fram úr 4500 kr.

Lán nýbýlasjóðs afborgast á 20—40 árum, eftir gerð húsa. Vextir af þeim séu ekki hærri en greiða þarf af verðbréfum, sem sjóðurinn gefur út

36. gr.

Í fjárlögum fyrir hvert ár skal ákveðið, hve miklu fé skal verja til nýbýla. Nýbýlastjórn ákveður, hverjir umsækjenda skuli fá styrk og hversu háan hver. Á sama hátt gerir hún tillögur til stjórnar Búnaðarbankans, hverjir skuli fá lán úr nýbýlasjóði og hversu háa upphæð hver. Verði ágreiningur milli stjórna þessara um lánveitingar úr nýbýlasjóði, skal honum skotið til landbúnaðarráðherra, og ræður þá hans atkvæði í málinu.

37. gr.

Ábúendur allra nýbýla og samvinnubyggða, sem stuðnings njóta samkvæmt lögum þessum, skulu greiða fyrningargjald af íbúðarhúsum býlisins. Fyrningargjaldið miðast við varanleik húsanna og er ákveðið af nýbýlastjórn í eitt skipti fyrir öll sem jafnt hundraðsgjald, og skal það ekki vera yfir 1% af kostnaðarverði þeirra.

Fyrningargjaldið skal lagt í sjóð, er nefnist endurbyggingarsjóður nýbýla og samvinnubyggða. Sjóðinn skal ávaxta í nýbýlasjóði, og annast sýslumenn innheimtuna á manntalsþingum, og fylgir gjöldunum lögtaksréttur.

Hvert nýbýli og hver samvinnubyggð hefur sérreikning í sjóðnum og á tilkall til séreignar sinnar, þegar endurreisa þarf hús býlisins.

Að fengnum tillögum nýbýlastjórnar, setur landbúnaðarráðherra, með reglugerð, nánari fyrirmæli um sjóðinn.

38. gr.

Nýbýlastjórn skal halda skýrslu yfir nýbýli og samvinnubyggðir, sem reistar verða samkvæmt lögum þessum. Skal nákvæmlega skýrt frá stofnkostnaði hvers býlis, hvað ríkið hefur veitt til þeirra sem styrk, um allar lántökur vegna þeirra og um eigin framlög nýbýlinga.

Árlega skal færa í skýrslur þessar allar ársgreiðslur býlanna af lánum sínum. Þá skal og nýbýlastjórn afla sér þeirra upplýsinga, sem unnt er, um rekstrarafkomu hvers býlis.

Í því skyni getur nýbýlastjórn lagt þá kvöð á nýbýlinga, að halda einfalda rekstrarreikninga um afkomu búa sinna, eftir reikningsfyrirmyndum, sem nýbýlastjórn gefur út.

Heildarskýrslur um þessi efni er nýbýlastjórn heimilt að birta öðru hverju.

108
9. okt.

## V. KAFLI
### Um teiknistofu.

39. gr.
Stofna skal sérstaka teiknistofu, er nefnist teiknistofa landbúnaðarins.

40. gr.
Verkefni teiknistofunnar er að gera uppdrætti að húsum, sem lán eða styrkur er veittar til úr byggingar- og landnámssjóði, nýbýlasjóði, ræktunarsjóði eða öðrum opinberum sjóðum, sem til eru eða stofnaðir kunna að verða að tilhlutun ríkisins til að veita lán eða styrki til húsagerðar í sveitum. Skal það vera skilyrði fyrir lánum eða styrkveitingum úr slíkum sjóðum, að teiknistofan hafi gert eða samþykkt uppdrætti að húsunum.

41. gr.
Teiknistofan skal láta gera uppdrætti að einföldum og ódýrum húsgögnum, hentugum fyrir alþýðu til sveita og við sjó. Heimilt er teiknistofunni að leita aðstoðar íslenzkra listamanna, viðurkenndra hannyrðakvenna og smíðameistara, utan stofnunarinnar, um gerð húsgagna, til að fá þau sem smekklegust og í þjóðlegum stíl. Allir, sem rétt hafa til lána úr sjóðum þeim, er um ræðir í 40. gr., svo og stjórnir byggingarfélaga verkamanna og samvinnubyggðafélaga, skulu endurgjaldslaust fá teikningar af húsgögnum, eftir því sem teiknistofan getur í té látið.

42. gr.
Nú verður komið á fót verkstæðum við bændaskóla, húsmæðraskóla, héraðsskóla eða annars staðar til þess að annast smíði á húsgögnum, hentugum fyrir alþýðu, og fleira, er að húsgagnagerð lýtur, svo sem vefnað á húsgagnafóðri og gluggatjöldum, og skal þá teiknistofan veita verkstæðum þessum alla nauðsynlega aðstoð, svo að þau geti komið að sem almennustum notum við húsgagnagerð.

43. gr.
Teiknistofan skal veita bændum leiðbeiningar um byggingarkostnað, efnisval og annað, er við kemur húsagerð. Hún skal gefa út handbók með almennum leiðbeiningum í þessum efnum og fyrirmyndar uppdráttum að húsum og húsgögnum. Teiknistofunni ber að fylgjast með erlendum og innlendum nýjungum í húsagerð, rannsaka þær og gera tilraunir með það, er til framfara mætti verða í gerð og notkun húsa, eftir því sem við verður komið.

44. gr.
Landbúnaðarráðherra skipar forstöðumann teiknistofunnar og ákveður laun hans, unz þau verða ákveðin í launalögum. Forstöðumaður annast stjórn teiknistofunnar, í samráði við stjórn Búnaðarbanka Íslands og nýbýlastjórn. Forstöðumaður ræður sér menn til aðstoðar, að fengnu samþykki stjórnar Búnaðarbanka Íslands.

45. gr.
Kostnaður við rekstur teiknistofunnar greiðist úr sjóðum þeim, er lán eða styrki veita til húsabygginga í sveitum, sbr. 40. gr. Greiðsla hvers sjóðs skal ákveðin af landbúnaðarráðherra í sem réttustu hlutfalli við það fjármagn, sem sjóðurinn veitir til bygginganna.

## VI. KAFLI.
## Um viðhaldsskyldu, söluskilyrði o. fl.

46. gr.

Skylt er ábúanda að halda vel við byggingum þeim, sem lán eða styrkur hefur verið veitt til frá byggingar- og landnámssjóði. Trúnaðarmenn, er stjórn hans skipa, 2 eða fleiri í hverjum hreppi, skulu hafa eftirlit með viðhaldi bygginganna og tilkynna stjórn sjóðsins, ef því er í einhverju ábótavant.

47. gr.

Nú verða ábúendaskipti með sölu að fasteign, sem stendur í skuld við byggingar- og landnámssjóð, eða hefur fengið styrk frá honum, og er þá enginn kaupsamningur gildur um eignina, nema með árituðu samþykki sjóðstjórnarinnar. Söluverð slíkrar fasteignar má ekki vera hærra en síðasta fasteignamat sýnir, að viðbættu virðingarverði þeirra mannvirkja, er unnin hafa verið frá því er síðasta fasteignamat fór fram. Þó skal frá því draga nýbýlastyrk, eða byggingarstyrk, ef veittur hefur verið til hlutaðeigandi jarðar, en gæta þess, ef jörðin í heild hefur fallið í verði frá því styrkurinn var greiddur, að verðfallið sé þá einnig reiknað hlutfallslega á styrknum. Mat sker úr um þetta atriði, ef ágreiningur verður.

Ef um opinbera eign er að ræða, ber að leigja hana samkvæmt lögum um erfðaábúð og óðalsrétt, en ella má eftirgjaldið ekki vera hærra en 5% landverðs, að viðbættum 4% húsaverðs, að frádregnum styrk, allt miðað við síðasta fasteignamat og virðingarverð umbóta, er síðan hafa verið gerðar.

Ef fasteign er seld eða leigð hærra en hér segir, fellur lán það, er á eigninni hvílir, í gjalddaga fyrirvaralaust, enda er þá og heimilt að krefja eiganda um endurgreiðslu á veittum byggingarstyrk, að nokkru eða öllu leyti, eftir mati.

Matsgerðir þær, er um ræðir í grein þessari, skulu framkvæmdar af tveim dómkvöddum mönnum.

48. gr.

Landbúnaðarráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði, er nauðsynleg þykja um framkvæmd laga þessara.

49. gr.

Um endurskoðun byggingar- og landnámssjóðs, starfsskýrslu o. fl. fer eins og fyrir er mælt í lögum, dagsettum í dag, um Búnaðarbanka Íslands.

50. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi felld lög nr. 35 7. nóv. 1928, um byggingar- og landnámssjóð, og breyting á þeim lögum, nr. 54 8. sept. 1931, lög nr. 25 1. febr. 1936, um nýbýli og samvinnubyggðir, og breyting á þeim lögum, nr. 97 23. júní 1936, og lög nr. 40 13. júní 1937, um framlög ríkisins til endurbygginga á sveitabýlum.

51. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Bráðabirgðaákvæði.**

Þar til ákvæði 11. og 12. gr. laga nr. 87 frá 1933, um húsabótaskyldu landsdrottins, koma til framkvæmda, er heimilt að veita ábúendum á jörðum, sem eru í einkaeign, styrk samkvæmt III. kafla laga þessara, enda nái ákvæði 46. og 47. gr. laganna til slíkra jarða.

*Gjört í Reykjavík, 9. október 1941.*

**Sveinn Björnsson.**
(L. S.)

*Hermann Jónasson.*

109
9. okt.

# LÖG

## um heimild fyrir dómsmálaráðherra til þess að veita leyfi til veðmálastarfsemi í sambandi við kappreiðar og kappróður.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Að ég samkvæmt 3. gr. laga nr. 57 27. júní 1941, um breyting á lögum nr. 45 31. maí 1927, um heimild fyrir dómsmálaráðherra til þess að veita leyfi til veðmálastarfsemi í sambandi við kappreiðar, hef látið fella meginmál fyrstnefndra laga inn í lög nr. 45 1927 og gef þau út svo breytt sem lög um heimild fyrir dómsmálaráðherra til þess að veita leyfi til veðmálastarfsemi í sambandi við kappreiðar og kappróður:

1. gr.

Dómsmálaráðherra er heimilt að veita „Hestamannafélaginu Fáki“ í Reykjavík og „Sjómannadagsráðinu“ í Reykjavík leyfi til þess að reka veðmálastarfsemi í sambandi við kappreiðar og kappróður, með skilyrðum, er ákveðin verði í reglugerð.

Áskilja skal í reglugerðinni, að 10% af hagnaði félagsins „Fáks“ af starfsemi þessari skuli varið til reiðvegar Reykvíkinga, og 75% af hagnaði, er verður af kappróðri „Sjómannadagsráðsins“, er fari fram á sjómannadaginn, renni til sjóminjasafns.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 9. október 1941.*

**Sveinn Björnsson.**
(L. S.)

---

*Hermann Jónasson.*

110
9. okt.

# LÖG

## um fiskveiðasjóð Íslands.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Að ég samkvæmt 10. gr. laga nr. 62 27. júní 1941, um breyting á lögum nr. 99 11. júní 1938, um fiskveiðasjóð Íslands, hef látið fella meginmál þeirra inn í lög nr. 99 11. júní 1938 og gef þau út svo breytt sem lög um fiskveiðasjóð Íslands:

1. gr.

Tilgangur fiskveiðasjóðs Íslands er að styðja fiskveiðar Íslendinga, einkum bátaútveginn, með hagkvæmum stofnlánum til skipa, fiskverkunarstöðva og verksmiðja til vinnslu úr sjávarafurðum.

2. gr.

A. Stofnfé sjóðsins er:

1. Eignir fiskveiðasjóðs Íslands og skuldaskilasjóðs vélbátaeigenda, eins og þær eru nú.
2. Tillag úr ríkissjóði, ein milljón króna, samkvæmt lögum nr. 99 11. júní 1938.

B. Tekjur sjóðsins eru:

1. Hundraðsgjald af útfluttum sjávarafurðum samkv. lögum nr. 47 19. maí 1930, um fiskveiðasjóðsgjald.
2. Einn fjórði þess útflutningsgjalds, sem ríkissjóður tekur árlega af hvers konar sjávarafurðum.
3. Vextir.

3. gr.

Fiskveiðasjóði er heimilt að gefa út handhafavaxtabréf, allt að 4 milljónum kr., sem tryggð skulu með stofnfé sjóðsins og ábyrgð ríkissjóðs. Fjármálaráðherra setur nánari reglur um stærð bréfanna, útlit, útdrátt og aðra meðferð þeirra, í reglugerð sjóðsins. Ríkisstjórninni er heimilt að taka lán til kaupa á slíkum bréfum, allt að 4 milljónum kr., enda skal svo til haga um vexti bréfanna, verð þeirra og tímalengd útlána, að ríkissjóður verði skaðlaus af.

4. gr.

Fé fiskveiðasjóðs má eingöngu lána til:

a. Skipakaupa, allt að 150 rúmlesta. Þó má veita lán til kaupa á stærri skipum, ef fé er fyrir hendi.

b. Stofnunar iðjufyrirtækja í sambandi við fiskveiðar, gegn fyrsta veðrétti í frystihúsum, lifrarbræðslustöðvum, fiskmjölsverksmiðjum og öðrum iðjufyrirtækjum, sem vinna eingöngu eða að langmestu leyti að hagnýtingu sjávarafurða.

5. gr.

Út á ný skip með nýjum vélum má lána allt að helmingi virðingarverðs. Ef einnig er um aukatryggingar að ræða, sem sjóðstjórnin metur gildar, má lána allt að ³⁄₅ virðingarverðs, sé skipið smíðað hér á landi.

Um lán út á skip eldri en eins árs fer eftir ákvörðun sjóðstjórnarinnar í hvert skipti.

Lengsti lánstími samkv. a.-lið 4. gr. er 15 ár.

6. gr.

Út á eignir, sem tilgreindar eru í b.-lið 4. gr., má lána allt að ⅖ virðingarverðs, ef um nýja eign er að ræða. Lengstur lánstími er 15 ár og hámark láns 75 þúsund krónur.

7. gr.

Vextir af lánum fiskveiðasjóðs skulu vera 4½% — fjórir og hálfur af hundraði — á ári og greiðist fyrir fram fyrir eitt ár í senn, eða fyrir hluta úr ári, miðað við gjalddaga á lánum úr fiskveiðasjóði, sem skal vera hann 1. nóvember ár hvert.

Nú er afborgun og vextir eigi greitt fyrir 15. nóvember, og má þá enn fremur reikna ½% dráttarvexti fyrir hvern hálfan mánuð eða minna, sem greiðsla dregst.

8. gr.

Eignir þær, er fiskveiðasjóður tekur að veði, skal á kostnað lánþega virða á þann hátt, er nánar verður tiltekið í reglugerð sjóðsins. Í reglugerðinni má meðal annars ákveða, að stjórn fiskveiðasjóðsins megi tilnefna þá menn, er skuli framkvæma virðingarnar. Stjórn sjóðsins getur hvenær sem er heimtað skilríki fyrir því, að veðsettum eignum sé vel við haldið og að veðið hafi ekki rýrnað.

110
9. okt.

9. gr.

Verði eigendaskipti að eign, sem veðsett er fiskveiðasjóði, þá er stjórn sjóðsins heimilt að heimta lánið endurgreitt að fullu, eða að nokkru leyti, ef henni þykir ástæða til, enda skal bæði seljanda og kaupanda skylt að tilkynna sjóðstjórninni eigendaskipti þegar í stað.

10. gr.

Nú er lán úr fiskveiðasjóði eigi greitt á réttum gjalddaga, eða veðið gengur svo úr sér eða rýrnar að veðgildi, að það eigi er svo tryggt sem vera skal, eða nýr eigandi vanrækir að taka lánið að sér, og er þá stjórn sjóðsins heimilt að telja eftirstöðvar lánsins komnar í gjalddaga þegar, án uppsagnar.

11. gr.

Þegar lán er komið í gjalddaga, hefur fiskveiðasjóðurinn heimild til að láta selja veðið við opinbert uppboð, án undanfarins dóms, sátta eða fjárnáms, samkvæmt tilskipun um fjárforráð ómyndugra, 18. febr. 1847, 10. gr., eða láta leggja það fiskveiðasjóðnum út til eignar ef þörf er á.

Fiskveiðasjóðurinn þarf ekki að láta neinn vera fyrir sína hönd við uppboðið, og skal þar ekki taka mótmæli skuldunauts til greina, nema þau séu auðsjáanlega á rökum byggð, og eigi er heldur hægt að stöðva eða ónýta uppboðið með neins konar dómskoti.

Fiskveiðasjóðurinn ber hins vegar ábyrgð á því, að skuldin sé rétt og komin í gjalddaga, og er skuldunaut rétt að höfða mál til endurgjalds á öllu því, er hann hefur skaðazt á uppboðinu, og öllum málskostnaði að skaðlausu.

Fiskveiðasjóðurinn getur samið svo um við skuldunauta sína, að uppboð á veðsettum eignum megi fara fram í skrifstofu uppboðshaldara.

12. gr.

Nú er skip eða fasteign seld á nauðungaruppboði eða við gjaldþrotaskipti, og ber þá uppboðshaldara að rannsaka, hvort eignin er veðsett fiskveiðasjóðnum, og geta þess í uppboðsgerðinni. Ef svo reynist, skal stjórn sjóðsins gert aðvart svo tímanlega, að hún geti látið fulltrúa sinn vera við uppboðið.

13. gr.

Fiskveiðasjóður er undanþeginn opinberum gjöldum og sköttum, hverju nafni sem nefnast. Bækur sjóðsins og kvittanir, svo og skuldabréf fyrir lánum úr sjóðnum, umboð, veðleyfi og ábyrgðaryfirlýsingar gagnvart honum, eru undanþegin stimpilgjaldi. Eignar- og veðbókarvottorð er skylt að afgreiða til sjóðsins án endurgjalds.

14. gr.

Yfirumsjón fiskveiðasjóðs er í höndum þess ráðherra, er fer með sjávarútvegsmál.

Útvegsbanki Íslands h/f í Reykjavík hefur á hendi framkvæmdarstjórn sjóðsins og annast alla starfrækslu hans. Skal fiskveiðasjóður vera sérstök deild í bankanum með aðskildum fjárhag og bókhaldi.

Kostnaður við rekstur fiskveiðasjóðs (og skuldaskilasjóðs vélbátaeigenda) greiðist af tekjum sjóðsins.

15. gr.

Ákvæði 11., 12., 13. og 14. gr. skulu einnig gilda um skuldaskilasjóð vélbátaeigenda eftir því sem við á.

16. gr. 110 9. okt.

Reikningar fiskveiðasjóðs skulu endurskoðaðir af tveim mönnum, er ráðherra skipar. Um störf þeirra og þóknun fyrir þau skal ákveðið í reglugerð sjóðsins.

Stjórn sjóðsins skal á hverju miðju reikningsári gefa ráðherra stutt yfirlit yfir hag sjóðsins, er birta skal í B-deild Stjórnartíðinda. Auk þess getur ráðherra, hvenær sem er, krafizt allra upplýsinga um hag sjóðsins.

Eftir hver áramót gefur sjóðstjórnin ráðherra fullkominn, endurskoðaðan ársreikning og skýrslu um hag og starfsemi sjóðsins á árinu. Ráðherra úrskurðar ársreikninginn og skal síðan birta hann í B-deild Stjórnartíðinda.

17. gr.

Í reglugerð fyrir fiskveiðasjóðinn má setja þau ákvæði um stjórn sjóðsins og starfsrækslu er nauðsynleg þykja, þótt ekki sé sérstaklega gert ráð fyrir þeim í þessum lögum, enda fari þau ekki í bág við nein ákvæði í lögunum.

18. gr.

Lög um fiskveiðasjóð Íslands frá 19. maí 1930 gengu í gildi 1. jan. 1931, og voru þá jafnframt úr gildi numin lög nr. 52 10. nóv. 1905, um stofnun fiskveiðasjóðs Íslands, og lög nr. 29 16. nóv. 1907, um lánadeild við fiskveiðasjóð Íslands, svo og önnur fyrirmæli í lögum, skipulagsskrá og reglugerð, er fara í bág við lög þessi.

19. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað, og eru jafnframt úr gildi felld lög nr. 17 12. febr. 1940, um breytingar á lögum nr. 99 11. júní 1938, um fiskveiðasjóð Íslands.

*Gjört í Reykjavík, 9. október 1941.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Ólafur Thors.*

# LÖG 111 9. okt.

## um eftirlit með opinberum sjóðum.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Að ég samkvæmt 7. gr. laga nr. 80 9. júlí 1941, um breyting á lögum nr. 29 9. jan. 1935, um eftirlit með sjóðum, er fengið hafa konungsstaðfestingu á skipulagsskrá, hef látið fella meginmál fyrstnefndra laga inn í lög nr. 29 1935, og gef þau út svo breytt sem lög um eftirlit með opinberum sjóðum:

1. gr.

Sameinað Alþingi kýs hlutfallskosningu til 5 ára í senn þrjá menn, er hafa skulu eftirlit með og gera skrá um þá sjóði í landinu, sem hlotið hafa konungsstaðfestingu á skipulagsskrá sinni, svo og um aðra hliðstæða sjóði, er stofnaðir hafa verið með gjöfum einstaklinga eða félaga. Rísi ágreiningur um það, hvort einhver sjóður skuli háður eftirliti samkvæmt lögum þessum, sker fjármálaráðherra úr.

Eftirlitsmenn skulu á ári hverju senda Alþingi og fjármálaráðuneytinu skýrslu um sjóði þessa.

111
9. okt.

2. gr.

Stjórn þeirra sjóða, sem ekki hafa hlotið konungsstaðfestingu á skipulagsskrá, eða þeim, er slíka sjóði hafa undir höndum, skal skylt að senda hinum þingkosnu eftirlitsmönnum fyrir árslok 1941 stofnskrár sjóðanna, gjafabréf eða önnur fyrirmæli um starfsemi þeirra, en um þá sjóði, er síðar verða stofnaðir, skulu slík gögn send eftirlitsmönnum áður en ár er liðið frá sjóðstofnun.

Nú kemur það í ljós, að ekki eru til fyrirmæli um starfsemi sjóðs, og skulu þá eftirlitsmenn hlutast til um, að slík fyrirmæli verði sett.

3. gr.

Stjórnir eða vörzlumenn þessara sjóða skulu senda eftirlitsmönnum, áður en missiri er liðið frá lokum reikningsárs sjóðs hvers, reikning sjóðsins fyrir síðastliðið reikningsár. Geta eftirlitsmenn þó krafizt fyllri skýrslna um allan hag sjóðanna, og er sjóðstjórnum eða vörzlumönnum skylt að svara fyrirspurnum þeirra — eins eða fleiri — um hag sjóðanna og allan rekstur þeirra, eftir því sem föng eru á, áður en mánuður er liðinn frá því er þeim barst slík fyrirspurn, enda hvíli ekki sérstök þagnarskylda á þeim.

4. gr.

Nú þykir eftirlitsmönnum athugavert um fjárgæzlu sjóðs eða brotin fyrirmæli um starfsemi hans, og ber þeim þá að tilkynna það fjármálaráðuneytinu, sem gerir ráðstafanir til, að því verði hrundið í lag, sem ábótavant kann að vera.

5. gr.

Nú senda vörzlumenn sjóðs ekki reikning eins og fyrir er mælt í 3. gr. eða fyrirmæli um starfsemi sjóðs samkvæmt 2. gr. og svara ekki kröfu um það innan hæfilegs tíma, og getur þá fjármálaráðherra, ef eftirlitsmenn óska þess, skyldað aðila til þess, að viðlögðum allt að 20 króna dagsektum, að senda umkrafin gögn innan tiltekins tíma.

Fjármálaráðherra getur með reglugerð sett ákvæði um ávöxtun sjóða þeirra, er um ræðir í lögum þessum, sem tryggi það, að sjóðirnir séu alltaf ávaxtaðir á sem öruggastan hátt.

6. gr.

Fjármálaráðherra ákveður þóknun eftirlitsmanna, og greiðist hún úr ríkissjóði.

*Gjört í Reykjavík, 9. október 1941.*

**Sveinn Björnsson.**
(L. S.)

*Jakob Möller.*

112
9. okt.

# LÖG
## um lax- og silungsveiði.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Að ég samkvæmt 11. gr. laga nr. 59 27. júní 1941, um breyting á lögum nr. 61 23. júní 1932, um lax og silungsveiði, hef látið fella meginmál þeirra, ásamt meginmáli laga nr. 79 23. júní 1936, laga nr. 28 13. jan. 1938, laga nr. 50 11. júní s. á., laga nr. 23 12. júní 1939 og laga nr. 62 7. maí 1940 inn í lög nr. 61 23. júní 1932, og gef þau út svo breytt sem lög um lax- og silungsveiði:

### I. KAFLI
### Orðaskýringar.

1. gr.

Í lögum þessum merkja:

**Áll:** Þeir staðir langs eftir vatni eða á, þar sem dýpi er mest. Nú eru fleiri álar en einn, og heitir sá höfuðáll, sem vatnsmestur er.

**Drættir:** Allir þeir staðir í veiðivatni, þar sem ádráttarveiði verður við komið.

**Fastar veiðivélar:** Öll veiðitæki, sem fest eru í vatni og fiskur getur ánetjazt í eða króazt, svo sem lagnet, króknet, kistur og girðingar.

**Félagsveiði:** Félagsskap eigenda eða notenda veiðiréttar um sameiginlega hagnýtingu veiðihlunninda.

**Fiskihverfi:** Veiðivatn eða vötn, sem sami fiskstofn byggir og fer um fram og aftur, eða ætla má að sami fiskstofn byggi og fari um fram og aftur, þá er ræktaður hefur verið.

**Fiskrækt:** Hvers konar aðgerðir, sem ætla má, að skapi eða auki fiskmagn veiðivatns, svo sem klak, flutningur fiskseiða í vatnið, friðun á fiski, eyðing sels og annars veiðivargs og aðgerðir til að greiða fyrir fiskför um vatn.

**Fiskur:** Lax og silungur.

**Fiskvegir:** Hvers konar mannvirki, er gera veiðivötn fiskgeng eða gera fiski auðveldari för um þau.

**Göngusilungur:** Silungur, er gengur úr sjó í ferskt vatn, svo sem sjóbirtingur og sjóreyður.

**Kvísl:** Þar sem á fellur ekki í einu lagi, heldur skiptist um kletta, hólma eða sandeyrar, sem eru upp úr þegar vatnsborð er lægst að staðaldri.

**Lagnir:** Allir þeir staðir í veiðivatni, þar sem föstum veiðitækjum verður við komið.

**Leirur:** Þau svæði við sjó, sem þurr eru eða með grunnum vöðlum um stórstraumsfjöru, en sjór fellur yfir um stórstraumsflóð, og ógróin svæði við stöðuvötn, sem vatn eða ár ganga yfir í flóðum, en þurr eru eða með grunnum vöðlum þegar vötn eru lítil.

**Ós í á:** Þar sem straumlína þverár sameinast straumlínu höfuðár.

**Ós í sjó:** Það svæði í á, er liggur milli þess staðar, er straumur fellur niður í ánni um stórstraumsflóð, og niður til þess, er straumur fellur niður um stórstraumsfjöru.

Þar sem svo hagar til, að stöðuvötn taka við inn af sjávarósum og ós mundi talinn óeðlilega langt inn frá sjó eftir reglunni, getur veiðimálastjóri, að fengnum

112 tillögum veiðimálanefndar, sett annað takmark, og sé það ákveðið í eitt skipti
9. okt. fyrir öll meðan lögin standa óbreytt.

**Ós í stöðuvatn:** Það svæði, er liggur milli þess staðar, er straumur fellur niður þá er vatn stendur hæst, og þess, er straumur fellur niður, er vatn stendur lægst.

**Ós úr stöðuvatni:** Sá staður, er straumlína ár hefst.

**Sjór:** Salt vatn utan árósa.

**Straumlína** (strengur): Lína, sem liggur eftir endilöngu straumvatni um þá staði þess, þar sem straumur er mestur.

**Stöðuvatn:** Öll þau vötn ofan ósa, sem ekki er í greinilegur straumur, annar en sá, sem orsakast af sjávarföllum eða afrennsli í stórflóðum.

**Straumvötn:** Öll þau vötn ofan ósa, sem í er greinilegur straumur, þegar enginn vöxtur er í vatni og um lágfjöru.

**Vatnasilungur:** Silungur, sem elur allan aldur sinn í fersku vatni, svo sem vatnaurriði, vatnableikja og murta.

**Veiðimagn:** Samanlögð þyngd veiddra fiska.

**Veiðitala:** Tala veiddra fiska.

**Veiðivötn:** Ár og stöðuvötn, sem veiði er í eða mætti vera í, ef fiskur væri ræktaður í vatninu.

## II. KAFLI
## Um veiðirétt.

### 2. gr.

1. Landeiganda er einum heimil veiði í vötnum á landi sínu.

2. Nú hefur maður fengið veiðiskírteini, slíkt er ræðir um í 20. gr., og er honum þá veiði heimil hvar sem er til klaks eða vísindalegra rannsókna. Veiðieigandi á þó rétt á að hagnýta sér fisk, sem veiddur er með slíkri heimild og drepinn á veiðistað, nema nota verði hann til vísindalegra rannsókna. Að öðru leyti ber veiðieiganda ekki endurgjald fyrir veiði þessa.

3. Nú er jörð byggð á leigu, og fylgir þá veiði ábúðinni, nema öðruvísi semjist og atvinnumálaráðherra samþykki.

4. Eigi má skilja veiðirétt að nokkru eða öllu leyti við landareign, hvorki fyrir fullt og allt né um tiltekinn tíma, sbr. þó 2. málsgr. 56. gr. Þó má skilja rétt til stangarveiði við landareign um tiltekið tímabil, er eigi má vera lengra en 10 ár, nema leyfi ráðherra komi til, og mæli veiðimálastjóri og veiðimálanefnd með því að leyfið sé veitt.

5. Nú er réttur til stangarveiði skilinn við landareign samkvæmt 4. málsgrein, og er þá löglegt að landeigandi jafnframt afsali sér afnotarétti til annarar veiði í vatninu það tímabil, er stangarveiðin er við landareignina skilin.

### 3. gr.

1. Veiðiréttindi, er skilin hafa verið við landareign áður en lög þessi tóku gildi, er eigendum landareigna þeirra, er þau ella myndu hafa fylgt samkvæmt 1. málsgr. 2. gr., rétt að leysa til sín, hverjum fyrir sinni landareign, ef ráðherra leyfir, að fengnu samþykki veiðimálanefndar, enda krefjist ¾ hlutar þeirra innlausnar.

2. Nú er innlausnar krafizt samkvæmt 1. málsgr., og eigi af hálfu allra þeirra landeigenda, er innlausnarrétt eiga, og getur þá eigandi veiðiréttarins krafizt þess, að þeir landeigendur, sem eigi kröfðust innlausnar, leysi einnig til sín veiðirétt í vatninu, hver fyrir sínu landi. Nú vill landeigandi ekki innleysa veiðirétt fyrir landi sínu, og skulu þá þeir, er innlausnar hafa krafizt, einnig innleysa veiðirétt hans. Þó er því aðeins hægt að krefjast innlausnar á veiðirétti, að veiðifélag sé

stofnað til að hagnýta veiðina. Nú er innlausnar eigi krafizt innan tíu ára frá því er lög þessi ganga í gildi, og fellur þá innlausnarréttur niður. 112 9. okt.

3. Um mat á andvirði veiðiréttarins og greiðslu þess fer eftir því, sem segir í 84. og 87. gr.

4. gr.

1. Nú er landareign eða veiðiréttur í óskiptri sameign, og er þá sameigendum öllum veiði jafnheimil. Rétt er þeim, er telst vanhaldinn, að krefjast skipta á veiði, annaðhvort svo, að hvor hafi sinn hluta vatns eða veiði sinn tíma, dag eða viku, að tiltölu við eignarhluta sinn, en eigi skal skipti lengur standa en fimm ár um sinn. Mat skal ráða, ef menn skilur á um veiðiskipti.

2. Nú er landareign í sameign, en er skipt eftir merkjum, afnotaskiptum eða eignar, og á þá sameigandi hver veiði fyrir sínu landi, nema skipt hafi verið veiði samkvæmt 1. málsgr. eða önnur lögmæt skipun verið á ger.

5. gr.

1. Héraðsmönnum öllum er veiði jafnheimil í vötnum í afréttum og almenningum, sem héruð eiga eða nota með löglegri heimild og ekki eru einstaks manns eign.

2. Öllum er veiði heimil í vötnum í afréttum og almenningum og öðrum lendum utan landareigna lögbýla, enda geti enginn sannað einstaklingsréttarheimild til þeirra.

6. gr.

Nú skilur vatn landareignir, enda fylgi veiðiréttur báðum landareignum, og er þá landeiganda hvorum veiði jafnheimil. Rétt er hvorum þeirra að hafa ádráttarveiði og draga vað að hvoru landi sem vill. En bæta skal hinum landspell eftir mati, ef ekki semur. Skipta má veiði samkvæmt 4. gr.

7. gr.

Nú leggst á eða lækur í nýjan farveg eða stöðuvatn tekur sér nýtt leg, og hverfur þá veiðiréttur til þess, sem land á undir.

8. gr.

1. Landeigendum, er land eiga að stöðuvatni, er einum heimil veiði í almenningi vatnsins, og er hún þeim öllum jafnheimil. Sé forn venja til þess, að veiðiréttur í almenningi stöðuvatns fylgi tiltekinni eða tilteknum landareignum, skal sú venja gilda eftirleiðis.

2. Nú hefur dorgarveiði um ís verið tíðkuð að undanförnu í almenningi vatns frá jörðum, er ekki eiga land að vatninu, og skal þá slík veiði heimil framvegis.

3. Rétt er að skipta veiði þeirri, er ræðir um í þessari grein, eftir 4. gr.

4. Nú er fiskræktarfélag stofnað við stöðuvatn, og hverfur þá veiðiréttur til þeirra einna, er félagar eru í fiskræktarfélaginu, enda starfi félagið svo sem fyrir er mælt í samþykkt þess.

9. gr.

Eigi má maður leyfa öðrum veiði í sameignarlandi eða félagsvatni (4. gr. 1. málsgr.) eða í afrétti eða almenning (5. gr. 1. málsgr. og 8. gr. 1. og 2. málsgr.).

112
9. okt.

## III. KAFLI

### Um skrásetningu veiðivatna, merkingu veiðarfæra og veiðiskýrslur.

10. gr.

1. Skrásetja skal veiðivötn í landinu.
2. Í skránni skal greina:

a. Nafn veiðivatns og legu þess.
b. Hvaða jörðum fylgi veiðiréttur í vatninu og frá hvaða jörðum hafi verið stunduð veiði.
c. Veiðiaðferðir, er tíðkaðar hafa verið í vatninu.
d. Fastar veiðivélar, er notaðar voru í vatninu síðasta veiðitíma áður en lög þessi tóku gildi, svo og þær, er síðar eru teknar til notkunar.
e. Lagnir, drættir og hrygningarstaði í vatninu.
f. Fossa og aðrar fyrirstöður fyrir fiskför í vatninu.
g. Önnur atriði, sem þýðingu hafa um veiði í vatninu og þörf þykir að skrásetja.

3. Veiðimálastjóri hefur með höndum skrásetningu veiðivatna. Öllum veiðieigendum er skylt að gefa honum þær upplýsingar, er hann óskar, um þau atriði, er skrásetja þarf um veiðivatn þeirra.

4. Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um skrásetningu veiðivatna. Í reglugerðinni má ákveða, hver veiðivötn skuli skrásett.

11. gr.

1. Ákveða má í samþykkt fiskræktarfélags, eða reglugerð, er ráðherra setur, að merkja skuli tilteknu merki öll ádráttarnet og lagnet, sem nota á til veiði í tilteknu vatni, svo og lagnet, er nota á til silungsveiða í sjó.

2. Eftirlitsmenn með veiði hafa merkingu veiðarfæra með höndum, eða hreppstjórar, þar sem eigi er eftirlitsmaður við veiðivatn.

3. Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um merkingu veiðarfæra. Í reglugerð má kveða á um gjald fyrir merkingu, er eigandi veiðarfæra skal greiða. Gjald þetta rennur til sýslusjóðs upp í kostnað hans til eftirlits með veiði. Ráðherra setur, eftir tillögum veiðimálastjóra og með samþykki veiðamálanefndar, reglur um þau veiðitæki, sem nota má við slíka veiði.

12. gr.

1. Hver veiðieigandi skal gefa skýrslu um veiði sína.

2. Skýrslur þessar skulu gerðar eftir fyrirmynd, er veiðimálastjóri setur, og skal veiðimálastjóri sjá um, að þeir menn, sem skýrslur eiga að gefa, geti fengið eyðublöð undir þær sér að kostnaðarlausu. Kostnaður við prentun eyðublaðanna greiðist úr ríkissjóði.

3. Eftirlitsmenn með veiði, eða hreppstjórar, þar sem eigi er eftirlitsmaður við veiðivatn, skulu safna veiðiskýrslum hver í sínu umdæmi og senda þær veiðimálastjóra.

## IV. KAFLI

### Um friðun lax og göngusilungs.

13. gr.

1. Eigi má veiða lax í sjó.

2. Nú veiðist lax í sjó í veiðitæki, sem ætluð eru til veiði annarra fiska, og skal þá þeim, er veiðir, skylt að sleppa honum í sjó aftur.

3. Nú hefur laxveiði í sjó annaðhvort verið metin sérstaklega til dýrleika í fast-

eignamati því, er öðlast gildi á árinu 1932, eða tillit hefur verið tekið til hennar við ákvörðun fasteignarverðs í því mati, og skal þá sú veiði leyfileg framvegis. 112 9. okt.

4. Ef veiðieigendur, einn eða fleiri, í veiðivatni, er svo nærri liggur sjávarveiði, slíkri sem ræðir um í 3. málsgr., að ætla megi, að áliti veiðimálastjóra, að sjávarveiðin rýri veiði í vatninu, óska að leysa sjávarveiðina til sín, þá skal það heimilt, ef ráðherra leyfir, að fengnu samþykki veiðimálanefndar. Um mat á andvirði veiðiréttarins og greiðslu þess fer eftir því, sem segir í 84. og 86. gr.

14. gr.

1. Veiða má silung í sjó á færi og á stöng, í ádráttarnet og í lagnet, þó eigi í krókanet, fleygnætur, herpinætur né önnur net, þau er lax má í veiða.

2. Eigi má hafa ádrátt í sjó nær árósum en 500 metra, ef um á er að ræða, sem lax gengur í úr sjó.

15. gr.

1. Eigi má hafa ádrátt í ósum í sjó eða á leirum við sjó.

2. Eigi má veiða fisk í ósum í ár eða í ósum í stöðuvötn, og eigi 100 metra upp frá slíkum ósum eða 250 metra niður frá þeim. Eigi má heldur veiða fisk í ósum úr stöðuvötnum þeim, er lax eða göngusilungur fer um, né 50 metra upp eða niður frá slíkum ósum.

3. Ráðherra getur, eftir tillögum veiðimálastjóra, veitt undanþágu, að nokkru leyti eða öllu, frá banni því, er ræðir um í 1. og 2. málsgr., þar sem svo hagar til, að veiði í ós eða við eigi er talin skaðvænleg.

4. Ráðherra getur einnig, með samþykki veiðimálanefndar og eftir tillögum veiðimálastjóra, bannað veiði lengra upp frá ós eða niður frá ós en segir í 2. málsgr., enda þyki það nauðsynlegt til viðhalds veiði í vatninu.

16. gr.

1. Eigi má veiða lax nema á tímabilinu frá 20. maí til 15. sept. ár hvert. Þó er ádráttarveiði eigi heimil eftir 31. ágúst, en stangarveiði getur ráðherra leyft til 20. sept., ef veiðimálastjóri mælir með því.

2. Á tímabili því, er getur í 1. málsgr., má þó hvergi stunda laxveiði, aðra en stangarveiði, nema 3 mánuði. Ráðherra setur, eftir tillögum veiðimálastjóra og með samþykki veiðimálanefndar, ákvæði um það, hvenær veiðitími þessi skuli standa í hverju fiskihverfi. Skylt er að leita álits hlutaðeigandi fiskræktarfélaga eða sýslunefnda um þetta efni.

3. Göngusilung má eigi veiða nema á tímabilinu frá 1. apríl til 1. september ár hvert. Þó getur ráðherra, eftir tillögum veiðimálastjóra, heimilað, að göngusilungur sé veiddur lengur í lagnet og stöng.

4. Á tímabilinu frá 1. apríl til þess er laxveiði byrjar má eigi nota önnur veiðitæki til veiði göngusilungs en lagnet og dráttarnet.

5. Nú veiðist lax á tímabilinu frá 1. apríl til þess er laxveiði byrjar, og er þá þeim, er veiðir, skylt að sleppa honum í vatn aftur.

6. Á friðartímum þeim, sem ræðir um í þessari grein, skulu allar fastar veiðivélar teknar upp úr veiðivötnum, sbr. þó 3. málsgr.

17. gr.

1. Á veiðitíma þeim, er getur um í 16. gr., skal lax og göngusilungur vera friðaður fyrir allri veiði, annarri en stangarveiði, 60 stundir á viku hverri, frá föstudagskvöldi kl. 9 til mánudagsmorguns kl. 9. Ádrátt má auk þess aldrei hafa frá kl. 9 síðdegis til kl. 9 árdegis, og aldrei nema þrjá daga í viku hverri, frá mánudegi til miðvikudags. Þó getur ráðherra, eftir tillögum veiðimálastjóra, leyft, að hafa megi ádrátt í á fjóra daga í viku, ef drættir eru fáir og skammir í ánni.

112
9. okt.

2. Ráðherra getur ákveðið, að friðun sú, sem ræðir um í 1. málsgr., skuli gilda aðra daga ofar í á en neðar, enda telji veiðimálastjóri það nauðsynlegt til að jafna fiskgengd í vatninu.

18. gr.

1. Heimilt er ráðherra að banna alla veiði, aðra en stangarveiði, í hyljum undir fossum, eða á öðrum þeim stöðum, þar sem fiskur safnast fyrir vegna fyrirstöðu á göngu sinni, enda telji veiðimálastjóri hættu á því, að önnur veiðitæki á þeim stað hindri fisk svo mjög á göngu, að fiskstofni árinnar sé hætta af því búin. — Með sama skilorði getur ráðherra bannað að nota fastar veiðivélar, eða vissar tegundir þeirra, í fossum eða á fossabrúnum.

2. Ráðherra er og heimilt, eftir tillögum veiðimálastjóra, að banna alla veiði, aðra en stangarveiði, á tilteknum svæðum ár, þar sem fiskur safnast saman til hrygningar, enda telji veiðimálastjóri, að önnur veiði á þeim stöðum sé hættuleg fyrir fiskstofn árinnar.

3. Ráðherra getur enn fremur, eftir tillögum veiðimálastjóra, friðað tiltekna drætti fyrir ádráttarveiði, þar sem á er svo auðdræg, að veiðimálastjóri telur fiskstofn árinnar hættu búna af ádráttarveiði. Á sama hátt getur ráðherra friðað heilar ár fyrir allri veiði, annarri en stangarveiði, enda hagi svo til, að friðun sé nauðsynleg til að koma í veg fyrir verulega rýrnun eða gereyðingu fiskistofns árinnar. Í slíkum ám skal þó veiðifélagi vera heimilt að stunda veiði með föstum veiðivélum, en þó því aðeins, að veiðimálastjóri samþykki.

4. Friðun þá, er ræðir um í 1.—3. málsgr., má binda við tiltekinn tíma. Friðunarákvæði þessi liggja undir samþykki veiðimálanefndar.

19. gr.

1. Eigi má veiða lax, er minni sé en 35 cm. að lengd, og eigi göngusilung, sem sé minni en 25 cm. að lengd.

2. Nú veiðist lax eða göngusilungur, minni en segir í 1. málsgr., og skal þá þeim, er veiðir, skylt að sleppa honum aftur í vatn.

20. gr.

1. Þrátt fyrir ákvæði 15.—19. gr. skal leyfilegt vera að veiða lax eða göngusilung hvenær sem er og hvar sem er og án tillits til stærðar til klaks eða vísindalegra rannsókna.

2. Til veiði þeirrar, er ræðir um í 1. málsgr., þarf veiðiskírteini. Ráðherra gefur út veiðiskírteini, að fengnum meðmælum veiðimálastjóra. Skal skírteinið gefið út til tiltekins tíma og hljóða á nafn eða vera gefið út fiskræktarfélagi til handa. Skírteini um veiði til klaks heimilar þó eigi veiði í öðrum fiskihverfum en því, sem klakið er starfrækt við, nema með fullu samþykki veiðieigenda eða fiskræktarfélaga, ef til eru, og má binda leyfið því skilyrði, að sleppt sé hæfilegri tölu seiða í það vatn, sem veitt var í.

21. gr.

1. Á tímabilinu frá 20. september til 20. maí ár hvert skal vera bannað að gefa, selja eða láta lax með öðrum hætti af hendi, kaupa hann, þiggja að gjöf eða taka við honum með öðrum hætti, svo og að flytja hann úr landi.

2. Bann það, er ræðir um í 1. málsgr., gildir eigi um:

a. Lax eða göngusilung, sem sannanlega er veiddur erlendis.
b. Lax og göngusilung, sem sannanlega er veiddur á lögleyfðum tíma, enda sé hann afhentur eða útfluttur frosinn, saltaður, reyktur eða niðursoðinn.
c. Lax eða göngusilung eða seiði þeirra, sem afhent eru til fiskræktar innanlands.

3. Sönnunarbyrði þess, að lax eða göngusilungur sé veiddur erlendis eða á lögleyfðum tíma, hvílir á þeim, er sóttur er til sakar fyrir brot gegn banni því, er felst í þessari grein. 112 9. okt.

## V. KAFLI
## Um friðun vatnasilungs.

22. gr.

1. Í vötnum, sem klak er ekki starfrækt í, skal vatnasilungur, annar en murta, vera friðaður fyrir allri veiði, annarri en dorgar- og stangarveiði, á tímabilinu frá 27. september til 31. janúar ár hvert.

Þó getur ráðherra veitt undanþágu frá þessu ákvæði, ef veiðimálastjóri mælir með því.

2. Í vötnum, sem klak er starfrækt í, má friðunartími sá, sem ræðir um í 1. málsgr., vera jafnmörgum vikum styttri en í 1. málsgr. segir, sem tala seiða, sem sleppt er í vatn úr klaki, er mörgum sinnum hærri en veiðitala í vatninu. Þá er sleppt er í vatnið 18 seiðum fyrir hvern silung veiddan, má friðun falla niður, ef veiðimálastjóri mælir með því og fiskræktarfélag við vatnið eða ⅔ hlutar þeirra, er veiði eiga í vatninu æskja þess.

3. Veiðimálastjóri setur reglur um það, hvernig friðun skuli stytt eftir 2. málsgr. í hverju fiskihverfi, og skal haga styttingunni svo, að jafnan falli burt sá hluti friðunartímans, þegar hrygning er minnst. Ef hrygningin er mismunandi á ýmsum hlutum fiskihverfisins, má stytta svo, að friðunartími verði mismunandi, þótt í sama vatni sé. Reglur um styttingu skulu háðar samþykki veiðimálanefndar.

4. Ráðherra setur, eftir tillögum veiðimálastjóra, í reglugerð ákvæði um friðun vatnasilungs í vötnum, þar sem hann hrygnir að sumarlagi. Skal friðunartími þá vera einn mánuður í vötnum, sem klak er ekki starfrækt í, en styttast samkv. ákvæðum 2. málsgr. í öðrum vötnum.

23. gr.

1. Ráðherra getur, með samþykki veiðimálanefndar og eftir tillögum veiðimálastjóra, bannað, að nokkru eða öllu leyti, silungsveiði á tilteknum svæðum í vötnum, þar sem hitasilungur eða ungviði safnast fyrir, eða þar, sem silungsgengd er mikil til hrygningar, enda sé hætta á, að önnur silungsveiði á þeim svæðum sé hættuleg fiskstofni vatnsins eða rýri hann til muna.

2. Ráðherra getur, eftir tillögum veiðimálastjóra, takmarkað eða fellt með öllu niður friðun þá, er ræðir um í 22. gr. og 1. málsgr. þessarar gr., þar sem nauðsynlegt þykir að fækka fiski í vatni eða uppræta úr því úrkynjaðan kynstofn, til þess að rækta annan fiskstofn kynbetri.

3. Ráðherra getur og, eftir tillögum veiðimálastjóra og með samþykki veiðimálanefndar, leyft lagnetaveiði á friðunartíma þeim, er ræðir um í 22. gr., í þeim fiskihverfum, þar sem fiskrækt er stunduð. Leyfi þetta skal binda þeim skilyrðum, er nauðsynleg þykja til tryggingar því, að hrygnandi fiskur verði eigi veiddur á þennan hátt, svo sem með fjarlægð lagna frá hrygningarsvæðum.

4. Ákvæði greinar þessarar, um friðun og undanþágu frá friðun, má binda við tiltekið tímabil.

**24. gr.**

Ákvæði 20. gr. gilda einnig um veiði vatnasilungs.

112
9. okt.

## VI. KAFLI
### Um veiðitæki og veiðiaðferðir.

25. gr.

1. Í ám má aðeins nota þau veiðitæki til laxveiða eða silungs, er hér segir: Stöng, færi, kistur, lagnet, króknet, ádráttarnet og girðingar.

2. Ráðherra getur þó leyft, að reynd séu eða upp tekin önnur veiðitæki, enda mæli veiðimálanefnd og veiðimálastjóri með því. Leyfi þessi skal binda þeim skilyrðum um gerð tækjanna eða notkun, er nauðsynleg þykja.

26. gr.

1. Eigi má veiða lax eða silung með krók eða sting eða í háf. Þó má nota þessi tæki til að ná á land fiski, sem fastur er á öngli eða í neti eða kominn er í kistu eða veiðikró, og skal gerð þeirra miðuð við þau not ein.

2. Eigi má veiða lax eða silung með því að veita af þeim vatni.

27. gr.

1. Laxakistur og silunga skulu þannig gerðar, að í þeirri hlið kistunnar, er mest veit móti straumi, séu ekki færri en tíu spelar sívalir, er standi lóðrétt og nái frá botni kistunnar til yfirborðs vatns, og má eigi vera minna bil en 4,5 cm. á milli spelanna. Slár má því aðeins hafa milli spela, að þær gangi þvert í þá, og sé aldrei minna bil en 50 cm. á milli slánna.

2. Garður sá, sem gengur milli lands og kistu, skal einnig vera gerður úr spelum, og skal spelunum og slám á milli þeirra vera svo fyrir komið, sem segir í 1. málsgr. Á garði þessum skal vera hlið, þar sem straumur er mestur eða ætla má, að fiskur eigi greiðasta för í þeim hluta ár, er garðurinn nær yfir, eigi þrengra en 40 cm. og ná frá botni til yfirborðs vatns.

3. Garður sá, sem gengur forstreymis frá kistu, skal vera gerður úr spelum, og skal spelunum og þverslám í garðinum svo hagað sem segir í 1. málsgr. Eigi má garður þessi ná lengra út í á en svo, að ⅔ hlutar af breidd árinnar séu utan hans, og aldrei má hann ná yfir aðalstraumlínu árinnar, sbr. þó 69. gr. Veiðimálastjóri getur skipað fyrir um, að sett skuli hlið í garð þennan, þar sem ætla má, að fiskför verði mest í þeim hluta árinnar, er garðurinn nær yfir. Hlið þessi skulu svo gerð, sem fyrir er mælt í 2. málsgr.

4. Þann tíma viku, er á er friðuð samkv. 17. gr., skulu hlið þau öll, er ræðir um í 2. og 3. málsgr., opin standa. Inngangur í kistu skal þá vera lokaður eða hlið opið úr kistu straummegin, svo gert sem segir í 2. málsgr.

5. Kistum öllum skal þannig fyrir komið, að auðvelt sé að ganga að þeim úr landi til eftirlits.

28. gr.

1. Lagnet og króknet, sem notuð eru í ám þeim, er lax og göngusilungur fer um, mega eigi vera smáriðnari en svo, að 4,5 cm. séu milli hnúta, þá er net eru vot.

2. Ráðherra setur, eftir tillögum veiðimálastjóra, reglur um möskvastærð lagnetja og króknetja, er nota á til veiði vatnasilungs í ám, er lax eða göngusilungur fer ekki um.

3. Aldrei má lagnet, króknet eða leiðari frá slíku neti ná lengra út í á en svo, að ⅔ hlutar af breidd árinnar séu utan þeirra, og aldrei svo, að aðalstraumlína ár sé girt með þeim, sbr. þó 69. gr.

4. Eigi má nota tvöföld net. Þó má í ám, sem mikið bera af slýi eða slafaki, hafa net til varnar fyrir reki þessu. Varnarnet þessi mega þó hvergi vera nær neti eða

netgarði en 3 metra, og skulu þau vera þannig gerð, að fiskur geti ekki ánetjazt í þeim eða króazt. Veiðimálastjóri getur sett reglur um gerð varnarnetja þessara. 112 9. okt.

5. Þann tíma viku, er á er friðuð samkv. 17. gr., skulu öll lagnet upp tekin eða svo um þau búið, að fiskur geti með engu móti í þau veiðzt eða hindrazt af þeim á göngu.

29. gr.

1. Ádráttarnet, sem nota á í ám, er lax og göngusilungur fer um, mega eigi vera smáriðnari en svo, að 4,5 cm. séu milli hnúta, þá er net eru vot.

2. Eigi má draga ádráttarnet yfir meira en ⅔ hluta af breidd ár í senn, og skal fiskför því jafnan vera frjáls og óhindruð um þriðjung af breidd árinnar.

3. Fyrirstöðunet eða annað, er tálmar undankomu fisks, má eigi nota við ádrátt í ám. Eigi mega ádráttarnet vera tvöföld.

4. Eigi má hafa ádrátt í á nær fastri veiðivél en 200 metra.

5. Ráðherra getur, eftir tillögum veiðimálastjóra, sett reglur um lengd ádráttarnetja þeirra, er nota má í tiltekinni á eða í tilteknum dráttum í henni.

30. gr.

1. Girðingar í veiðivötnum, er lax eða göngusilungur fer um, skulu þannig gerðar, að við inngang í veiðikrær sé hlið á girðingu, eigi minna en 5 metrar á breidd. Veiðimálastjóri getur auk þess mælt fyrir um, að hlið skuli sett á girðingar þar, sem þær liggja yfir ála, sem ætla má að mikil fiskför sé í. Hlið þessi öll skulu standa opin þann tíma viku, er á er friðuð samkvæmt 17. gr., en krærnar sjálfar þá vera lokaðar, sbr. þó 69. gr.

2. Girðingar mega aldrei ná yfir meira en ⅓ hluta af breidd árinnar og aldrei meira en ¼ hluta af breidd óss eða leiru. Aldrei má girða yfir aðalstraumlínu ár né lengra en út í miðjan höfuðál óss eða leiru.

3. Í girðingu og veiðikróm mega net eigi vera smáriðnari en svo, að 4,5 cm. séu milli hnúta, þá er net eru vot.

4. Inngangur í veiðikrær skal jafnan vita undan straumi og má leiðari frá girðingu aldrei liggja upp á móti straumi, né girðingu að öðru leyti vera þannig hagað, að hætta sé á, að hún taki fisk, er leitar út úr á eða árósi.

31. gr.

1. Lengd fastrar veiðivélar frá bakka og út í á skal miðuð við það, að meðalrennsli sé í ánni.

2. Milli fastra veiðivéla, hvort heldur eru sömu megin ár eða sín frá hvoru landi, skal jafnan vera 100 metra bil eftir endilangri á, þar sem skemmst er á milli þeirra. Þó má bilið aldrei vera skemmra en fimmföld lengd veiðivélarinnar frá árbakka og út í á. Leiðari, er liggur frá fastri veiðivél, telst hluti hennar.

32. gr.

1. Við stangarveiði má aðeins nota agn, lifandi eða dautt, sem fiskurinn eltir og tekur, en aldrei má við slíka veiði nota krók né neitt annað, er festir í fiskinum, að honum óvörum og án þess að hann elti það.

2. Nú á maður, sem stangarveiði stundar, eigi rétt til veiði nema öðrum megin í á, og er honum þá aðeins heimilt að standa að veiðinni þeim megin árinnar, en rétt er honum þó að bjarga fiski að hinu landinu, ef hentara er.

3. Ráðherra getur, með samþykki veiðimálastjóra og veiðimálanefndar, sett reglur um stangarveiði, og má þar ákveða, hversu margar stengur hafa megi í senn í veiðivatni, og veiðitíma þeirra á sólarhring hverjum, enda teljist slík takmörkun nauðsynleg til verndar fiskistofni vatnsins.

112 4. Nú rís ágreiningur um skiptingu veiðitíma, veiðistaði eða leigu eftir veiði milli
9. okt. notenda veiðiréttar í vatni slíku, er ræðir um í 3. málsgr., og er þá þeim, er telur sig vanhaldinn, rétt að krefjast úrskurðar með matsgerð samkv. 84. gr. laga þessara.

33. gr.

1. Í þann hluta ár, sem fiskur á að eiga frjálsa för um fram hjá fastri veiðivél, samkvæmt því, sem að framan er sagt, má ekki láta grjót eða aðra hluti, er tálma myndu för fisksins fram hjá veiðivélinni. Eigi má heldur dýpka farveg ár niður frá fastri veiðivél eða upp frá henni, svo að dýpri verði en sá hluti árinnar, sem fiskur á för um fram hjá veiðivélinni.

2. Nú hefur veiðieigandi brotið gegn ákvæðum 1. málsgr., og skal honum þá skylt, er þess er krafizt, að nema farartálmann í burtu eða fylla farveg svo, að í samt lag komist og áður. Verk þetta má eftirlitsmaður með veiði eða hreppstjóri láta vinna á kostnað veiðieiganda, ef hann lætur eigi vinna það sjálfur. Veiðivél skal þá og upp tekin og má eigi setja hana niður í á fyrr en áin er komin í samt lag og áður. Frá ákvæðum þessarar málsgreinar er ráðherra þó heimilt, þegar sérstaklega stendur á og veiðimálastjóri mælir með, að veita undanþágu og leyfa, að fjarlægð milli fastra veiðivéla sé nokkru minni en hér er tiltekið.

3. Bannað er að styggja eða teygja fisk í fastar veiðivélar eða ádráttarnet, svo sem með hávaða, grjótkasti, ljósum eða þess konar.

4. Nú hagar svo til, að styttra verður milli lagna tveggja veiðieigenda en svo, að heimilt sé eða leyft samkvæmt 2. málsgrein, og vill hvorugur víkja. Þá skal mat skera úr ágreiningi. Þar, sem fastar veiðivélar eru settar, skal lögnin vera löggilt af hlutaðeigandi lögreglustjóra í samráði við veiðimálastjóra. Nánari ákvæði um löggildingu lagna skulu sett með reglugerð, er landbúnaðarráðherra semur.

34. gr.

Nú rennur á eða ós í kvíslum, og skal þá svo haga veiði í kvísl hverri sem væri hún sjálfstæð á. Þó getur ráðherra, eftir tillögu veiðimálastjóra, veitt heimild til að leggja veiðivélar út í miðja kvísl, ef ekki er lagt nema í eina.

35. gr.

1. Í stöðuvötnum má nota þau veiðitæki ein til fiskveiða, er hér segir: Færi, dorg, stöng, lóð, lagnet og ádráttarnet. Þó getur ráðherra leyft, að upp séu tekin önnur veiðitæki samkvæmt því, sem segir í 2. málsgr. 25. gr.

2. Ráðherra getur, eftir tillögum veiðimálastjóra, sett reglur um möskvastærð netja þeirra, er notuð eru í vötnum þeim, er ræðir um í 1. málsgr., um lengd lagnetja og millibil milli þeirra, um gerð ádráttarnetja og notkun og um lágmarksstærð silungs, er veiða má.

3. Nú veiðist vatnasilungur minni en leyfilegt er að veiða samkv. reglum þeim, er ræðir um í 2. málsgr., og skal þá þeim, er veiðir, skylt að sleppa honum aftur í vatn.

## VII. KAFLI

### Um fiskvegi og aðra mannvirkjagerð í veiðivötnum.

36. gr.

1. Ráðherra getur leyft að gera fiskveg í vatni eða meðfram vatni. Leyfi þetta skal því aðeins veitt, að veiðimálastjóri mæli með því og hafi samþykkt gerð fiskvegarins og tilhögun, enda sé verkið unnið undir umsjón hans.

2. Hverjum manni er skylt að láta af hendi land eða landsafnot, svo og vatn eða afnot vatns, er með þarf til þess að fiskvegur sé gerður, svo og þola þær eignakvaðir,

óhagræði og takmörkun á afnotarétti, sem fiskvegurinn kann að hafa í för með sér, enda komi fullar bætur fyrir, eftir mati, nema samkomulag verði. 112
9. okt.

3. Um breytingu á fiskvegi, eða ef vatnsmagn í honum er aukið eða minnkað, fer eftir því, sem segir í 1. og 2. málsgr.

37. gr.

1. Eigi má veiða eða styggja fisk í fiskvegum né nær neðra mynni þeirra en 50 metra og nær efra mynni þeirra en 30 metra. Ákvæði þetta gildir þó eigi um veiði til klaks eftir veiðitíma, né um veiði til vísindalegra rannsókna, enda hafi þeir, er veiða, fengið veiðiskírteini samkvæmt 20. gr.

2. Eigi má spilla fiskvegum né tálma með nokkrum hætti fiskför að þeim né um þá.

38. gr.

1. Nú er stífla gerð í veiðivatni eða önnur mannvirki, sem eigi eru lögleg veiðitæki, er tálma fiskför í vatninu, og skal þá þeim manni, er gera lætur það mannvirki, skylt að gera fiskveg í vatninu eða meðfram því, svo að fiskur geti átt jafngreiða för um það og áður, og að halda fiskveginum við. Gerð fiskvegarins og tilhögun liggur undir samþykki veiðimálastjóra, og sé verkið unnið undir umsjón hans.

2. Ákvæði 1. málsgr. gilda ekki:

a. Ef vatnið eigi er fiskgengt af öðrum ástæðum.

b. Ef talið er í matsgerð, að gerð fiskvegarins og viðhald hafi meiri kostnað í för með sér en hagnaður er af veiðinni, enda séu þá veiðispjöll þau, er af mannvirkinu leiðir, goldin fullum bótum.

3. Heimilt er eignarnám samkv. 2. málsgr. 36. gr. til fiskvega, sem gerðir eru samkv. þessari grein.

39. gr.

Nú er vatni veitt úr veiðivatni til áveitu, vatnsveitu eða annarrar áþekkrar notkunar, eða vatni er veitt í veiðivatn úr áveituskurðum, vatnsveituskurðum eða þess háttar skurðum eða leiðslum, og getur þá veiðimálastjóri krafizt þess, að búið sé svo um skurðina eða leiðslurnar, að fiskur eða fiskseiði gangi ekki í þá. Kostnaðinn af umbúnaði þessum greiðir eigandi veitunnar.

## VIII. KAFLI
### Um fiskræktarfélög.

40. gr.

Heimilt er mönnum þeim, er veiðirétt hafa í sama fiskihverfi, að gera félagsskap með sér um fiskrækt, með þeim hætti, er hér segir á eftir.

41. gr.

1. Nú vilja menn stofna fiskræktarfélag við fiskihverfi, sem veiði er í, og skal þá kveðja til fundar eigendur allra þeirra jarða, þar sem veiði er stunduð eða hefur verið stunduð í því fiskihverfi. Ef félag á land, skal boða formann félagsstjórnar. Hafi veiðiréttur verið skilinn með öllu frá landareign, skal boða eiganda eða eigendur veiðiréttarins í stað landeiganda. Verði landeiganda eigi boðaður fundur nægilega snemma vegna fjarveru, skal boða leigulíða á fundinn. Þá menn, er veiði eiga í almenningi stöðuvatna, samkv. 2. málsgr. 8. gr., er eigi skylt að boða á fundinn, en gefa skal þeim kost á þátttöku í félaginu, er það hefur verið stofnað.

2. Þegar stofna á fiskræktarfélag við fiskihverfi, sem áður er veiðilaust, skal boða á fund alla þá, sem lönd eiga að fiskihverfinu.

3. Fundi skal boða skriflega og eigi síðar en 3 dögum fyrir fundardag.

112
9. okt.

42. gr.

1. Á fundi þeim, sem boðaður hefur verið samkv. 41. gr., skal ræða stofnun félags og verkefni. Bóka skal fundargerð.

2. Atkvæðisrétt á fundinum hafa allir þeir, er boða skal til fundar samkv. 41. gr. Fela mega þeir öðrum að fara með atkvæði sitt, enda sé umboðið skriflegt og þess getið í fundarbók. Nú er leiguliði boðaður á fund í stað landeiganda, og má hann þá taka þátt í umræðum, en hefur eigi atkvæðisrétt, fyrr en hann hefur verið úrskurðaður félagi í stað landeiganda, samkv. 45. gr.

3. Ef allir þeir, sem kvaddir eru til fundarins samkv. 41. gr. og atkvæðisbærir eru, samþykkja félagsstofnunina, má stofna félagið þegar á fundinum.

4. Nú verður félagið ekki stofnað á þessum fundi, og skal þá fundurinn kjósa nefnd, er búi málið undir annan fund. Skal nefndin semja frumvarp til samþykktar fyrir félagið samkvæmt 47. gr., gera áætlun um kostnað þann, sem líklegt er, að starfsemi þess hafi í för með sér, leita álits kunnáttumanna um það, sem þurfa þykir, og að öðru leyti afla þeirra gagna, sem fundurinn óskar eða nauðsynleg þykja.

43. gr.

1. Þegar nefndin hefur lokið störfum, skal hún kveðja til fundar á ný, samkv. 41. gr.

2. Á fundinum skal nefndin leggja fram öll þau gögn, er hún hefur aflað. Skal þá enn ræða um stofnun félagsins og taka ákvörðun um hana. Ef ⅔ þeirra manna, er boða skal á fund samkvæmt 41. gr. og atkvæðisbærir eru samkvæmt 42. gr., eða umboðsmenn þeirra, samþykkja félagsstofnunina, skal öllum hinum, sem boðaðir voru á fundinn, skylt að gerast félagar.

44. gr.

Nú mæta eigi á fundi ⅔ þeirra manna, er boða skal á fund, eða umboðsmenn þeirra, og skal þá nefndin enn boða til fundar á hæfilegum fresti. Ef samþykkt er á þeim fundi með ⅔ atkvæða að stofna félagið, skal öllum hinum, sem boðaðir voru á fundinn, skylt að gerast félagar.

45. gr.

1. Stofnfundur eða annar lögmætur félagsfundur, getur úrskurðað, að leiguliði skuli gerast félagi í stað landeiganda, ef leiguliði óskar þess og landeigandi samþykkir, eða ef fyrirsjáanlegt er, að landeigandi geti ekki tekið þátt í félagsskapnum. Jafnan skal boða leiguliða sjálfan á þennan fund.

2. Skylt er landeiganda, þá er leiguliði fer frá jörð, að greiða honum 10-falda þá upphæð, sem úttektarmenn meta, að árlegt afgjald jarðarinnar megi hækka fyrir þá veiðiaukningu, sem orðið hefur á jörðinni, meðan leiguliði bjó þar og greiddi gjöld þau, er jafnað er niður samkvæmt 49. gr., enda megi þakka veiðiaukninguna starfsemi félagsins.

46. gr.

Taka má í félagið aðra menn en þá, sem taldir eru í 41. og 45. gr., ef lögmætur félagsfundur samþykkir, en ekki skulu þeir hafa atkvæðisrétt í félaginu, nema þeim séu ákveðin iðgjöld í gjaldskrá félagsins.

47. gr.

1. Nú er stofnun félags löglega ákveðin, og skal þá gera samþykkt fyrir félagið þegar á stofnfundi, eða öðrum fundi, boðuðum á sama hátt. Um samþykktina ræður afl atkvæða, svo og um önnur félagsmálefni, hafi eigi verið öðruvísi um mælt í samþykkt. Hver félagsmaður hefur eitt atkvæði í félagsmálum, sbr. þó 46. gr. Þó má

ákveða í samþykkt, að félagsfundir skuli vera fulltrúafundir, þar sem félagssvæði eru stór. 112 9. okt.

2. Í samþykkt félags skulu vera ákvæði um:

a. Nafn félags, heimilisfang og varnarþing.
b. Verkefni félags og félagssvæði.
c. Skipun og starfssvið félagsstjórnar.
d. Fundahöld.
e. Reikninga félags og endurskoðun.
f. Hvernig fara skuli um greiðslu kostnaðar þess, er leiðir af starfsemi félagsins.
g. Sektir fyrir brot á samþykkt félags.
h. Hvernig samþykkt félags verði breytt.
i. Hvernig fara skuli um félagsslit.

48. gr.

Samþykkt skal félagsstjórn senda ráðherra til staðfestingar og láta fylgja henni kostnaðaráætlun. Ef samþykkt þykir ekki svo úr garði gerð, að staðfesta megi hana, sendir ráðherra hana aftur til félagsstjórnar með athugasemdum um það, er ábótavant þykir. Ella staðfestir hann samþykkt, svo og þegar lagað hefur verið það, er athugavert þótti, enda mæli veiðimálastjóri og veiðimálanefnd með staðfestingu. Aldrei má samþykkt brjóta í bág við réttarákvæði, almennar grundvallarreglur laga né réttindi einstakra manna.

49. gr.

1. Kostnaði þeim, sem starfsemi félagsins hefur í för með sér, skal jafna niður eftir áætluðu veiðimagni jarða þeirra, sem taka þátt í félagsskapnum. Samkvæmt þessum reglum skal semja skrá, er sýnir hundraðshluta þann af kostnaði (stofnkostnaði og árskostnaði), sem hver félagsmaður á að greiða. Skráin skal gerð með hliðsjón af veiðiskýrslum undanfarinna ára, ef til eru.

2. Gjaldskrá skal lögmætur félagsfundur samþykkja, og gildir hún um 5 ár, nema ⅔ félagsmanna samþykki að breyta henni fyrr. Gjaldskrá skal senda ráðherra til staðfestingar samkvæmt 48. gr.

50. gr.

1. Nú verða eigendaskipti að jörð, sem er á félagssvæðinu, og er þá hinum nýja eiganda skylt að gerast félagi. Þegar ábúendaskipti verða á jörð, þar sem leiguliði er félagsmaður í stað landeiganda, getur lögmætur félagsfundur úrskurðað, að hinn nýi ábúandi gerist félagi.

2. Nú er veiði hafin fyrir landi jarðar eða jarða, er liggja að fiskihverfi, er fiskræktarfélag starfar við, en utan félagssvæðis, og má þá leggja þær jarðir við félagssvæðið og skylda eigendur þeirra til að gerast félagsmenn, ef lögmætur félagsfundur samþykkir, enda hafi eigendum jarða þessara verið boðað á fundinn og þeir átt þar atkvæðisrétt um samþykkt þessa.

51. gr.

1. Nú þykir æskilegt, að félag nái til fleiri en eins fiskihverfis, og er það heimilt, ef ⅔ af eigendum þeirra jarða, þar sem veiði er stunduð í hverju fiskihverfi fyrir sig, samþykkja félagsstofnunina. Að öðru leyti fer um stofnun félagsins eins og sagt er í lögum þessum.

2. Nú þykir æskilegt að tvö félög eða fleiri sameinist í eitt, og er það heimilt, ef ⅔ félagsmanna í hverju félagi samþykkja, enda mæli veiðimálastjóri með sameiningunni. Skal þá stofna eitt félag, er nái yfir svæði beggja félaganna eða allra, og fer um stofnun þess eins og lög þessi mæla fyrir.

112
9. okt.

52. gr.

Gjöld félagsmanna, sem ákveðin eru í staðfestri gjaldskrá, má taka lögtaki, og fylgir þeim í 2 ár frá eindaga lögveð í jörð eða veiðiréttindum, er stendur framar öllu samningsbundnu veði.

53. gr.

1. Ef einhverjir félagsmenn þykjast vanhaldnir um skiptingu veiði eða um aðrar framkvæmdir félagsins, er þeim heimilt að skjóta máli sínu til veiðimálastjóra. Úrskurðar hann um ágreiningsefnið með samþykki veiðimálanefndar. Skylt er að gera stjórn félagsins kost á að láta uppi álit sitt um málið.

2. Stjórn fiskiræktarfélags skal árlega gefa veiðimálastjóra skýrslu um starfsemi félagsins. Þær upplýsingar, er veiðimálastjóri kann að óska eftir, er stjórninni og skylt að gefa honum.

54. gr.

1. Nú starfar fiskræktarfélag við fiskihverfi, þar sem áður hefur engin veiði verið eða svo lítil, að hún hefur eigi verið talin í skýrslum um undanfarin 10 ár, og er þá félaginu heimilt að gera samþykkt, á lögmætum félagsfundi, um að friða með öllu fisk í fiskihverfi félagsins eða fyrir allri veiði, annarri en stangarveiði.

2. Samþykkt um friðun samkv. 1. málsgr. gildir um 5 ár í senn, nema ⅔ félagsmanna samþykki að breyta henni fyrr eða ráðherra skipi svo fyrir. Leita skal staðfestingar ráðherra á samþykkt samkv. 48. gr.

55. gr.

1. Fiskræktarfélagi skal heimilt, á lögmætum félagsfundi, að gera samþykkt um möskvavídd netja, er nota megi á félagssvæðinu og um friðun tiltekinna svæða fiskihverfisins. Friðun þessi má ná til allrar veiði eða til tiltekinna veiðarfæra eða veiðiaðferða, og skal hún bundin við tiltekið tímabil.

2. Samþykkt samkv. 1. málsgr. er háð staðfestingu ráðherra samkv. 48. gr.

56. gr.

1. Hverjum manni er skylt að láta af hendin land eða landsafnot, svo og vatn eða afnot vatns, er með kann að þurfa vegna byggingar eða starfrækslu klakstöðvar, svo og þola þær eignarkvaðir, óhagræði og takmörkun á afnotarétti, er bygging klakstöðvarinnar eða starfræksla kann að hafa í för með sér, enda komi fullar bætur fyrir eftir mati, nema samkomulag verði.

2. Nú eru skilyrði til friðunar samkvæmt 18. gr. eða 1. málsgr. 23. gr. eigi fyrir hendi, og getur þá ráðherra, eftir tillögum veiðimálastjóra, leyft fiskræktarfélagi að taka eignarnámi til leigu um ákveðið tímabil, og gegn fullum bótum, veiði í veiðivatni eða á tilteknu svæði í því, innan fiskihverfis þess, er félagið starfar við, þar, sem hentugt þykir að félagið afli sér klakfiska.

## IX. KAFLI

### Um veiðifélög.

57. gr.

1. Heimilt er mönnum að gera með sér félagsskap um veiði í þeim tilgangi:
a. að félagið sjálft láti stunda veiði,
b. að félagið selji á leigu rétt til stangarveiði, samkvæmt 3. málsgr. 2. gr.

2. Um slíkan félagsskap, sem ræðir um í 1. málsgr., skal fara svo sem sagt er fyrir í kafla þessum.

58. gr.

1. Félagssvæði veiðifélags getur verið:
a. heilt fiskihverfi,
b. einstakt vatn í fiskihverfi,
c. hluti af vatni, þar sem sérstaklega hagar til um veiðiskap eða vatnskosti.

2. Ef um hluta straumvatns er að ræða, verður félagssvæði ætíð að ná svo langt upp með vatninu, sem veiði er stunduð í því fiskihverfi.

59. gr.

1. Til þess að veiðifélag verði löglega stofnað, þarf leyfi veiðimálastjóra og veiðimálanefndar að koma til.

2. Þeir, sem stofna vilja slíkt félag, skulu sækja til veiðimálastjóra um leyfi til félagsstofnunarinnar. Umsókninni skal fylgja:
a. greinargerð fyrir fyrirhugaðri starfsemi félagsins: veiðiaðferðum og veiðistöðum, ásamt ástæðum þess, að slíkt félag teljist æskilegt.
b. skýrsla um vatn eða vötn á fyrirhuguðu félagssvæði. Skal hún gerð samkvæmt 2. málsgr. 10. greinar, enda hafi vatn þetta eða vötn eigi verið skrásett áður.
c. skýrsla um fyrirhugað félagssvæði og greinargerð fyrir takmörkum þess, ef um hluta vatns er að ræða, samkvæmt c.-lið 58. greinar.

3. Þegar veiðimálastjóri hefur rannsakað skjöl þau, er ræðir um í 2. málsgrein og aðra málavöxtu, leggur hann málsskjölin, ásamt áliti sínu, fyrir veiðimálanefnd, sem svo tekur ásamt veiðimálastjóra fullnaðarákvörðun um það, hvort leyfa skuli félagsstofnunina eða ekki.

4. Þegar ákveðið hefur verið að veita leyfi til félagsstofnunar samkvæmt 3. málsgrein, gefur veiðimálastjóri út leyfi þetta, og skal það bundið við tiltekið félagssvæði og tiltekna starfsemi félags.

5. Ákvæði greinar þessarar skulu eigi gilda um stofnun félaga, er hafa það starfssvið, er getur um í 1. málsgr. b.-lið 57. greinar, og er þeim, sem stofna vilja slíkt félag, heimilt að kveðja til stofnfundar, samkvæmt 60. gr., án frekari undirbúnings.

60. gr.

1. Nú er stofnun félags löglega undirbúin samkv. 59. gr., og skulu þá frumkvöðlar félagsstofnunarinnar kveðja til fundar um málið.

2. Ef stofna á félagið við vatn eða vötn, sem veiði er í, skal kveðja til fundarins ábúendur allra jarða á hinu fyrirhugaða félagssvæði. Ef félag á eða hefur til afnota land, sem veiðiréttur fylgir skal boða formann félags. Hafi veiðiréttur verið skilinn frá landareign, skal boða notanda veiðiréttarins.

3. Ef stofna á veiðifélag við vatn eða vötn, sem áður hafa verið veiðilaus, skal boða til fundar ábúendur allra þeirra jarða, sem lönd eiga að vatni eða vötnum á hinu fyrirhugaða félagssvæði.

4. Fundi skal boða skriflega og eigi síðar en 3 dögum fyrir fundardag.

61. gr.

1. Á fundi þeim, sem boðaður hefur verið samkvæmt 60. gr., skal lagt fram leyfi veiðimálastjóra til félagsstofnunarinnar, ásamt öðrum skjölum, sem fram hafa komið um málið. Á fundinum skal ræða um stofnun félagsins og verkefni og bóka fundargerð.

2. Atkvæðisrétt á fundinum hafa allir þeir, sem boða skal til fundar samkvæmt 60. gr. Fela mega þeir öðrum að fara með atkvæði sitt, enda sé umboðið skriflegt og þess getið í fundarbók.

3. Ef allir þeir, sem kvaddir eru til fundarins samkv. 60. gr., samþykkja félagsstofnunina, má stofna félagið þegar á þessum fundi, án frekari undirbúnings.

62. gr.

1. Nú verður félagið ekki stofnað á þessum fundi, og skal þá fundurinn kjósa nefnd, er búi málið undir annan fund. Nefndin skal semja frumvörp til samþykktar og arðskrár fyrir félagið samkv. 64. og 65. gr. Leita skal og nefndin álits sérfróðra manna um þau deiluatriði, sem upp kunna að hafa komið á fundinum, og að öðru leyti afla þeirra gagna sem fundurinn óskar eða nauðsynleg þykja.

2. Þegar nefndin hefur samið frumvörp til samþykktar og arðskrár, skulu þau ásamt öðrum skjölum, sem félagsstofnunina varða, lögð fram á hentugum stað til sýnis fyrirhuguðum félagsmönnum. Skal auglýsa framlagningu skjalanna með þeim hætti, er þar tíðkast í héraði um birtingu auglýsinga, sem varða almenning. Skulu skjölin liggja frammi til sýnis að minnsta kosti 2 vikna tíma.

63. gr.

Þegar lokið er undirbúningi samkv. 62. gr., skal nefndin boða til annars fundar samkv. 60. gr. Á fundinum skal enn ræða félagssstofnunina og taka ákvörðun um hana. Ef ⅔ þeirra manna, sem á fundinum mæta, samþykkja félagsstofnunina, skal öllum hinum, sem boðaðir voru á fundinn, skylt að gerast félagar.

64. gr.

1. Nú er stofnun félagsins löglega ákveðin, og skal þá gera samþykkt fyrir félagið þegar á stofnfundi eða öðrum fundi, boðuðum á sama hátt. Um samþykktina ræður afl atkvæða, svo og um önnur félagsmálefni, nema öðruvísi sé um mælt í samþykkt. Hver félagsmaður hefur eitt atkvæði í félagsmálum.

2. Í samþykkt félags skulu vera ákvæði um:

a. Nafn félags, heimilisfang og varnarþing.
b. Félagssvæði. Skulu þar taldar, svo að eigi verði um villzt, þær jarðir, sem þátt taka í félagsskapnum.
c. Verkefni félags.
d. Skipun og starfssvið félagsstjórnar.
e. Fundahöld.
f. Reikninga félags og endurskoðun.
g. Hvernig fara skuli um afla félagsins eða arð og um greiðslu kostnaðar þess, er leiðir af starfsemi félagsins.
h. Sektir fyrir brot á samþykkt félags.
i. Hvernig samþykkt félagsins verði breytt.
j. Hvernig fara skuli um félagsslit.

65. gr.

1. Á stofnfundi eða öðrum fundi, boðuðum á sama hátt, skal gera skrá, er sýni hluta þann af veiði eða arði af veiði, sem koma eigi í hlut hverrar jarðar eða jarðarhluta, er veiðiréttur fylgir í vatni eða vötnum á félagssvæðinu. Veiðinni eða arði af henni skal jafna niður eftir veiðimagni eða áætluðu veiðimagni jarðanna, og skal skráin gerð með hliðsjón af veiðiskýrslum undanfarinna 30 ára, ef til eru.

2. Arðskrá skal lögð undir samþykki fundarins, og er hún því aðeins samþykkt, að hún hljóti ⅔ atkvæða félagsmanna.

3. Nú eru einhverjir félagsmenn óánægðir með arðskrá, og geta þeir þá krafizt mats samkvæmt 84. gr.

66. gr.

Kostnað, er leiðir af starfsemi félagsins, skulu félagsmenn greiða í sama hlutfalli og þeir taka arð.

67. gr.

Samþykkt og arðskrá skal félagsstjórnin senda ráðherra til staðfestingar. Ef samþykkt og arðskrá þykja eigi þannig úr garði gerðar, að staðfesta megi þær, sendir ráðherra þær aftur til félagsstjórnarinnar með athugasemdum um það, er ábótavant þykir. Ella staðfestir hann hvort tveggja, svo og þegar það hefur lagað verið er ábótavant þótti, enda mæli veiðimálastjóri og veiðimálanefnd með staðfestingu. Aldrei má samþykkt brjóta í bág við réttarákvæði, almennar grundvallarreglur laga né réttindi einstakra manna.

68. gr.

1. Þegar veiðifélag hefur verið stofnað með löglegum hætti, skal hverjum manni óheimilt að veiða í vötnum á félagssvæðinu, nema hann hafi samþykki félagsstjórnarinnar.

2. Í samþykkt félags má setja ákvæði, er banna félagsmönnum og öðrum þeim, sem á félagssvæðinu búa, að hafa með höndum ádráttarnet, nema þeir geti sannað, að nota eigi þau til veiði í vatni utan félagssvæðis.

3. Ákvæði 1. málsgreinar skulu eigi taka til þeirra, sem fengið hafa veiðiskírteini samkv. 20. gr.

69. gr.

1. Ráðherra getur, eftir tillögum veiðimálastjóra og með samþykki veiðimálanefndar, veitt veiðifélagi undanþágu frá ákvæðum 27., 28. og 30. gr. laga þessara um lengd fastra veiðivéla út í vatn.

2. Nú tekur veiðifélag aðeins til laxveiði, og getur ráðherra þá, eftir tillögum veiðimálanefndar og veiðimálastjóra, sett ákvæði um veiðiaðferðir og gerð þeirra veiðitækja, sem nota má til silungsveiði á félagssvæðinu.

3. Enn fremur er ráðherra heimilt, eftir tillögu veiðimálastjóra og með samþykki veiðimálanefndar, fyrir eitt ár í senn, að veita veiðifélagi undanþágu, að nokkru eða öllu leyti, frá vikufriðun þeirri fyrir lax- og göngusilung, er um ræðir í 1. málslið 17. gr. laganna.

4. Undanþága, slík er ræðir um í 1. málsgr., skal aðeins gilda fyrir félagssvæði þess félags, sem hún er veitt. Má því aðeins veita hana, að fiskrækt sé starfrækt í vatni eða vötnum á félagssvæðinu, og skal hún bundin þeim skilyrðum, að eigi sé nema ein veiðivél notuð á öllu félagssvæðinu og engin önnur veiði sé stunduð þar. Ef ástæða þykir til, má og binda undanþáguna skilyrðum um eftirlit samkvæmt 78. gr.

70. gr.

1. Nú verða ábúendaskipti á jörð á félagssvæði, og er þá hinum nýja ábúanda skylt að gerast félagi í stað hins og taka að sér skuldbindingar hans við félagið.

2. Skylt er félagi, þá er ábúandi fer frá jörð á félagssvæði, að svara honum út þeim hluta, er hann kann að eiga í eignum félagsins.

3. Ef ekkert semst um skuldbindingar eða eignarhluta samkv. 1. og 2. málsgrein, skal mat skera úr ágreiningi.

71. gr.

1. Nú vill fiskræktarfélag taka upp félagsveiði, og er það heimilt, ef fullnægt er skilyrðum laga þessara um stofnun veiðifélags.

2. Nú vill veiðifélag stunda fiskrækt, og er það heimilt, en ekki nýtur félagið réttinda þeirra er ræðir um í 80.—83. gr. laga þessara, nema ráðherra samþykki, að fengnum tillögum veiðimálanefndar.

112
9. okt.

## X. KAFLI
### Um ófriðun sels.

72. gr.

1. Hverjum manni er heimilt að skjóta eða styggja sel í veiðivötnum, svo og í ósum þeirra, ef eigi er öðruvísi mælt fyrir í lögum.

2. Á Hvammsfirði skal svæði, er liggur fyrir innan línu úr ytri enda Skoravíkurmúla í Hólmlátursborgir, verða undanþegið banni gegn selaskotum og uppidrápi.

73. gr.

1. Nú eru friðlýst selalátur eða selalagnir í veiðivatni eða nær árósi, er lax eða göngusilungur gengur í, en 7 km., og skulu þau þá ófriðuð, enda verði talið við matsgerð, að arður af laxveiði eða göngusilungs í ánni sé meiri en arður af selveiðinni.

2. Nú eru friðlýst selalátur eða selalagnir í veiðivatni eða svo nærri ósum ár, sem segir í 1. málsgrein, en lax- og silungsveiði í vatninu er metin minna virði en selveiðin, og getur þá ráðherra, eftir tillögum veiðimálastjóra, leyft, að þau séu ófriðuð, enda hafi fiskrækt verið stunduð við vatnið svo lengi og með þeim árangri, að matsgerð telji þess fulla von, að laxveiði eða göngusilungs í vatninu verði arðsamari en selveiðin.

74. gr.

1. Fyrir missi selveiðinytja þeirra, er ræðir um í 73. gr. skulu koma fullar bætur.

2. Bætur þessar greiði eigendur laxveiði eða göngusilungs í fiskihverfinu. Skulu bæturnar vera árgjald og ákveðnar í eitt skipti fyrir öll, sbr. þó 3. málsgr. Bæturnar greiði veiðieigendur að tiltölu við veiðimagn hvers um sig á síðasta ári á undan. Jafnar sýslumaður gjaldinu niður og innheimtir á manntalsþingi, og fylgir því lögtaksréttur. Nú er veiðiréttur leigður samkv. 2. eða 56. gr., og greiðir þá leigutaki bæturnar í stað leigusala.

3. Ef lax- eða göngusilungsveiði þeirra jarða, er bætur hljóta samkvæmt 2. málsgrein, eykst eftir að byrjað er á ófriðun sels, þá skulu hagsmunir af þeirri aukningu metnir til frádráttar bótunum, enda geri einhver þeirra, er bætur eiga að greiða, kröfu um mat veiðiaukans. Nú er talið í matsgerð, að lax- eða silungsveiði einhverrar jarðar hafi aukizt svo, að aukningin gefi eins mikinn arð og selveiðin áður, og skulu þá bætur fyrir selveiðimissinn falla niður.

## XI. KAFLI
### Um stjórn veiðimála og eftirlit.

75. gr.

1. Atvinnumálaráðherra hefur yfirumsjón allra veiðimála.

2. Til aðstoðar ráðherra um stjórn veiðimála eru veiðimálastjóri og veiðimálanefnd.

76. gr.

1. Veiðimálastjóri skal vera kunnáttumaður um veiðimál og vatnalíffræði. Skal hann skipaður af atvinnumálaráðherra til 5 ára í senn og launaður af ríkissjóði.

2. Veiðimálastjóri skal hafa þessi störf með höndum:

a. að annast nauðsynlegar rannsóknir vatna og fiska og skrásetningu veiðivatna,

b. að sjá um söfnun á skýrslum um veiði og fiskrækt,

c. að gera eða láta gera uppdrætti að klakstöðvum og fiskvegum og hafa umsjón með gerð þeirra mannvirkja, 112 9. okt.
d. að gera tillögur um reglugerðir og önnur ákvæði um friðun eða veiðiskap, sem sett eru samkv. lögum þessum,
e. að veita mönnum leiðbeiningar um veiðimál og vera ráðherra til aðstoðar um allt, sem að þeim lýtur.

77. gr.

1. Veiðimálanefnd skal skipuð 3 mönnum. Atvinnumálaráðherra skipar nefndina og skal einn nefndarmanna skipaður eftir tillögum Búnaðarfélags Íslands, en annar eftir tillögum Fiskifélags Íslands, þangað til samband íslenzkra fiskræktarfélaga kynni að verða stofnað. Skal þá samband þetta í stað búnaðarfélagsins og fiskifélagsins, gera tillögur um skipun tveggja manna í nefndina.

2. Veiðimálanefnd tekur ekki kaup fyrir starfa sinn, en útlagðan kostnað fær hún greiddan úr ríkissjóði.

3. Veiðimálanefnd skal vera ráðherra til aðstoðar um veiðimál. Getur hún gert tillögur um allt, er að veiðimálum lýtur. Samþykkis veiðimálanefndar skal leitað til setningar reglugerða og annarra ákvæða um friðun eða veiðiskap, þar sem svo er fyrir mælt í lögum þessum.

78. gr.

1. Ráðherra skipar eftirlitsmenn við veiðivötn, svo marga og við þau vötn, er nauðsynlegt þykir. Um tölu þeirra og skipun skal farið eftir tillögum veiðimálastjóra.

2. Eftirlitsmenn skulu hafa nákvæmar gætur á því, að veiði í umdæmi þeirra sé stunduð með löglegum hætti. Þeir skulu safna veiðiskýrslum, hver í sínu umdæmi, og gefa veiðimálastjóra þær upplýsingar um veiði og veiðivötn, er hann kann að óska. Þeir skulu gera skrár yfir fastar veiðivélar, lagnir og drætti í umdæmi sínu og sjá um merkingu veiðarfæra. Nánari ákvæði um starfsemi þeirra skulu sett í erindisbréf, er veiðimálastjóri gefur þeim.

3. Veiðimálastjóri gefur út skírteini handa eftirlitsmönnum.

4. Eftirlitsmenn skulu hafa vald til að taka upp úr veiðivatni ólögleg veiðitæki, eða veiðitæki, sem notuð eru á óleyfilegum tíma eða á þeim stöðum, þar sem eigi má nota þau.

79. gr.

Veiðimálastjóri semur við eftirlitsmenn um kaup þeirra. Kaupið greiðist úr sýslusjóði og endurgreiðist sýslusjóði af veiðieigendum, að tiltölu við veiðimagn hvers þeirra um sig undanfarið ár. Sýslunefnd jafnar gjaldinu niður og má taka það lögtaki.

## XII. KAFLI

### Um styrkveitingar til fiskræktar.

80. gr.

1. Nú byggir fiskræktarfélag klakstöð, og skal þá veita því styrk úr ríkissjóði, er nemi kr. 2.50 fyrir hvert metið dagsverk við byggingu stöðvarinnar.

2. Nú gerir fiskræktarfélag fiskveg eða aðrar framkvæmdir til að greiða fyrir fiskför um vatn, og skal þá veita félaginu styrk úr ríkissjóði, er nema ⅓ kostnaðar við verkið.

3. Nú þykir eigi ráðlegt að stofna fiskræktarfélag í fiskihverfi, vegna þess hve lítið fiskihverfið er eða af öðrum ástæðum, en veiðieigendur í hverfinu, einn eða fleiri, gera mannvirki slík sem ræðir um í 1. og 2. málsgr., og má þá veita þeim styrk til þess úr ríkissjóði, jafnháan og ákveðið er í 1. og 2. málsgrein.

112
9. okt.

81. gr.

Nú er fiskrækt hafin í fiskihverfi, er áður var veiðilaust, og skal þá veita styrk úr ríkissjóði, er nemi allt að kr. 3.00 á hvert þúsund seiða, sem flutt eru í vatnið.

82. gr.

1. Styrkur sá, er ræðir um í 80. og 81. gr., skal því aðeins veittur, að veiðimálastjóri mæli með styrkbeiðni, enda hafi hann samþykkt tilhögun mannvirkja þeirra, er styrkur er veittur til, og þau gerð undir eftirliti hans.

2. Nú er styrkur veittur úr ríkissjóði til að gera klakstöð, og skal ráðherra þá heimilt að ákveða hámarksverð á seiðum, sem seld eru frá klakstöðinni.

83. gr.

Veita má lán úr ræktunarsjóði til framkvæmda þeirra, sem getið er í 80. og 81. gr. Lánstíminn má vera allt að 10 ár, og mega lánin vera afborgunarlaus fyrstu 5 árin. Lánsupphæðin má vera allt að ⅔ kostnaðar við framkvæmd verksins.

## XIII. KAFLI

### Um matsgerðir og skaðabætur.

84. gr.

1. Nú greinir menn á um takmörk fiskihverfis, vatns eða hluta vatns, svo sem óss, leiru, áls, kvíslar, foss, lagnar eða veiðistaðar, um það, hvar aðalstraumlína ár sé, hvað teljast skuli kvísl eða áll, eða um önnur slík ákvæði laga þessara, og skal þá skera úr þeim ágreiningi með matsgerð.

2. Matsgerðir samkv. 1. málsgr. og aðrar matsgerðir, sem rætt er um í lögum þessum, skulu framkvæma 2 menn, sem dómkvaddir eru af héraðsdómara í því umdæmi, er vatn það, er ágreiningurinn rís af, er í. Nú er um merkivatn milli lögsagnarumdæma að ræða, og ákveður þá ráðherra, í hverju lögsagnarumdæmanna matsmenn skuli dómkvaddir.

3. Mati má skjóta til yfirmats innan 6 vikna frá birtingu matsgerðar. Í yfirmati eiga sæti 3 menn, er ráðherra skipar til 5 ára í senn, og skal einn þeirra valinn meðal dómara hæstaréttar, en annar eftir tilnefningu veiðimálanefndar.

4. Matsmenn ákveða kostnað við mat og skiptingu hans á aðila.

5. Rétt er matsmönnum að kveðja kunnáttumenn sér til aðstoðar, ef þörf þykir, og telst kostnaður af því til matskostnaðar.

85. gr.

Nú rýrna hlunnindi og þar með verðmæti jarðar við framkvæmd þessara laga, og getur þá jarðareigandi krafizt endurmats á jörðinni.

86. gr.

1. Nú hefur einhver veiðieigandi, sá er veiði átti áður en lög þessi komu til framkvæmda, misst hana með öllu fyrir þá sök, að ákvæði laganna fyrirmuna honum að nota þá veiðiaðferð, er hann áður mátti einni við koma, og skal hann þá eiga kröfu til skaðabóta eftir mati, sbr. 84. gr.

2. Kröfur um bætur skulu sendar ráðherra. Leitar hann um þær umsagnar veiðimálastjóra og veiðimálanefndar og skipar matsmenn. Skaðabætur greiðist að ½ úr ríkissjóði og ½ úr sýslusjóði eða sýslusjóðum viðkomandi sýslu eða sýslna.

87. gr. 112
Um ákvörðun upphæðar bóta eða endurgjalds, er greiða skal samkv. lögum þessum, skal matsnefnd fara eftir því, sem segir í lögum um framkvæmd eignarnáms. Um greiðslu bóta eða endurgjalds fari einnig eftir þeim lögum. 9. okt.

XIV. KAFLI

**Refsiákvæði og réttarfar.**

88. gr.

1. Ef maður veiðir ólofað í veiðivatni annars manns, varðar það sektum, allt að 1000 kr. Sá, er misgert var við, skal fá allt veiðifang eða andvirði þess, auk bóta fyrir annað tjón, er hann kann að hafa orðið fyrir.

2. Nú hittist maður með veiðarfæri við veiðivatn annars manns fyrir utan venjulega vegi, og skal þá sekta hann sem hann væri sekur um ólöglega veiði, nema sannað sé, að hann hafi haft þar lögmætt erindi.

89. gr.

Sektum frá 100 kr. og allt að 1000 kr. varðar, ef maður gerist brotlegur gegn lögum þessum eða reglum, sem samkvæmt þeim eru settar, þannig:

a. að hann veiði á þeim tíma eða þeim stöðum, er veiði er bönnuð,
b. að hann notar veiðitæki eða veiðiaðferðir, sem bannað er að nota, sbr. þó 90. gr., eða fylgir ekki settum reglum um tilhögun veiðitækja eða um aðferð við veiði.
c. að hann veiðir fisk, sem minni er en svo, að leyfð sé veiði hans, eða sleppir eigi í vatn veiddum fiski, er skylt er að sleppa.
d. að hann brýtur ákvæði 21. gr. eða 33. gr. eða
e. að hann spillir fiskvegi eða tálmar á ólögmætan hátt fiskför um vatn.

90. gr.

Nú notar maður sprengiefni, eitruð efni eða deyfandi við veiði, og varðar það fangelsi eða sektum, ekki lægri en 500 kr.

91. gr.

Önnur brot gegn lögum þessum eða reglum, sem settar eru samkvæmt þeim, varða sektum allt að 500 kr.

92. gr.

Brot þau, er ræðir um í a—b-liðum 89. gr. og 90. gr., teljast fullframin jafnskjótt og veiðarfærin eru komin að veiðistað, nema sannað sé, að þau hafi verið flutt þangað í lögmætum tilgangi.

93. gr.

Ólögleg veiðitæki, svo og veiðitæki, sem notuð eru með ólöglegum hætti, skulu upptæk gerð. Sama gildir um ólöglegt veiðifang.

94. gr.

Sektir samkvæmt lögum þessum, svo og andvirði upptækra veiðitækja, renna í sýslusjóð, þar sem brot er framið. Nú er brot framið í fleiri sýslum en einni, og skiptist þá sekt og andvirði upptækra veiðitækja að jöfnu milli sýslusjóðanna.

95. gr.

Mál út af brotum gegn lögum þessum og reglum, sem settar eru samkvæmt þeim, skulu rekin sem almenn lögreglumál.

112
9. okt.

XV. KAFLI
**Niðurlagsákvæði.**

96. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1933, og ganga þá eftirfarandi lagaákvæði úr gildi:

Lög nr. 5, 19. febr. 1886, um friðun á laxi.
Lög nr. 55, 30. júlí 1909, um samþykktir um friðun silungs og veiðiaðferðir í vötnum.
Lög nr. 24, 22. okt. 1912, um samþykktir um ófriðun og eyðing sels úr veiðiám.
XIII. kafli vatnalaga, nr. 15, 20. júní 1923.
2. málsgr. 1. gr. laga nr. 30, 27. júní 1925, um selaskot á Breiðafirði og uppidráp.
Lög nr. 6, 14. júní 1929, um fiskræktarfélög.

*Gjört í Reykjavík, 9. október 1941.*

**Sveinn Björnsson.**
(L. S.)

*Hermann Jónasson.*

113
9. okt.

# OPIÐ BRÉF,

**er stefnir saman Alþingi til aukafundar mánudaginn 13. október 1941.**

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Að ég samkvæmt stjórnarskrá konungsríkisins Íslands 18. maí 1920, hef ákveðið, að Alþingi komi saman til aukafundar mánudaginn 13. október 1941, kl. 14.

Um leið og ég birti þetta, er öllum þeim, sem setu eiga á Alþingi, boðið að koma nefndan dag til Reykjavíkur, og verður þá Alþingi sett, eftir að guðsþjónusta hefur farið fram í Dómkirkjunni.

*Gjört í Reykjavík, 9. október 1941.*

**Sveinn Björnsson.**
(L. S.)

*Hermann Jónasson.*

114
18. okt.

# REGLUGERÐ

**um viðauka við reglugerð fyrir Háskóla Íslands nr. 8 frá 9. okt. 1912.**

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Samkvæmt tillögum kennslumálaráðuneytisins hef ég staðfest reglugerðarviðauka þennan með samþykki mínu.

1. gr.

28. gr. orðist þannig:
Í laga- og hagfræðideild eru kenndar þessar greinar:

1. Almenn lögfræði og persónuréttur.
2. Sifja- og erfðaréttur.
3. Kröfu- og hlutaréttur.
4. Sjó- og félagaréttur.
5. Stjórnlagafræði.
6. Stjórnarfarsréttur.
7. Þjóðaréttur.
8. Refsiréttur.
9. Réttarfar.
10. Réttarsaga.
11. Lögfræðileg skjalaritun og þar með æfingar í réttarfari.
12. Þjóðhagfræði, almenn.
13. Þjóðhagfræði, hagnýt.
14. Rekstrarshagfræði, almenn.
15. Iðnaðarrekstursfræði.
16. Verzlunarrekstursfræði.
17. Bankarekstursfræði.
18. Fjármálafræði.
19. Tölfræði.
20. Íslenzk haglýsing.
21. Samning og gagnrýni efnahagsreikninga.
22. Bókfærsla og endurskoðun.
23. Viðskiptareikningur.
24. Erlend tungumál og bréfaskriftir.
25. Vélritun.

Skriflegar æfingar skulu vera í þeim greinum, sem sérstakt skriflegt próf er í.

2. gr.

Við 48. gr. bætist ný málsgrein svo hljóðandi:

Fullnaðarpróf í viðskiptafræði í laga- og hagfræðideild skal haldið í eftirfarandi námsgreinum:

1. Rekstrarshagfræði, almenn.
2. Rekstrarshagfræði, skrifleg.
3. Kostnaðarreikningur.
4. Þjóðhagfræði, almenn.
5. Þjóðhagfræði, skrifleg.
6. Millirikjaverzlun, fjármálafræði og félagsmálafræði.
7. Iðnaðarrekstursfræði.
8. Verzlunarrekstursfræði.
9. Bankarekstursfræði.
10. Yfirlit um borgararétt og kaflar úr kröfurétti.
11. Þjóðaréttur.
12. Samning efnahagsreikninga.
13. Bókfærsla.
14. Verkleg bókfærsla og endurskoðun.
15. Viðskiptareikningur.
16. Viðskiptasaga.
17. Tölfræði.
18. Enska og þýzka eða
19. Enska og franska.
20. Ritgerð um hagfræðilegt efni, er hagfræðikennarar deildarinnar fá kandídatinum til meðferðar.

114 Auk ritgerðarinnar og skriflegrar rekstursbagfræði og þjóðarhagfræði er prófið
18. okt. skriflegt í 13., 14. og 16. prófgrein, bæði skriflegt og munnlegt í 18. og 19. prófgrein, en munnlegt í öllum hinum.

Kandídatarnir mega hafa allt að 6 klukkustundum til skriflegrar úrlausnar í 2., 5., 13. og 14. prófgrein, en 4 klukkustundir í 15., 16., 18. og 19. prófgrein.

Áður en kandídatinn segir sig til fullnaðarprófsins, skal hann leggja fram skilríki fyrir því að hann hafi samvizkusamlega tekið þátt í æfingum í rekstursbagfræði og þjóðarhagfræði.

Við útreikning aðaleinkunnar reiknast einkunnir fyrir 1., 2., 4., 5. og 20. prófgrein tvöfaldar.

**Ákvæði til bráðabrigða:**

Kandídatar, sem þegar hafa lokið prófum í sumum framangreindra prófgreina við viðskiptaháskólann, þurfa ekki að taka próf í þeim að nýju við háskólann, og skulu þá einkunnir þær, er þeir hlutu við próf þessi, taldar með í aðaleinkunn þeirra.

Þetta tilkynnist hér með öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Gjört í Reykjavík, 18. október 1941.*

**Sveinn Björnsson.**
(L. S.)

*Hermann Jónasson.*

# LÖG
## um Búnaðarbanka Íslands.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Að ég samkvæmt 7. gr. laga nr. 32 27. júní 1941, um breyting á lögum nr. 31 14. júní 1929, um Búnaðarbanka Íslands, og á lögum nr. 20 13. jan. 1938, um breyting á þeim lögum, hef látið fella texta hinna fyrstnefndu laga og I. kafla laga nr. 91 3. maí 1935 og laga nr. 20 13. jan. 1938 inn í meginmál búnaðarbankalaganna og birti þau í einu lagi þannig breytt:

### I. KAFLI
### Stofnun og skipulag bankans.

1. gr.

Banka skal stofna, er nefnist Búnaðarbanki Íslands. Á Norðurlandamálum er heiti hans Islands Landbrugsbank, á ensku The Rural Bank of Iceland.

2. gr.

Tilgangur bankans er að styðja landbúnaðinn og greiða fyrir fjármálaviðskiptum þeirra, er stunda landbúnaðarframleiðslu.

3. gr.

Búnaðarbanki Íslands er sjálfstæð stofnun, sem er eign ríkisins undir sérstakri stjórn, svo sem nánar er ákveðið í VIII. kafla laga þessara.

Bankinn starfar í 5 deildum með aðgreindum fjárhag, og nefnast þær sparisjóðsdeild, veðdeild, ræktunarsjóður, lánadeild smábýla við kaupstaði og kauptún og byggingar- og landnámssjóður. Skal halda algerlega aðgreindum varasjóðum og öðrum eignum, útlánum, innlánum, bókfærslu og reikningshaldi hverrar deildar fyrir sig.

4. gr.

Ríkissjóður ber ábyrgð á öllum skuldbindingum bankans. Til þess að taka lán erlendis, án tryggingar í sjálfs sín eignum, þarf bankinn sérstaka lagaheimild í hvert sinn, að undanteknu láni samkv. 11. gr. laga þessara.

5. gr.

Búnaðarbanki Íslands hefur heimili sitt, aðalskrifstofu og varnarþing í Reykjavík. En auk þess getur bankinn haft útibú eða umboðsskrifstofur þar sem bankastjórn telur þörf á, að fengnu samþykki ráðherra.

### II. KAFLI
### Sparisjóðsdeild.

6. gr.

Sparisjóðsdeildin tekur við peningum sem innláni eða með sparisjóðskjörum.

7. gr.

Sparisjóðsdeildinni er heimilt, í samræmi við tilgang bankans (sbr. 2. gr.):

1. Að kaupa og selja víxla, tékka og ávísanir.



Reykjavík, Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

115 2. Að veita lán gegn ábyrgð bæjar-, sýslu- og sveitarfélaga, að áskildu lögmæltu
7. nóv. samþykki æðri stjórnarvalda.
3. Að veita lán gegn veði eða sjálfskuldarábyrgð.
4. Að annast að öðru leyti venjuleg sparisjóðsstörf.

8. gr.

Sparisjóðsdeild skal eiga að minnsta kosti 15% af innlánsfé með sparisjóðskjörum í tryggum og auðseldum verðbréfum, svo sem ríkisskuldabréfum, jarðræktarbréfum, veðdeildarbréfum Búnaðarbankans eða Landsbankans eða öðrum verðbréfum, er bankastjórn og ráðherra telja jafntrygg. Í stað verðbréfa má koma inneign í sparisjóðsdeild Landsbanka Íslands.

9. gr.

Allur tekjuafgangur rennur í varasjóð deildarinnar, enda ber hann töp þau, sem deildin kann að verða fyrir og eigi verða greidd af árstekjum hennar.

10. gr.

Ríkisstjórnin skal, ef ástæður leyfa, sjá um, að handbært fé opinberra sjóða, sem ekki eru geymdir í Söfnunarsjóði, séu geymdir í sparisjóðsdeild bankans, að svo miklu leyti sem þörf er á fyrir útlánsstarfsemi deildarinnar, enda séu þeir ekki sérstaklega ætlaðir til eflingar öðrum atvinnuvegi.

11. gr.

Nú þykir sparisjóðsdeild ekki hafa nægilegt fjármagn til að fullnægja lánsþörf, og er þá ríkisstjórn heimilt að veita ábyrgð ríkissjóðs fyrir viðbótarláni allt að 3 millj. króna.

12. gr.

Sparisjóðsdeildin nýtur allra hlunninda og lýtur öllum ákvæðum hinnar almennu löggjafar um sparisjóði, nema öðruvísi sé ákveðið í þessum lögum, eða almennum bankalögum, ef sett kunna að verða.

## III. KAFLI

### Veðdeild bankans.

13. gr.

Ríkissjóður leggur veðdeild bankans til stofnfé að upphæð minnst 1250000 króna. Stofnfé þetta greiðist þannig, að veðdeildin tekur við skuldabréfum viðlagasjóðs, sbr. þó 2. gr. laga nr. 105, 3. maí 1935, um Ræktunarsjóð Íslands.

Kirkjujarðasjóðinn skal, að því leyti sem fé verður fyrir hendi vegna innlausnar bankavaxtabréfa sjóðsins og ríkisstjórnin telur, að við verði komið, ávaxta í veðdeild Búnaðarbankans.

14. gr.

Stofnsjóð veðdeildar Búnaðarbankans skal ávaxta í bankavaxtabréfum veðdeildarinnar, eftir því sem viðlagasjóðslánin greiðast og við verður komið, og hefur stjórn Búnaðarbankans heimild, með samþykki landbúnaðarráðherra, að verja allt að helmingi af vaxtatekjum hans til greiðslu vaxta af öðrum vaxtabréfum veðdeildarinnar, ef nauðsynlegt þykir vegna útlánsvaxta deildarinnar.

15. gr.

Tekjuafgangur hvers árs rennur í varasjóð. Nú verður veðdeildin fyrir tapi eða árstekjur hennar hrökkva eigi fyrir útgjöldum, og greiðist þá það, er á vantar, úr varasjóði.

Nú er varasjóður orðinn 30% af stofnsjóði veðdeildarinnar, og má þá leggja það, sem fram yfir er, við stofnsjóðinn.

16. gr.

Veðdeild Búnaðarbankans gefur út bankavaxtabréf, er hljóða á handhafa, en nafnskrá má þau í bókum bankans. Stjórn bankans kveður á um lögun, útlit og fjárhæð bréfanna, en fjármálaráðherra og bankastjórn undirskrifa þau.

Vaxtabréfin skulu gefin út í flokkum. Ákveður bankastjórn hvenær lokið skuli hverjum flokki, en það skal ætíð gert áður en liðin eru 8 ár frá því er flokkurinn var opnaður. Hafa má tvo eða fleiri flokka, með mismunandi vöxtum, starfandi í senn.

Aldrei má vera meira í umferð af vaxtabréfum en nemur áttfaldri upphæð stofnsjóðsins.

Ef meira er gefið út um stundarsakir af vaxtabréfum en nemur þeirri fjárhæð, sem veðdeildin á í veðskuldabréfum, er bera eins háa vexti og vaxtabréfin, þá skal geyma andvirði mismunarins í Landsbankanum, unz því verður varið til útlána.

17. gr.

Í reglugerð, sem ráðherra setur fyrir veðdeildina alla eða einstaka flokka vaxtabréfa, skal ákveða vexti bréfanna, gjalddaga þeirra, hvar þá skuli greiða og hvernig haga skuli auglýsingum um greiðslu þeirra. Þar skal og ákveðið tímatakmark, er innlausn allra vaxtabréfa hvers flokks skal vera lokið, og skal það aldrei vera síðar en 48 árum eftir að flokkur var opnaður.

Vaxtamiðar, sem komnir eru í gjalddaga, skulu gjaldgengir til lúkningar sköttum og öðrum gjöldum til ríkissjóðs, og skulu gjaldheimtumenn ríkisins innleysa þá, ef þeir hafa fé fyrir hendi, er greiðast á í ríkissjóð.

18. gr.

Til tryggingar vaxtabréfum veðdeildarinnar er:

1. Veðskuldabréf þau, er veðdeildin fær frá lántakendum, og geymt andvirði seldra bréfa samkv. síðustu málsgr. 16. gr.
2. Varasjóður veðdeildarinnar.
3. Sameiginleg ábyrgð lántakenda hvers flokks, samkvæmt nánari ákvörðun reglugerðar, allt að 10% af því, sem lán þeirra námu á síðasta gjalddaga áður en taka þurfti til ábyrgðarinnar.
4. Stofnsjóður veðdeildarinnar.
5. Ábyrgð ríkissjóðs.

Ef taka þarf til trygginganna, skal það gert í þeirri röð, sem að ofan er greint.

19. gr.

Hlutverk deildarinnar er:

1. Að veita lán gegn veði í jörðum og hvers konar fasteignum, sem ætlaðar eru til framleiðslu landbúnaðarafurða eða til almenningsnota í sveitum landsins.
2. Að veita lán bæjar-, sýslu-, eða sveitarfélögum, eða tryggð með ábyrgð þeirra, að áskildu lögmæltu samþykki æðri stjórnarvalda, enda sé lánið ætlað til jarðræktar, búrekstrar eða til einhvers fyrirtækis til almenningsheilla í sveitum.
3. Að veita lán gegn afgjaldskvöð af fasteign, með forgöngurétti fyrir samningsveði, enda hafi lög verið sett, er heimili að leggja slíkar afgjaldskvaðir á fast-

eignir. Lán þessi veitast löggiltum félögum fasteignaeigenda, er hafa með höndum félagsmannvirki til umbóta á fasteignum, svo sem raforkuveitur eða önnur slík mannvirki.

20. gr.

Hús og önnur mannvirki, er eldur getur grandað, skulu eigi tekin gild sem veð, nema vátryggð séu í vátryggingarstofnun, er stjórn bankans telur góða og gilda. Veðdeildin getur áskilið sér að annast sjálf vátrygginguna og innheimta iðgjöldin með árgjöldum af láninu.

21. gr.

Að jafnaði má ekki lána nema gegn 1. veðrétti og aldrei yfir 3/5 virðingarverðs fasteignar. Heimilt er þó að taka gildan 2. eða síðari veðrétt, ef opinberir sjóðir einir eiga forgangsveð og lánin samanlögð eru innan 3/5 virðingarverðs. En af slíku láni má taka sérstakt áhættugjald í varasjóð, eftir ákvörðun bankastjórnar. Minnsta lán skal vera 300 kr., og skulu lán jafnan standa á hundraði króna.

Lánstíminn má aldrei vera yfir 40 ár, en nánari ákvæði um lánstíma, eftir því hverrar tegundar veðið er, má setja með reglugerð.

22. gr.

Eignir þær, sem veðdeildin tekur að veði, skal á kostnað lánþega virða á þann hátt, er nánar verður tiltekið í reglugerð. Má þar meðal annars ákveða, að stjórn Búnaðarbankans megi tilnefna virðingarmenn. Þar má og heimila, að gildandi fasteignamat komi í stað virðingar á veðinu, eftir tilteknum reglum og ákvörðun bankastjórnar.

Lántakandi skal á hverjum 5 ára fresti eða oftar, ef bankastjórnin krefst þess, sýna skilríki, er bankastjórnin tekur gild, fyrir því, að veðið hafi eigi rýrnað í verði, svo að veðdeildinni geti verið hætta búin. Láti lántakandi farast fyrir að senda slík skilríki, eða hafi bankastjórn orðið þess vör, að veðsett eign hafi rýrnað í verði, má láta skoðun og nýja virðingu fara fram á kostnað lántakanda.

23. gr.

Í virðingargerðum getur bankastjórn látið tilgreina sérstaklega verð hverrar fasteignar eins og hún er frá náttúrunnar hendi, sjálfrar jarðarinnar eða landsins, og hins vegar sérstaklega verð þeirra mannvirkja, er gerð hafa verið á landinu, svo sem jarðabóta, bygginga og annarra umbóta. Getur bankastjórn ákveðið að veita eigi að jafnaði hærra lán út á neina fasteign en nemur virðingarverði mannvirkja á eigninni, en að sjálfsögðu því aðeins svo hátt, að lánið verði ekki yfir 3/5 virðingarverðs allrar eignarinnar.

24. gr.

Lán þau, sem veðdeildin veitir, greiðir hún í vaxtabréfum sínum eftir ákvæðisverði þeirra, eða í peningum með þeirri upphæð, sem hún getur fengið fyrir bréfin, að frádregnum sölukostnaði. Semja má um sölu vaxtabréfa hvers flokks fyrirfram í einu eða fleiru lagi, enda samþykki ráðherra söluverðið.

Hver lántakandi skal greiða 1% af lánsupphæð sinni í varasjóð veðdeildarinnar, um leið og hann tekur lánið. Þó er heimilt að ákveða í reglugerð, að lántökugjaldið greiðist í tvennu lagi.

25. gr.

Nú verða eigendaskipti að fasteign, sem er veðsett veðdeildinni, og getur bankastjórn þá heimtað lánið endurgreitt að öllu eða nokkru leyti ef henni þykir ástæða til.

Vilji nýr eigandi taka að sér lánið, má það verða, ef eignarheimild hans er sönnuð og bankastjórnin samþykkir. 115
7. nóv.

Þegar fasteign, sem veðdeildin hefur veð í, er seld, skal kaupandi tilkynna bankastjórn eigendaskiptin í síðasta lagi á næsta gjalddaga á afborgun lánsins. Heimta má allt að 1% aukagjald af veðskuldinni, er rennur í varasjóð, ef skuldunautur veðdeildarinnar vanrækir að tilkynna bankastjórn þegar í stað, ef verulegar breytingar eru gerðar á veðsettri eign, svo að eignin við það rýrni í verði.

26. gr.

Lánum þeim, sem veðdeildin veitir, má hún ekki segja upp, meðan lánþegi gegnir að öllu skyldum þeim, er hann hefur undirgengizt. En ef ákvæðisgjöld hans verða eigi greidd á réttum gjalddaga eða veðið gengur svo úr sér, að það er eigi lengur svo tryggjandi sem vera skal, eða haldi skuldunautur eigi vátryggðum húsum, sem að veði eru og talin eru með í matinu, eða falli á veðið skattar, gjöld eða veðkröfur, er ganga fyrir kröfu veðdeildarinnar, eða brjóti lánþegi annars í verulegum atriðum skyldur sínar samkvæmt lögum og reglugerðum veðdeildarinnar eða lánssamningum, er bankastjórninni heimilt að telja eftirstöðvar lánsins komnar í gjalddaga þegar, án uppsagnar.

27. gr.

Skuldunautar veðdeildarinnar skulu greiða vexti, afborganir og tillög til að borga kostnað við veðdeildina og til varasjóðs í einu lagi, með jafnri upphæð samtals hvern gjalddaga.

Árlegt tillag til að borga kostnað við veðdeildina og til varasjóðs er ½% af upphæð lánsins eins og það var fyrir hvern gjalddaga.

Á ákveðnum gjalddögum má hver lántakandi, án undangenginnar uppsagnar, greiða aukaafborganir af skuld sinni, þó eigi minna en 100 kr. í einu, eða að endurborga hana að öllu leyti. Gjald þetta má hann greiða með bankavaxtabréfum þess flokks, er lán hans var veitt úr, eftir ákvæðisverði þeirra. Á öðrum tíma árs má og borga lán að fullu, ef bankastjórnin samþykkir, þó því aðeins að það sé veðdeildinni að skaðlausu.

28. gr.

Samningsbundnum afborgunum, sem greiddar eru í peningum á hverjum gjalddaga, skal varið til að innleysa vaxtabréf þess flokks, er í hlut á, eftir hlutkesti, sem notarius publicus hefur umsjón með og fer fram í viðurvist tveggja manna. Annan kveður ráðherra til þess, hinn bankastjórnin. Þá er hlutkesti hefur farið fram, skal auglýsa með 6 mánaða fyrirvara tölu- og bókstafsmerki bankavaxtabréfa þeirra, er upp hafa komið til innlausnar, og á hverjum gjalddaga þau verði útborguð. Auglýsing þessi skal birt í Lögbirtingablaðinu og í samsvarandi blöðum erlendis, þar sem ætla má, að bréfin séu í umferð.

Aukaafborgunum og endurborgunum lána, sem greiddar eru í peningum, má verja til nýrra útlána, þó svo, að hin nýju lán endurgreiðist innan þess tíma, er önnur lán sama flokks eiga öll að vera greidd. Ella skal þessu fé varið til að innleysa bankavaxtabréf flokksins eftir hlutkesti, eins og áður segir, eða kaupa bréf til innlausnar.

Bankinn má og á þann hátt og með þeim fyrirvara, er segir í 1. málsgrein þessarar greinar, innleysa bankavaxtabréf í stærri stíl.

29. gr.

Handhafar eða eigendur bankavaxtabréfa þeirra, er innleysa skal, geta, gegn því að afhenda þau með vaxtamiðum, er þeim fylgja, fengið útborgaðan höfuðstól

115 þeirra á ákveðnum gjalddaga, og er eigi skylt að greiða vexti af höfuðstólnum upp frá því.

7. nóv.

30. gr.

Höfuðstóll og vaxtafé, sem komið er í gjalddaga til útborgunar, rennur í varasjóð veðdeildarinnar, sé höfuðstóls eigi vitjað innan 20 ára, en vaxta innan 5 ára, hvorttveggja talið frá gjalddaga.

31. gr.

Nú glatast bankavaxtabréf, sem nafnskráð er í bókum veðdeildarinnar, og getur þá bankastjórnin innkallað handhafa bréfsins með 9 mánaða fyrirvara, með auglýsingu, er birt sé þrisvar sinnum samfleytt í Lögbirtingablaðinu og í samsvarandi auglýsingablöðum erlendis, þar sem ætla má, að bréfin séu í umferð. Ef enginn gefur sig fram með bréfið í tæka tíð, getur bankastjórnin útgefið handa hinum skráða eiganda þess nýtt bankavaxtabréf, með sömu upphæð og það, er glataðist, án þess að nokkur annar, er bankavaxtabréfið kann að hafa verið afsalað, geti þar fyrir búið kröfu á hendur bankanum. Um ógilding annarra bankavaxtabréfa fer eftir almennum reglum.

32. gr.

Bankavaxtabréf þau, sem innleyst hafa verið, eða hafa verið notuð til að borga eða afborga lán, má eigi framar setja í veltu, heldur skal ónýta þau undir eins, á þann hátt að þau með því verði ógild, og leggja þau til geymzlu í fjárhirzlu veðdeildarinnar. Skal svo við lok næsta reikningsárs brenna þau í viðurvist endurskoðenda, ásamt vaxtamiðum þeim, er innleystir hafa verið það reikningsár.

33. gr.

Vaxtamiða og vaxtabréf, sem komin eru í gjalddaga, skal borga út í afgreiðslu bankans í Reykjavík. Í reglugerð veðdeildarinnar má ákveða, að útborganir þessar fari einnig fram erlendis, þar sem ætla má, að bréfin séu í umferð.

34. gr.

Fé varasjóðs og stofnsjóðs skal ávaxta í bankavaxtabréfum veðdeildarinnar eða á annan tryggan hátt, er reglugerð ákveður.

Varasjóðurinn er óskiptur til tryggingar útgefnum bankavaxtabréfum allra flokka veðdeildarinnar, en í bókum bankans má sundurgreina hann í deildir, eftir því sem ástæða þykir til.

Nú hefur veðdeildin orðið fyrir tapi og varasjóður, að viðbættri samábyrgð lántakenda, hrekkur eigi til greiðslu þess, og greiðist þá tapið úr stofnsjóði. Ef stofnsjóður á þennan hátt lækkar um 15%, má veðdeildin eigi halda áfram að gefa út bankavaxtabréf, eða veita lán, nema Alþingi ákveði á ný, að hún skuli halda áfram störfum, og með hvaða skilyrðum.

35. gr.

Þegar lán er komið í gjalddaga, hefur veðdeildin heimild til að láta selja veðið við opinbert uppboð, án undanfarandi dóms, sátta eða fjárnáms, samkvæmt ákvæðum í tilskipun um fjárforráð ómyndugra, 18. febr. 1847, 10. gr., eða láta leggja það veðdeildinni út til eignar, ef þörf er á. Veðdeildin þarf ekki að láta neinn vera fyrir sína hönd við uppboðið, og skal þar ekki taka mótmæli skuldunauts til greina, nema þau séu auðsjáanlega á rökum byggð, og eigi er heldur hægt að stöðva eða ónýta uppboðið með neins konar dómskoti.

Veðdeildin hefur aftur á móti ábyrgð á því, að skuldin sé rétt og komin í gjalddaga, og skuldunaut er rétt að höfða mál til endurgjalds á öllu því, er hann hefur skaðazt á uppboðinu, og öllum málskostnaði að skaðlausu.

Veðdeildin getur löglega samið svo um við skuldunauta sína, að uppboð á veðsettum fasteignum megi fara fram í skrifstofu uppboðshaldara. 115
7. nóv.

36. gr.

Nú hefur veðdeildin orðið að láta leggja sér út veðsetta eign (sbr. 35. gr.) og eignin hefur eigi selzt innan árs frá því er veðdeildin tók við henni, og skal þá greiða veðskuldina úr varasjóði, eða að minnsta kosti svo mikinn hluta hennar, að eftirstöðvar veðskuldar á eigninni séu eigi hærri en þriðjungur virðingarverðs hennar til lántöku, né heldur hærri en boðið var hæst í eignina á uppboði. Skal eignin síðan seld svo fljótt sem unnt er og sýnt þykir, að eigi sé ávinningur að bíða lengur með söluna, og getur kaupandi þá tekið að sér eftirstöðvar lánsins.

Á meðan veðdeildin hefur slíka eign með höndum, skal eigi að síður árlega greiða tilskildar afborganir og vexti af láninu, er greiðist úr varasjóði, ef tekjur af eigninni sjálfri hrökkva eigi til þess.

Í ársreikningum veðdeildar skal gera sérstaklega grein fyrir þeim eignum, sem þannig er ástatt um.

37. gr.

Fé ófullráða manna og opinberra stofnana og sjóða má verja til að kaupa bankavaxtabréf veðdeildarinnar, en þó eigi hærra verði en skráðu eða almennu gangverði, og aldrei hærra en ákvæðisverð þeirra er. Allt það geymslufé, er samkvæmt lögum, skipulagsskrám sjóða eða öðrum gildum ákvæðum má verja til útlána gegn fasteignaveði, má í stað þess geyma í bankavaxtabréfum veðdeildarinnar.

38. gr.

Ákveða má í reglugerð, að embættis- og sýslunarmenn ríkisins eða bæjar-, sýslu- og sveitarfélaga skuli endurgjaldslaust eða gegn hæfilegri þóknun, er veðdeildin greiðir, veita bankastjórn upplýsingar og aðstoð, svo sem að láta í ljós álit sitt um verð fasteigna, að hafa eftirlit með viðhaldi veðsettra eigna, að annast innheimtu árgjalda af lánum eða sölu bankavaxtabréfa, eða að inna af hendi önnur álíka störf fyrir veðdeildina.

39. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka allt að 5 millj. króna lán, innanlands eða utan, á ábyrgð ríkisins, til kaupa á bankavaxtabréfum veðdeildarinnar, með þeim kjörum, að ríkissjóður verði að líkindum skaðlaus af.

## IV. KAFLI

### Ræktunarsjóður.

40. gr.

Um Ræktunarsjóð Íslands gilda sérstök lög (sbr. lög um Ræktunarsjóð Íslands, nr. 105 3. maí 1935) eins og þau eru nú eða þeim kann síðar að verða breytt, svo og sérstakar reglugerðir um sjóðinn og starfsemi hans. Þó falla niður sérákvæði þeirra laga um skipun stjórnar sjóðsins, laun stjórnenda og endurskoðun reikninga hans, eftir að Búnaðarbanki Íslands hefur tekið til starfa og tekið við stjórn Ræktunarsjóðs.

Enn fremur heimilast ríkisstjórninni að fella úr gildi samning þann, er gerður var við stjórn Landsbanka Íslands um kaup á verðbréfum sjóðsins, samkvæmt 27. gr. laga nr. 17 18. júní 1925, um Ræktunarsjóð Íslands.

## V. KAFLI
## Lánadeild smábýla.

41. gr.
Ríkissjóður leggur fram 300 þús. krónur til lánadeildar smábýla á árunum 1942 til 1944, 100 þús. krónur á ári.

42. gr.
Ríkisstjórninni skal heimilt að taka lán, allt að 2 millj. króna, handa lánadeildinni til starfsemi hennar, og stendur deildin sjálf skil á afborgunum og vöxtum, eða veita ábyrgð ríkissjóðs fyrir allt að jafnhárri upphæð í vaxtabréfum, er deildin gefur út.

43. gr.
Lán úr deildinni má veita til smábýla í grennd við kaupstaði og kauptún og annars staðar þar, sem svo mikil atvinnuskilyrði eru fyrir hendi, að lífvænlegt geti talizt að styðjast við smábýlabúskap. Enn fremur til mannvirkja í sambandi við ræktunarlönd, þó lántakandi sé búsettur í kaupstað eða kauptúni.
Það skal vera skilyrði fyrir láni úr deildinni, að ræktunarland það, er hverju býli fylgir, sé minnst einn ha. að stærð. Þó skal lánveiting heimil, þótt land sé ekki meira en hálfur ha., ef hægt er að sýna fram á, að lántaki hafi þrátt fyrir það verulegan stuðning af landbúnaði á því.

44. gr.
Lán úr deild þessari má veita gegn hverju því fasteignaveði, er bankastjórnin tekur gilt.

45. gr.
Lán mega nema allt að $^3/_5$ af fasteignamatsverði húseigna, mannvirkja og lands.

46. gr.
Hámark lánsupphæðar má vera allt að 6 þús. krónum og lánstími allt að 40 árum.

47. gr.
Í reglugerð skal setja nánari ákvæði um starfsemi þessarar deildar.

## VI. KAFLI
## Byggingar- og landnámssjóður.

48. gr.
Um þessa deild bankans gilda sérstök lög (sbr. lög um byggingar- og landnámssjóð, nr. 108 9. október 1941) og reglugerðir, er samkvæmt þeim verða settar.

## VII. KAFLI
## Sérréttindi bankans.

49. gr.
Bankinn er undanþeginn tekjuskatti, útsvari og öðrum opinberum gjöldum og sköttum, hverju nafni sem nefnast, til ríkissjóðs eða sveitarsjóða, eða til annarra stofnana.

Bækur bankans, ávísanir, skuldbindingar, sem gefnar eru út af bankanum og í nafni hans, svo og skuldbindingar, sem veita bankanum handveðsrétt, arðmiðar af skuldabréfum bankans og framsöl þeirra skulu undanþegin stimpilgjaldi. 

50. gr.

Fé það, sem lagt hefur verið í bankann, ásamt vöxtum þess, er undanþegið kyrrsetning eða löghaldi, meðan það stendur þar.

51. gr.

Bankinn er undanþeginn almennum ákvæðum laga um hámarksvexti af útlánum gegn fasteignaveði.

52. gr.

Nú er fasteign seld á nauðungaruppboði eða við gjaldþrotaskipti, og ber þá uppboðshaldara að rannsaka, hvort eignin er veðsett Búnaðarbankanum og geta þess í uppboðsgerðinni. Ef svo reynist, skal bankanum gert viðvart svo tímanlega að hægt sé að láta mæta við uppboðið.

## VIII. KAFLI

### Stjórn bankans, reikningsskil o. fl.

53. gr.

Stjórn bankans skal skipuð einum bankastjóra og þriggja manna bankaráði. Bankaráð skipar bankastjóra, bókara og féhirði.

Ráðherra sá, sem fer með landbúnaðarmál, hefur umsjón bankans. Hann skipar formann bankaráðsins. Skal formaður bankaráðs skipaður til 6 ára í senn. Hina 2 bankaráðsmennina kjósa sameinaðar landbúnaðarnefndir Alþingis með hlutfallskosningu til 4 ára í senn og jafnmarga til vara. Ráðherra setur bankastjóra og bankaráði erindisbréf.

Bankastjóri hefur að árslaunum 12000 krónur, og auk þess dýrtíðaruppbót, sem ráðherra ákveður, þó svo, að hann hafi aldrei hærri laun og dýrtíðaruppbót samanlagt en bankastjórar Landsbanka Íslands.

Bankaráðsformaður hefur 3600 kr. árslaun, en hinir bankaráðsmennirnir 1800 kr. hvor, en auk þess greiðist þeim dýrtíðaruppbót, eins og öðrum opinberum starfsmönnum, eftir ákvörðun ráðherra.

Ráðherra getur veitt fráförnum bankastjóra eða ekkju hans eftirlaun af fé bankans. Eftirlaun mega þó aldrei fara fram úr 50% af launum bankastjóra og 25% af launum handa ekkju hans, en skulu að öðru leyti ákveðin eftir því, sem ástæður eru fyrir hendi í hvert skipti.

Ráðherra setur mann til að gegna bankastjóra- og bankaráðsformannsstarfi um stundarsakir, ef bankastjóri eða bankaráðsformaður forfallast eða sæti þeirra verður óskipað í bili.

54. gr.

Bankastjóri ræður aðra starfsmenn bankans en bókara og féhirði.

Bankaráð ákveður laun starfsmanna, að fengnum tillögum bankastjóra.

55. gr.

Bankastjóri annast dagleg störf bankans. Bankastjóri og formaður bankaráðs eða tveir bankaráðsmenn skulu undirskrifa, svo að skuldbindi bankann, ef gefa skal út eða framselja víxla, verðbréf eða aðrar skriflegar skuldbindingar. Þó er bankastjórn heimilt að veita tilteknum starfsmönnum bankans umboð til þess að

115 skuldbinda bankann í þessum efnum með undirskrift sinni ásamt bankastjóra, svo
7. nóv. og að veita ákveðnum starfsmönnum bankans umboð til þess að skuldbinda bankann með undirskrift sinni í tilteknum málefnum.

Kvittanir bankans eru því aðeins fullgildar, að féhirðir hafi ritað undir þær og að þeim fylgi áritun bókara um, að þær séu athugaðar. Féhirðir má eigi greiða neina fjárhæð úr bankanum, sem samþykki bankastjóra þarf til, nema með samþykki bankastjóra eða starfsmanns, sem umboð hefur samkv. 1. málsgr. þessarar greinar.

56. gr.

Bankastjóri má eigi hafa embættisstörf á hendi né reka sjálfur atvinnu eða vera í stjórn atvinnufyrirtækja.

Eigi mega bankastjórn né starfsmenn vera skuldskeyttir bankanum, nema veðdeild, hvorki skuldunautar né ábyrgðarmenn annarra.

Bankastjórn og starfsmenn eru bundnir þagnarskyldu um allt það, er snertir hagi viðskiptamanna bankans, sem þeir fá vitneskju um vegna starfsemi sinnar við bankann.

57. gr.

Tveir skulu vera endurskoðunarmenn bankans, skipaðir af ráðherra til tveggja ára í senn, eftir tillögu sameinaðra landbúnaðarnefnda beggja deilda Alþingis, að viðhafðri hlutfallskosningu. Skulu þeir hafa stöðugt eftirlit með rekstri bankans, rannsaka reikninga hans í hverju einstöku atriði og bera þá saman við bækur bankans, verðbréfaeign og heimafé. Þeir skulu að minnsta kosti tvisvar á ári sannreyna, hvort heimafé bankans og eignir séu fyrir hendi.

Endurskoðunarmennirnir gefa skýrslu til stjórnarráðs með ársreikningum bankans, og endranær þegar þeim þykir ástæða til. Árslaun endurskoðendanna skulu ákveðin í reglugerð.

58. gr.

Bankastjórnin skal á hverju miðju reikningsári gefa ráðherra stutt yfirlit yfir hag bankans, er birta skal í B-deild Stjórnartíðindanna, og við árslok fullkominn, endurskoðaðan ársreikning og skýrslu um hag og starfsemi bankans á árinu. Ráðherra úrskurðar ársreikninginn, og skal því næst birta útdrátt úr honum í B-deild Stjórnartíðindanna.

59. gr.

Heimilt er bankanum að koma upp umboðsskrifstofum úti um land, þar sem bankastjórn og ráðherra telja þörf á. Umboðsskrifstofur bankans geta eigi sjálfar veitt lán, en aðalstörf þeirra skulu vera að taka við umsóknum um lán og veita lánbeiðendum leiðbeiningar til undirbúnings lántökunni, að borga út lán, er bankinn veitir, ef fé til þess er fyrir hendi í skrifstofunni, að annast innheimtu árgjalda, sölu bankavaxtabréfa og eftirlit með veðsettum eignum, hver í sínu umdæmi.

Ráðherra setur umboðsskrifstofum nánari starfsreglur og ákveður þóknun til umboðsmanna, hvort tveggja að fengnum tillögum bankastjórnar.

60. gr.

Deildir bankans taka hver um sig þátt í sameiginlegum kostnaði við stjórn, rekstur og húsnæði bankans. Skipting kostnaðarins ákveður bankastjórn með samþykki ráðherra.

61. gr.

Með reglugerð fyrir bankann má setja þau ákvæði um stjórn hans og starfrækslu, er nauðsynleg þykja, þótt ekki sé gert sérstaklega ráð fyrir þeim í þessum lögum, enda fari þau eigi í bág við nein ákvæði í lögunum.

IX. KAFLI 115
7. nóv.

**Niðurlagsákvæði.**

62. gr.

Lög um stofnun Ríkisveðbanka Íslands, nr. 64 27. júní 1921, eru úr gildi numin.

63. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 7. nóvember 1941.*

**Sveinn Björnsson.**
(L. S.)

*Hermann Jónasson.*

# LÖG 116
7. nóv.

## um útgáfu krónuseðla.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Fjármálaráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs, er heimilt að gefa út 1 krónu seðla, allt að 500 þús. kr., er komi í stað 1 krónu málmskiptimyntar samkvæmt lögum nr. 19 27. júní 1925, meðan hörgull er á málmskiptimyntinni.

Ákvæði laga nr. 19 27. júní 1925, um innlenda skiptimynt, gilda um krónuseðla þessa eftir því, sem þau geta átt við.

Þegar er nægar birgðir eru fyrir hendi af 1 krónu málmskiptimynt, skulu krónuseðlar þessir innkallaðir.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 7. nóvember 1941.*

**Sveinn Björnsson.**
(L. S.)

*Jakob Möller.*

117
21. nóv.

# OPIÐ BRÉF RÍKISSTJÓRA ÍSLANDS

**um þingslit.**

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Að ég hef ákveðið, að aukafundi Alþingis, 58. löggjafarþingi, skuli slitið föstudaginn 21. nóvember 1941.

Mun ég því slíta Alþingi þann dag.

*Gjört í Reykjavík, 21. nóvember 1941.*

**Sveinn Björnsson.**
(L. S.)

*Hermann Jónasson.*

118
9. des.

# REGLUGERÐ

**um viðauka við reglugerð fyrir Háskóla Íslands nr. 8 frá 9. okt. 1912.**

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Samkvæmt tillögum kennslumálaráðuneytisins hef ég staðfest reglugerðarviðauka þennan með samþykki mínu.

1. gr.

Allir skrásettir stúdentar eru skyldir að leggja stund á leikfimi og sund fyrstu 4 kennslumisseri.

Í leikfimi skulu stúdentar hafa sótt 80 kennslustundir.

Í sundi skulu stúdentar hafa sótt 40 kennslustundir. Auk þess skulu þeir hafa leyst af hendi prófraun sem hér segir: a) 200 m bringsund, b) 25 m björgunarsund með mann, kunna leysitök, lífgunaraðferðir og dýfingar úr 1—2 m hæð.

Áður en stúdent segir sig til embættisprófs skal hann leggja fram skilríki fyrir því, að hann hafi samvizkusamlega tekið þátt í leikfimi og sundæfingum og lokið prófraun þeirri, sem getið er um að framan.

Undanþegnir þessum ákvæðum eru þeir stúdentar einir, sem sýnt geta vottorð frá lækni háskólans, að þeir séu eigi færir til íþróttaiðkana.

Þetta tilkynnist hér með öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Gjört í Reykjavík, 9. desember 1941.*

**Sveinn Björnsson.**
(L. S.)

*Hermann Jónasson.*





## RÍKISSTJÓRAÚRSKURÐUR

119
9. des.

### um fána ríkisstjóra Íslands.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Að ég samkvæmt tillögum ríkisstjórnar Íslands hef úrskurðað þannig:

Fáni ríkisstjóra Íslands skal vera hinn íslenzki tjúgufáni, en á hann miðjan sé markað stórt, gullið R í hvítum ferstrendum reit.

*Gjört í Reykjavík, 9. desember 1941.*

**Sveinn Björnsson.**
(L. S.)

*Hermann Jónasson.*

## RÍKISSTJÓRAÚRSKURÐUR

120
9. des.

### um merki ríkisstjóra Íslands.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Að ég samkvæmt tillögum ríkisstjórnar Íslands hef úrskurðað þannig:

Merki ríkisstjóra Íslands skal vera skjöldur, sem á hvílir stórt, gullið R, en á skjöldinn markaður fáni Íslands. Skjöldurinn hefur sama útlit og lögun og skjöldurinn í skjaldarmerki Íslands.

*Gjört í Reykjavík, 9. desember 1941.*

**Sveinn Björnsson.**
(L. S.)

*Hermann Jónasson.*

## BRÁÐABIRGÐALÖG

121
9. des.

### um notkun vegabréfa innanlands.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Dómsmálaráðherra hefur tjáð mér, að hann telji nauðsynlegt að heimila ríkisstjórninni að fyrirskipa mönnum að bera vegabréf innanlands, til þess að hægara sé að fá fulla vissu um það hverjir menn eru, aldur þeirra o. fl.

Með því að ég fellst á, að brýna nauðsyn beri til að setja bráðabirgðalög samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar um framangreint efni, tel ég rétt að gefa út bráðabirgðalög á þessa leið:



Reykjavík, Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

121
9. des.

1. gr.

Ríkisstjórnin getur fyrirskipað, að allir menn, konur og karlar, 12 ára og eldri, skuli bera vegabréf, er lögreglustjóri gefur út. Má fyrirskipa notkun slíkra vegabréfa í einstökum umdæmum eða almennt eftir því, sem þörf þykir.

2. gr.

Skylt er að sýna vegabréf þessi, hvenær sem löggæzlumenn krefjast. Einnig geta viðkomandi eftirlitsmenn, svo sem dyraverðir, krafizt þess, að vegabréf sé sýnt, ef tiltekinn aldur eða hæfileiki er skilyrði fyrir komu eða dvöl á þeim stað.

3. gr.

Ríkisstjórnin ákveður með reglugerð gerð og innihald vegabréfa og setur nánari reglur um notkun þeirra og framkvæmd laga þessara að öðru leyti.

Kostnaður við útgáfu vegabréfanna greiðist úr ríkissjóði.

4. gr.

Brot gegn reglum, sem settar verða samkvæmt lögum þessum, varða sektum allt að kr. 10000.00.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

*Gjört í Reykjavík, 9. desember 1941.*

**Sveinn Björnsson.**
(L. S.)

*Hermann Jónasson.*

122
9. des.

## BRÁÐABIRGÐALÖG

**um eftirlit með ungmennum o. fl.**

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Dómsmálaráðherra hefur tjáð mér, að vegna ástands þess, er nú ríkir í landinu, telji hann, að nauðsyn beri til, að sérstakt eftirlit sé haft með ungmennum innan 20 ára aldurs.

Með því að ég fellst á, að brýna nauðsyn beri til að setja bráðabirgðalög samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar, um framangreint efni, tel ég rétt að gefa út bráðabirgðalög á þessa leið:

1. gr.

Barnaverndarnefndir og skólanefndir hafa eftirlit með uppeldi og hegðun ungmenna innan 20 ára aldurs. Ber löggæzlumönnum að aðstoða nefndir þessar eftir þörfum og gera þeim við vart, ef þeir verða vísir athugaverðs framferðis ungmenna.

2. gr.

Nú verður barnaverndarnefnd eða skólanefnd þess vís, að hegðun ungmennis sé ábótavant, svo sem vegna lauslætis, drykkjuskapar, slæpingsháttar, óknytta eða annarra slíkra lasta, og skal hún þá gera foreldri eða lögráðamanni við vart, áminna ungmennið, reyna eftir föngum að leiða það á rétta braut og aðstoða það við atvinnu-

leit eða útvega því vist á góðu heimili, ef því er að skipta. Ef ungmenni er í skóla, ber barnaverndarnefnd að ráðgast við kennara um betrun á hegðun þess. Ef framferði ungmennis er refsivert að lögum, skal barnaverndarnefnd starfa í sambandi við héraðsdómara. 122 9. des.

3. gr.

Ef úrræði þau, sem í 2. gr. getur, koma ekki að haldi eða telja má þau óframkvæmanleg, má beita hæfilegum uppeldisráðstöfunum og öryggis, t. d. vistun ungmennis á góðu heimili, hæli eða skóla. Vist á slíkum stöðum má koma í stað refsivistar, ef framferði ungmennis er refsivert. Veitist ríkisstjórninni heimild til að koma upp stofnunum í nefndu skyni og setja reglugerð um framkvæmd uppeldis þar. Kostnaður við vist ungmennis samkvæmt grein þessari greiðist úr ríkissjóði.

4. gr.

Héraðsdómari fer ásamt tveimur samdómendum, er viðkomandi sveitar- eða bæjarstjórn velur til 4 ára í senn, með mál samkvæmt 3. gr., svo og með refsimál ungmenna innan 20 ára aldurs. Skal dómur þessi halda réttarrannsókn um mál og kveða upp í þeim rökstuddan úrskurð, ef ungmenni er úrskurðað í hælisvist eða heimilis, og dóm í refsimálum, er til málshöfðunar leiða. Héraðsdómari hefur forsæti í dómnum. Dómsmálaráðherra ákveður þóknun meðdómenda, er greiðist úr ríkissjóði.

Nú er slíkt samband milli brota sakborninga, 20 ára og yngri, að málasamsteypa mundi við höfð eftir almennum reglum, og ákveður héraðsdómari þá, hvort og að hve miklu leyti ungmennadómur skuli fara með málið. Héraðsdómari getur og ákveðið, að einstök lögreglumál gegn unglingum skuli sæta almennri meðferð án þess að samdómendur séu kvaddir til, enda telji hann ekki, að ráðstafanir samkvæmt 3. gr. komi til greina auk refsingar eða í hennar stað.

5. gr.

Úrskurður um vistun ungmennis á stofnun samkvæmt 3. gr. skal gilda um ótiltekinn tíma. Dómur sá, sem í 4. gr. getur, leysir ungmenni úr hælisvist eða heimilis, ef slíkrar vistar þykir ekki lengur þörf. Greind vist má þá ekki fara fram úr þremur árum, nema nýr úrskurður sé upp kveðinn. Aðili eða lögráðamaður hans getur og krafizt nýs úrskurðar, þegar eitt ár er liðið frá uppkvaðningu síðasta úrskurðar.

6. gr.

Úrskurðum um hælisvist eða heimilis samkvæmt 3. gr. má áfrýja til hæstaréttar innan fjögra vikna frá birtingu þeirra, að fengnu leyfi dómsmálaráðuneytisins eða af þess hálfu. Áfrýjun frestar ekki framkvæmd úrskurðar.

7. gr.

Kennurum skal rétt og skylt að fylgjast eftir föngum með hegðun og uppeldi þeirra ungmenna, sem á vegum þeirra eru, og gera foreldrum, lögráðamönnum og barnaverndarnefnd eða skólanefnd við vart, ef þeir fá grun um ábótavant framferði ungmennis.

8. gr.

Nú telur ríkisstjórnin, að fengnum tillögum barnaverndarnefndar eða ungmennadóms, hættu á því, að tilgreind störf séu, miðað við aðstæður á tilteknum stað, skaðsamleg þroska eða siðferði ungmenna, og getur hún þá bannað ungmennum innan tilgreinds aldurs að stunda þar slík störf. Ef fyrirsvarsmenn atvinnufyrirtækis brjóta gegn banni þessu, varðar það refsingu og réttindamissi samkvæmt 9. gr.

122
9. des.

9. gr.

Ef maður leiðir ungmenni innan 21 árs á siðferðilega glapstigu eða lætur saurlífi viðgangast í húsum sínum, bifreiðum eða öðrum þeim stöðum, sem hann ræður yfir, varðar það sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að fjórum árum. Auk refsingar má svipta hann réttindum samkvæmt 68. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 9. desember 1941.*

**Sveinn Björnsson.**
(L. S.)

*Hermann Jónasson.*

123
9. des.

# BRÁÐABIRGÐALÖG

**um breyting á lögum nr. 52 27. júní 1941, um ráðstafanir til loftvarna og annarra varna gegn hættum af hernaðaraðgerðum.**

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Dómsmálaráðherra hefur tjáð mér, að hann telji, að nauðsyn beri til að heimila loftvarnarnefndum að skylda húsaeigendur til að hafa í húsum sínum nauðsynleg eldvarnartæki.

Með því að ég fellst á, að brýna nauðsyn beri til að setja bráðabirgðalög samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar um framangreint efni, tel ég rétt að gefa út bráðabirgðalög á þessa leið:

1. gr.

Aftan við 1. mgr. 4. gr. laga nr. 52 27. júní 1941, um ráðstafanir til loftvarna og annarra varna gegn hættum af hernaðaraðgerðum bætist:

Húseigendum skal skylt, hinu opinbera að kostnaðarlausu, að annast um, að til séu í húsum þeirra nauðsynleg eldvarnartæki, eftir því sem loftvarnarnefnd með samþykki bæjar- eða sveitarstjórnar nánar ákveður.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 9. desember 1941.*

**Sveinn Björnsson.**
(L. S.)

*Hermann Jónasson.*

# BRÁÐABIRGÐALÖG

124
9. des.

**um breyting á lögum nr. 82 9. júlí 1941, um viðauka við lög nr. 73 31. des. 1937, um gjaldeyrisverzlun o. fl.**

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Viðskiptamálaráðherra hefur tjáð mér, að enda þótt svo sé ákveðið í 3. gr. laga nr. 82 9. júlí 1941, að heimilt sé að ákveða, að óheimilt sé að selja eða veðsetja innstæður á biðreikningum, sem myndaðar eru samkvæmt ákvæðum þeirra laga, séu engin viðurlög lögð við brotum á slíku banni, og telur hann nauðsynlegt, að ákvæði um slík viðurlög verði sett inn í lögin.

Með því að ég fellst á, að brýna nauðsyn beri til að setja bráðabirgðalög samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar um framangreint efni, tel ég rétt að gefa út bráðabirgðalög á þessa leið:

1. gr.

Aftan við 3. gr. laga nr. 82 9. júlí 1941, bætist:
Má í reglugerðinni ákveða um viðurlög fyrir brot gegn henni og um málsmeðferð út af brotum á henni.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 9. desember 1941.*

**Sveinn Björnsson.**
(L. S.)

*Eysteinn Jónsson.*

# LÖG

125
9. des.

**um breyting á lögum nr. 48 19. maí 1930, um gagnfræðaskóla.**

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Síðari málsgr. 1. gr. laganna orðist svo:
Heimilt er enn fremur ríkisstjórninni að láta efna til gagnfræðaskóla á Siglufirði, Norðfirði, Seyðisfirði og Akranesi, þegar kaupstaðir þessir óska þess og uppfylla skilyrði laga þessara.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 9. desember 1941.*

**Sveinn Björnsson.**
(L. S.)

*Hermann Jónasson.*

126
9. des.

# LÖG
## um viðauka við og breyting á lögum 8. sept. 1941 um húsaleigu.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Leigusala er óheimilt að segja upp leigusamningum um húsnæði, nema honum sé þess brýn þörf til íbúðar fyrir sjálfan sig eða skyldmenni í beinni línu, svo og fósturbörn, að dómi húsaleigunefndar (fasteignamatsnefndar), og að hann hafi verið orðinn eigandi hússins, áður en lög þessi öðluðust gildi.

Uppsagnir á íbúðarhúsnæði, sem fram hafa farið fyrir gildistöku þessara laga og ekki hafa komið til framkvæmdar, skulu vera ógildar, nema húseigandi sanni fyrir húsaleigunefnd, að hann sé húsnæðislaus og þurfi þess vegna á húsnæðinu að halda til íbúðar fyrir sjálfan sig.

2. gr.

Húseiganda er óheimilt að leigja öðrum en heimilisföstum innanhéraðsmönnum íbúðarhúsnæði.

Leigusamningar, sem gerðir hafa verið fyrir gildistöku þessara laga, en óheimilir væru eftir ákvæði 1. mgr., eru ógildir.

Þegar alveg sérstaklega stendur á, er húsaleigunefnd (fasteignamatsnefnd) heimilt að veita undanþágu frá ákvæðum þessarar greinar.

3. gr.

Ef íbúðarhúsnæði er heimildarlaust tekið til annarrar notkunar en íbúðar, er húsaleigunefnd rétt að skylda húseiganda, að viðlögðum allt að 100 kr. dagsektum, að taka upp fyrri notkun húsnæðisins.

4. gr.

Úrskurðum húsaleigunefndar um mat á húsaleigu má áfrýja til yfirhúsaleigunefndar, er í eiga sæti fimm menn, og skulu þrír þeirra skipaðir af ríkisstjórninni, en tveir af hæstarétti, og sé annar þeirra lögfræðingur og formaður nefndarinnar. Ríkisstjórnin setur yfirhúsaleigunefnd starfsreglur, og greiðist kostnaður af störfum hennar úr ríkissjóði.

5. gr.

4. mgr. 1. gr. laga 8. september 1941 um húsaleigu er úr gildi felld.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til 15. júní 1942.

*Gjört í Reykjavík, 9. desember 1941.*

**Sveinn Björnsson.**
(L. S.)

*Stefán Jóh. Stefánsson.*

# LÖG

127
9. des.

**um viðauka við lög nr. 13 20. okt. 1905, um rithöfundarétt og prentrétt.**

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Þó að 50 ár eða meira séu liðin frá dauða rithöfundar, má ekki birta rit hans breytt að efni, meðferð eða málblæ, ef breytingunum er svo háttað, að menning eða tunga þjóðarinnar bíði tjón af. Eigi má heldur sleppa kafla úr riti, nema þess sé greinilega getið í útgáfunni.

2. gr.

Hið íslenzka ríki hefur eitt rétt til þess að gefa út íslenzk rit, sem samin eru fyrir 1400. Þó getur ráðuneyti það, sem fer með kennslumál, veitt öðrum leyfi til slíkrar útgáfu, og má binda leyfið því skilyrði, að fylgt sé samræmdri stafsetningu fornri.

Þrátt fyrir ákvæði þessarar greinar hefur Hið íslenzka fornritafélag heimild til útgáfu fornrita.

3. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum 100—10000 króna, og óheimil rit skulu gerð upptæk, nema brot sé smávægilegt.

4. gr.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið gætir þess, að lögum þessum sé framfylgt. Með mál út af broti á lögunum skal fara sem almenn lögreglumál.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað, og taka fyrirmæli þeirra til allra rita, sem út verða gefin eftir gildistöku þeirra.

*Gjört í Reykjavík, 9. desember 1941.*

**Sveinn Björnsson.**
(L. S.)

*Hermann Jónasson.*

# LÖG

128
9. des.

**um viðauka við lög nr. 38 27. júní 1941, um breyting á lögum nr. 27 13. jan. 1938, um vátryggingarfélög fyrir vélbáta.**

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Lög nr. 38 27. júní 1941, um breyting á lögum nr. 27 13. jan. 1938, um vátryggingarfélög fyrir vélbáta, skulu öðlast gildi nú þegar.

128
9. des.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

*Gjört í Reykjavík, 9. desember 1941.*

**Sveinn Björnsson.**
(L. S.)

*Ólafur Thors.*

129
9. des.

# LÖG

## um breyting á vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Aftan við 1. tölulið 22. gr. laganna bætist:

Þó er bæjarstjórn heimilt, þegar brýna nauðsyn ber til, að fengnu samþykki ráðherra, að hækka gjald þetta allt að þrefaldri þeirri upphæð, sem ákveðin er hér að ofan, og að ákveða lágmark vatnsskattsins af hverju íbúðarhúsi, sem aðstöðu hefur til að nota vatnsveituna, 50 kr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 9. desember 1941.*

**Sveinn Björnsson.**
(L. S.)

*Hermann Jónasson.*

130
19. des.

# LÖG

## um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að ábyrgjast rekstrarlán fyrir Landsbanka Íslands.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni, fyrir hönd ríkissjóðs, er heimilt að ábyrgjast rekstrarlán fyrir Landsbanka Íslands, allt að 2 milljónir Bandaríkjadollara.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 19. desember 1941.*

**Sveinn Björnsson.**
(L. S.)

*Jakob Möller.*

131
19. des.

# LÖG

## um heimild til lántöku fyrir síldarverksmiðjur ríkisins.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Til þeirrar aukningar síldarverksmiðjanna á Raufarhöfn og Siglufirði, sem um ræðir í lögum nr. 10 13. jan. 1938 og lögum nr. 42 12. febr. 1940, heimilast stjórn síldarverksmiðja ríkisins að taka lán, að upphæð allt að þrjár milljónir og tvö hundruð þúsund krónur. Ríkissjóður ábyrgist greiðslur téðra lána.

Gera skal mönnum kost á þátttöku í láni þessu í bönkum landsins og útibúum þeirra, svo og í sparisjóðum í öllum héruðum landsins.

2. gr.

2. gr. laga nr. 10 13. jan. 1938 og 2. gr. laga nr. 42 12. febr. 1940 eru felldar úr gildi.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 19. desember 1941.*

**Sveinn Björnsson.**
(L. S.)

*Ólafur Thors.*